# Stjórnartíðindi
# 1952 - A-deild

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

## Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

## Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

## Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

## Athugasemdir um þessa útgáfu

Gallar á bls. 25, 41, 59, 73, 93, 117, 165, 167, og 183.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

# STJÓRNARTÍÐINDI

# 1952

## A-DEILD

REYKJAVÍK 1952
RÍKISPRENTSMIÐJAN GUTENBERG

# Efnisyfirlit.


| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| 1 | 12. jan. | Lög um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau | 1—8 |
| 2 | 17. jan. | Auglýsing um breytingu á stofnskrá Evrópuráðsins | 8 |
| 3 | 18. jan. | Lög um breyting á lögum nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum | 9 |
| 4 | S. d. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja kirkjujörðina Múlasel í Mýrasýslu og Hróastaði í Norður-Þingeyjarsýslu | 9 |
| 5 | 20. jan. | Lög um lánasjóð stúdenta | 10 |
| 6 | 23. jan. | Forsetabréf um þinglausnir | 11 |
| 7 | 24. jan. | Lög um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941 | 11—12 |
| 8 | S. d. | Lög um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950 | 12 |
| 9 | 25. jan. | Auglýsing um meðferð forsetavalds | 12 |
| 10 | S. d. | Lög um heimilishjálp í viðlögum | 13—14 |
| 11 | 29. jan. | Lög um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935 | 14 |
| 12 | 30. jan. | Lög um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila | 15 |
| 13 | 31. jan. | Lög um skógræktardag skólafólks | 15—16 |
| 14 | S. d. | Lög um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951 | 16—17 |
| 15 | S. d. | Lög um heimild til að leyfa héraðssamböndum íþrótta- og ungmennafélaga að stofna til sérstakrar tegundar happdrættis | 17 |
| 16 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins | 18 |
| 17 | S. d. | Lög um heimild til ráðstöfunar á fé mótvirðissjóðs | 19 |
| 18 | S. d. | Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1952 | 19 |
| 19 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta | 20 |
| 20 | S. d. | Lög um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum | 21—31 |
| 21 | S. d. | Lög um sérstakan skattfrádrátt tapaðra skulda vegna skuldaskila bátaútvegsins | 32 |
| 22 | 1. febr. | Lög um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins | 32—33 |
| 23 | S. d. | Lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum | 34—43 |
| 24 | S. d. | Girðingalög | 44—48 |
| 25 | S. d. | Lög um veitingu ríkisborgararéttar | 48—50 |
| 26 | 4. febr. | Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1949 | 50—51 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| 27 | 4. febr. | Lög um breyting á lögum nr. 44/1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum | 51—52 |
| 28 | S. d. | Lög um gjald af kvikmyndasýningum | 53 |
| 29 | S. d. | Lög um heimild fyrir sveitarstjórnir til að innheimta með álagi fasteignaskatta til sveitarsjóða | 54 |
| 30 | S. d. | Lög um hámark húsaleigu o. fl. | 54—55 |
| 31 | S. d. | Lög um skipun prestakalla | 55—63 |
| 32 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 32 7. maí 1928, um sundhöll í Reykjavík | 63 |
| 33 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla | 64 |
| 34 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. | 64—65 |
| 35 | 5. febr. | Fjáraukalög fyrir árið 1949 | 65—77 |
| 38 | 8. febr. | Auglýsing um aðild Íslands að viðbótarsamningi við Norður-Atlantshafssamninginn varðandi þátttöku Grikklands og Tyrklands | 89—91 |
| 36 | 16. febr. | Lög um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum | 78—88 |
| 39 | 6. marz | Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Finnlands | 91—93 |
| 41 | 13. marz | Auglýsing um framboð og kjör forseta Íslands | 94 |
| 37 | 19. marz | Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins | 88 |
| 40 | 20. marz | Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 37/1944, um laun forseta Íslands | 93 |
| 42 | 28. marz | Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings við Vestur-Þýzkaland | 94—97 |
| 46 | 13. apríl | Auglýsing um vöruskiptasamkomulag milli Íslands og Danmerkur | 101—102 |
| 43 | 18. apríl | Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna byggingar áburðarverksmiðju | 98 |
| 47 | 19. apríl | Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Svíþjóðar | 102—103 |
| 44 | 30. apríl | Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum | 99 |
| 45 | 6. maí | Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm | 100 |
| 48 | 15. maí | Bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl. | 103—104 |
| 49 | 30. maí | Auglýsing um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Tékkóslóvakíu | 104 |
| 50 | 9. júní | Auglýsing um loftferðasamning milli Íslands og Svíþjóðar | 104—112 |
| 51 | 16. júní | Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 84 1940, um tekjuöflun til íþróttasjóðs | 112—113 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| 52 | 16. júní | Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð | 113—114 |
| 59 | 11. júlí | Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 105 24. des. 1951, um breyting á lögum nr. 117/1950, um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á lögum nr. 9/1951, um breyting á þeim lögum | 123 |
| 53 | 24. júlí | Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Brasilíu | 114 |
| 54 | 26. júlí | Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings við Vestur-Þýzkaland | 115—118 |
| 55 | 20. ágúst | Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins | 118 |
| 56 | 27. ágúst | Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 47 frá 30. júní 1942 | 119—120 |
| 57 | 4. sept. | Forsetabréf um að reglulegt Alþingi 1952 skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 1. október 1952 | 120 |
| 58 | 10. sept. | Bráðabirgðalög um manntal 16. október 1952 | 120—122 |
| 60 | 12. sept. | Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 115/1936, um þingsköp Alþingis | 123—124 |
| 71 | 8. okt. | Auglýsing um kjör forseta Íslands | 159 |
| 61 | 28. okt. | Auglýsing um samning um fjarskipti milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar | 124—131 |
| 62 | S. d. | Auglýsing um samning um talsímaviðskipti milli Íslands annars vegar og Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hins vegar | 131—133 |
| 63 | 3. nóv. | Auglýsing um aðild Íslands að samþykkt alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 91, um orlof með launum fyrir farmenn | 134—138 |
| 64 | S. d. | Auglýsing um aðild Íslands að samþykkt alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 98, um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega | 139—142 |
| 65 | 6. nóv. | Samþykkt fyrir Iðnaðarbanka Íslands h.f. | 142—149 |
| 66 | S. d. | Reglugerð fyrir Iðnaðarbanka Íslands h.f. | 149—155 |
| 67 | 11. nóv. | Lög um manntal 16. okt. 1952 | 155—157 |
| 68 | S. d. | Lög um afnám laga nr. 41 26. okt. 1917, um breyting á lögum nr. 30 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða | 157 |
| 69 | 12. nóv. | Lög um breyting á lögum nr. 84 1940, um tekjuöflun til íþróttasjóðs | 158 |
| 70 | 17. nóv. | Lög um breyting á lögum nr. 105 1951, um breyting á lögum nr. 117 1950, um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á lögum nr. 9 1951, um breyting á þeim lögum | 158 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| 72 | 19. nóv. | Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 95 5. nóv. 1942 fyrir lærdómsdeild Verzlunarskóla Íslands | 159 |
| 73 | 25. nóv. | Lög um tilkynningar aðsetursskipta | 160—163 |
| 74 | S. d. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku í Alþjóðabankanum í Washington vegna Sogs- og Laxárvirkjana | 163 |
| 75 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl. | 164 |
| 76 | 26. nóv. | Lög um breyting á lögum nr. 13 16. marz 1949, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga | 164—165 |
| 77 | 29. nóv. | Auglýsing um viðskiptasamkomulag og greiðslusamning milli Íslands og Austurríkis | 165—166 |
| 78 | 2. des. | Auglýsing um beztukjarasamning við Ástralíu | 166 |
| 79 | S. d. | Lög um breyting á ábúðarlögum, nr. 8 5. febrúar 1951 | 167 |
| 80 | 6. des. | Auglýsing um breytingar á viðskiptasamkomulagi við Pólland | 167—168 |
| 81 | 8. des. | Lög um breyting á lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verdun fiskimiða landgrunnsins | 168 |
| 82 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum | 168—169 |
| 83 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 82 5. júní 1947, um Matsveina- og veitingaþjónaskóla | 169 |
| 84 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins | 170 |
| 96 | 10. des. | Auglýsing um framlengingu viðskiptasamkomulags milli Íslands og Frakklands | 184 |
| 85 | 12. des. | Auglýsing um gildistöku alþjóðasamnings um öryggi mannslífa á hafinu | 170—175 |
| 86 | S. d. | Auglýsing um að Ísland hafi sagt upp alþjóðasamningnum um öryggi á sjó, sem gerður var í London 31. maí 1929 | 175 |
| 87 | 15. des. | Lög um breyting á lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík | 176—178 |
| 88 | S. d. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna byggingar áburðarverksmiðju | 178 |
| 89 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 49 7. maí 1946, um húsmæðrafræðslu | 179 |
| 90 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar | 179—180 |
| 91 | S. d. | Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl. | 181 |
| 92 | S. d. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku handa stofnlánadeildum Búnaðarbanka Íslands, Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði | 182 |
| 93 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð | 182—183 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| 94 | 15. des. | Lög um breyting á lögum nr. 37/1944, um laun forseta Íslands | 183 |
| 95 | 17. des. | Lög um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur | 183 |
| 115 | S. d. | Auglýsing um gildistöku laga nr. 26 18. febrúar 1943, um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935 | 201 |
| 97 | 22. des. | Lög um heimild handa ríkisstjórninni til öflunar lánsfjár til smáíbúðabygginga | 184 |
| 98 | S. d. | Lög um eignarnámsheimild á hluta úr jörðinni Breiðuvík í Rauðasandshreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu | 185 |
| 99 | 23. des. | Lög um breyting á lögum nr. 115/1936, um þingsköp Alþingis | 185—187 |
| 100 | S. d. | Lög um íslenzkan ríkisborgararétt | 187—189 |
| 101 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði | 190 |
| 102 | S. d. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1953 með viðauka | 190—191 |
| 103 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 61/1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip | 191—193 |
| 104 | 27. des. | Lög um ábyrgð ríkissjóðs vegna viðskipta við lönd, sem verzla á jafnvirðis- og vöruskiptagrundvelli | 193—194 |
| 105 | S. d. | Lög um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1953 | 194 |
| 106 | S. d. | Lög um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna | 194—195 |
| 107 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 7/1930, um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka | 195 |
| 108 | S. d. | Lög um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl. | 195—196 |
| 109 | S. d. | Lög um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands | 197 |
| 110 | 29. des. | Lög um eignarnám jarðarinnar Svínadals í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu | 197 |
| 111 | S. d. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1953 | 198 |
| 112 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 1 12. jan. 1952, um breyting á lögum nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau | 198—199 |
| 113 | S. d. | Lög um lausn ítaka af jörðum | 199—200 |
| 114 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski | 201 |

# Yfirlit

## eftir stafrófsröð.


| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| | | **Ábúðarlög.** | |
| 79 | 2. des. | Lög um breyting á ábúðarlögum, nr. 8 5. febrúar 1951 | 167 |
| | | **Áburðarverksmiðja.** | |
| 43 | 18. apríl | Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna byggingar áburðarverksmiðju ......... | 98 |
| 88 | 15. des. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna byggingar áburðarverksmiðju .................. | 178 |
| | | **Aðsetursskipti.** | |
| 73 | 25. nóv. | Lög um tilkynningar aðsetursskipta ............... | 160—163 |
| | | **Áfengislög.** | |
| 11 | 29. jan. | Lög um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935 .. | 14 |
| 115 | 17. des. | Auglýsing um gildistöku laga nr. 26 18. febrúar 1943, um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935 ... | 201 |
| | | **Almannatryggingar.** | |
| 1 | 12. jan. | Lög um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau ................ | 1—8 |
| 112 | 29. des. | Lög um breyting á lögum nr. 1 12. jan. 1952, um breyting á lögum nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau ...................... | 198—199 |
| | | **Alþingi.** | |
| 6 | 23. jan. | Forsetabréf um þinglausnir ........................ | 11 |
| 18 | 31. jan. | Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1952 ........ | 19 |
| 57 | 4. sept. | Forsetabréf um að reglulegt Alþingi 1952 skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 1. október 1952 .. | 120 |
| 60 | 12. sept. | Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 115/1936, um þingsköp Alþingis ............................... | 123—124 |
| 99 | 23. des. | Lög um breyting á lögum nr. 115/1936, um þingsköp Alþingis ........................................ | 185—187 |
| | | **Bankamál.** | |
| 65 | 6. nóv. | Samþykkt fyrir Iðnaðarbanka Íslands h.f. .......... | 142—149 |
| 66 | S. d. | Reglugerð fyrir Iðnaðarbanka Íslands h.f. .......... | 149—155 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
| --- | --- | --- | --- |
| 92 | 15. des. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku handa stofnlánadeildum Búnaðarbanka Íslands, Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði | 182 |
| 107 | 27. des. | Lög um breyting á lögum nr. 7/1930, um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka | 195 |
| | | **Bátaútvegur,** sjá fiskveiðar. | |
| | | **Bifreiðar, bifreiðaflutningar.** | |
| 3 | 18. jan. | Lög um breyting á lögum nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum | 9 |
| 7 | 24. jan. | Lög um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941 | 11—12 |
| | | **Botnvörpuveiðar,** sjá fiskveiðar. | |
| | | **Breiðuvík,** sjá eignarnám. | |
| | | **Byggingarsamvinnufélög.** | |
| 27 | 4. febr. | Lög um breyting á lögum nr. 44/1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum | 51—52 |
| 36 | 16. febr. | Lög um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum | 78—88 |
| | | **Dýrtíðarráðstafanir.** | |
| 106 | 27. des. | Lög um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna | 194—195 |
| | | **Eignarnám.** | |
| 98 | 22. des. | Lög um eignarnámsheimild á hluta úr jörðinni Breiðuvík í Rauðasandshreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu | 185 |
| 110 | 29. des. | Lög um eignarnám jarðarinnar Svínadals í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu | 197 |
| | | **Erfðafé, erfðafjárskattur.** | |
| 12 | 30. jan. | Lög um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila | 15 |
| | | **Evrópuráðið.** | |
| 2 | 17. jan. | Auglýsing um breytingu á stofnskrá Evrópuráðsins | 8 |
| | | **Fiskveiðar, fiskimið m. m.** | |
| 21 | 31. jan. | Lög um sérstakan skattfrádrátt tapaðra skulda vegna skuldaskila bátaútvegsins | 32 |
| 37 | 19. marz | Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins | 88 |
| 44 | 30. apríl | Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum | 99 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| 55 | 20. ágúst | Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins | 118 |
| 81 | 8. des. | Lög um breyting á lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins | 168 |
| 82 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum | 168—169 |
| 84 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins | 170 |
| 103 | 23. des. | Lög um breyting á lögum nr. 61/1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip | 191—193 |
| 114 | 29. des. | Lög um breyting á lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski | 201 |
| | | **Fjárlög, fjáraukalög.** | |
| 14 | 31. jan. | Lög um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951 | 16—17 |
| 35 | 5. febr. | Fjáraukalög fyrir árið 1949 | 65—77 |
| 105 | 27. des. | Lög um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1953 | 194 |
| | | **Fólksflutningar.** | |
| 3 | 18. jan. | Lög um breyting á lögum nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum | 9 |
| | | **Gin- og klaufaveiki.** | |
| 16 | 31. jan. | Lög um breyting á lögum nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins | 18 |
| | | **Girðingalög.** | |
| 24 | 1. febr. | Girðingalög | 44—48 |
| | | **Hafnarmálefni.** | |
| 52 | 16. júní | Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð | 113—114 |
| 93 | 15. des. | Lög um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð | 182—183 |
| 95 | 17. des. | Lög um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur | 183 |
| | | **Happdrætti.** | |
| 15 | 31. jan. | Lög um heimild til að leyfa héraðssamböndum íþrótta- og ungmennafélaga að stofna til sérstakrar tegundar happdrættis | 17 |
| 76 | 26. nóv. | Lög um breyting á lögum nr. 13 16. marz 1949, um vörphappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga | 164—165 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| | | **Háskólinn.** | |
| 19 | 31. jan. | Lög um breyting á lögum nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta | 20 |
| 56 | 27. ágúst | Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 47 frá 30. júní 1942 | 119—120 |
| | | **Heimilishjálp.** | |
| 10 | 25. jan. | Lög um heimilishjálp í viðlögum | 13—14 |
| | | **Hlutatryggingasjóður, sjá fiskveiðar.** | |
| | | **Húsaleiga.** | |
| 30 | 4. febr. | Lög um hámark húsaleigu o. fl. | 54—55 |
| | | **Húsmæðrafræðsla.** | |
| 89 | 15. des. | Lög um breyting á lögum nr. 49 7. maí 1946, um húsmæðrafræðslu | 179 |
| | | **Íbúðarhúsabyggingar.** | |
| 27 | 4. febr. | Lög um breyting á lögum nr. 44/1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum | 51—52 |
| 36 | 16. febr. | Lög um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum | 78—88 |
| 97 | 22. des. | Lög um heimild handa ríkisstjórninni til öflunar lánsfjár til smáíbúðabygginga | 184 |
| | | **Ítök.** | |
| 113 | 29. des. | Lög um lausn ítaka af jörðum | 199—200 |
| | | **Íþróttafélög, sjá happdrætti.** | |
| | | **Íþróttasjóður.** | |
| 51 | 16. júní | Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 84 1940, um tekjuöflun til íþróttasjóðs | 112—113 |
| 69 | 12. nóv. | Lög um breyting á lögum nr. 84 1940, um tekjuöflun til íþróttasjóðs | 158 |
| | | **Jarðasala.** | |
| 4 | 18. jan. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja kirkjujörðina Múlasel í Mýrasýslu og Hróastaða í Norður-Þingeyjarsýslu | 9 |
| | | **Jarðræktarlög.** | |
| 8 | 24. jan. | Lög um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950 | 12 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| | | **Kirkjujarðir.** | |
| 4 | 18. jan. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja kirkjujörðina Múlasel í Mýrasýslu og Hróastaði í Norður-Þingeyjarsýslu | 9 |
| | | **Kirkjumálefni.** | |
| 31 | 4. febr. | Lög um skipun prestakalla | 55—63 |
| | | **Kvikmyndasýningar, sjá skattar, tollar.** | |
| | | **Lánasjóður.** | |
| 5 | 20. jan. | Lög um lánasjóð stúdenta | 10 |
| | | **Landbúnaður.** | |
| 8 | 24. jan. | Lög um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950 | 12 |
| 20 | 31. jan. | Lög um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum | 21—31 |
| 24 | 1. febr. | Girðingalög | 44—48 |
| 43 | 18. apríl | Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna byggingar áburðarverksmiðju | 98 |
| 79 | 2. des. | Lög um breyting á ábúðarlögum, nr. 8 5. febrúar 1951 | 167 |
| 88 | 15. des. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna byggingar áburðarverksmiðju | 178 |
| 90 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar | 179—180 |
| 92 | S. d. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku handa stofnlánadeildum Búnaðarbanka Íslands, Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði | 182 |
| | | **Lántaka.** | |
| 43 | 18. apríl | Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna byggingar áburðarverksmiðju | 98 |
| 74 | 25. nóv. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku í Alþjóðabankanum í Washington vegna Sogs- og Laxárvirkjana | 163 |
| 88 | 15. des. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna byggingar áburðarverksmiðju | 178 |
| 92 | S. d. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku handa stofnlánadeildum Búnaðarbanka Íslands, Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði | 182 |
| 97 | 22. des. | Lög um heimild handa ríkisstjórninni til öflunar lánsfjár til smáíbúðabygginga | 184 |
| | | **Launamál.** | |
| 40 | 20. marz | Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 37/1944, um laun forseta Íslands | 93 |
| 94 | 15. des. | Lög um breyting á lögum nr. 37/1944, um laun forseta Íslands | 183 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| | | **Lax- og silungsveiði, sjá veiði.** | |
| | | **Manntal.** | |
| 58 | 10. sept. | Bráðabirgðalög um manntal 16. október 1952 | 120—122 |
| 67 | 11. nóv. | Lög um manntal 16. okt. 1952 | 155—157 |
| | | **Matsveina- og veitingaþjónaskóli, sjá skólamál.** | |
| | | **Menntaskólar, sjá skólamál.** | |
| | | **Millirikjasamningar.** | |
| 2 | 17. jan. | Auglýsing um breytingu á stofnskrá Evrópuráðsins | 8 |
| 38 | 8. febr. | Auglýsing um aðild Íslands að viðbótarsamningi við Norður-Atlantshafssamninginn varðandi þátttöku Grikklands og Tyrklands | 89—91 |
| 39 | 6. marz | Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Finnlands | 91—93 |
| 42 | 28. marz | Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings við Vestur-Þýzkaland | 94—97 |
| 46 | 13. apríl | Auglýsing um vöruskiptasamkomulag milli Íslands og Danmerkur | 101—102 |
| 47 | 19. apríl | Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Svíþjóðar | 102—103 |
| 49 | 30. maí | Auglýsing um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Tékkóslóvakíu | 104 |
| 50 | 9. júní | Auglýsing um loftferðasamning milli Íslands og Svíþjóðar | 104—112 |
| 53 | 24. júlí | Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Brasilíu | 114 |
| 54 | 26. júlí | Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings við Vestur-Þýzkaland | 115—118 |
| 61 | 28. okt. | Auglýsing um samning um fjarskipti milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar | 124—131 |
| 62 | S. d. | Auglýsing um samning um talsímaviðskipti milli Íslands annars vegar og Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hins vegar | 131—133 |
| 63 | 3. nóv. | Auglýsing um aðild Íslands að samþykkt alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 91, um orlof með launum fyrir farmenn | 134—138 |
| 64 | S. d. | Auglýsing um aðild Íslands að samþykkt alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 98, um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega | 139—142 |
| 77 | 29. nóv. | Auglýsing um viðskiptasamkomulag og greiðslusamning milli Íslands og Austurríkis | 165—166 |
| 78 | 2. des. | Auglýsing um beztukjara samning við Ástralíu | 166 |
| 80 | 6. des. | Auglýsing um breytingar á viðskiptasamkomulagi við Pólland | 167—168 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| 96 | 10. des. | Auglýsing um framlengingu viðskiptasamkomulags milli Íslands og Frakklands | 184 |
| 85 | 12. des. | Auglýsing um gildistöku alþjóðasamnings um öryggi mannslífa á hafinu | 170—175 |
| 86 | S. d. | Auglýsing um að Ísland hafi sagt upp alþjóðasamningnum um öryggi á sjó, sem gerður var í London 31. maí 1929 | 175 |
| | | **Mótvirðissjóður.** | |
| 17 | 31. jan. | Lög um heimild til ráðstöfunar á fé mótvirðissjóðs ... | 19 |
| | | **Okur, dráttarvextir.** | |
| 48 | 15. maí | Bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl. | 103—104 |
| 75 | 25. nóv. | Lög um breyting á lögum nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl. | 164 |
| | | **Prestaköll.** | |
| 31 | 4. febr. | Lög um skipun prestakalla | 55—63 |
| | | **Rafmagn.** | |
| 22 | 1. febr. | Lög um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins | 32—33 |
| 74 | 25. nóv. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku í Alþjóðabankanum í Washington vegna Sogs- og Laxárvirkjana | 163 |
| | | **Reykjavík.** | |
| 32 | 4. febr. | Lög um breyting á lögum nr. 32 7. maí 1928, um sundhöll í Reykjavík | 63 |
| | | **Ríkisábyrgð.** | |
| 104 | 27. des. | Lög um ábyrgð ríkissjóðs vegna viðskipta við lönd, sem verzla á jafnvirðis- og vöruskiptagrundvelli | 193—194 |
| | | **Ríkisborgararéttur.** | |
| 25 | 1. febr. | Lög um veitingu ríkisborgararéttar | 48—50 |
| 100 | 23. des. | Lög um íslenzkan ríkisborgararétt | 187—189 |
| | | **Ríkisreikningur, ríkissjóður.** | |
| 14 | 31. jan. | Lög um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951 | 16—17 |
| 26 | 4. febr. | Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1949 . | 50—51 |
| | | **Ríkisstjórn.** | |
| 9 | 25. jan. | Auglýsing um meðferð forsetavalds | 12 |
| 41 | 13. marz | Auglýsing um framboð og kjör forseta Íslands | 94 |
| 71 | 8. okt. | Auglýsing um kjör forseta Íslands | 159 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| | | **Siglingar.** | |
| 63 | 3. nóv. | Auglýsing um aðild Íslands að samþykkt alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 91, um orlof með launum fyrir farmenn | 134—138 |
| 85 | 12. des. | Auglýsing um gildistöku alþjóðasamnings um öryggi mannslífa á hafinu | 170—175 |
| 86 | S. d. | Auglýsing um að Ísland hafi sagt upp alþjóðasamningnum um öryggi á sjó, sem gerður var í London 31. maí 1929 | 175 |
| | | **Skattar, tollar.** | |
| 21 | 31. jan. | Lög um sérstakan skattfrádrátt tapaðra skulda vegna skuldaskila bátaútvegsins | 32 |
| 28 | 4. febr. | Lög um gjald af kvikmyndasýningum | 53 |
| 29 | S. d. | Lög um heimild fyrir sveitarstjórnir til að innheimta með álagi fasteignaskatta til sveitasjóða | 54 |
| 34 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. | 64—65 |
| 51 | 16. júní | Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 84 1940, um tekjuöflun til íþróttasjóðs | 112—113 |
| 59 | 11. júlí | Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 105 24. des. 1951, um breyting á lögum nr. 117/1950, um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á lögum nr. 9/1951, um breyting á þeim lögum | 123 |
| 69 | 12. nóv. | Lög um breyting á lögum nr. 84 1940, um tekjuöflun til íþróttasjóðs | 158 |
| 70 | 17. nóv. | Lög um breyting á lögum nr. 105 1951, um breyting á lögum nr. 117 1950, um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á lögum nr. 9 1951, um breyting á þeim lögum | 158 |
| 91 | 15. des. | Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl. | 181 |
| 102 | 23. des. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1953 með viðauka | 190—191 |
| 106 | 27. des. | Lög um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna | 194—195 |
| 108 | S. d. | Lög um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl. | 195—196 |
| 109 | S. d. | Lög um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands | 197 |
| 111 | 29. des. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1953 | 198 |
| | | **Skógrækt.** | |
| 13 | 31. jan. | Lög um skógræktardag skólafólks | 15—16 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| | | **Skólamál.** | |
| 33 | 4. febr. | Lög um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla | 64 |
| 72 | 19. nóv. | Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 95 5. nóv. 1942 fyrir lærdómsdeild Verzlunarskóla Íslands | 159 |
| 83 | 8. des. | Lög um breyting á lögum nr. 82 5. júní 1947, um Matsveina- og veitingaþjónaskóla | 169 |
| 87 | 15. des. | Lög um breyting á lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík | 176—178 |
| | | **Smáíbúðahús,** sjá íbúðarhúsabyggingar. | |
| | | **Stúdentasjóður.** | |
| 5 | 20. jan. | Lög um lánasjóð stúdenta | 10 |
| | | **Stýrimannaskólinn,** sjá skólamál. | |
| | | **Sundhöll.** | |
| 32 | 4. febr. | Lög um breyting á lögum nr. 32 7. maí 1928, um sundhöll í Reykjavík | 63 |
| | | **Svínadalur,** sjá eignarnám. | |
| | | **Ungmennafélög,** sjá happdrætti. | |
| | | **Vátryggingarfélög.** | |
| 103 | 23. des. | Lög um breyting á lögum nr. 61/1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip | 191—193 |
| | | **Veiði.** | |
| 101 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði | 190 |
| | | **Verðlag, verðlagseftirlit m. m.** | |
| 45 | 6. maí | Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm | 100 |
| | | **Verzlun.** | |
| 104 | 27. des. | Lög um ábyrgð ríkissjóðs vegna viðskipta við lönd, sem verzla á jafnvirðis- og vöruskiptagrundvelli | 193—194 |
| | | **Verzlunarskólinn,** sjá skólamál. | |
| | | **Vinnuheimili.** | |
| 12 | 30. jan. | Lög um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila | 15 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| | | **Vinnustaðir.** | |
| 23 | 1. febr. | Lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum .......... | 34—43 |
| | | **Vöruhappdrætti, sjá happdrætti.** | |
| | | **Þjóðjarðir.** | |
| 68 | 11. nóv. | Lög um afnám laga nr. 41 26. okt. 1917, um breyting á lögum nr. 30 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða .... | 157 |
| | | **Öryggisráðstafanir.** | |
| 23 | 1. febr. | Lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum .......... | 34—43 |

# LÖG

1
12. jan.

## um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 4. gr. laga nr. 119 29. des. 1951, um breyting á lögum nr. 51/1951, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau, hef látið fella ákvæði hinna fyrstnefndu laga inn í meginmál laga nr. 51/1951, og gef þau lög út svo breytt:

### I. KAFLI

1. gr.

Auk þeirra starfsmanna, sem nefndir eru í 4. gr. laganna, er ráðherra heimilt að skipa sérstakan yfirlækni Tryggingastofnunar ríkisins, er nefnist heilsugæzlustjóri.

Heilsugæzlustjóri skal hafa yfirstjórn allra læknamálefna stofnunarinnar í samráði við forstjóra.

Hann hefur með höndum framkvæmd og forstöðu heilsugæzlumála Tryggingastofnunarinnar, er þriðji kafli laganna kemur til framkvæmda, en vinnur þangað til að undirbúningi þeirra framkvæmda og hefur yfirumsjón með starfsemi sjúkrasamlaganna meðan þau starfa.

Tryggingayfirlæknir annast í samráði við heilsugæzlustjóra störf þau, sem honum eru sérstaklega falin í lögunum.

2. gr.

Ráðherra er heimilt að gera breytingar á skipun og verksviði sérfræðinganefndar þeirrar, er um getur í 2. málsgr. 6. gr. laganna, þannig að heilbrigðismálaráðherra tilnefni einn mann í nefndina, er verði formaður hennar í stað landlæknis, og að hlutverk nefndarinnar verði eingöngu að úrskurða örorkustig og orkutap þeirra, er sækja um bætur og ekki vilja una úrskurði lækna Tryggingastofnunarinnar eða tryggingaráð telur ástæðu til að leita úrskurðar nefndarinnar um.

3. gr.

Stéttarsamband bænda skal hafa rétt til þess að skipa einn fulltrúa til þess, ásamt fulltrúum þeim, er um getur í 9. gr. laganna, að taka þátt í umræðum tryggingarráðs og gera tillögur um skiptingu í áhættuflokka og iðgjöld samkv. 113. gr.

4. gr.

Til ársloka 1954 skulu sýslunefndir í tryggingaumdæmum utan kaupstaða fara með störf trygginganefnda, sbr. 11. gr. laganna. Þó er sýslunefnd heimilt að fela þessi störf sérstakri nefnd, er hún kýs. Í kaupstöðum utan Reykjavíkur annast stjórnir sjúkrasamlaganna þessi störf. Verði öll sjúkrasamlög í tryggingaumdæmi sameinuð í eitt samlag, skal stjórn þess fara með störf trygginganefndar í umdæminu í stað sýslunefndar.



Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

1 II. KAFLI

12. jan. 5. gr.

Grunnupphæðir bóta samkv. II. kafla laganna, 1—4, skulu frá 1. janúar 1951 vera sem hér segir:

1. Árlegur elli- og örorkulífeyrir samkv. 15. og 18. gr. laganna:
   a. Fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri:
      Á 1. verðlagssvæði ........ kr. 6528.00
      Á 2. — ........ — 4896.00
   b. Fyrir einstaklinga og hjón, þegar annað fær lífeyri:
      Á 1. verðlagssvæði ........ — 4080.00
      Á 2. — ........ — 3060.00
2. Árlegur barnalífeyrir samkv. 20. gr. laganna:
   Á 1. verðlagssvæði ........ kr. 2400.00
   Á 2. — ........ — 1800.00
3. Árlegar fjölskyldubætur samkv. 30. gr. laganna:
   Á 1. verðlagssvæði ........ — 1200.00
   Á 2. — ........ — 900.00
4. Ekkjubætur samkv. 35. gr. laganna:
   Fyrstu 3 mán., eftir lát maka ........ kr. 600.00 á mán.
   Næstu 9 mán., ef ákvæði greinarinnar heimila ........ — 450.00 - —
5. Hámark árlegra makabóta samkv. 38. gr. laganna:
   Á 1. verðlagssvæði ........ kr. 2448.00
   Á 2. — ........ — 1836.00
6. Sjúkrabætur samkv. 40. gr. laganna:
   a. Fyrir kvænta karla, þegar konan vinnur eigi utan heimilis
      Á 1. verðlagssvæði ........ kr. 18.00 á dag.
      Á 2. — ........ — 15.00 - —
   b. Fyrir aðra:
      Á 1. verðlagssvæði ........ — 15.00 á dag.
      Á 2. — ........ — 12.00 - —

Nú eru hjón eigi samvistum, af heilsufarslegum ástæðum eða öðrum ástæðum, er tryggingaráð metur jafngildar, og er ráðinu þá heimilt að úrskurða hvoru hjónanna um sig fullan einstaklingslífeyri samkv. 15. gr. laganna.

6. gr.

Tryggingaráði skal heimilt að greiða ekklum allt að fullum barnalífeyri, í stað hálfs, eins og ákveðið er í síðustu málsgr. 23. gr. laganna.

7. gr.

Takmarkanir þær, sem ákveðnar eru í 2. og 3. málsgr. 23. gr. laganna á greiðslum barnalífeyris til ekkna, skulu einnig gilda um greiðslur barnalífeyris til mæðra óskilgetinna barna og fráskilinna kvenna samkv. 27. og 28. gr.

8. gr.

Þegar Tryggingastofnunin greiðir barnalífeyri samkv. 1. málsgr. 27. gr. laganna, á hún endurkröfurétt á hendur barnsföður, og fer um innheimtu slíkrar kröfu eftir ákvæðum 117. gr. laganna.

Verði vanskil af hálfu föður, skal innheimta kröfuna hjá framfærslusveit hans,

og telst fjárhæðin framfærslustyrkur veittur honum. Eignist Tryggingastofnunin að öllu leyti sama rétt á hendur framfærslusveit föður og dvalarsveit móður hefur samkv. framfærslulögum, en um endurkröfurétt framfærslusveitar á hendur barnsföður fer samkv. ákvæðum framfærslulaga. Þverskallist framfærslusveit við að greiða, eignast Tryggingastofnunin þann rétt, sem dvalarsveit móður á samkv. framfærslulögum, til að endurkrefja ríkissjóð um upphæðina. 1
12. jan.

Aðrar bætur og styrki, sem Tryggingastofnunin á endurkröfurétt á, skal innheimta með sama hætti.

9. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að greiða fjölskyldubætur vegna barna, þótt þau dveljist ekki á heimili föðurins og ákvæði 2. málsgr. 32. gr. laganna taki til þeirra, ef sannað er, að hann kostar framfæri þeirra að fullu, enda greiðast bæturnar þá til hans.

10. gr.

Fæðingarstyrkur samkv. 34. gr. laganna skal vera jafn til allra mæðra og nema kr. 600.00 fyrir hverja fæðingu. Þó skal ógift móðir, sem verður fyrir vinnutjóni og tekjumissi vegna barnsburðar og leggur fram úrskurð á hendur barnsföður fyrir barnsfararkostnaði eða hefur gert ráðstafanir til þess að afla sér slíks úrskurðar, eiga rétt á því, að Tryggingastofnunin greiði henni til viðbótar allt að kr. 300.00 á mánuði í allt að 3 mánuði á þann hátt, sem í 2.—4. mgr. greinarinnar segir, enda hefur þá Tryggingastofnunin endurkröfurétt á hendur barnsföður og sveitarfélagi fyrir viðbótarupphæðinni, á sama hátt og segir í 27. gr. laganna um endurkröfurétt á barnalífeyri.

11. gr.

Til ársloka 1954 er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að greiða giftum konum, þótt þær vinni eigi utan heimilis, sjúkrabætur vegna aðstoðar eða hjúkrunar í veikindum þeirra, sbr. 92. gr. laganna, enda nemi sjúkrabætur til þeirra eigi hærri upphæð en samsvarar lífeyri samkv. 15. gr. laganna og greiðist því aðeins, að skilyrði 2. málsgr. 40. gr. laganna séu fyrir hendi.

Þá er og heimilt að greiða sjúkrabætur til manna, sem náð hafa 67 ára aldri, ef þeir njóta ekki lífeyris eða annarra bóta frá Tryggingastofnuninni.

Hafi sjúkrasamlag eða sveitarstjórn í þjónustu sinni hjúkrunarkonu eða aðstoðarstúlkur til þess að veita hjúkrun eða aðstoð á heimilum í veikindum, er Tryggingastofnuninni heimilt að taka þátt í kostnaði við þau störf eftir samkomulagi við viðkomandi aðila.

12. gr.

Tryggingaráði er heimilt, þegar ekki liggja fyrir fullar sannanir þess, að tekjur umsækjanda um sjúkrabætur hafi rýrnað svo vegna sjúkleikans, að þær fari niður fyrir það mark, sem 2. málsgr. 39. gr. laganna ákveður, að fresta úrskurði um sjúkrabætur, þar til fullnægjandi upplýsingar um tekjur hans á veikindaárinu liggja fyrir.

13. gr.

Ákvæði b-liðs 42. gr. laganna um lengri biðtíma þeirra, sem hafa launþega í þjónustu sinni, skulu aðeins gilda um þá, sem kaupa svo mikla vinnu, að þeim beri að greiða gjald samkv. 112. og 113. gr. af meiru en 52 vinnuvikum.

14. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að víkja frá þeim ákvæðum 1. málsgr. 43. gr. laganna, sem gera sjúkrahúsvist eða rúmlegu að skilyrði fyrir greiðslu sjúkrabóta, ef sérstaklega stendur á.

15. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að lengja tilkynningarfrest þann, sem um ræðir í 44. gr., þó ekki yfir 3 mánuði.

16. gr.

Grunnupphæðir slysabóta samkvæmt II. kafla laganna skulu frá 1. janúar 1951 vera sem hér segir:

1. Dagpeningar samkv. 53. gr. lagnna kr. 22.50 á dag.
2. Fullur árlegur örorkulífeyrir samkv. 56. gr. laganna kr. 4080.00.
3. Dánarbætur, samkv. 57. gr. laganna:
   a. Til ekkju eða ekkils samkv. 1. tölul. kr. 9000.00. Fullur lífeyrir samkv. sama lið kr. 4080.00.
   b. Barnalífeyrir samkv. 2. tölul. kr. 2400 á ári.
   c. Bætur til uppkomins barns samkv. 3. tölul. kr. 3000.00—9000.00. Sama gildir systkini, sbr. 5. tölul.
   d. Bætur til foreldris samkv. 4. tölul. kr. 3000.00—9000.00.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að hækka örorkulífeyri samkv. 2. tölul. þessarar greinar, eftir sömu reglum og gilda um ellilífeyri samkv. 17. gr. laganna.

17. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra slysa, sem þeir bera samkv. 32. gr. laga nr. 41 19. maí 1930, þannig, að Tryggingastofnunin greiði hinum slasaða, auk dagpeninga samkv. 53. gr. laganna, fullt kaup eða aflahlut í eina viku frá afskráningardegi að telja.

18. gr.

Barnalífeyri samkv. 3. mgr. 56. gr. laganna skal aldrei vera lægri en verið hefði, ef lífeyririnn væri ákveðinn eftir fyrirmælum laganna um barnalífeyri til öryrkja, sbr. 20. og 22. gr. laganna.

19. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að ákveða, að árlegar umsóknir um bætur, sbr. 65. gr. laganna, megi niður falla að því er varðar einstakar bótategundir, fleiri eða færri, og ákveður ráðið þá, hversu oft skuli endurnýja umsóknir og leggja fram eða endurnýja skilríki til sönnunar bótaréttinum.

## III. KAFLI

20. gr.

Framkvæmd heilsugæzlu samkvæmt 3. kafla laganna skal frestað til 1. jan. 1955, að öðru leyti en því, að réttur sveitarfélaga, sem koma á fót heilsuverndarstöðvum og/eða lækningastöðvum og reka þær samkv. 76. gr. laganna, til ríkisstyrks samkv. 77. gr. laganna helzt óbreyttur, svo og ákvæði 82. og 83. gr. laganna um skipun lækna við slíkar stöðvar.

21. gr.

Til þess tíma, er í 20. gr. segir, skal 3. kafli laga nr. 104 30. des. 1943, um sjúkratryggingar, vera í gildi, með þeim breytingum, er hér greinir:

1. Þar sem sjúkrasamlög eru ekki starfandi, skulu þau stofnuð eigi síðar en svo, að samlagsmenn njóti réttinda frá 1. október 1951, enda þótt samlagsstofnun hafi eigi verið ákveðin með atkvæðagreiðslu samkvæmt 29. gr. þeirra laga.
2. Ríkisstjórnin getur að fengnum tillögum tryggingaráðs ákveðið, að sjúkra-

samlög, sem starfa í sama tryggingaumdæmi, skuli sameinuð, enda séu stjórnir a. m. k. ⅔ hluta sjúkrasamlaganna því samþykkar. Nú sameinast öll samlög innan sama umdæmis, og skal þá sýslunefnd kjósa fjóra menn í stjórn samlagsins. 1 12. jan.

3. Ríkisstjórnin getur, ef tryggingaráð gerir tillögur þar um, ákveðið, að greiðslur sjúkrasamlaga fyrir lyf, önnur en þau, sem lífsnauðsynleg teljast til notkunar að staðaldri, og umbúðir utan sjúkrahúsa, samkv. 2. tölul. 33. gr. l. 104/1943, skulu takmarkaðar frekar en þar er gert.
4. Þegar maður, 67 ára eða eldri, þarfnast sjúkrahúss- eða hælisvistar umfram þær 5 vikur, er sjúkrasamlagi hans ber að greiða samkv. síðari málslið fyrstu málsgreinar 38. gr. laga nr. 104 frá 1943, vegna ellikramar eða annnarra slíkra sjúkdóma, skal Tryggingastofnun ríkisins þann tíma, er hann þarfnast hjálparinnar, greiða ríkisframfærslunni ellilífeyri þann, er hlutaðeigandi á rétt til, ásamt álagi, sem úrskurðað kann að vera samkv. 17. gr., ef ákvæði ríkisframfræslulaga nr. 78/1936 verða látin taka til langvarandi ellisjúkdóma á sama hátt og þau taka nú til annarra langvarandi sjúkdóma.
5. Hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóðs samkv. 47. gr. laga nr. 104/1943 skal vera 62 krónur á ári að viðbættri verðlagsuppbót samkvæmt kaupgjaldsvísitölu.
6. Tryggingastofnun ríkisins skal greiða sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem þess óska og eigi hafa hærri tekjur en svo, að þær ásamt lífeyri frá Tryggingastofnuninni eða eftirlaunum úr opinberum sjóði nemi þrefaldri lífeyrisupphæð samkv. 15. gr. laganna.

22. gr.

Til ársloka 1954 skal Tryggingastofnun ríkisins vera heimilt að greiða styrki til læknisvitjanasjóða, er starfa samkv. lögum nr. 59/1942, og til sjúkrasamlaga, sem verða fyrir óvenjulegum útgjöldum vegna sjúkraflutninga og læknisvitjana og starfa í héruðum, þar sem ekki eru læknisvitjanasjóðir. Styrkir þessir mega samtals nema allt að 300 þús. kr. á ári, og skal úthlutunin til læknisvitjanasjóða gerð að fengnum tillögum landlæknis, en úthlutun til sjúkrasamlaga samkvæmt ákvörðun tryggingaráðs.

23. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal fyrir lok ársins 1951 láta fram fara athugun á vinnugetu öryrkja, sem ætla má, að geti unnið fyrir sér að nokkru eða öllu leyti, ef þeim er veittur kostur á atvinnu við þeirra hæfi. Jafnframt skal Tryggingastofnunin gera tillögur um ráðstafanir til þess, að starfskraftar slíkra öryrkja geti komið þeim sjálfum og þjóðfélaginu að sem mestum notum, og hafa samráð og samvinnu við trygginganefndir og héraðsstjórnir um þær tillögur.

## IV. KAFLI

24. gr.

Grunnupphæðir iðgjalda og framlaga til tryggingasjóðs samkvæmt IV. kafla laganna, 2—5, skulu vera sem hér segir til ársloka 1954:

1. Árleg iðgjöld hinna tryggðu samkv. 107. gr. laganna:

a. Kvæntir karlar:

| | |
|---|---|
| Á 1. verðlagssvæði | kr. 390.00 |
| Á 2. — | — 310.00 |

b. Ókvæntir karlar:

| | |
|---|---|
| Á 1. verðlagssvæði | — 350.00 |
| Á 2. — | — 280.00 |

1
12. jan.

c. Ógiftar konur:
Á 1. verðlagssvæði ........................................ kr. 260.00
Á 2. — ........................................ — 210.00

2. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 112. gr. laganna:
Á 1. verðlagssvæði ................................ kr. 4.65 á viku.
Á 2. — ................................ — 3.50 – —

3. Heildarupphæð framlags sveitarfélaga samkv. 114. gr. laganna:
10.8 millj. kr.

4. Fast framlag samkv. 116. gr. laganna:
17.4 millj. kr.

25. gr.

Í stað ákvæða um verðlagsuppbætur og vísitöluálag í 2. tölul. bráðabirgðaávæða laganna skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Grunnupphæðir bóta samkv. lögum þessum skulu hækka til samræmis við vísitölu framfærslukostnaðar eftir sömu reglum og laun.

Iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög samkvæmt 114. og 116. gr. laganna, sbr. 24. gr. þessara laga, skulu innheimt með álagi samkvæmt kaupgjaldsvísitölu marzmánaðar það ár, sem gjöldin eru á lögð. Iðgjöld vegna lögskráðra sjómanna samkv. 112. gr. laganna skulu innheimt með álagi samkv. kaupgjaldsvísitölu janúarmánaðar, þar til vísitöluálag ársins hefur verið ákveðið.

26. gr.

Í stað ákvæða síðasta málsl. fyrstu málsgr. 109. gr. laganna skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald iðgjaldsgreiðanda samkv. 1. málsgr. 109. gr. laganna, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu.

27. gr.

Störf ógifts fólks yfir 20 ára aldur, er dvelst og starfar á heimilum foreldra sinna, skulu metin til vinnuvikna samkv. 112. gr. laganna á sama hátt og störf unglinga á aldrinum 16—20 ára, sbr. reglugerð 21. des. 1946, um áhættuiðgjöld o. fl.

28. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal vera heimilt, til ársloka 1954, að fella niður af iðgjöldum þeirra atvinnurekenda, sem hætta atvinnurekstri á því tímabili, allt að þeirri upphæð, sem hlutaðeigandi greiddi í slysatryggingariðgjöld fyrir árið 1946 samkv. 2. kafla laga nr. 104/1943.

29. gr.

Um innheimtu framlags sveitarsjóða gilda ákvæði 117. gr. laganna, auk ákvæða 115. gr., þó þannig, að Tryggingastofnunin getur innheimt þau án milligöngu innheimtumanna ríkisins, að svo miklu leyti sem hún kýs það heldur.

Hafi sveitarsjóður eigi tekjur sem tryggingargjaldi svarar af þeim fasteignum, sem gjald sveitarfélags til tryggingasjóðs miðast við þegar framlagi er skipt milli sveitarfélaga innan tryggingaumdæmis samkv. 2. tölul. 3. málsgr. 114. gr. laganna, er sveitarstjórn heimilt að leggja á og innheimta hjá eigendum fasteignanna upphæð, sem svarar því gjaldi, sem sveitarsjóður greiðir þannig vegna þeirra.

30. gr.

Tekjuafgangi Tryggingastofnunarinnar, eins og hann nú er orðinn og síðar kann að verða, skal varið til þess að mæta ófyrirsjáanlegum halla, er verða kann á

rekstri trygginganna einstök ár, og skal ekki tekið til ábyrgðar ríkissjóðs umfram hið fasta framlag hans, sbr. 24. gr. þessara laga, meðan nokkur tekjuafgangur er fyrir hendi í tryggingasjóði. 1 12. jan.

31. gr.

Skrár þær, er sveitarstjórnum ber að semja samkvæmt 118. gr. laganna, skal gera í þremur eintökum, og skulu þær gerðar mánuði fyrr en greinin ákveður. Skal sveitarstjórn senda eitt eintakið hlutaðeigandi innheimtumanni þá þegar, en hin tvö til skattanefndar (skattstjóra), eins og greinin mælir fyrir um.

Ákvæði 3. og 4. mgr. 118. gr. skulu einnig gilda um framlagningu skrár um iðgjöld samkv. 112. og 113. gr., svo og um kærur út af þeim gjöldum.

32. gr.

Heimilt skal að fresta afhendingu nýrra tryggingarskírteina, sbr. 127. gr., eftir því sem tryggingaráð telur nauðsynlegt, og nota fyrri skírteini á meðan slík frestun varir.

33. gr.

Til ársloka 1954 skulu sjúkrasamlög í kaupstöðum utan Reykjavíkur annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina, samkv. samningum, er tryggingaráð samþykkir.

34. gr.

Sjúkrasamlagsiðgjöld samkv. 45. gr. laga nr. 104/1943 og iðgjöld samkv. 112. og 113. gr. almannatryggingalaganna vegna lögskráðra sjómanna og bifreiðarstjóra skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og bifreiðum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum til ríkissjóðs. Iðgjöld samkv. 112. og 113. gr. vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja skulu og hafa sams konar veðrétt í eignum þessum.

35. gr.

Tryggingaráð getur ákveðið, að auk þeirra frjálsu slysatrygginga, sem Tryggingastofnuninni er heimilt að taka að sér samkv. 3. málsl. 1. málsgr. 135. gr. laganna, skuli stofnunin einnig veita félagssamtökum íþróttamanna kost á að kaupa slysatryggingu fyrir meðlimi sína, þegar þeir taka þátt í opinberri íþróttakeppni eða æfingum og námskeiðum undir stjórn viðurkenndra íþróttakennara, enda fáist endurtrygging fyrir a. m. k. 75% áhættunnar.

36. gr.

Fyrsti töluliður bráðabirgðaákvæða laganna, um takmörkun á lífeyrisgreiðslum, skal vera í gildi til ársloka 1952.

37. gr.

Þó að lífeyrisgreiðslur falli niður vegna fyrirmæla í 1. tölul. bráðabirgðaákvæða laganna, haldast í fullu gildi ákvæði 16. gr. um hækkun lífeyris vegna frestunar á lífeyrisgreiðslum.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1951. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 115 1949, um framlengingu heimilda í l. nr. 92 1948.

Tryggingastofnun ríkisins skal eins fljótt og við verður komið eftir gildistöku þessara laga láta semja og gefa út handbók um tryggingamál, er veiti aðgengilegt yfirlit yfir gildandi lagaákvæði um almannatryggingar, einkum réttindi og skyldur hinna tryggðu og annarra aðila, er lögin snerta.

1 **Bráðabirgðaákvæði.**

12. jan. Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnum tillögum frá tryggingaráði, að ákveða jafna hundraðshlutahækkun á iðgjöld og framlög til tryggingasjóðs, ef kaupgjald í landinu verður greitt með hærri verðlagsvísitölu en 115 á árinu 1951 og sýnilegt er, að Tryggingastofnunin þurfi á því fé að halda til þess að greiða bætur með fullu vísitölulálagi án þess að skerða tryggingasjóðinn óeðlilega. Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði þann hluta, sem honum ber að greiða vegna slíkrar hækkunar.

*Gjört að Bessastöðum, 12. janúar 1952.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

2
17. jan.

# AUGLÝSING
## um breytingu á stofnskrá Evrópuráðsins.

Hinn 18. desember 1951 gekk í gildi eftirfarandi breyting á stofnskrá Evrópuráðsins:

26. gr. orðist þannig:

Þátttökuríki skulu eiga rétt á tölu fulltrúa sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Belgía | 7 |
| Danmörk | 5 |
| Frakkland | 18 |
| Sambandslýðveldið Þýzkaland | 18 |
| Grikkland | 7 |
| Ísland | 3 |
| Írland | 4 |
| Ítalía | 18 |
| Luxemburg | 3 |
| Holland | 7 |
| Noregur | 5 |
| Saar | 3 |
| Svíþjóð | 6 |
| Tyrkland | 10 |
| Stóra Bretland | 18 |

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 17. janúar 1952.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

# LÖG

3
18. jan.

**um breyting á lögum nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað síðasta málsl. 4. málsgr. 1. gr. laganna kemur: Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga innan hvers lögsagnarumdæmis, ef um er að ræða hópferðir á héraðsmót eða almennar skemmtanir. Bæjarfélög skulu í þessu sambandi teljast til þess lögsagnarumdæmis, sem næst þeim er. Heimilt er ráðherra að undanþiggja sérleyfi slíkar fólksflutningsferðir, sem farnar eru milli lögsagnarumdæma.

2. gr.

Í 6. gr. laganna, í stað „7% — sjö af hundraði —“ komi: 3% — þrír af hundraði —.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal sérleyfisgjaldið frá 1. jan. 1951 að telja innheimt þannig breytt, eins og segir í 2. gr. laga þessara.

*Gjört í Reykjavík, 18. janúar 1952.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

# LÖG

4
18. jan.

**um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja kirkjujörðina Múlasel í Mýrasýslu og Hróastaði í Norður-Þingeyjarsýslu.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja ábúanda Helgastaða í Hraunhreppi í Mýrasýslu, Gísla Jónssyni, eyðijörðina Múlasel í sama hreppi fyrir verð, sem ákveðið er með mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að selja Grími Jónssyni héraðsráðunaut í Ærlækjarseli hálfa eða alla jörðina Hróastaði í Öxarfjarðarhreppi fyrir verð, sem ákveðið verður með mati dómkvaddra manna, enda verði hið selda land notað til stofnunar nýbýlis.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 18. janúar 1952.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

5
20. jan.

# LÖG

## um lánasjóð stúdenta.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við Háskóla Íslands skal vera sjóður, er ber nafnið lánasjóður stúdenta. Skal sjóðnum varið til að veita stúdentum við háskólann námslán, eftir því sem frekar er kveðið á í lögum þessum.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum: tveim tilnefndum af háskólaráði, tveim af stúdentaráði háskólans og einum tilnefndum af menntamálaráðherra, en hann skipar jafnframt formann sjóðsstjórnarinnar. Stjórnarmennirnir skulu skipaðir til þriggja ára í senn, en þó þannig, að eftir fyrstu tvö árin skulu tveir ganga úr eftir hlutkesti.

2. gr.

Lán úr sjóðnum skulu aðeins veitt stúdentum við Háskóla Íslands. Þó getur ráðherra eftir tilmælum sjóðsstjórnarinnar ákveðið, að lánsheimildin nái einnig til annarra stúdenta.

Lánin skulu veitt tvisvar á ári, í nóvember og marzmánuði, og er heimilt að lána út á einu ári allt að 500 000 kr. Hver stúdent skal hafa heimild til að taka lán þau ár, sem hann er í háskólanum, en þó ekki oftar en hæfilegur námstími er talinn í hverri deild. Ár miðast við háskólaár hverju sinni.

Stúdentar skulu enga vexti greiða, meðan á námstíma stendur, en greiða lánin upp með jöfnum afborgunum og 3½ % vöxtum á tíu árum. Skulu vaxtagreiðslurnar og afborganirnar hefjast þremur árum eftir að námi lýkur. Miða skal við próf eða síðustu lántöku, ef stúdent hverfur frá námi, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Metur sjóðsstjórnin það hverju sinni.

Til tryggingar lánum þessum skulu lánþegar samþykkja skuldabréf og setja frekari tryggingu, ef hægt er, samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnarinnar.

Bókhald, innheimtu og eftirlit með greiðslum skal sjóðsstjórnin fela opinberri lánsstofnun, en sér að öðru leyti sjálf um daglegan rekstur sjóðsins.

Ráðherra setur reglugerð, þar sem frekar er kveðið á um starfsemi sjóðsins.

3. gr.

Ríkissjóður leggur sjóðnum til 300000 kr. á ári í 25 ár frá stofnun sjóðsins og ábyrgist jafnframt 2.6 millj. króna lán til 10 ára, sem sjóðnum er heimilt að taka á þeim tíma, sem styrkurinn er veittur.

Reikningar sjóðsins skulu birtir í stjórnartíðindum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. janúar 1952.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Björn Ólafsson.*

# FORSETABRÉF

**um þinglausnir.**

6
23. jan.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:*

Að ég með bréfi þessu veiti forsætisráðherra Steingrími Steinþórssyni umboð til þess að slíta Alþingi, 71. löggjafarþingi, er það hefur lokið störfum.

*Gjört í Reykjavík, 23. janúar 1952.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

# LÖG

**um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.**

7
24. jan.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

36. gr. 1. mgr. laganna orðist svo: Sérhverjum bifreiðareiganda er skylt að kaupa í tryggingafélagi, sem viðurkennt er af ráðherra þeim, sem fer með tryggingamál, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína, er nemi 150000 kr. fyrir tvíhjóla bifreiðar og 300000 kr. fyrir fjórhjóla bifreiðar. Skal með því tryggð greiðsla, að því leyti sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er gerð kann að vera á hendur ökumanni bifreiðar eða þeim, sem ábyrgð ber á bifreiðinni, þegar slys eða tjón ber að höndum.

2. gr.

36. gr. 2. mgr. orðist svo: Fyrir bifreiðar til mannflutninga skal tryggingarupphæðin þó aldrei nema minna en sem svari 25000 krónum á hvern farþega, sem heimilt er að flytja í bifreiðinni.

3. gr.

Á eftir 3. mgr. 36. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Tryggingafélögum, sem annast bifreiðatryggingar, skal skylt að halda bókhaldi lögboðinna bifreiðatrygginga sérgreindu. Sameiginlegur rekstrarkostnaður tryggingafélagsins skal reiknast hinum lögboðnu bifreiðatryggingum hlutfallslega eftir upphæðum iðgjaldagreiðslna. Reikningar hvers tryggingafélags yfir lögboðnar bifreiðatryggingar skulu endurskoðaðir af 2 endurskoðunarmönnum, sem dómsmálaráðherra skipar til þess, annan þeirra eftir tilnefningu frá samtökum bifreiðaeigenda, Vörubílstjórafélaginu Þrótti, Bifreiðastjórafélaginu Hreyfli, Félagi sérleyfishafa og Félagi íslenzkra bifreiðaeigenda. Laun endurskoðenda skulu greidd af viðkomandi tryggingafélagi eftir ákvörðun dómsmálaráðherra. Rekstrarreikning hvers árs yfir lögboðnar bifreiðatryggingar skal tryggingafélag birta í Lögbirtingablaðinu eigi síðar en 1. okt. næsta ár á eftir. Telji endurskoðunarmenn, að á reikning lögboðinna bif-

7 reiðatrygginga séu færð gjöld, sem ekki eiga þar heima, ber þeim að gera athuga-
24. jan. semdir um það, og séu þær ekki teknar til greina af tryggingafélagi, ber að birta athugasemdirnar í Lögbirtingablaðinu með rekstrarreikningi ásamt svörum félagsins þar að lútandi. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um gerð reikninga tryggingafélaga og endurskoðun þeirra og birtingu.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1952.

*Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1952.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

8
24. jan.

# LÖG

## um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir VII. c. í 11. gr. laganna komi tveir nýir stafliðir, þannig:
d. Garðávaxtageymslur, steyptar, með þaki úr varanlegu efni, kr. 5.50 pr. $m^3$.
e. Garðávaxtageymslur úr öðru efni, kr. 3.00 pr. $m^3$.

2. gr.

Í stað „1952“ í 3. málsgr. bráðabirgðaákvæða laganna komi: 1954.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1952.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

9
25. jan.

# AUGLÝSING

## um meðferð forsetavalds.

Vegna andláts herra Sveins Björnssonar forseta Íslands, hinn 25. janúar 1952, fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar með forsetavald samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar, unz forseti hefur verið kjörinn.

*Í forsætisráðuneytinu, 25. janúar 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Birgir Thorlacius.*

# LÖG

## um heimilishjálp í viðlögum.

10
25. jan.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Sveitarstjórnum og sýslunefndum er heimilt að ákveða, að setja skuli á fót í umdæmum þeirra heimilishjálp í viðlögum samkvæmt lögum þessum. Hlutverk hennar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með vottorði læknis eða ljósmóður eða á annan hátt, sem aðilar taka gilt, að hjálparinnar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

2. gr.

Nú gerir sveitarstjórn eða sýslunefnd samþykkt um, að í umdæmi hennar skuli komið á fót heimilishjálp í viðlögum, og skal þá með sérstakri reglugerð, er félagsmálaráðuneytið staðfestir, kveða nánar á um starfsemi þessa.

3. gr.

Framkvæmd heimilishjálpar má fela sérstakri nefnd, sem sveitarstjórn eða sýslunefnd kýs, og skal að minnsta kosti ein kona, er hefur þekkingu á heimilisstörfum, vera í nefndinni. Heimilt er enn fremur að fela framkvæmd heimilishjálpar sjúkrasamlögum, kvenfélögum eða sérstakri stofnun undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sýslunefndar.

4. gr.

Heimilishjálp veitist gegn endurgjaldi samkvæmt gjaldskrá, er sveitarstjórn eða sýslunefnd setur og ráðherra staðfestir. Heimilt er sveitarstjórn eða sýslunefnd að gefa eftir hluta af greiðslu fyrir veitta heimilishjálp eða fella greiðslu alveg niður, þegar efnalítið fólk á í hlut eða aðrar sérstakar ástæður til slíkrar ívilnunar eru fyrir hendi.

5. gr.

Heimilt er sveitarfélögum að gera með sér samning um sameiginlega heimilishjálp í umdæmum sínum.

6. gr.

Á þeim tímum, sem húsmæðraskólarnir starfa, skulu þeir halda uppi kennslu, ef húsrúm og aðrar aðstæður leyfa, til leiðbeiningar konum, sem taka vilja að sér að stunda heimilishjálp samkvæmt lögum þessum. Fer um kostnað við kennslu í þeim greinum á sama hátt og annan rekstrarkostnað húsmæðraskólanna.

7. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir ⅓ hluta af halla þeim, sem sveitarsjóðir og sýslusjóðir kunna að verða fyrir af starfsemi heimilishjálpar.

10 Reikningar skulu árlega sendir félagsmálaráðuneytinu, er þeir hafa verið endur-
25. jan. skoðaðir. Ráðuneytið ákveður endurgreiðslu ríkissjóðs á hluta af rekstrarhalla sveitarfélaganna vegna heimilishjálpar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 25. janúar 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

11
29. jan.

# LÖG

## um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. mgr. 6. gr. laga nr. 33 9. jan. 1935 orðist svo:

Þó skal ríkisstjórninni heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, til að selja hinu erlenda varnarliði hér á landi, enda verði tollar og skattar greiddir af því öli eftir sömu reglum og gilda um annað öl, sem framleitt er í landinu. Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, sölumeðferð, refsingar fyrir brot á þeim fyrirmælum og annað, má setja með reglugerð.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 92 9. júlí 1941.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. janúar 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

# LÖG

## um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

12
30. jan.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Frá 1. jan. 1953 skal erfðafjárskattur samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1921 og arfur samkvæmt 33. gr. erfðalaganna frá 1949 renna í sérstakan sjóð, er nefnist erfðafjársjóður, og skal sjóðurinn vera í vörzlum Tryggingastofnunar ríkisins.

2. gr.

Fé því, sem rennur í erfðafjársjóð samkvæmt 1. gr., skal varið til lána og styrkveitinga til þess að koma upp vinnuheimilum, vinnustofum og vinnutækjum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni, að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum. Er heimilt að veita sveitarfélögum, öðrum félögum og einstökum mönnum lán og styrki úr sjóðnum í þessu skyni, en þó fari samanlagðar upphæðir lána og styrkja eigi fram úr ⅔ af stofnkostnaði vinnuheimilis eða vinnustofu og vinnutækja.

3. gr.

Félagsmálaráðherra tekur ákvarðanir um lánveitingar og styrkveitingar úr erfðafjársjóði, að fengnum tillögum Tryggingastofnunar ríkisins, og setur þau skilyrði fyrir lánum og styrkveitingum, sem ástæða þykir til. Hann setur reglur um fyrirkomulag og rekstur þeirra vinnuheimila og vinnustöðva, sem fá lán eða styrki úr sjóðnum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. janúar 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.** **Jón Pálmason.** **Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

# LÖG

## um skógræktardag skólafólks.

13
31. jan.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Heimilt er skógræktarstjóra, í samráði við hlutaðeigandi skólanefnd og skólastjóra, að kveðja hvern þann ófatlaðan nemanda, pilt eða stúlku, sem nýtur ókeypis kennslu í ríkisskóla, til starfa í þjónustu Skógræktar ríkisins einn dag á ári.

13 Skógræktarstjóri skipuleggur starfið og sér fyrir hæfri verkstjórn og góðri
31. jan. vinnuaðstöðu.

Verkefni séu jafnan valin innan skólahverfisins eða í nánd við skólastað.

2. gr.

Skógræktardagurinn sé á vorin, að jafnaði áður en skólar hætta störfum. Skal ákveða hann með nægum fyrirvara í samráði við stjórnendur skólanna. Ber að taka tillit til staðhátta og ákveða daginn einvörðungu með tilliti til þess, að ræktunarstarf skólafólksins geti borið sem beztan árangur.

3. gr.

Nú þykja ekki ákjósanleg verkefni fyrir hendi á einhverjum stað við skóggræðslu, og mega þá stjórnendur skóla, í samráði við viðkomandi sveitarstjórn, fela skólafólkinu verkefni við gróðursetningu trjáplantna eða skrúðjurta, til fegrunar á umhverfi skóla, kirkna, sjúkrahúsa, elliheimila eða annarra opinberra menningar- og líknarstofnana.

4. gr.

Nánari ákvæði um tilhögun starfa og verkefnaval á skógræktardaginn má setja með reglugerð, er skógræktarstjóri semur, í samráði við fræðslumálastjóra, og ráðherra staðfestir.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.** **Jón Pálmason.** **Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

14
31. jan.

# LÖG

## um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,
*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja 38 millj. króna af tekjum ríkissjóðs árið 1951 sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Að lána Ræktunarsjóði og Byggingarsjóði ................ | 15 millj. kr. |
| 2. | Að lána byggingarsjóði verkamanna ................ | 4 — — |
| 3. | Að lána sveitarfélögum til útrýmingar heilsuspillandi íbúða, skv. III. kafla laga nr. 44/1946 ................ | 4 — — |
| 4. | Að lána til byggingar smáíbúða ................ | 4 — — |
| 5. | Að kaupa hlutabréf í Iðnaðarbanka Íslands h.f. fyrir ........ | 3 — — |
| 6. | Að greiða upp í hluta ríkissjóðs af stofnkostnaði við skóla, sem þegar hafa verið byggðir ................ | 5 — — |

7. Að greiða upp í hluta ríkissjóðs af kostnaði við hafnargerðir, sem þegar hafa verið framkvæmdar ........ 2 millj. kr. 14 31. jan.
8. Að lána veðdeild Búnaðarbanka Íslands ........ 1 — —

Vextir af lánum, skv. 1., 2., 3., 4. og 8. tölulið skulu vera 5½ % á ári og lánstími 20 ár.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef hentara þykir, að lána úr mótvirðissjóði fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 1., 2., 3., 4. og 8. tölulið 1. gr., enda sé þá varið jafnháum fjárhæðum af tekjum ríkissjóðs árið 1951 til greiðslu á lausaskuldum ríkissjóðs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

# LÖG

15
31. jan.

## um heimild til að leyfa héraðssamböndum íþrótta- og ungmennafélaga að stofna til sérstakrar tegundar happdrættis.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Heimilt skal dómsmálaráðherra að leyfa héraðssamböndum íþrótta- og ungmennafélaga, hverju á sínu héraðssvæði, að stofna til og reka um tiltekinn tíma töluspjaldahappdrætti („Bingó“-happdrætti) í sambandi við skemmtanir, er þau eða sambandsfélög þeirra halda, samkvæmt reglum, er settar yrðu með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

16
31. jan.

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

**1. gr.**

2. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn öðrum ákvæðum laganna svo og reglugerðum og öðrum ákvæðum, sem sett verða samkvæmt þeim, varða 500—50000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Sá, sem brotlegur verður, skal auk þess bæta allt það tjón, er hljótast kann af óhlýðni hans.

**2. gr.**

Aftan við 7. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í reglugerð getur ráðherra sett fyrirmæli um niðurskurð gripa og um einangrun heimila og héraða, þar sem gin- og klaufaveiki eða annars hættulegs alidýrasjúkdóms hefur orðið vart eða grunur leikur á, að slíkur sjúkdómur hafi komið upp. Enn fremur ákvæði um bætur úr ríkissjóði fyrir gripi, sem slátrað verður, afurðatjónsbætur, greiðslu sótthreinsunarkostnaðar, svo og önnur þau atriði, er þurfa þykir. Í reglugerð má ákveða, að bætur fyrir slátrun gripa og afurðatjón skuli ákveðnar af þremur mönnum tilnefndum af hæstarétti og verði mati þeirra ekki skotið til yfirmats.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.** **Jón Pálmason.** **Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

# LÖG

17
31. jan.

## um heimild til ráðstöfunar á fé mótvirðissjóðs.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,
*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, sbr. 3. gr. laga nr. 47/1949, að lána allt að 95 milljónir króna af fé mótvirðissjóðs til Sogs- og Laxárvirkjana og Áburðarverksmiðjunnar h. f.

Lán úr mótvirðissjóði skulu vera með 5½% vöxtum og lánstími 20 ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.** **Jón Pálmason.** **Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

# LÖG

18
31. jan.

## um samkomudag reglulegs Alþingis 1952.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,
*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1952 skal koma saman 1. dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.** **Jón Pálmason.** **Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

19
31. jan.

# LÖG
## um breyting á lögum nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Þeir, sem lokið hafa meistara- eða kandidatsprófi í íslenzkum fræðum við heimspekideild háskólans, skulu að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til kennslu í íslenzkri tungu, íslenzkum bókmenntum og Íslandssögu við alla framhaldsskóla, sem kostaðir eru eða styrktir af ríkisfé eða sveitarfé, nema kennsla á unglingastiginu sé í framkvæmdinni í höndum barnaskóla, og þó því aðeins, að kennsla í þessum greinum nemi a. m. k. hálfu kennarastarfi eða sérstakur kennari sé ráðinn til starfsins, enda skulu þeir að öðru leyti fullnægja þeim kröfum um menntun kennara við gagnfræða- og menntaskóla, sem gerðar eru í lögum.

Þeir, sem lokið hafa B.A.-prófi við heimspekideild háskólans, skulu með hliðstæðum hætti njóta forgangsréttar til kennslu við skóla gagnfræðastigsins og við sérskóla í þeim greinum, er próf hvers þeirra um sig tekur til, enda fullnægi þeir að öðru leyti þeim kröfum um menntun kennara við gagnfræðaskóla eða menntaskóla, sem gerðar eru í lögum. Þeir standa þó að baki þeim mönnum, er fyrri málsgrein getur, um kennslu í íslenzkum fræðum, og eigi framar þeim, er lokið hafa við háskóla fullnaðarprófi með kennsluréttindum í þeim greinum, er B.A.-prófið lýtur að. Þá standa B.A.-prófsmenn eigi framar þeim kennurum, er lokið hafa fullnaðarprófi frá erlendum kennaraháskólum.

2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna bætist ný grein, svo hljóðandi:

Sé um að ræða kennarastöðu í tveimur eða fleiri kennslugreinum, skal sá hljóta starfið, sem hefur forgangsréttindi samkvæmt 1. gr. að meiri hluta kennslustunda í umræddum greinum.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 84 23. júní 1936, um viðauka við lög nr. 36 11 júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu haldast óskert kennsluréttindi þeirra manna, sem áður hafa hlotið kennararéttindi.

*Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1952.*

Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Jón Ásbjörnsson.
(L. S.)

---

*Björn Ólafsson.*

20
31. jan.

# LÖG
## um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Að vér samkvæmt 4. gr. laga nr. 117 29. des. 1951, höfum látið fella meginmál þessara laga inn í lög nr. 35 1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, og gefum þau lög út svo breytt:

### I. KAFLI
### Um stjórn landnámsmála.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra skal hafa yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi varða.

2. gr.

Nýbýlastjórn er skipuð 5 mönnum, er kosnir séu hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Landbúnaðarráðherra skipar formann nýbýlastjórnar úr hópi þeirra, sem kosnir eru.

Nýbýlastjórn ræður sér framkvæmastjóra, er nefnist landnámsstjóri. Laun hans skulu vera söm og búnaðarmálastjóra.

3. gr.

Landnámsstjóri annast framkvæmdir og dagleg störf samkvæmt lögum þessum eftir ákvörðun nýbýlastjórnar. Hann undirbýr tillögur og áætlanir um frumræktun lands til stofnunar einstakra nýbýla, byggðahverfa í sveitum og til nytja fyrir kauptún og kaupstaði. Einnig skal hann hafa yfirumsjón með þeim framkvæmdum, sem nýbýlastjórn hefur ákveðið að fengnu samþykki þeirra aðila, sem hlut eiga að máli.

Búnaðarfélag Íslands, Nýbyggingarráð og Atvinnudeild háskólans skulu veita landnámsstjóra þá sérfræðilegu aðstoð, sem þeim er unnt.

### II. KAFLI
### Um landnám ríkisins.

4. gr.

Ríkisstjórnin lætur eftir tillögum nýbýlastjórnar undirbúa ræktun lands, þar sem stofna skal byggðahverfi í sveitum, einstök býli eða hefja meiri háttar ræktunarframkvæmdir við kauptún og kaupstaði.

Til þessara framkvæmda greiðir ríkissjóður minnst 2.5 millj. króna á ári næstu 10 ár, í fyrsta sinn 1947.

5. gr.

Þessi undirbúningur landsins til ræktunar, sem ríkið framkvæmir og kallast landnám ríkisins, skal vera í því fólginn að ná á eina hönd samfelldu landi til ræktunar og nytja, ræsa fram það land, sem rækta skal, leggja um það vegi, sem tengdir eru aðalvegum nærliggjandi byggða, og ef reisa skal á því byggðarhverfi

20 aðalæðar til vatnsleiðslu og skolpleiðslu, enn fremur skipuleggja á því byggð og
31. jan. skipta því sem sú byggð krefur.

6. gr.

Landnám þetta skal fara fram á landi, sem er eign ríkisins, bæjar-, sveitar- eða byggðarfélaga. Keypt skal land í þessu skyni, þar sem þess gerist þörf, og er heimilt að taka jarðir, sem ekki eru í sjálfsábúð eða erfðaábúð, eignarnámi til þessara nota og einnig landspildur af einstökum jörðum, sem eru í sjálfsábúð eða erfðaábúð og þær geta án verið. Eignarnám má þó því aðeins fara fram, að öll nýbýlastjórn sé því samþykk og fullreynt sé að dómi landbúnaðarráðherra, að samkomulag náist ekki um kaup á landinu.

7. gr.

Áður en framkvæmdir um landnámið eru hafnar á hverjum stað, skal landnámsstjóri, eftir tillögum nýbýlastjórnar, hafa látið fara fram rannsóknir um skilyrði til ræktunar, rafvirkjunar, afnota af jarðhita, samgangna, markaða o. fl. Jafnframt skal hann hafa látið gera skipulagsuppdrátt og kostnaðaráætlun um landnámið og þá byggð, sem þar á að rísa, ef um byggðahverfi er að ræða, og gera áætlanir og tillögur um það, hvers konar búskapur þar skuli rekinn.

Áætlanir og rannsóknir landnámsstjóra skulu lagðar fyrir nýbýlastjórn til samþykktar, áður en framkvæmdir hefjast.

8. gr.

Áður en landnám er hafið, skal sveitarstjórn, þar sem það á að fara fram, gefinn kostur á því að gera grein fyrir, hver áhrif hið fyrirhugaða landnám muni hafa á afkomuöryggi bújarða þeirra, sem fyrir eru í sveitinni, kauptúninu eða kaupstaðnum og sveitar- eða bæjarfélaginu í heild.

Verði ágreiningur um fyrirætlanir nýbýlastjórnar við hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnir, sker landbúnaðarráðherra úr.

9. gr.

Þegar lokið er undirbúningi landsins til ræktunar og byggðar, skal það leigt með erfðaleigu einstaklingum eða byggðarfélögum með skilmálum, sem nánar verða teknir fram í reglugerð. Leigan skal miðuð við þá kosti, sem landið býður til búskapar og afkomu. Nýbýlastjórn skal, ef óskir koma fram um það, semja við búnaðarsambönd, stjórnir félaga, er hafa sett sér jarðræktarsamþykktir, eða bæjar- og sveitarfélög um að taka að sér frumræktun lands fyrir ákveðið gjald. Þau bæjar- og sveitarfélög, sem hlut eiga að máli, skulu þó tryggja nægilegt fé til framkvæmdanna, að svo miklu leyti sem væntanlegur jarðræktarstyrkur hrekkur ekki til eftir áætlun Búnaðarfélags Íslands.

10. gr.

Nýbýlastjórn er heimilt að semja við búnaðarsamböndin eða ræktunarfélög, sem hafa sett sér jarðræktarsamþykkt samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945, um að þau taki að sér að ræsa fram og undirbúa til ræktunar land þar, sem reisa á einstök býli. Þessi heimild skal þó aðallega notuð þar, sem hagkvæmt er að framkvæma verkið með fullkomnustu vélum.

11. gr.

Nýbýlastjórn skipar þriggja manna nefnd í hverri sýslu. Skulu 2 þeirra tilnefndir á fulltrúafundi hlutaðeigandi búnaðarsambands, og skal þar hafa hlutfallskosningu um val þeirra, ef óskað er, en einn af nýbýlastjórn án tilnefningar, og er

hann formaður nefndarinnar. Skipun nefndarinnar gildir til 4 ára. Hlutverk hennar er að vera nýbýlastjórn og landnámsstjórn til aðstoðar og ráðuneytis innan sýslu um val á landi til nýbýla og undirbúnings að þeim framkvæmdum, sem ráðgerðar eru samkvæmt lögum þessum. Einnig að hafa eftirlit með því, að fylgt sé ákvæðum og fyrirmælum laga og reglugerða, sem um þessi mál fjalla. Þá skal nefndin vera til aðstoðar og ráðuneytis þeim mönnum, er óska að reisa nýbýli eða ganga í byggðafélag, og þeim bændum, sem eigi fá aðstoð til bygginga samkvæmt ákvæðum laga þessara. 20 31. jan.

## III. KAFLI
## Um byggingarsjóð.

### 12. gr.

Sjóðurinn heitir Byggingarsjóður.

Stofnfé sjóðsins er:

a. Byggingarsjóður, Nýbýlasjóður og Smábýladeild Búnaðarbanka Íslands, eins og þessar stofnanir eru nú.
b. Lán, er ríkissjóður veitir eða útvegar vaxtalaust, þannig að stofnféð nemi alls 10 millj. kr. 1. júlí 1947, en síðan leggist árlegur tekjuafgangur sjóðsins við stofnféð.

### 13. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vaxtatekjur.
2. Árlegt framlag úr ríkissjóði, er nemur 2.5 millj. kr. næstu 10 ár, í fyrsta skipti árið 1947.

### 14. gr.

Sjóðurinn veitir lán gegn veði í jörðum, lóðum, íbúðarhúsum og peningshúsum:

a. Til endurbygginga íbúðarhúsa á sveitabýlum með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem sett eru í IV. kafla þessara laga.
b. Til byggingar íbúðarhúsa og peningshúsa í byggðarhverfum samkvæmt V. kafla þessara laga.
c. Til byggingar íbúðarhúsa og peningshúsa á nýbýlum, sem reist eru á ræktuðu landi við skiptingu jarða eða landi, sem er sérstaklega vel fallið til ræktunar og byggðar, og reist verða samkvæmt VI. kafla þessara laga.

Lánin mega vera það hæst, að samtals hvíli á jörðinni allt að 75% fasteignamatsverðs, að viðbættu kostnaðarverði þeirra bygginga, sem reistar kunna að verða. Þó má aldrei veita hærri lán en 75% kostnaðarverðs til nokkurrar einstakrar byggingar. Reikninga um byggingarkostnað úrskurðar bankastjóri Búnaðarbankans.

Þrátt fyrir ákvæði 45. gr. laga nr. 116 30. des. 1943 má lána út á jarðir í opinberri eign á sama hátt og aðrar jarðir, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

### 15. gr.

Þegar stjórn Byggingarsjóðs hefur gefið loforð um lánveitingu samkv. 14. gr., er henni heimilt að veita bráðabirgðalán meðan á framkvæmdum stendur, gegn persónulegum tryggingum og veði í framkvæmdinni, allt að 80% af hinu áætlaða endanlega láni, en slík bráðabirgðalán skulu greidd að fullu um leið og hin föstu lán eru afgreidd. Skal lánið veitt jafnóðum og verkinu miðar áfram. Vextir af bráðabirgðalánum þessum skulu vera 5%.

### 16. gr.

Byggingarsjóði skal heimilt, ef stofnfé hrekkur ekki til fyrir þeim lánum, sem álitin eru æskileg, að taka lán eða gefa út handhafavaxtabréf, allt að þreföldum stofnsjóði sínum.

20 Handhafavaxtabréfin skulu tryggð með skuldabréfum lánþega, stofnfé sjóðsins
31. jan. og ábyrgð ríkissjóðs.

17. gr.

Lán þau, er sjóðurinn veitir, skulu greidd með jöfnum árlegum greiðslum, og skulu þær árlegu greiðslur við það miðast, að vextir af lánsfénu séu 2%. Skal stjórn sjóðsins ákveða um hvert lán, til hve langs tíma það er veitt, og skal þá meðal annars á það litið, hve vandaðar byggingar þær eru, sem fyrir lánsféð eru reistar. Lánin skulu þó aldrei veitt til lengri tíma en 42 ára.

18. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Byggingarsjóði komnar í gjalddaga án uppsagnar:

1. Þegar áskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.
2. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að gildi, að lánið er ekki lengur tryggt að dómi lánveitanda.
3. Ef lántakandi hættir landbúnaðarframleiðslu eða störfum fyrir landbúnað.

19. gr.

Þegar lán eru komin í gjalddaga, hefur Byggingarsjóður heimild til þess að láta selja veðið við opinbert uppboð án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja sjóðnum það út til eignar, ef þörf er á.

Byggingarsjóður getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara í skrifstofu uppboðshaldara.

20. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Byggingarsjóði, og skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sína vera við uppboðið.

21. gr.

Byggingarsjóður er undanþeginn öllum tekjuskatti og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

22. gr.

Búnaðarbanki Íslands annast framkvæmdastjórn sjóðsins, og skal bankastjórinn ákveða allar lánveitingar hans. Um lánveitingar til nýbýla jafnt í byggðahverfum sem til einstakra býla skal hann fara eftir tillögum nýbýlastjórnar. Um lánveitingar til byggingar íbúðarhúsa á öðrum sveitabýlum skal bankastjóri hafa samráð við nýbýlastjórn eða framkvæmdastjóra hennar.

## IV. KAFLI

### Um endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum.

23. gr.

Lán úr Byggingarsjóði til endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum skulu veitt með þessum skilyrðum:

1. Að húsið sé gert úr góðum og viðurkenndum byggingarefnum, og sé gerð hússins utan og innan samþykkt af stjórn sjóðsins.
2. Að lögð hafi verið fram stutt lýsing af bæjarhúsum umsækjanda, undirrituð af trúnaðarmönnum Brunabótafélags Íslands, og beri sú lýsing því vitni, að endurbyggingar sé þörf á íbúð hans.

3. Að nýbýlastjórn hafi fengið fullnægjandi upplýsingar um, að býlið sé til frambúðar og íbúðarhús það, sem reisa á, sé við hæfi þess og að það verði reist á hentugum stað miðað við ræktun, vatnsból, vegi, síma, rafleiðslur og annað það, er tryggir framtíðargildi þess. 20 31. jan.

24. gr.

Lán úr Byggingarsjóði skulu enn fremur því aðeins veitt til endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum, að húsið sé allt byggt að nýju, eða gamalt hús endurbyggt þannig, að skoða megi það jafngilt nýrri íbúð.

25. gr.

Ef nýbýlastjórn telur nauðsynlegt vegna skipulags byggingarinnar, að bæjarhús séu færð, getur Byggingarsjóður sett það að skilyrði fyrir láni til endurbyggingarinnar, að það sé gert. Hins vegar á þá býlið rétt til láns úr Byggingarsjóði til endurbyggingar peningshúsa, ef staðfærsla íbúðarhúss hefur í för með sér, að peningshús séu líka færð úr stað.

## V. KAFLI

## Um byggðarhverfi.

26. gr.

Þegar reist eru byggðarhverfi á landi, sem ríkið hefur áður numið samkvæmt 4.—10. gr., skal landnámsstjóri í samráði við nýbýlastjórn gera áætlanir um stofnun byggðarhverfanna, og sér hann síðan um framkvæmdir þeirra samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

27. gr.

Byggðarhverfi nefnast í lögum þessum minnst 5 býli, þar sem framkvæmdir allar við ræktun og byggingar eru gerðar eftir fyrir fram ákveðnu skipulagi. Hverju býli skulu ætlaðir minnst 12 ha til túnræktar auk nauðsynlegs beitilands, eða jafngildi þess í skilyrðum til garðræktar, vermiræktar eða annars þess, sem tryggt getur þrif býlisins. Enn njóta sama réttar í hverju byggðarhverfi býli, sem minna land hafa, ef ábúendur þeirra hafa sem aðalatvinnuveg handverk eða önnur störf, sem að dómi nýbýlastjórnar eru nauðsynleg fyrir byggðarhverfið.

28. gr.

Þegar ákveðið hefur verið, að byggðarhverfi skuli reist á landi, sem ríkið hefur áður numið, skal landnámsstjóri láta rækta 5 ha túns og reisa íbúðarhús og nauðsynlegustu peningshús, hlöður og verkfæraskemmur þeirra býla, sem þar eiga að rísa. Til bygginganna fær hann lán úr Byggingarsjóði handa hverju býli í hverfinu, allt að 75% kostnaðar. Tekur síðan ábúandi, er flyzt á býlið, lán þetta að sér, en lánið skal vaxta- og afborgunarlaust þann tíma, sem það er á hendi landnámsstjóra. Við móttöku býlisins skal ábúandi, ef um kaup er að ræða, greiða 25% af byggingarkostnaði býlisins, enda telst hann þar á eftir eigandi þeirra bygginga, sem á býlinu eru, og þeirrar ræktunar, er hann hefur sjálfur framkvæmt.

29. gr.

Um leið og framkvæmd er hafin til að reisa byggðarhverfi, skulu býli þau, sem þar eiga að rísa, auglýst til kaups og ábúðar eða til leigu og ábúðar, sem einnig skal heimilt. Forkaupsrétt til kaups eða leigu skulu hafa bændur og bændasynir á þeim jörðum, er á hverfislandinu hafa verið, og þar næst ábúendur á jörðum, sem ekki geta fengið lán úr Byggingarsjóði, vegna þess að þær dæmast ekki hæfar til framtíðarábúðar.

20
31. jan.

30. gr.

Ef eigandi og ábúandi býlis í byggðarhverfi vill selja býli sitt, hefur Byggingarsjóður forkaupsrétt að því gegn kostnaðarverði að frádreginni fyrningu. Þetta gildir þó ekki, ef eigandi býlis selur það foreldri sínu, systkini, barni, stjúpbarni, tengdabarni, kjörbarni, fósturbarni eða barni þeirra, enda sé söluverðið eigi hærra en kostnaðarverð að frádreginni fyrningu og kaupandi gerist þar sjálfur ábúandi.

31. gr.

Allir þeir, sem gerast ábúendur í byggðarhverfi, skulu stofna með sér byggðarfélag. Félag þetta skal setja sér samþykktir í samræmi við lög þessi, og skulu þær til þess að öðlast gildi staðfestar af landbúnaðarráðherra eftir tillögum landnámsstjóra. Í samþykktum byggðarfélaga skal ákveða, hvort rekinn skuli samvinnubúrekstur í byggðinni eða að hve miklu leyti, hvaða stofnanir, byggingar, vélar o. s. frv. skuli vera félagseign og hvernig með félagseignir skuli farið o. fl. þ. h. Nánari fyrirmæli um undirbúning og setning samþykkta byggðarfélaga skulu sett með reglugerð.

32. gr.

Hver bóndi í byggðarhverfi — eða byggðarfélagið, ef um samvinnubúrekstur er að ræða, — skal hafa fullræktað land það, sem til ræktunar er ætlað, á eigi skemmri tíma en 10 árum frá því, er hann tók við býlinu nýbyggðu, enda ber honum skylda til að rækta á ári hverju a. m. k. $1/10$ hluta þess lands, sem hann tók við óræktuðu, nema hann hafi næstu ár á undan lokið meiri ræktun en honum ber skylda til samkvæmt þessum ákvæðum. Vanræki hann þetta, hefur hann fyrirgert rétti sínum til eignar eða leigu og ábúðar á býlinu. Skal nýbýlastjórn skylt að hafa eftirlit með því, að jarðirnar séu vel setnar og svo sem lög þessi og reglugerðir, sem settar verða eftir þeim, mæla fyrir, og er heimilt að víkja af býlunum bændum þeim, sem uppfylla ekki þau fyrirmæli, sem sett eru um ábúð þeirra.

33. gr.

Ef eigandi eða leigjandi og ábúandi hverfisbýlis missir rétt sinn til eignar eða leigu og ábúðar á býlinu samkv. 32. gr., skal Byggingarsjóður taka við því og greiða fráfaranda það, sem hann hefur í býlið lagt, samkvæmt mati.

Í samþykktum byggðarfélaga skal ákveðið, hvernig fara skuli að, ef byggðarfélög uppfylla ekki skilyrði 32. gr.

34. gr.

Byggðarfélögum og einstökum eigendum og ábúendum hverfisbýla veitist fjárhagsleg aðstoð til umbóta á býlum sínum sem hér segir:

1. Styrkur til jarðræktarframkvæmda samkv. 2. kafla jarðræktarlaganna.
2. Viðbótarlán úr Byggingarsjóði með sömu kjörum og stofnlánið til stækkunar íbúðarhúss og aukningar peningshúss, að því er slík stækkun og aukning er nauðsynleg að dómi landnámsstjóra.

35. gr.

Ef 5 menn eða fleiri stofna með sér félag, er hefur að markmiði að reisa byggðarhverfi á ákveðnu landsvæði, skulu þeir senda nýbýlastjórn tillögur sínar um það, en hún lætur fara fram rannsókn á landinu. Um ákvörðun, hvort byggðarhverfið skuli reist, og framkvæmdir allar fer síðan eins og áður er fyrir mælt í lögum þessum. Þeir, sem bundizt hafa félagssamtökum um stofnun byggðarhverfisins, skulu eiga kost á að undirbúa landið til ræktunar og byggðar samkv. lögum þessum að jöfnum kostnaði og hægt er að fá slíkt gert á annan hátt eða fá at-

vinnu við landnámið, eins og því verður bezt við komið. Þegar þeim undirbúningi er lokið, skal þeim fengið landið í hendur til byggðar. 20

31. jan.

## VI. KAFLI
### Um landnám einstaklinga og nýbýli.

36. gr.

Sá, sem reisa vill nýbýli og hefur tryggt sér til þess umráðarétt á landi, sendi landnámsstjóra umsókn um, að hann fái heimild til að reisa býli, er njóti þeirra hlunninda, er lög þessi veita. Nýbýlastjórn lætur þá athuga alla aðstöðu til stofnunar nýbýlisins og úrskurðar, hvort hún sé nægilega góð til þess að stutt skuli að því, að býlið skuli reist.

37. gr.

Nú telur sá, er reisa vill nýbýli og hefur fengið til þess samþykki nýbýlastjórnar, sér hentugra að gera fyrst nauðsynlegar undirbúningsframkvæmdir, svo sem framræslu og ræktun á hinu fyrirhugaða nýbýlalandi, áður en byggingar eru reistar, og skal hann þá njóta sama styrks úr landnámssjóði til þeirra framkvæmda og þeir, sem byggja fyrst og rækta svo.

Þessi styrkveiting er þó bundin eftirfarandi skilyrðum:

a. Að hlutaðeigandi hafi full eignarumráð eða erfðaábúðarréttindi á landi því, sem nýbýlið verður stofnað á.
b. Að framkvæmdirnar, sem styrks njóta, séu gerðar í samráði við nýbýlastjórn eða trúnaðarmenn hennar.
c. Að styrkþegi skuldbindi sig til að hafa reist nauðsynlegar byggingar á landinu ekki síðar en 5 árum eftir að ræktunarstyrkurinn var fyrst greiddur. Að öðrum kosti endurgreiði hann landnámssjóði styrkinn með 5% vöxtum frá greiðsludegi.
d. Stofnandi nýbýlisins setji land nýbýlisins að veði með 1. veðrétti sem tryggingu fyrir því, að staðið verði við framangreindar skuldbindingar.

Veðbinding þessi fellur niður, þegar íbúðarhús hefur verið reist á landinu.

38. gr.

Nýbýli, sem verða aðnjótandi lána úr Byggingarsjóði, má jafnt reisa á ræktuðu landi með skiptingu jarða sem á landi, sem er sérstaklega vel fallið til ræktunar og búskapar, en eigi áður ræktað. Skal nýbýlið hafa minnst 12 ha lands, sem er vel fallið til túnræktar, auk nægilegs beitilands, eða önnur landgæði, sem að dómi nýbýlastjórnar eru ígildi þessa. Nýbýlið skal fá úrskipt land með ákveðnum landamerkjum, hvarvetna þar, sem því verður við komið. Þar, sem félagsræktun verður ekki við komið eða fljótvirkustu jarðvinnsluvélum, sbr. 10. gr., skal nýbýlastjórn heimilt að verja ákveðinni fjárhæð til undirbúnings hvers býlis. Sé slík greiðsla miðuð við meðalkostnað við stofnun býlis í byggðarhverfi og ákveðin á hverjum stað, áður en til einstakra býla er stofnað samkvæmt þessu ákvæði.

39. gr.

Þegar jörð er skipt í tvö eða fleiri býli, skal þess gætt, að hvert býli hafi svo mikið landrými að dómi nýbýlastjórnar, að hægt sé að stunda þar hagfelldan landbúnað og notfæra sér nútíma tækni. Lágmark ræktaðs túns á býli sé 4 ha, þegar skipting fer fram, eða önnur landgæði, sem eru ígildi þeirrar ræktunar, og auk þess a. m. k. 8 ha lands vel til túnræktar fallið, auk nægilegs beitilands, eða önnur landgæði, sem eru ígildi þessarar ræktunar, ræktunarlands eða beitilands.

20
31. jan.

40. gr.

Heimilt er nýbýlastjórn að láta reisa nýbýli, eitt eða fleiri, á jörðum ríkisins, sem losna úr ábúð. Einnig er henni heimilt að kaupa lönd í sama skyni. Skal þá undirbúningur undir stofnun býlanna vera með sama hætti og stofnun nýbýla í byggðarhverfum og forkaupsréttur að býlunum með sama hætti.

41. gr.

Ef eigandi nýbýlis vill selja það eða verður að láta það af hendi, gilda um það sömu reglur og um sölu og afhendingu býla í byggðarhverfum.

VII. KAFLI

**Um endurbyggingu eyðijarða og um eftirlit með ábúð á jörðum.**

42. gr.

Skylt er nýbýlastjórn að sporna við því eftir föngum, að jarðir fari í eyði, sem að dómi trúnaðarmanna nýbýlastjórnar og jarðræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands eru vel fallnar til jarðræktar og búrekstrar, og hafa um það samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, að notaðar séu heimildir ábúðarlaganna til að koma í veg fyrir jarðníðslu og að byggilegar jarðir séu lagðar í eyði. Nýbýlastjórn vinni enn fremur að því í samstarfi við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, að jarðir, sem komnar eru í eyði, en veita þau skilyrði til búrekstrar, er að framan greinir, byggist aftur þar til hæfum mönnum. Skylt er hreppstjórum að senda nýbýlastjórn skýrslu um hver áramót um eyðijarðir í hreppnum, þar með taldar þær jarðir, er 3. gr. ábúðarlaganna ræðir um. Skýrslur þessar skulu gerðar eftir fyrirsögn nýbýlastjórnar.

43. gr.

Nýbýlastjórn skal svo fljótt sem tök eru á láta rannsaka skilyrði til ræktunar og búrekstrar á eyðijörðum og jörðum, sem ekki eru nytjaðar nema að einhverju leyti, sbr. 3. gr. ábúðarlaganna. Við rannsókn þessa skal safna upplýsingum um öll þau atriði, er máli skipta vegna búrekstrar á hverri einstakri jörð, og hvað varð þess valdandi, að hún fór að einhverju eða öllu leyti í eyði. Skal þetta þannig gert, að þeir, sem falast eftir jarðnæði, geti fengið rétta og greinilega hugmynd um jörðina og þá aðstöðu til búrekstrar, er hún veitir.

Nýbýlastjórn skal árlega gera skrá yfir þær af þessum jörðum, sem hún telur rétt að byggja og eru lausar til ábúðar. Skrá þessi skal birt almenningi.

44. gr.

Skylt er nýbýlastjórn að veita þeim, er þess óska og hafa hug á að reisa bú í sveit, upplýsingar um þær jarðir, sem eru lausar til ábúðar og um ræðir í 43. gr. Umsækjendur um jarðnæði, er leggja fram vottorð skilríkra manna um að þeir uppfylli þær kröfur, er gera verður til búandi manna í sveit, skulu njóta þeirrar aðstoðar nýbýlastjórnar við útvegun jarðnæðis, er hún getur í té látið.

45. gr.

Nú leiðir rannsókn í ljós, að einhver ákveðinn annmarki er þess valdandi, að jörð, sem nýbýlasjóður á eða nýbýlastjórn hefur full umráð yfir, byggist ekki, en jörðin er að öðru leyti vel fallin til ræktunar og búrekstrar, og er nýbýlastjórn þá heimilt að ráða bót á þessu, ef þess er kostur. Kostnaður nýbýlasjóðs af þessum framkvæmdum má þó aldrei fara fram úr áætluðum meðalstofnkostnaði býlis í byggðahverfi.

46. gr. 20 31. jan.

Heimilt er nýbýlastjórn að kaupa einstakar jarðir, þar með talin eyðibýli, ef hún telur það nauðsynlegt til þess að koma betra skipulagi á byggðina og tryggja örugga ábúð á jörðunum. Kaupverð slíkra jarða skal vera undir því verði, er nýbýlastjórn greiðir á sama tíma fyrir lönd undir byggðahverfi.

47. gr.

Verði jarðeigandi brotlegur við ákvæði 3. gr. ábúðarlaganna, og hlutaðeigandi sveitarstjórn notar ekki þá heimild, sem henni er veitt samkvæmt 3. og 4. gr. sömu laga til að ráðstafa jörð, sem komin er í eyði eða niðurníðslu og nýbýlastjórn telur vel fallna til búrekstrar, er nýbýlastjórn heimilt að gera hverjar þær ráðstafanir, er ábúðarlögin heimila hreppsnefndum til þess að jörðin verði endurbyggð af þar til hæfum manni. Nýbýlastjórn er enn fremur heimilt að ganga í þau kaup, er um ræðir í annarri málsgr. 4. gr. ábúðarlaganna, að hlutaðeigandi hreppsnefnd frágenginni, ef nýbýlastjórn telur það henta.

48. gr.

Jarðir, sem nýbýlastjórn fær eignarumráð yfir samkv. heimild 46. og 47. gr., skulu auglýstar til sölu og ábúðar. Skylt er kaupanda að gera jörðina að ættaróðali samkvæmt ákvæðum laga nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð. Söluverð jarðar sé kostnaðarverð nýbýlastjórnar, þar með talinn kostnaður við þær umbætur, sem gerðar kunna að vera á jörðinni samkv. 45. gr. Heimilt er þó nýbýlastjórn að veita styrk vegna ræktunarumbóta tilsvarandi ákvæðum 38. gr., þá er jörðin hefur verið tekin til ábúðar. Jarðir þessar njóta réttar til lána úr byggingarsjóði og ræktunarsjóði, að ábúð tryggðri, eftir sömu reglum og byggðar jarðir.

## VIII. KAFLI
## Um viðhaldsskyldu o. fl.

49. gr.

Nýbýlastjórn skal halda skýrslur um öll þau býli, sem reist eða endurbyggð eru samkvæmt lögum þessum. Skal nákvæmlega frá því skýrt, hvenær hvert býli er reist eða endurbyggt, hver hefur orðið kostnaður við landnám það, sem fallið hefur í hlut býlisins, við ræktun þess og byggingu, hver lánskjörin hafa verið, hvernig lánin hafa greiðzt, hve mikið eigendur þess og ábúendur hafa lagt fram til þess að koma því upp, auk annars, sem nauðsynlegt þykir að skýra frá. Þá skal nýbýlastjórn afla sér skýrslna um rekstrarafkomu hvers býlis svo sem við verður komið. Getur hún lagt þá kvöð á ábúanda hvers býlis, er lán fær úr Byggingarsjóði að halda búreikninga, er gerðir séu eftir fyrirsögn Búreikningaskrifstofu ríkisins, enda sé þá greitt fyrir slíkt reikningshald eins og Búreikningaskrifstofan telur hæfilegt. Yfirlitsskýrslur um býli þau, sem reist eru með lánum úr sjóðnum, svo og afkomu búrekstrarins á býlunum skal nýbýlastjórn birta svo oft sem ástæða þykir til og eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

50. gr.

Skylt er hverjum þeim, sem fengið hefur lán úr Byggingarsjóði, að halda vel við byggingum þeim, sem hann hefur fengið lán til. Héraðsnefndir nýbýlastjórnar skulu hafa eftirlit með viðhaldi bygginganna og tilkynna stjórn sjóðsins þegar, ef því er að einhverju leyti ábótavant. Skal þá stjórn sjóðsins veita hlutaðeigandi ábúanda áminningu, og er útbyggingar- og eignarnámssök, ef áminningin er ekki tekin til greina.

20
31. jan.

51. gr.

Ef ábúenda- og eigendaskipti verða við sölu á fasteign, sem veðbundin er Byggingarsjóði, skal sjóðurinn, nema um erfðaskipti sé að ræða eða sölu til einhvers þess aðila, sem nefndur er í 2. málsl. 30. gr., hafa forkaupsrétt að eigninni, og ef um nýbýli er að ræða, gegn kostnaðarverði að frádregnu metnu álagi vegna fyrningar og skemmda, enda er enginn kaupsamningur um eignina gildur nema með árituðu samþykki sjóðsstjórnarinnar eða þess fulltrúa hennar, sem umboð hefur til slíkrar áritunar. Þegar býlin skipta um eigendur við erfðaskipti, hafa erfingjar forkaupsrétt umfram Byggingarsjóð, en að öðru leyti skal mat á þeim og staðfesting eigendaskiptanna háð sömu reglum og þegar um venjulega sölu er að ræða. Sveitarstjórn hefur þó rétt til að ganga inn í forkaupsrétt Byggingarsjóðs, ef hún óskar þess. Um sölu óðalsjarða og ættarjarða fer samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943. Ákvæði 1. og 2. gr. laga nr. 55 5. júní 1926, um forkaupsrétt á jörðum, skulu víkja fyrir ákvæðum þessarar greinar, eftir því sem nauðsyn krefur. Ef byggingarsjóður eða sveitarstjórn kaupa jörð samkvæmt heimildum þessara laga, er þeim skylt að selja eða leigja jörðina gegn verði eða leigukjörum, er samsvarar kaupverðinu.

## IX. KAFLI
### Um teiknistofu.

52. gr.

Stofnunin heitir Teiknistofa landbúnaðarins og starfar á vegum Búnaðarbanka Íslands.

53. gr.

Verkefni teiknistofunnar er að gera uppdrætti að húsum, sem lán er veitt til úr Byggingarsjóði, Ræktunarsjóði eða öðrum opinberum sjóðum, sem til eru og stofnaðir kunna að verða að tilhlutun ríkisins og veita lán til bygginga í sveitum. Skal það vera skilyrði fyrir slíkum lánum, að teiknistofan hafi gert eða samþykkt uppdrætti að húsunum.

54. gr.

Teiknistofan skal láta gera uppdrætti að einföldum og ódýrum húsgögnum, hentugum fyrir alþýðu til sveita og við sjó. Teiknistofan leitar aðstoðar íslenzkra listamanna og viðurkenndra hannyrðakvenna og smíðameistara utan stofnunarinnar um gerð húsgagna, til að fá þau sem smekklegust og í þjóðlegum stíl. Allir, sem rétt hafa til lána úr sjóðum þeim, er um ræðir í 45. gr., svo og stjórnir byggingarfélaga verkamanna og samvinnubyggingarfélaga skulu endurgjaldslaust fá teikningar af húsgögnum, eftir því sem teiknistofan getur í té látið.

55. gr.

Nú verður komið á fót verkstæðum við bændaskóla, húsmæðraskóla, héraðsskóla eða annars staðar til að annast smíði á húsgögnum og fleira, er að húsgagnagerð lýtur, svo sem vefnað á húsgagnafóðri og gluggatjöldum, og skal þá teiknistofan veita verkstæðum þessum alla nauðsynlega aðstoð, svo að þau geti komið að sem almennustum notum við húsgagnagerð.

56. gr.

Teiknistofan skal veita bændum leiðbeiningar um byggingarkostnað, efnisval og annað, er við kemur húsagerð. Hún skal gefa út handbók með almennum leiðbeiningum í þessum efnum og fyrirmyndar uppdráttum af húsum og húsgögnum. Teiknistofunni ber að fylgjast með erlendum og innlendum nýjungum í húsagerð,

rannsaka þær og gera tilraunir með það, er til framfara mætti verða í gerð og notkun húsa, eftir því sem við verður komið. **20** 31. jan.

57. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar forstöðumann teiknistofunnar og ákveður laun hans, unz þau verða ákveðin í launalögum. Forstöðumaður annast stjórn teiknistofunnar í samráði við stjórn Búnaðarbanka Íslands og nýbýlastjórn. Forstöðumaður ræður sér menn til aðstoðar, að fengnu samþykki stjórnar Búnaðarbanka Íslands.

58. gr.

Kostnaður við rekstur teiknistofunnar greiðist úr sjóðum þeim, er lán veita til húsbygginga í sveitum, sbr. 45. gr. Greiðsla hvers sjóðs skal ákveðin af landbúnaðarráðherra í sem réttustu hlutfalli við það fjármagn, sem sjóðirnir veita til bygginganna.

## X. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

59. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja, um framkvæmd þessara laga.

60. gr.

Um endurskoðun Byggingarsjóðs, starfsskýrslu o. fl., fer eins og mælt er fyrir í lögum nr. 115 frá 9. okt. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

61. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá úr gildi felld lög nr. 58 frá 27. júní 1941, um landnám ríkisins, og lög nr. 108 frá 9. október 1941, um Byggingar- og landnámssjóð, ásamt breytingum á þeim lögum, svo og öll önnur ákvæði eldri laga, sem kunna að brjóta í bága við lög þessi.

### Bráðabirgðaákvæði.

Þeir bændur, sem rétt hafa til byggingarstyrks samkvæmt lögum nr. 108 frá 9. okt. 1941 og byrjað hafa byggingu á jörðum sínum fyrir árslok 1946, en hafa ekki fengið neinn byggingarstyrk, svo og nýbýlastofnendur, sem eins stendur á um, geta valið um það, hvort þeir taka endurbyggingarstyrk eða nýbýlastyrk og sæta þeim lánskjörum, er verið hafa, eða koma undir ákvæði þessara laga um lánskjör án styrks.

Nú hefur maður fengið nokkurn hluta byggingarstyrks, og getur hann þá því aðeins fengið lán samkvæmt lögum þessum, að hann endurgreiði styrkinn.

Heimilt er og stjórn byggingarsjóðs, ef nýbýlastjórn mælir með því, að veita bændum viðbótarlán úr sjóðnum til íbúðarhúsa, sem byggð hafa verið á árunum 1943—1946.

Allar ákvarðanir samkvæmt þessum bráðabirgðaákvæðum skulu afgreiddar fyrir 1. júlí 1947.

*Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.** **Jón Pálmason.** **Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

21
31. jan.

# LÖG

## um sérstakan skattfrádrátt tapaðra skulda vegna skuldaskila bátaútvegsins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,
*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðs 10. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekju- og eignarskatt, er heimilt að draga skuldatöp skattþegna, samkvæmt II. kafla laga nr. 120 28. des. 1950, frá skattskyldum tekjum við allt að fimm næstu áramót eftir að skuldaskilum lauk, og þá jafnstóran hluta tapanna í hvert skipti.

2. gr.

Eignatap vegna skuldaskilanna, sem heimilt er að afskrifa samkv. 1. gr. þessara laga, skal og koma til frádráttar skattskyldri eign til stóreignaskatts, sbr. lög nr. 22 1950, og endurgreiðist sá hluti skattsins, sem til lækkunar kemur samkvæmt þessum frádrætti, eftir nánari ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.** **Jón Pálmason.** **Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

22
1. febr.

# LÖG

## um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,
*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins:

1. að virkja Fjarðará í Seyðisfirði eða Grímsá á Völlum til raforkuvinnslu í allt að 2000 hestafla orkuveri og leggja frá orkuverinu aðalorkuveitu til Seyðisfjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar og Eskifjarðarkauptúns;
2. að virkja Hvammsá eða Selá í Vopnafirði til raforkuvinnslu í allt að 500 hestafla orkuveri og leggja aðalorkuveitu frá orkuveri til Vopnafjarðarkauptúns;
3. að virkja eftirfarandi ár í Vestur-Barðastrandarsýslu:

a. Fossá í Suðurfjörðum eða Seljadalsá við Bíldudal í allt að 450 hestafla orkuveri, 22
1. febr.
b. Suðurfossá á Rauðasandi í allt að 850 hestafla orkuveri,
og leggja frá orkuverunum aðalorkuveitur til Bíldudals, Patreksfjarðar og um nálægar byggðir;

4. að virkja Sandá í Þistilfirði til raforkuvinnslu í allt að 2900 hestafla orkuveri og leggja frá því aðalorkuveitur til Þórshafnar og Raufarhafnar;
5. að virkja Smyrlabjargaá í Austur-Skaftafellssýslu til raforkuvinnslu í allt að 1000 hestafla orkuveri og leggja frá því aðalorkuveitur til Hafnarkauptúns og um nálægar byggðir;
6. að virkja Víðidalsá eða Bergsá í Vestur-Húnavatnssýslu til raforkuvinnslu í allt að 1800 hestafla orkuveri og leggja frá því aðalorkuveitu til Hvammstanga;
7. að leggja aðalorkuveitu úr Landeyjum til Vestmannaeyja;
8. að leggja háspennulínu frá væntanlegu raforkuveri við Fossá í Fróðárhreppi, um Fróðárhrepp og Eyrarsveit, um Helgafellssveit að Hrísum og niður Þórsnes til Stykkishólms.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 74 millj. kr., til greiðslu kostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka lán úr raforkusjóði samkv. 1. lið 35. gr. raforkulaganna, allt að 25 millj. kr., þó eigi meira en sem nemur ⅓ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna.

3. gr.

Framkvæmdir samkvæmt 1. gr. mega ekki hefjast, nema fyrir liggi nákvæmar kostnaðaráætlanir um virkjanirnar og tryggt hafi verið nægilegt fé til framkvæmdanna.

4. gr.

Um stofnun og rekstur þessara orkuvera og þeirra orkuveitna, sem um ræðir í lögum þessum, fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 1. febrúar 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.** **Jón Pálmason.** **Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

23
1. febr.

# LÖG
## um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,
*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

### I. KAFLI
### Gildissvið laganna, tilkynningarskylda o. fl.

**1. gr.**

Lög þessi ná til sérhverrar starfsemi, þar sem tveir verkamenn eða fleiri vinna, eða notuð er orka, sem er eitt hestafl eða meira, hvort tveggja þó með þeim undantekningum, er greinir í lögum þessum.

Undanþegin lögum þessum eru:

1. siglingar, fiskveiðar og aðrar veiðar, þar með talin aðgerð á veiðinni á skipsfjöl, enda sé ekki um sérstök verksmiðjuskip að ræða,
2. loftferðir,
3. vinna í einkaíbúð vinnuveitanda, enda sé um algeng heimilisstörf að ræða,
4. allur almennur búrekstur,
5. almenn skrifstofuvinna.

Ráðherra getur þó, í samráði við öryggismálastjóra, mælt svo fyrir í reglugerð, að vélar og önnur áhöld og mannvirki, sem lög þessi ná ekki til, en ætla má að sérstök hætta geti stafað af, skuli vera háð því eftirliti, er lög þessi mæla fyrir um.

**2. gr.**

Verkamaður merkir í lögum þessum hvern þann mann, karl eða konu, sem vinnur utan heimilis síns í annars manns þjónustu.

Vinnuveitandi merkir í lögum þessum hvern þann mann, karl eða konu, sem hefur í þjónustu sinni tvo eða fleiri verkamenn.

Sé fyrirtæki, sem lög þessi ná til, rekið af þrem mönnum eða fleiri í sameiningu, telst aðeins einn þeirra vinnuveitandi samkvæmt þessum lögum, en hinir teljast vera verkamenn, enda vinni þeir við fyrirtækið. Skal það tilkynnt öryggiseftirlitinu, hver sé talinn vinnuveitandi.

Framkvæmdastjóri félags telst vinnuveitandi í merkingu þessara laga.

Sé um opinberan rekstur að ræða, telst vinnuveitandi sá, er umsjón hefur með rekstrinum, og skal það tilkynnt öryggiseftirlitinu, hver það er.

**3. gr.**

Sérhvert fyrirtæki, sem lög þessi ná til (sbr. 1. gr.), skal tilkynna öryggiseftirlitinu starfsemi sína áður en liðinn er hálfur mánuður frá því hún hófst. Tilkynningunni skulu fylgja fullnægjandi upplýsingar um starfsemina, hvers konar og hve mikil orka er notuð, hve margir verkamenn vinni þar að jafnaði og annað það, er máli kann að skipta og krafizt verður. Ef notuð eru í fyrirtækinu efni, efnasambönd eða lofttegundir, sem hættuleg teljast heilsu manna, skal fylgja um þau skrá frá trúnaðarlækni öryggiseftirlitsins.

Þegar gerð er breyting á fyrirtæki, skal senda öryggiseftirlitinu sams konar tilkynningu og um getur í 1. málsgr. þessarar greinar strax og breytingum er lokið. 23 1. febr.

Eigandi farandvélar skal tilkynna hana öryggiseftirlitinu, og þegar þess er óskað, láta því í té upplýsingar um, hvar vélin er í notkun og hver beri ábyrgð á gæzlu hennar gagnvart öryggiseftirlitinu.

4. gr.

Rísi ágreiningur milli öryggismálastjóra og vinnuveitanda um það, hvort tiltekin starfsemi sé háð ákvæðum laga þessara, má skjóta ágreiningnum til ráðherra, og kveður hann upp úrskurð um hann.

## II. KAFLI
### Almenn ákvæði um tilhögun á vinnustað.

5. gr.

Vinnuveitanda ber að sjá um, að á vinnustað sé öllu svo fyrir komið, að verkamenn séu verndaðir gegn slysum og sjúkdómum eftir því, sem föng eru frekast til.

Vinnuveitanda ber að sjá svo um, að verkamenn fái vitneskju um, ef hætta fylgir störfum þeirra og á hvern hátt bezt sé að forðast hana. Sérstaklega skal leiðbeina óvönum verkamönnum, nemum og ungum verkamönnum í þessu efni.

6. gr.

Verkamenn skulu stuðla að því eftir megni, að allt, sem gert er til að vernda þá gegn slysum og sjúkdómum, komi að sem beztum notum, þeim ber og að stunda reglusemi og nauðsynlega varkárni á vinnustað.

Verkamenn skulu sérstaklega gæta þess, að vélar, verkfæri, áhöld og annar útbúnaður, sem notaður er við vinnuna, sé í góðu lagi, og skulu strax tilkynna yfirmanni sínum, ef þeir verða varir við, að verkfæri, áhöld og annar útbúnaður gengur úr lagi.

Verði verkamaður fyrir slysi við vinnu sína, eða fái atvinnusjúkdóm, ber honum eða trúnaðarmanni að tilkynna það yfirmanni sínum svo fljótt sem verða má. Eigi má taka upp þá vinnu á ný, fyrr en það hefur verið lagfært, sem kann að hafa verið í ólagi.

7. gr.

Trúnaðarmaður verkamanna (sbr. 42 .gr.) skal reglulega líta eftir því, að allur öryggisútbúnaður sé í góðu lagi og hann notaður á réttan hátt. Verði hann var einhverra ágalla, skal hann tilkynna það vinnuveitanda. Verði trúnaðarmaðurinn þess var, að hægt sé að bæta um öryggisútbúnaðinn á einhvern hátt, ber honum að vekja athygli vinnuveitanda á því. Sömuleiðis skal trúnaðarmaðurinn vekja áhuga verkamanna á notkun alls þess, er til öryggis má verða, og leiðbeina þeim um allt það, er að öryggisútbúnaðinum lýtur.

Trúnaðarmaður skal, í samráði við verkstjóra, hafa gát á því, að óviðkomandi menn séu ekki á ferli á vinnustað, enda sé þar viðvörun á áberandi stað, að óviðkomandi sé bannaður aðgangur.

8. gr.

Þegar um vinnu er að ræða, sem hefur í för með sér óvenjulega mikla hættu fyrir líf, limi eða heilbrigði verkamanna eða er óvenjulega erfið, getur ráðherra sett reglur í samráði við öryggismálastjóra um öryggisútbúnað umfram það, sem mælt er fyrir um í lögum þessum. Í þeim reglum geta verið ákvæði um takmörkun vinnutímans, að verkamenn innan 18 ára aldurs séu eigi látnir framkvæma verkið og

23 eigi heldur verkamenn, sem hafi annaðhvort ekki nægilegt líkamlegt eða andlegt
1. febr. atgervi til vinnunnar.

9. gr.

Ráðherra getur ákveðið, í samráði við öryggismálastjóra, að fram fari reglubundin læknisskoðun verkamanna, enda sé ástæða til að ætla, að á þann hátt megi koma í veg fyrir eða hefta atvinnusjúkdóma til muna. Þegar svo stendur á, er vinnuveitandi skyldur til að gefa verkamönnum frí frá störfum, án skerðingar á kaupi, til þess að skoðun geti farið fram, nema hún tæki lengri tíma en hálfa klst. fyrir hvern verkamann.

10. gr.

Ráðherra er heimilt, í samráði við öryggismálastjóra, að gefa út reglugerðir og aðrar reglur um tilhögun á vinnustað, starfsháttu og önnur atriði, er varða heilbrigði og velferð verkamanna, svo og um öryggisútbúnað til að forðast slys og sjúkdóma af völdum vinnunnar, allt innan þeirra takmarka, er lög þessi ákveða.

Ef vélar, verkfæri, áhöld og annar útbúnaður, sem notaður er við vinnuna, er þannig gerður, að nauðsynlegt sé að sannreyna styrkleika hans eða önnur gæði eða rannsaka hann á annan hátt, ber eigandinn allan eða nokkurn hluta kostnaðarins af rannsókninni eftir nánari fyrirmælum ráðherra.

11. gr.

Sérhver sá, sem ætlar að reisa eða reka verksmiðju eða verkstæði eða breyta eldra fyrirtæki, skal tilkynna það öryggiseftirlitinu.

Hver sá, sem tekur að sér byggingu verksmiðja, verkstæða eða annars þess háttar, uppsetningu véla eða vélbúnaðar, hverju nafni sem nefnist, skal vera ábyrgur gagnvart öryggiseftirlitinu um, að allur öryggisútbúnaður sé samkvæmt þessum lögum.

Óheimilt er að hefja rekstur í nýrri verksmiðju eða verkstæði fyrr en eftirlitsmaður hefur gefið viðkomandi skoðunarvottorð um, að allur útbúnaður sé í fullu lagi.

## III. KAFLI

### Sérstakar reglur varðandi ráðstafanir til verndar heilbrigði og velferð verkamanna.

12. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum öryggismálastjóra, reglur um ráðstafanir til verndar heilbrigði og velferð verkamanna, er vinna í verksmiðjum, verkstæðum eða við sérhverja aðra starfsemi, sem skylt er að hafa eftirlit með samkv. lögum þessum. Í reglum þessum skulu m. a. sett fyrirmæli um stærð og fyrirkomulag húsnæðis þess, sem unnið er í, hitun þess, hreinlætisútbúnað og aðrar ráðstafanir, er gera þarf til verndar heilsu verkamanna.

## IV. KAFLI

### Ráðstafanir til að verjast slysum.

13. gr.

Byggingar allar og önnur mannvirki, sem lög þessi ná til, svo og vélar, verkfæri, áhöld og annar útbúnaður skal vera tryggilega gerður, og skal hann notaður og honum haldið við á tilhlýðilegan hátt. Þar, sem byggingarsamþykktir eru í gildi, skal farið eftir ákvæðum þeirra, enda séu ekki gerðar strangari kröfur í lögum þessum. Ef nauðsynlegt er, skal vinnuveitandi láta fram fara rannsókn á því, hvort frágangur sé tryggilegur.

Þegar fyrirkomulag bygginga og annarra mannvirkja er ákveðið, skal þess gætt, að gangar, stigar og útgöngudyr séu nægilega greiðfærar, ef eldsvoða ber að höndum. Hættulegar gryfjur, skurðir og annað þess háttar skal vera nægilega varið. Gólfum skal haldið þannig við, að ekki sé sérstök hætta við falli á þeim. Hvarvetna þar, sem umferð er, skal vera séð fyrir nægilegri birtu. 23 1. febr.

Útbúnaður, sem gerður er til varnar slysum, skal vera eins hentugur og frekast eru föng á og settur upp á réttan hátt. Honum skal haldið nægilega vel við.

14. gr.

Enginn framleiðandi eða seljandi má láta af hendi vélar, vélahluta, verkfæri, áhöld eða annan útbúnað, sem lög þessi ná til, nema ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, sé tryggilega fullnægt, og skal allur nauðsynlegur öryggisútbúnaður fylgja vélunum.

Sá, sem setur upp vélar, vélahluta, verkfæri, áhöld eða annan útbúnað, sem lög þessi ná til, ber ábyrgð á því, að ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, sé fullnægt.

Ákvæði 1. og 2. málsgr. þessarar greinar skerða þó á engan hátt ábyrgð þá, sem hvílir á vinnuveitanda samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra getur ákveðið, að hver sá, sem lætur af hendi aflvélar, verkfæri eða annan útbúnað, sem lög þessi ná til, skuli tilkynna það öryggismálastjóra. Lætur öryggiseftirlitið þá í té ókeypis eyðublöð fyrir tilkynningarnar.

Raforkuver skulu láta öryggiseftirlitinu í té upplýsingar um sölu þeirra á raforku, eftir nánari fyrirmælum ráðherra.

15. gr.

Á sérhverjum vinnustað, sem lög þessi ná til, skal vera tiltækilegur útbúnaður til hjálpar í viðlögum, og skal útbúnaðurinn vera í samræmi við nánari fyrirmæli öryggismálastjóra. Sömuleiðis getur öryggismálastjóri krafizt þess af stærri fyrirtækjum, að þau búi út sérstakar slysastofur eftir nánari fyrirmælum hans.

Í fyrirtækjum, þar sem slysahætta er veruleg, skal einn eða fleiri af verkamönnunum hafa tekið þátt í námskeiði í hjálp í viðlögum, og hafi þá sá eða þeir verkamannanna einir umráð yfir útbúnaði þeim, sem er fyrir hendi til hjálpar í viðlögum.

16. gr.

Sérhver vél, allur búnaður hennar, undirstöður og festing skal vera fulltraust og þannig frá öllu gengið, að notkun vélarinnar hafi sem minnsta slysahættu í för með sér. Ef nauðsynlegt er, skal vélin vera með hentugum öryggisbúnaði, sem byggður sé með henni, sé þess nokkur kostur.

Ef öryggismálastjóri telur það nauðsynlegt af öryggisástæðum, getur hann krafizt þess, að þannig sé frá vél og öryggisbúnaði hennar gengið, að eigi sé hægt að nota vélina, nema öryggisbúnaður hennar sé í fullu lagi.

Eigi má taka öryggisbúnað af vél meðan hún er í notkun.

Gangar ætlaðir til umferðar í vélarúmum eða öðrum stöðum, þar sem vélar eru í notkun, skulu vera svo breiðir og háir, að umferð þar sé hættulaus. Önnur bil milli véla skulu vera lokuð, meðan önnur hvor eða báðar vélarnar eru í gangi, og á þann hátt, er öryggismálastjóri kann að segja fyrir um.

Meðan vél er í gangi má eigi leggja á hana reim, snúru eða annað þess háttar, hreinsa hana, smyrja eða gera annað svipað við hana, nema það sé óumflýjanlega nauðsynlegt og þá því aðeins, að gætt sé ýtrustu varkárni, t. d. þess, að viðkomandi verkamaður sé eigi þannig klæddur, að fötin auki hættuna.

Þegar eigi verður hjá því komizt, t. d. vegna viðgerðar eða annars þess háttar,

23 að unnið sé nálægt eða við hættulegar vélar, skal þeim haldið kyrrum og þannig
1. febr. vera frá þeim gengið, að þær verði eigi settar í gang, unz vinnunni er lokið.

Eigi má nota hanzka, vettlinga eða annað þess háttar við vörzlu véla, ef það kann að auka slysahættu.

17. gr.

Aflvélar skulu vera þannig gerðar, að ræsa megi þær hættulaust, sé gætt venjulegrar varkárni. Öryggismálastjóri getur sett nánari reglur um þetta atriði.

Þegar vélar eru tengdar aflvélinni, má ekki ræsa hana, fyrr en gefið hefur verið greinilegt merki um það, og skal merkið heyrast alls staðar þar, sem þess er þörf. Frá þessu ákvæði getur öryggiseftirlitið gefið undanþágu, ef slysahætta eykst ekki við það að þess áliti.

Á vinnustöðum, þar sem aflvélar eru eða önnur vélknúin tæki notuð við reksturinn, skal að jafnaði vera starfandi maður eða menn, er hafa þekkingu á vélum þeim og tækjum, sem á vinnustöðum eru.

18. gr.

Frá öllum drifbúnaði skal tryggilega gengið og settar um hann hlífar allt eftir nánari fyrirmælum öryggismálastjóra.

19. gr.

Frá vinnuvélum skal þannig gengið, að hægt sé að stöðva þær fljótt og hættulaust frá vinnustað, enda telji öryggiseftirlitið þá varúðarráðstöfun ekki ónauðsynlega.

Ef vinnuvél er reimknúin frá hreyfli eða drifás og ekki er hægt að ræsa, þegar vinnuvélin er í tengslum, skal vera þannig frá henni gengið, að hún verði á öruggan hátt tekin úr tengslum með búnaði, er öryggismálastjóri samþykkir.

20. gr.

Ílát með gufu eða öðrum gastegundum, sem eru með yfirþrýstingi, skulu vera nægilega sterk og þannig frá þeim gengið að öðru leyti, að sem minnst hætta stafi af þeim. Sérstaklega skal þess gætt, að þrýstingsaukning í þeim hafi ekki verulega aukna hættu í för með sér.

21. gr.

Gæzlu gufukatla og suðukatla, sem eru með yfirþrýstingi, má aðeins fá í hendur reglumönnum og áreiðanlegum mönnum, sem eru fullra 18 ára að aldri.

Sá, sem stendur fyrir gæzlu eða gætir á eigin ábyrgð gufuketils með hitafleti, sem er 30 $m^2$ eða meira, skal hafa vélstjórapróf eða hafa notið annarrar menntunar, sem ráðherra, í samráði við öryggismálastjóra, telur fullnægjandi.

Þeir, sem gæta á eigin ábyrgð annarra gufukatla en þeirra, er getur í 2. málsgr. þessarar greinar, þurfa að hafa notið þeirrar menntunar, er öryggismálastjóri tekur gilda, eða að sanna á annan hátt fyrir honum kunnáttu sína, t. d. með því að ganga undir próf hjá honum eða fulltrúa hans.

Verði gæzlumaður gufuketils sannur að sök um óreglu í starfi eða vítaverða óvarkárni, getur öryggismálastjóri svipt hann rétti til gæzlu gufuketils. Úrskurði öryggismálastjóra má áfrýja til ráðherra.

Ef ómögulegt er af óviðráðanlegum ástæðum að útvega til gæzlu gufuketils mann, sem hefur réttindi til þess, getur vinnuveitandi falið gæzluna manni, sem hann telur vel til þess fallinn, enda þótt hann hafi eigi rétt til gæzlu gufuketils. Þessi ráðstöfun skal strax tilkynnt öryggiseftirlitinu, og tekur það ákvörðun um, hversu lengi hún megi haldast. Eigi má haga gæzlu gufuketils eins og segir í þessari málsgrein lengur en hálfan mánuð, nema samþykki öryggismálastjóra komi til.

Ráðherra getur, samkvæmt tillögum öryggismálastjóra, veitt undanþágur frá ákvæðum þessarar greinar fyrir einstaka gufukatla eða sérstakar gerðir gufukatla. 23 1. febr.

22. gr.

Ker og önnur ílát, sem soðið er í eða brætt, svo og ílát með ætandi efnum eða öðrum hættulegum efnum, skulu vera þannig útbúin og þannig frá þeim gengið, að hættan af þeim sé svo lítil sem verða má.

23. gr.

Lyftitæki, gálgar, hengibrautir og önnur slík verkfæri skulu vera sterkbyggð og þannig gerð, að sem minnst hætta stafi af þeim fyrir verkamenn. Á þeim skal sérstaklega athuga:

1. hvort allir burðarhlutar (útleggjarar, keðjur, strengir og annað þess háttar) séu nægilega sterkir og sé vel haldið við;
2. að ofhleðsla eigi sér ekki stað;
3. að byrðin sé fest og losuð á öruggan hátt, og
4. að byrðin setji mann ekki í hættu, meðan hún er á lofti.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um öryggisráðstafanir um fermingu og affermingu skipa.

24. gr.

Sé hætta á falli húsa, reykháfa, brúa, geyma eða annarra mannvirkja, falli eða skriðufalli moldarbakka, sands, malar, vörustafla eða annars þess háttar, skal gera nauðsynlegar öryggisráðstafanir, svo að eigi sé hætta á slysum á mönnum.

Þegar unnið er í brunnum, námum, gryfjum, kötlum, geymum eða öðru þess háttar, sömuleiðis þegar unnið er með eitruð efni, sprengifim efni eða efni, sem eru hættuleg á annan hátt, skal gera nægilegar öryggisráðstafanir, svo að eigi sé hætta á, að menn kafni, eitrist, verði fyrir slysi af völdum sprengingar eða slasist á annan hátt.

25. gr.

Ef eigi er hægt að veita verkamönnum nægilega vernd gegn slysum eða sjúkdómum með öðrum hætti, skal gera sérstakar öryggisráðstafanir, þar sem því verður við komið, t. d. nota hentugasta fatnað, öryggisbelti eða hlífðarútbúnað, samkvæmt nánari ákvæðum, er sett verða í reglugerð, sbr. 12. gr.

Verkamenn eru skyldir að nota þann öryggisútbúnað, sem nefndur er í 1. málsgrein þessarar greinar, þegar þeir þarfnast hans við vinnu sína.

26. gr.

Komi fyrir slys á vinnustað, svo að dauði verkamanns hljótist af, eða verði verkamaður fyrir slysi, sem er þess eðlis, að gera megi ráð fyrir að dómi læknis, að almannatryggingarnar verði bótaskyldar, skal vinnuveitandi tilkynna það öryggiseftirlitinu svo fljótt sem verða má og eigi síðar en að einum sólarhring liðnum. Öryggiseftirlitið skal láta framkvæma rannsókn á orsökum slyssins.

Verði verkamaður veikur af sjúkdómi, sem stafar af atvinnu hans, skal tilkynna það á sama hátt og þegar um slys er að ræða (sbr. 1. málsgr. þessarar greinar).

27. gr.

Hafi læknir verkamann til lækninga, sem þjáist af atvinnusjúkdómi (sbr. 49. gr. laga nr. 50/1946, um almannatryggingar), skal læknirinn tilkynna sjúklinginn og sjúkdóminn til héraðslæknis, er síðan tilkynnir það öryggiseftirlitinu.

Ráðherra setur, í samráði við öryggismálastjóra, nánari reglur um ákvæði 1.

23 málsgr. þessarar greinar. Þar getur hann og ákveðið, að tilkynningarskyldan nái
1. febr. til fleiri sjúkdóma en þeirra, er 1. málsgr. þessarar greinar nær til, enda geti þeir stafað af aðbúnaði á vinnustað eða öðru, er vinnuna snertir.

## V. KAFLI
### Lágmarkshvíldartími verkamanna o. fl.

28. gr.

Vinnu skal þannig hagað, að sérhver verkamaður geti notið samfelldrar hvíldar frá vinnu sinni, er eigi sé skemmri en 8 klst. á sólarhring.

Ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar ná þó eigi til:

1. hvers konar björgunarstarfs;
2. björgunar hvers konar framleiðslu frá skemmdum;
3. annars konar vinnu, sem ráðherra, í samráði við öryggismálastjóra, kann að tiltaka í reglugerð.

Þegar undantekningarákvæði 2. málsgr. þessarar greinar eru í gildi, skal haga vinnu þannig, að verkamenn geti notið samanlagðs lágmarkshvíldartíma á þrem sólarhringum.

29. gr.

Bifreiðarstjórar, sem að staðaldri flytja fólk, og stjórnendur þeirra véla, sem mönnum getur stafað sérstök hætta af, skulu að jafnaði ekki hafa lengri vinnutíma en 12 klst. á sólarhring.

30. gr.

Meðan vinna stendur yfir skulu verkamenn fá hæfilega langa hvíldartíma með hæfilegu millibili. Getur ráðherra, í samráði við öryggismálastjóra, gefið út nánari reglur um ákvæði þessarar greinar.

## VI. KAFLI
### Eftirlit með framkvæmd laganna.

31. gr.

Eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim sé framfylgt, hefur sérstakt öryggiseftirlit, sem stjórnað er af öryggismálastjóra. Ráðherra skipar öryggismálastjóra og fasta starfsmenn öryggiseftirlitsins.

Ráðherra setur öryggiseftirlitinu starfsreglur.

32. gr.

Fastir starfsmenn öryggiseftirlitsins eru öryggismálastjóri, öryggiseftirlitsmaður, skoðunarmenn og annað starfsfólk skrifstofu eftirlitsins, og taka þeir laun samkvæmt launalögum, en ráðherra ákveður umdæmisskoðunarmönnum (sbr. 34. gr.) þóknun fyrir störf þeirra.

Öryggiseftirlitið hefur samráð við hlutaðeigandi héraðslækni í öllum málum, er snerta heilbrigði verkamanna.

Eigi mega starfsmenn öryggiseftirlitsins hafa eftirlit í fyrirtækjum, þar sem þeir hafa fjárhagslegra hagsmuna að gæta. Fastráðnir starfsmenn öryggiseftirlitsins skulu hafa störfin sem aðalstörf og mega ekki taka að sér önnur störf, er ætla má, að komi í bága við aðalstarfið.

33. gr. 23 1. febr.

Öryggismálastjóri og öryggiseftirlitsmaður skulu vera véla- eða efnafræðingar, en skoðunarmenn skulu færa sönnur á, að þeir hafi nægilega þekkingu að dómi öryggismálastjóra.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar greinar koma þó ekki til framkvæmda að því er snertir núverandi starfsmenn véla- og verksmiðjueftirlitsins.

34. gr.

Ráðherra skiptir landinu í eftirlitsumdæmi, í samráði við öryggismálastjóra, og skipar skoðunarmenn í hvert þeirra. Umdæmisskoðunarmenn eru umboðsmenn öryggiseftirlitsins hver í sínu umdæmi, og framkvæma þeir vandaminni skoðanir undir eftirliti öryggiseftirlitsmanna og öryggismálastjóra.

35. gr.

Þar sem slysahætta er mikil eða vinna þess eðlis, að sérstök hætta er á, að verkamenn bíði tjón á heilsu sinni, skal starfsemin skoðuð reglulega samkvæmt nánari ákvörðun öryggismálastjóra. Önnur starfsemi skal skoðuð, þegar öryggiseftirlitið álítur þess þörf eða ef sérstakt tilefni er til, t. d. vegna breytinga, slysa, er orðið hafa, eða samkvæmt beiðni. Öll fyrirtæki skulu þó skoðuð a. m. k. einu sinni á ári.

Starfsmenn öryggiseftirlitsins skulu fylgjast með því eftir föngum, að lög þessi séu haldin, en jafnframt skulu þeir beita áhrifum sínum í þá átt, að samvinna takist milli vinnuveitenda, verkstjóra og verkamanna til eflingar aukinnar varkárni sérhvers verkamanns, að öryggisútbúnaður og aðrar ráðstafanir til aukins öryggis komi að sem beztu gagni og að umbætur verði gerðar á öryggisútbúnaði. Verkamönnum og trúnaðarmönnum þeirra er heimilt að bera fram kvartanir við öryggiseftirlitið og gera tillögur til umbóta á öryggisútbúnaði. Sé trúnaðarmönnum verkamanna kunnugt um, að eigi sé farið eftir ákvæðum laga þessara, er þeim skylt að tilkynna það öryggiseftirlitinu. Með allar slíkar umkvartanir eða tilkynningar skal fara sem trúnaðarmál.

Starfsmenn eftirlitsins skulu skyldir að kenna við skóla landsins án aukagreiðslu varnir gegn slysum samkv. reglugerð, sem ráðherra gefur út, að fengnum tillögum forstjóra véla- og skipaeftirlitsins.

36. gr.

Öryggiseftirlitið skal beita sér fyrir rannsóknum á útbreiðslu atvinnusjúkdóma og vinna að útrýmingu þeirra.

Trúnaðarlæknir er öryggiseftirlitinu til aðstoðar í öllum þeim málum, sem snert geta heilbrigði verkamanna, og leita skal álits hans áður en læknisskoðun er fyrirskipuð samkv. 9. gr. þessara laga.

Ráðherra setur, í samráði við öryggismálastjóra, nánari reglur um starfssvið trúnaðarlæknisins.

37. gr.

Öllum starfsmönnum öryggiseftirlitsins skal hvenær sólarhrings sem er heimill frjáls aðgangur að sérhverjum vinnustað, sem lög þessi ná til, enda geri þeir vinnuveitanda ekki ónæði utan venjulegs vinnutíma, nema nauðsyn krefji. Þeim er heimilt að krefjast nauðsynlegra upplýsinga starfi sínu viðkomandi af vinnuveitanda og sérhverjum verkamanni, sem er í vinnu eða hefur verið í vinnu einhvern tíma síðustu þrjá mánuði. Þeim er og heimilt að skoða skjöl þau og skilríki, sem eiga að vera fyrir hendi samkvæmt þessum lögum.

Starfsmenn öryggiseftirlitsins mega ekki nota aðstöðu sína til að afla sér annarra upplýsinga um starfsemina en þeirra, sem eru nauðsynlegar eða kunna að

23 verða nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Eigi mega þeir heldur láta öðrum í té upplýs-
1. febr. ingar um starfsemina, verkamenn eða aðra aðila, ef þeir hafa fengið vitneskjuna vegna eftirlits síns og ástæða er til að ætla, að henni skuli haldið leyndri.

38. gr.

Ef öryggiseftirlitið hefur krafizt þess með hæfilegum fyrirvara af einhverju fyrirtæki, að öryggisútbúnaður verði lagfærður eða nýjum öryggisútbúnaði komið fyrir og lagfæringin hefur eigi verið gerð, þegar frestur sá er liðinn, sem öryggiseftirlitið hefur gefið til framkvæmdanna, getur öryggismálastjóri látið framkvæma lagfæringarnar á kostnað fyrirtækisins. Slíkan kostnað má innheimta jafnhliða opinberum gjöldum, og fylgir lögtaksréttur þeim kröfum.

Telji öryggiseftirlitið sérstaka hættu á ferðum fyrir líf eða heilbrigði verkamanna eða annarra, getur það krafizt þess, að strax sé bætt úr því, sem ábótavant er, eða látið hætta vinnu í þeim hluta starfseminnar, sem þannig er á sig kominn.

39. gr.

Ákvörðunum öryggismálastjóra samkv. 38. gr. þessara laga má innan hálfs mánaðar áfrýja til ráðherra, sem kveður upp úrskurð um deiluefnið.

Áfrýjun samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar frestar ekki framkvæmd aðgerða eftir ákvæðum 2. málsgr. 38. gr. þessara laga.

40. gr.

Öryggismálastjóri gerir útdrátt úr þessum lögum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, og skal verkamönnum gert auðvelt að kynna sér efni þeirra.

Öryggismálastjóri getur fyrirskipað vinnuveitanda að festa upp greinilegar aðvaranir á stöðum, þar sem sérstök nauðsyn er vegna slysahættu eða annars, er lög þessi varðar.

41. gr.

Læknar og sjúkrahús skulu tilkynna héraðslækni alla sjúklinga, sem eru til lækninga hjá þeim og eru með sjúkdóma, sem stafa eða kunna að stafa af atvinnu þeirra, en héraðslæknir gerir öryggiseftirlitinu síðan aðvart. Ráðherra setur, í samráði við landlækni og öryggismálastjóra, nánari reglur um tilkynningarskyldu þessa.

42. gr.

Í hverju fyrirtæki, þar sem 5 verkamenn eða fleiri vinna að staðaldri, er þeim heimilt að velja sér trúnaðarmann, er viðurkenndur sé af vinnuveitanda.

Trúnaðarmaður verkamanna skal fylgjast með starfstilhögun í fyrirtækinu í samráði við vinnuveitanda og líta eftir, að haldnar séu settar reglur um öryggisútbúnað og hollustuhætti. Vinnuveitandi og verkstjórar skulu ráðgast við trúnaðarmann um allt það, er snertir öryggi verkamanna við vinnu og annan aðbúnað þeirra.

Hafi trúnaðarmaður verkamanna kvartað við vinnuveitanda eða verkstjóra um eitthvert atriði, er snertir öryggi verkamanna við vinnu og annan aðbúnað þeirra, skal trúnaðarmanninum tilkynnt að hæfilegum tíma liðnum, hvað gert verður vegna umkvörtunarinnar.

Öryggiseftirlitsmenn skulu jafnan leita upplýsinga um viðkomandi fyrirtæki hjá trúnaðarmanni verkamanna, þegar litið er eftir fyrirtækinu, en trúnaðarmaður er skyldur að gefa eftirlitsmönnunum þær upplýsingar um fyrirtækið, er hann getur í té látið og snerta öryggi verkamanna við vinnu eða hollustuhætti.

Trúnaðarmaður verkamanna nýtur þeirrar verndar, sem ákveðin er í 11. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

43. gr.

Vinnuveitendum, verkstjórum og trúnaðarmönnum verkamanna skulu látin í té ókeypis lög þessi sérprentuð og reglugerðir, sem settar verða samkvæmt þeim, eftir því sem við á.

44. gr. 23

Þar, sem starfsemi fer fram við gildistöku laga þessara, er að einhverju leyti 1. febr. fer í bága við ákvæði þeirra, skal öryggismálastjóra með samþykki ráðherra heimilt að veita frest um ákveðinn tíma til að koma því í lag, sem ábótavant kann að reynast.

## VII. KAFLI

### Eftirlitsgjald.

45. gr.

Til að standast kostnað af framkvæmd laga þessara skulu eigendur þeirra fyrirtækja, er lög þessi ná til, greiða árlega í ríkissjóð eftirlitsgjald samkv. gjaldskrá, er ráðherra setur í samráði við öryggismálastjóra. Þegar að lokinni hinni árlegu skoðun samkv. 35. gr. skal gefa út skoðunarvottorð, er gildi í næstu 12 mánuði, enda hafi þá verið bætt úr þeim ágöllum, er kunna að hafa á verið. Skal eigandi þá jafnframt greiða allt skoðunargjaldið. Getur starfsmaður eftirlitsins stöðvað rekstur fyrirtækisins, sé gjaldið eigi greitt, enda afhendi hann þá eigi skoðunarskírteini.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. þessara laga er ráðherra heimilt, í samráði við öryggismálastjóra, að undanþiggja þá starfsemi eftirlitsgjaldinu, þar sem fimm verkamenn eða færri vinna, eða notuð er orka, sem eigi fer fram úr 3 hö, enda sé vinnu þannig háttað, að eftirlit sé miður nauðsynlegt.

## VIII. KAFLI

### Refsiákvæði.

46. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum frá 50—5000 krónum, nema þyngri hegning liggi við að öðrum lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

47. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal farið sem almenn lögreglumál.

## IX. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

48. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 24 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, lög nr. 102 3. maí 1935, um viðauka við lög nr. 24 frá 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, og lög nr. 72 7. maí 1940, um breyting á lögum nr. 24 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

49. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 1. febrúar 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.** **Jón Pálmason.** **Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Björn Ólafsson.*

24
1. febr.

# GIRÐINGALÖG

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Girðingar í lögum þessum, þegar annars er ekki getið, eru 5 strengja gaddavírsgirðingar, einn metri á hæð frá jafnsléttu og ekki lengra milli jarðfastra stuðla (stólpa) hennar en 6 metrar, eða girðing, er jafngildir henni að vörzlunotum. Stórgripagirðingar, sem einstakir menn setja upp í heimalöndum, séu ávallt þannig gerðar, að minnst 65 cm séu frá jörðu upp að vírstreng.

2. gr.

Þegar lögð er girðing af leiguliða, fer um skyldur jarðeiganda við burtför ábúandans eftir sömu reglum og um hús á jörðinni sé að ræða, sbr. 13. gr. ábúðarlaga.

Girðingar, sem ríkistillag hefur verið greitt vegna eða lán veitt til með veðrétti á jörðu, skulu jafnan fylgja jörðinni og þeim við haldið meðan lánið er ekki að fullu greitt (eða styrkur ekki endurgreiddur), en heimilt er að fengnu samþykki lánveitanda að flytja girðingar þangað, sem þær koma jörðinni að meira gagni.

3. gr.

Nú fer jörð í eyði, svo að eigi er til ætlazt, að hún byggist aftur, sbr. 4. kafla jarðræktarlaga, og verða eigi lengur nein not af girðingunni fyrir jörðina, og losnar þá jarðeigandi við þá skyldu að halda henni við og er heimilt að taka hana upp, fái hann ekki efni hennar endurgreitt með matsverði frá meðeigendum.

Nú telja þeir, er dæma jörðina ekki ábúðarhæfa, að nágrannajörð eða jarðir geti haft not af girðingunni eða hluta úr henni, og skal þá viðhaldsskyldan að þeim hluta færast yfir á ábúanda þeirrar jarðar, enda á hann rétt á að kaupa girðinguna eða þann hluta hennar, er hann hefur gagn af, eftir mati úttektarmanna.

4. gr.

Vilji eigandi eða notandi ræktunarlanda í þorpum og bæjarfélögum girða land sitt, skal hann með árs fyrirvara tilkynna það öllum þeim, er land eiga á móti því landi, sem hann vill girða. Þeim, sem eiga þannig aðliggjandi, útmældar ræktunarlóðir, er skylt að taka þátt í kostnaði við girðinguna til jafns við þann, sem vill girða, ef um vírgirðingu er að ræða, að tiltölu við lengd girðingarinnar fyrir landi hvers eins. Þetta gildir þó ekki um það land, sem liggur að götu í bæ eða kauptúni.

5. gr.

Nú vill ábúandi eða eigandi jarðar, sem er í ábúð, girða land sitt, og hefur hann þá rétt til að krefjast, að sá eða þeir, sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði, greiði allt að helmingi girðingarkostnaðarins, eftir þeim fyrirmælum, er um getur í 6. gr. Krafan um samgirðingu skal fram borin eigi síðar en ári áður en verkið er hafið, og hefur hver aðili rétt til að leggja fram efni, flutning og vinnu í hlutfalli við þátttöku sína í kostnaðinum. Neiti sá, er samgirðingar er óskað við, þátttöku í framkvæmd verksins eða útvegun efnis, getur sá, er vill girða, sett hana upp og þá krafizt endurgreiðslu á þeim hluta girðingarkostnaðarins, er hinum ber að greiða. Þurfi sá, er samgirðingar er krafinn, að taka lán vegna girðingarkostnaðarins, ber

þeim, er girðingarinnar krefst, að aðstoða hann við útvegun þess, sé það nauðsynlegt að dómi matsmanna. 24



6. gr.

Nú geta aðilar ekki orðið ásáttir um raunverulegan girðingarkostnað eða hlutdeild hvors um sig í honum, og skulu þá úttektarmenn þess hrepps, er hlutaðeigendur eru búsettir í, framkvæma mat á ágreiningsatriðunum samkv. 7. gr. Liggi girðing milli jarða, sem ekki eru í sama hreppi, skal hvor aðili tilnefna einn mann úr hópi úttektarmanna þess hrepps, sem hann er búsettur í, til að framkvæma matið.

Verði ágreiningur milli matsmanna, tilnefnir lögreglustjóri þrjá menn í yfirmat, og skulu þeir skera úr ágreiningnum. Liggi girðingin á mörkum lögsagnarumdæma, tilnefna hlutaðeigandi lögreglustjórar eða sýslumenn 2 menn hvor, og gengur einn þeirra úr eftir hlutkesti, hinir framkvæma svo matið.

Kostnað við matið greiða aðilar eftir sömu hlutföllum og girðingarkostnaðinn, og ákvarða matsmenn, hverju hann nemur.

7. gr.

Nú telur sá, er samgirðingar er krafinn, sig lítil not eða jafnvel óhag hafa af girðingunni, og getur hann þá neitað að taka að hálfu þátt í kostnaði við uppsetningu og viðhald hennar. Náist ekki samkomulag, skulu matsmenn þeir, er um ræðir í 6. gr., meta, hvert gagn hver um sig hefur af girðingunni, og skiptist kostnaðurinn eftir því. Þó skal sá, er krafinn er þátttöku, aldrei greiða minna en ¼ kostnaðar og ekki meira en helming. Undantekning frá þessu er, þegar girðing er sett samkvæmt samþykkt (sbr. 17. gr. og 20. gr.) á milli afréttar og heimalands, en þá er ábúanda ekki skylt að taka þátt í girðingarkostnaðinum, ef girðingin verður ekki metin honum til verulegra hagsmuna, og aldrei meira en tilsvarandi við þá, er að samþykktinni standa, og sé hann á samþykktarsvæðinu, þá aðeins eftir þeim reglum, er samþykktin mælir fyrir um.

Vilji ábúendur eða eigendur jarða, er liggja að afrétt, girða milli afréttarinnar og heimalanda sinna, skulu eigendur eða notendur afréttarinnar greiða ¾ hluta stofnkostnaðar girðingarinnar. Um girðingarkostnað milli afréttarlanda gilda sömu reglur og um landamerkjagirðingar sé að ræða. Viðhaldskostnaður greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.

8. gr.

Nú eru lagðar girðingar fyrir ríkisfé til varnar útbreiðslu búfjársjúkdóma, án framlags frá ábúendum eða eigendum viðkomandi jarða, og einstaklingum eða sveitarfélögum er gefinn kostur á þeim girðingum, og gilda þá sömu reglur um greiðslu á andvirði þeirra og viðhald, eftir því sem við á, eins og um aðrar þær girðingar, er lög þessi hafa sett reglur um.

9. gr.

Nú er vegur lagður gegnum tún eða ræktunarland, og skal þá sá, sem veginn leggur, kosta efnið í girðinguna báðum megin vegarins eða leggja til ristarhlið ásamt grindarhliði, ef vegamálastjóri telur það hentugra. Sama gildir, ef girðing er lögð umhverfis slík lönd, er vegur liggur um þau, enda sé girðingin nauðsynleg vegna nytja landsins.

Eigendum vega er heimilt að girða meðfram vegum sínum, þótt ekki sé þess krafizt af landeiganda. Þó skal vegareiganda skylt að setja hlið á slíka girðingu, ef þörf er á að dómi matsmanna.

Þegar vegur er lagður gegnum girt beitiland eða engjar, skal sá, er veginn leggur eða annast um, leggja til ristar og grindur í hlið á veginn eða helming efnis í girðingu meðfram honum, ef hann telur það hentugra. Nú er girðing lögð milli afrétta og

24 heimalanda, er liggur yfir vegi, eða vegir eru lagðir í gegnum hana, og telja mats-
1. febr. menn girðinguna nauðsynlega, og ber þá þeim, er veginn annast, að leggja til hlið á veginn og annast viðhald þess.

10. gr.

Nú er girðing gerð á landamerkjum, og skal hún þá svo reist, að á hvorugan sé gengið, sem land á að henni. Innlent efni skal, eftir því sem með þarf, taka að jöfnu úr þeim löndum, sem að henni liggja.

Nú ræður landamerkjum krókóttur vatnsfarvegur eða merki liggja í smákrókum af öðrum ástæðum, en landeigandi vill girða beint, og vill sá eigi samþykkja, er land á á móti, þá skal það þó heimilt, ef úttektarmenn (sbr. 6. gr.) meta, að eigi séu gildar ástæður til að banna girðinguna; skulu þeir þá ákveða girðingunni stað, og skal það gert þannig, að sem jafnast sneiðist bæði löndin. Nú fer þó svo, að meira sneiðist annað landið, og skal þá meta skaðabætur þeim, er landið missir. Réttur til annarra afnota en engja og beitar helzt þó óbreyttur, nema samkomulag verði um, að girðing skipti löndum til fullnustu.

11. gr.

Skylt er að halda öllum girðingum svo vel við, að búfé stafi ekki hætta af þeim.

Samgirðingu, sem lögð er samkvæmt ákvörðun 5. og 7. gr., er skylt að halda við, þannig að hún sé fjárheld svo fljótt sem verða má eftir að snjóa leysir af henni að vorinu og þar til snjó leggur á hana að hausti eða vetri. Vanræki annar hvor aðili viðhald hennar að sínum hluta, er hinum heimilt að gera við hana á kostnað eiganda. Nú sýnir eigandi samgirðingar vísvitandi hirðuleysi í þessu efni, svo að sameigandi hans í girðingunni eða aðrir verða af þeim sökum fyrir sannanlegu tjóni, og á hann þá rétt til bóta frá þeim, sem olli.

Valdi vanræksla í þessu efni skaða á búfé, varðar það sektum og skaðabótum til fénaðareiganda.

12. gr.

Girðingar úr sléttum vír eða vírneti má hvergi setja nær vegi en 1 metra frá vegjaðri og ekki nær en 3 metra frá miðjum vegi.

Girðingar úr gaddavír séu hvergi nær en 4 metra frá vegjaðri og 6 metra frá miðjum vegi. Þar sem skurðir eru meðfram vegi, skal metrabreið ræma af ytri skurðbakkanum teljast til vegarins, og má ekki gera girðingar á henni án sérstaks leyfis. Þegar girt er meðfram vegum á óræktuðu landi og skurður lítt fær eða ófær fénaði er á aðra hlið, má bilið frá veginum að girðingu á hina hlið vegarins eigi vera minna en 5 metrar.

13. gr.

Enginn má gera girðingu yfir veg með grindarhliði fyrir veginum, nema með leyfi vegamálastjóra, ef um þjóðveg eða fjallveg er að ræða, en með leyfi sýslunefndar, sé um sýsluveg að ræða, og leyfi hreppsnefndar, sé um aðra vegi að ræða. Synjun sýslunefndar um slík leyfi á sýsluvegum má skjóta til úrskurðar vegamálastjóra, og er úrskurður hans fullnaðarúrskurður; synjun hreppsnefndar um leyfi má skjóta til úrskurðar sýslunefndar. Sama bann gildir þar, sem mælt hefur verið fyrir vegi, enda hafi vegamálastjóri tilkynnt jarðarábúanda, hvar mælt hafi verið. Um kostnað og viðhald slíkra hliða fer eftir fyrirmælum 9. gr.

14. gr.

Nú er leyft að setja girðingu yfir veg með grindarhliði fyrir veginum, og skal þá hliðið vera að minnsta kosti 3 metra breitt á reiðvegi, en 4 metra breitt á akfærum vegi. Skal grindin vera svo gerð, að opna megi með því að taka til hendi af hestbaki og haldist opin, meðan farið er um hliðið. Skylt er vegfarendum að loka löglega gerðum hliðum á eftir sér.

15. gr.
Skylt er að halda við girðingum og hliðum á þeim, svo að aldrei geti þær eða þau hindrað eða bagað umferð um veginn. Þyki vegaverkstjórum þessa ekki gætt, skulu þeir áminna girðingareigendur og gefa þeim hæfilegan frest til að koma girðingunni eða hliðinu, ef þeir eiga að annast viðhald þess, í lag, en verði það ekki gert, er vegamálastjóra heimilt að úrskurða, að viðgerðin skuli framkvæmd á kostnað þess, er viðhald girðingarinnar á að annast.

16. gr.
Nú liggur vegur eða stígur eða vetrarleið (akbraut) yfir land manns og telst eigi til neins vegaflokks, og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg með hliði fyrir veginum, en eigi má hann hindra umferð um þann veg, nema hreppsnefnd leyfi. Neiti hreppsnefnd um slíkt leyfi, má skjóta málinu til hlutaðeigandi sýslunefndar, er leggur á það endanlegan úrskurð.

17. gr.
Heimilt er sýslunefnd að gera samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um samgirðingar til varnar gegn ágangi búfjár, um tilhögun þeirra, stofnkostnað og viðhald og um beit innan girðingarinnar.

18. gr.
Nú koma fyrir sýslunefnd óskir um að gera samþykkt samkv. 17. gr. Telji hún þær hafa við sterk rök að styðjast, skal hún þá eða oddviti hennar kveðja til fundar með nægum fyrirvara á svæði því, er samþykktinni er ætlað að ná yfir. Atkvæðisrétt á þeim fundi hafa allir, sem á nefndu svæði hafa jörð eða jarðarhluta til afnota. Sýslunefnd ákveður fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin kýs til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi.

19. gr.
Á fundi þeim, er getur um í 18. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþykktar, er áður hefur verið samþykkt af sýslunefndinni. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt að efni með ⅔ hlutum atkvæða, þeirra er fundinn sækja og samþykktin nær til, sendir sýslumaður það til stjórnarráðsins til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þó að fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með ⅔ hlutum atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögur, er samþykktarfundur gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt með ⅔ hlutum atkvæða, fer um það svo sem fyrr segir.

20. gr.
Heimilt er hreppsnefnd að gera samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sveitar um hið sama efni og til er tekið í 17. gr. Er öll meðferð samþykktar þá hin sama og 18. og 19. gr. skipa fyrir um, nema hreppsnefnd kemur þá hvarvetna í stað sýslunefndar og oddviti hreppsnefndar í stað oddvita sýslunefndar.

21. gr.
Nú er samþykkt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða réttinda manna, og er samþykktin þá endursend ásamt synjunarástæðum stjórnarráðsins.

Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birtingu

24
1. febr.
hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi. Upp frá því er hún skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa á því svæði, er hún nær yfir.

22. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 200—2000 kr., er renna í sýslusjóð. Sömuleiðis má ákveða fyrir brot móti samþykkt, er gerð kann að verða samkvæmt þessum lögum, sektir frá 200—2000 kr., er renni í sýslusjóð, ef um sýslusamþykkt er að ræða, eða í sveitarsjóð, ef brotið er móti hreppssamþykkt.

23. gr.

Með brot móti lögum þessum og samþykktum, sem gerðar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

24. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin girðingalög, nr. 66 22. nóv. 1913, svo og önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

*Gjört í Reykjavík, 1. febrúar 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.** **Jón Pálmason.** **Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

25
1. febr.

# LÖG

## um veitingu ríkisborgararéttar.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Bay, Leif Jan Agnar Axel prentmyndasmiður í Reykjavík, fæddur 7. sept. 1922 í Danmörku.
2. Berlin, Johannes Erik Fridolf, verkamaður í Reykjavík, fæddur 4. janúar 1916 í Finnlandi.
3. Blumenstein, Kurt Karl Andreas, húsgagnasmiður í Reykjavík, fæddur 28. janúar 1908 í Þýzkalandi.
4. Bröring, Francisca Elisabeth Maria, nunna í Hafnarfirði, fædd 13. júlí 1910 í Hollandi.
5. Eilertsen, Isak Jentoft Dagfinn, sjómaður, Reykjavík, fæddur 23. ágúst 1920 í Noregi.
6. Förelund, Ingvald, verkamaður í Reykjavík, fæddur 1. maí 1920 í Noregi.
7. Halldóra Elín Jónsdóttir, saumakona á Akureyri, fædd 10. október 1928 á Íslandi.
8. Hansen, Harald, rafvirki í Reykjavík, fæddur 17. júní 1906 í Noregi.
9. Hillers, Börge, mjólkuriðnaðarmaður á Selfossi, fæddur 3. júní 1915 í Danmörku.

10. Hirst, Karl Heinrich Max Moritz, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 31. júlí 1907 í Þýzkalandi. 25 1. febr.
11. Husby, Oskar Ingmar, verkamaður í Reykjavík, fæddur 29. október 1918 í Noregi.
12. Hüter, Margarethe Justine Anna Elisabeth, saumakona á Akureyri, fædd 27. desember 1911 í Þýzkalandi.
13. Juul, Thyra Marie, lyfjafræðingur í Reykjavík, fædd 1. marz 1897 í Danmörku.
14. Keil, Max Robert Heinrich, skrifstofumaður í Reykjavík, fæddur 14. janúar 1908 í Þýzkalandi.
15. Knauf, Edvard Carl Walter, blikksmiður á Ísafirði, fæddur 28. marz 1910 í Þýzkalandi.
16. Kummer, Gunnar Paul, verkamaður í Grindavík, fæddur 3. október 1934 í Þýzkalandi.
17. Kummer, Kristmundur Herbert, nemandi í Grindavík, fæddur 8. ágúst 1933 á Íslandi.
18. Larsen, Kristoffer Andreas, verkamaður í Reykjavík, fæddur 21. september 1918 í Noregi.
19. Lindberg, Peter Hans, skipasmiður í Hafnarfirði, fæddur 5. ágúst 1920 í Færeyjum.
20. Lönning, Eilif Olufson, verkamaður í Kópavogshreppi, fæddur 7. janúar 1896 í Noregi.
21. Moolenschot, Geertruida Alphonsa Maria, nunna í Hafnarfirði, fædd 9. febr. 1910 í Hollandi.
22. Mortensen, Jens Victor Ludvig, skipasmiður í Reykjavík, fæddur 28. desember 1916 í Færeyjum.
23. Münch, Ferdinand Emil Bruno, nemandi í Reykjavík, fæddur 17. september 1937 í Þýzkalandi.
24. Pettersen, Alexander Hartmann, rafvirkjanemi í Reykjavík, fæddur 21. september 1908 í Noregi.
25. Pietsch, Heribert Jósef, gleraugnasérfræðingur í Reykjavík, fæddur 12. marz 1910 í Þýzkalandi.
26. Rafn, Vidkun Amandus, vélvirkjanemi í Reykjavík, fæddur 26. maí 1923 í Noregi.
27. Rosenthal, Harry, iðnaðarmaður á Akureyri, fæddur 15. júlí 1895 í Þýzkalandi.
28. Schulz, Frithjof Max Karlsson, nemandi í Reykjavík, fæddur 6. maí 1937 í Þýzkalandi.
29. Steinunn Ásta Guðmundsdóttir, Akranesi, fædd 5. nóv. 1929 á Íslandi.
30. Syre, Gerd, vinnukona á Ísafirði, fædd 28. febrúar 1904 í Noregi.
31. Syre, Valborg, saumakona á Ísafirði, fædd 15. ágúst 1908 í Noregi.
32. Söderholm, Einar Leander Gustav-Adolfsson, vélamaður í Reykjavík, fæddur 17. nóvember 1916 í Finnlandi.
33. Thomassen, Olufine Louise, vinnukona á Patreksfirði, fædd 8. ágúst 1912 í Noregi.

    Réttur þessi tekur og til barns hennar, Jan Wladysläw Lotkowski, sem fæddur er 15. marz 1943 í Reykjavík.
34. Vedder, Wilhelm, úrsmiður í Reykjavík, fæddur 18. júní 1903 í Þýzkalandi.
35. Vroomen, Pieter Martin Hubert, prestur, Landakoti í Reykjavík, fæddur 13. ágúst 1906 í Hollandi.
36. Walbom, Wagner, pylsugerðarmaður í Reykjavík, fæddur 19. marz 1916 í Danmörku.
37. Weg, Otto Arnold, kennari í Reykjavík, fæddur 8. janúar 1933 í Þýzkalandi.

25
1. febr.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum nr. 54 27. júní 1925, um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 1. febrúar 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.** **Jón Pálmason.** **Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

26
4. febr.

# LÖG

## um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1949.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1949 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

| | Innborganir: | | Áætlun: | | Reikningur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Tekjur samkvæmt 2. gr. fjárlaga .. | kr. | 211 940 000.00 | kr. | 209 791 802.85 |
| 2. | — — 3. — A. — .. | — | 70 300 372.00 | — | 79 781 652.15 |
| 3. | — — 3. — B. — .. | — | 10 000.00 | — | 16 704.92 |
| 4. | — — 4. — — .. | — | 964 455.00 | — | 1 420 701.22 |
| 5. | — — 5. — — .. | — | 1 500 000.00 | — | 3 919 897.71 |
| 6. | Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga | — | 2 510 000.00 | — | 111 325 256.90 |
| | Greiðslujöfnuður | — | 504 053.00 | | |
| | | Kr. | 287 728 880.00 | Kr. | 406 256 015.75 |

| | Útborganir: | | Áætlun: | | Reikningur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Gjöld samkvæmt 7. gr. fjárlaga .. | kr. | 7 303 344.00 | kr. | 7 905 307.02 |
| 2. | — — 8. — — .. | — | 287 344.00 | — | 366 422.36 |
| 3. | — — 9. — — .. | — | 2 315 576.00 | — | 2 812 367.02 |
| 4. | — — 10. — I. — .. | — | 3 015 167.00 | — | 4 221 223.03 |
| 5. | — — 10. — II. — .. | — | 385 175.00 | — | 401 239.00 |
| 6. | — — 10. — III. — .. | — | 2 059 900.00 | — | 2 981 960.60 |
| 7. | — — 11. — A. — .. | — | 11 756 088.00 | — | 13 545 551.02 |
| 8. | — — 11. — B. — .. | — | 858 160.00 | — | 1 165 740.31 |
| 9. | — — 11. — C. — .. | — | 4 986 614.00 | — | 6 081 796.32 |
| 10. | — — 11. — D. — .. | — | 1 300 000.00 | — | 1 122 723.27 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 11. Gjöld samkvæmt 12. gr. fjárlaga .. | kr. | 14 056 595.00 | kr. | 13 867 162.09 | 26 |
| 12. — — 13. — A. — .. | — | 25 651 950.00 | — | 29 632 939.46 | 4. febr. |
| 13. — — 13. — B. — .. | — | 2 854 000.00 | — | 5 080 958.06 | |
| 14. — — 13. — C. — .. | — | 8 940 000.00 | — | 9 868 877.33 | |
| 15. — — 13. — D. — .. | — | 2 128 203.00 | — | 2 344 229.57 | |
| 16. — — 14. — A. — .. | — | 3 357 050.00 | — | 3 613 833.47 | |
| 17. — — 14. — B. — .. | — | 28 304 288.00 | — | 32 871 500.71 | |
| 18. — — 15. — A. — .. | — | 2 619 025.00 | — | 3 129 008.77 | |
| 19. — — 15. — B. — .. | — | 3 336 183.00 | — | 3 532 227.50 | |
| 20. — — 16. — A. — .. | — | 20 266 675.00 | — | 22 937 747.99 | |
| 21. — — 16. — B. — .. | — | 1 176 624.00 | — | 1 649 687.38 | |
| 22. — — 16. — C. — .. | — | 751 220.00 | — | 772 211.10 | |
| 23. — — 16. — D. — .. | — | 5 010 690.00 | — | 4 943 219.99 | |
| 24. — — 17. — — .. | — | 26 443 190.00 | — | 28 397 230.45 | |
| 25. — — 18. — — .. | — | 5 840 231.00 | — | 6 643 699.79 | |
| 26. — — 19. — 1. — .. | — | 64 640 000.00 | — | 73 115 544.19 | |
| 27. — — 19. — 2. — .. | — | 6 500 000.00 | — | 7 022 956.98 | |
| 28. — — 19. — 3. — .. | — | 500 000.00 | — | 5 713 343 19 | |
| 29. Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga | — | 31 085 588.00 | — | 108 347 866.39 | |
| Mismunur út- og innborgana | | | — | 2 167 441.39 | |
| | Kr. | 287 728 880.00 | Kr. | 406 256 015.75 | |

*Gjört í Reykjavík, 4. febrúar 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.** **Jón Pálmason.** **Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

# LÖG 27

## um breyting á lögum, nr. 44/1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. 4. febr.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

**samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,**

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir III. kafla laganna (37. gr.) komi nýr kafli, er nefnist: **Lánadeild smáíbúðarhúsa** — og breytist kaflaskipting laganna og greinatala samkvæmt því.

2. gr.

(38. gr.) Stofna skal lánadeild, sem veitir einstaklingum í kaupstöðum og kauptúnum lán til bygginga smárra íbúðarhúsa, er þeir hyggjast koma upp að nokkru eða verulegu leyti með eigin vinnu sinni og fjölskyldu sinnar.

Fela má Landsbanka Íslands eða annarri lánsstofnun, sem félagsmálaráðherra semur við, stjórn, reikningshald og starfrækslu lánadeildarinnar.

27
4. febr.

3. gr.

(39. gr.) Ríkissjóður leggur fram 4 milljónir króna sem stofnfé lánadeildarinnar.

4. gr.

(40. gr.) Lán þau, sem lánadeild smáíbúðarhúsa veitir, skulu tryggð með 2. veðrétti í húseign þeirri, sem féð er lánað til. Ársvextir skulu vera 5½ af hundraði og lánstími allt að 15 ár. Eigi má veita hærra lán til hverrar smáíbúðar en 30 þúsund krónur, og eigi má hvíla hærri upphæð á fyrsta veðrétti smáíbúðar, sem lán er veitt til samkvæmt lögum þessum, en 60 þúsund krónur.

5. gr.

(41. gr.) Sá, sem sækir um lán til húsbygginga samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skal láta fylgja umsókn sinni eftirtalin skilríki:

1. Lóðarsamning eða önnur fullnægjandi skilríki sér til handa fyrir lóð undir smáhýsi.
2. Uppdrátt af húsinu, sem reisa á, götunafn og númer.
3. Upplýsingar um, hversu hátt lán hafi verið tekið eða muni verða tekið út á 1. veðrétt í húsinu og hvernig þess fjár er aflað.
4. Umsögn sveitarstjórnar um húsnæðisþörf umsækjanda.

6. gr.

(42. gr.) Eftirtaldir aðilar skulu sitja fyrir lánum til smáíbúðabygginga:

1. Barnafjölskyldur.
2. Ungt fólk, sem stofnar til hjúskapar.
3. Fólk, sem býr í heilsuspillandi húsnæði, er ekki verður útrýmt samkvæmt III. kafla laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 44/1946 og gefa þau út svo breytt.

**Bráðabirgðaákvæði.**

Aftan við lögin komi nýtt bráðabirgðaákvæði, svo hljóðandi:

Lánskjör á fé því, sem ríkissjóður leggur fram árið 1952 til íbúðabygginga sveitarfélaga samkvæmt III. kafla laga nr. 44/1946, skulu verða þau, að ársvextir séu 5½ af hundraði og lánstími 20 ár.

*Gjört í Reykjavík, 4. febrúar 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.** **Jón Pálmason.** **Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

# LÖG



## um gjald af kvikmyndasýningum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,
*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Sveitarstjórnum (bæjarstjórnum og hreppsnefndum) er heimilt að leggja sérstakt gjald á kvikmyndasýningar, aðrar en sýningar íslenzkra kvikmynda og fræðslukvikmynda.

2. gr.

Gjaldið má vera allt að 10% af aðgangseyri að kvikmyndasýningum, þegar frá honum hefur verið dreginn álagður skemmtanaskattur, enda séu þá eigendur kvikmyndahúsanna undanþegnir sætagjaldi.

3. gr.

Gjaldið skal ákvarðað af sveitarstjórn, sem einnig setur nánari reglur um gjalddaga þess og annað, er að innheimtu lýtur.

4. gr.

Gjaldinu skal varið til menningar- og líknarmála í viðkomandi sveitarfélagi, eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

5. gr.

Gjald samkvæmt lögum þessum má innheimta með lögtaki.

Ef gjaldandi lætur ekki í té upplýsingar, sem skipta máli um innheimtu gjaldsins, skal hann sæta allt að 500 króna dagsektum. Brot gegn lögum þessum og reglugerð samkvæmt þeim varða sektum, allt að 10 000 krónum.

Með mál, sem rísa kunna vegna brota á lögum þessum eða reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá numin úr gildi lög nr. 34 22. nóv. 1918, að því leyti sem þau eiga við kvikmyndasýningar.

*Gjört í Reykjavík, 4. febrúar 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Jón Ásbjörnsson.**
**(L. S.)**

*Steingrímur Steinþórsson.*

29
4. febr.

# LÖG
## um heimild fyrir sveitarstjórnir til að innheimta með álagi fasteignaskatta til sveitarsjóða.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Heimilt er sveitarstjórn, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, að ákveða, að innheimta skuli með allt að 400% álagi alla skatta og önnur gjöld, sem miðuð eru við núgildandi fasteignamat og aukamat og renna eiga í sveitarsjóð, að vatnsskatti undanskildum.

2. gr.

Ákveða má, að hækkun þessi komi til framkvæmda við innheimtu fasteignagjalda árið 1952.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 4. febrúar 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

30
4. febr.

# LÖG
## um hámark húsaleigu o. fl.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Hámark þeirrar húsaleigu, sem ákveða má fyrir íbúðarhúsnæði, skal vera sem hér segir:

1. Í húsum, teknum til afnota fyrir 1. jan. 1942, kr. 7.00 á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar íbúðarhúsnæðis, miðað við utanmál.
2. Í húsum, teknum til afnota á tímabilinu 1. janúar 1942 til 1. janúar 1946, kr. 9.00 á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar íbúðarhúsnæðis, miðað við utanmál.
3. Í húsum, teknum til afnota eftir 1. jan. 1946, kr. 11.00 á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar íbúðarhúsnæðis, miðað við utanmál.

Verðlagsuppbót samkvæmt húsaleiguvísitölu greiðist ekki á leiguupphæð samkvæmt þessari grein.

2. gr. 30 4. febr.

Húsaleigunefndir framkvæma mat á leiguhúsnæði og annast um, að ákvæðum 1. gr. sé fylgt.

3. gr.

Fyrir orðin „14. maí 1952“ á tveim stöðum í 7. gr. laga nr. 56 1950, um breyting á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu, kemur: 14. maí 1953.

4. gr.

Leigusala (framleigusala) er óheimilt að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarhúsnæði, og eru slíkir leigusamningar ógildir.

Opinberir starfsmenn ríkis og bæja og alþingismenn, er koma til þingsetu, eru undanþegnir ákvæðum 1. mgr., svo og fastir nemendur í skólum ríkisins eða skólum, sem styrktir eru af ríkisfé, meðan þeir þurfa að hafa not skólavistar, en tilkynna skulu þessir aðilar húsaleigunefnd ekki síðar en viku eftir að þeir koma í bæinn, hvaða húsnæði þeir hafa fengið, og um leiguskilmála. Húsaleigunefnd er og heimilt að veita einstökum mönnum undanþágu frá ákvæðum sömu málsgr., ef alveg sérstaklega stendur á.

Utanhéraðsmönnum er óheimilt að flytja í hús, er þeir kunna að kaupa eftir gildistöku laga þessara í kaupstöðum eða kauptúnum landsins, nema fullnægt sé ákvæði 2. málsgr. þessarar greinar.

Húsaleigunefnd getur látið framkvæma útburð á þeim utanhéraðsmönnum, sem ólöglega hafa tekið húsnæði á leigu eða flutt í það samkvæmt framansögðu, og skal þessu húsnæði ráðstafað handa húsnæðislausum innanhéraðsmönnum.

5. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum frá 100—10000 krónum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 4. febrúar 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.** **Jón Pálmason.** (L. S.) **Jón Ásbjörnsson.**

*Steingrímur Steinþórsson.*

# LÖG 31 4. febr.

## um skipun prestakalla.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Prófastsdæmum og prestaköllum landsins skal skipað þannig:

I. *Norður-Múlaprófastsdæmi.*

1. *Skeggjastaðir.* Skeggjastaðasókn.
Prestssetur: Skeggjastaðir.

31
4. febr.

2. *Hof í Vopnafirði.* Hofs- og Vopnafjarðarsóknir.
Prestssetur: Hof.
3. *Hofteigur.* Hofteigs-, Eiríksstaða-, Sleðbrjóts- og Möðrudalssóknir.
Prestssetur: Hofteigur.
4. *Kirkjubær.* Kirkjubæjar-, Eiða- og Hjaltastaðarsóknir.
Prestssetur: Kirkjubær.
5. *Valþjófsstaður.* Valþjófsstaðar- og Ásssóknir.
Prestssetur: Valþjófsstaður.
6. *Desjarmýri.* Borgarfjarðar-, Njarðvíkur- og Húsavíkursóknir.
Prestssetur: Desjarmýri.
7. *Seyðisfjörður.* Seyðisfjarðar- og Klyppsstaðasóknir.
Prestssetur á Seyðisfirði.

II. *Suður-Múlaprófastsdæmi.*

8. *Vallanes.* Vallaness- og Þingmúlasóknir.
Prestssetur: Vallanes.
9. *Norðfjörður.* Norðfjarðar- og Brekkusóknir.
Prestssetur í Neskaupstað.
10. *Eskifjörður.* Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarsóknir.
Prestssetur á Eskifirði.
11. *Kolfreyjustaður.* Kolfreyjustaðar- og Fáskrúðsfjarðarsóknir.
Prestssetur: Kolfreyjustaður.
12. *Heydalir.* Heydala- og Stöðvarfjarðarsóknir.
Prestssetur: Heydalir.
13. *Djúpivogur.* Djúpavogs-, Beruness-, Berufjarðar- og Hofssóknir.
Prestssetur á Djúpavogi.

III. *Austur-Skaftafellsprófastsdæmi.*

14. *Bjarnanes.* Bjarnaness- og Stafafellssóknir.
Prestssetur: Bjarnanes.
15. *Kálfafellsstaður.* Kálfafellsstaðar- og Brunnhólssóknir.
Prestssetur: Kálfafellsstaður.
16. *Hof í Öræfum.* Hofssókn.
Prestssetur: Sandfell.
Heimilt er kirkjustjórninni að selja Sandfell og flytja prestssetrið á hentugri stað.

IV. *Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi.*

17. *Kirkjubæjarklaustur (Kirkjubær).* Prestsbakka- og Kálfafellssóknir.
Prestssetur: Kirkjubæjarklaustur.
18. *Ásar.* Grafar-, Þykkvabæjar- og Langholtssóknir.
Prestssetur: Ásar.
19. *Vík.* Víkur-, Reynis- og Skeiðflatarsóknir.
Prestssetur í Vík.

V. *Rangárvallaprófastsdæmi.*

20. *Holt undir Eyjafjöllum.* Eyvindarhóla-, Ásólfsskála- og Stóradalssóknir.
Prestssetur: Holt.
21. *Bergþórshvoll.* Kross- og Akureyjarsóknir.
Prestssetur: Bergþórshvoll.

22. *Breiðabólstaður í Fljótshlíð.* Breiðabólstaðar- og Hlíðarendasóknir.
Prestssetur: Breiðabólstaður.
23. *Oddi.* Odda-, Stórólfshvols- og Keldnasóknir.
Prestssetur: Oddi.
24. *Kirkjuhvoll.* Kálfholts-, Hábæjar- og Árbæjarsóknir.
Prestssetur: Kirkjuhvoll.
25. *Fellsmúli.* Skarðs-, Haga- og Marteinstungusóknir.
Prestssetur: Fellsmúli.

VI. *Árnessprófastsdæmi.*

26. *Stóri-Núpur.* Stóra-Núps, Hreppphóla- og Ólafsvallasóknir.
Prestssetur: Skarð.
27. *Hruni.* Hruna- og Tungufellssóknir.
Prestssetur: Hruni.
28. *Skálholt.* Skálholts-, Torfastaða-, Haukadals-, Bræðratungu- og Úthlíðarsóknir.
Prestssetur: Skálholt.
29. *Mosfell í Grímsnesi.* Mosfells-, Miðdals-, Stóruborgar- og Búrfellssóknir.
Prestssetur: Mosfell.
30. *Þingvellir.* Þingvalla- og Úlfljótsvatnssóknir.
Prestssetur: Þingvellir.
31. *Hraungerði.* Hraungerðis-, Villingaholts- og Laugardælasóknir.
Prestssetur: Hraungerði eða Selfoss.
32. *Eyrarbakki.* Eyrarbakka-, Stokkseyrar- og Gaulverjabæjarsóknir.
Prestssetur á Eyrarbakka.
33. *Hveragerði.* Kotstrandar-, Hjalla- og Strandarsóknir.
Prestssetur í Hveragerði.

VII. *Kjalarnessprófastsdæmi.*

34. *Grindavík.* Grindavíkur- og Kirkjuvogssóknir.
Prestssetur í Grindavík.
35. *Útskálar.* Útskála- og Hvalsnesssóknir.
Prestssetur: Útskálar.
36. *Keflavík.* Keflavíkur- og Innri-Njarðvíkursóknir.
Prestssetur í Keflavík.
37. *Hafnarfjörður.* Hafnarfjarðar-, Kálfatjarnar- og Bessastaðasóknir.
Prestssetur í Hafnarfirði.
38. *Mosfell í Mosfellssveit.* Lágafells- og Viðeyjarsóknir.
Prestssetur: Mosfell.
39. *Reynivellir.* Reynivalla-, Saurbæjar- og Brautarholtssóknir.
Prestssetur: Reynivellir.
40. *Vestmannaeyjar.* Ofanleitissókn.
Prestssetur: Ofanleiti.

VIII. *Reykjavíkurprófastsdæmi.*

41.—49. Í Reykjavíkurprófastsdæmi skulu jafnan vera svo margir prestar, að sem næst 5000 manns komi á hvern að meðaltali. Kirkjustjórnin ákveður takmörk sókna og prestakalla að fengnum tillögum safnaðaráðs Reykjavíkur (sbr. 2. gr.) og velur þeim heiti.

31
4. febr.

IX. *Borgarfjarðarprófastsdæmi.*

50. *Saurbær á Hvalfjarðarströnd.* Saurbæjar-, Leirár- og Innra-Hólmssóknir.
Prestssetur: Saurbær.
51. *Akranes.* Akranessókn.
Prestssetur á Akranesi.
52. *Hvanneyri.* Hvanneyrar-, Bæjar-, Lundar- og Fitjasóknir.
Prestssetur: Hvanneyri.
53. *Reykholt.* Reykholts-, Stóra-Áss-, Gilsbakka- og Síðumúlasóknir.
Prestssetur: Reykholt.

X. *Mýraprófastsdæmi.*

54. *Stafholt.* Stafholts-, Hjarðarholts-, Hvamms- og Norðtungusóknir.
Prestssetur: Stafholt.
55. *Borg.* Borgar-, Borgarness- og Álftanesssóknir.
Prestssetur: Borg.
56. *Staðarhraun.* Staðarhrauns-, Akra- og Álftártungusóknir.
Prestssetur: Staðarhraun.

XI. *Snæfellsnessprófastsdæmi.*

57. *Miklaholt.* Fáskrúðarbakka-, Rauðamels- og Kolbeinsstaðasóknir.
Prestssetur: Söðulsholt.
58. *Staðastaður:* Staðastaðar-, Búða- og Hellnasóknir.
Prestssetur: Staðastaður.
59. *Ólafsvík.* Ólafsvíkur-, Ingjaldshóls- og Brimilsvallasóknir.
Prestssetur: Ólafsvík.
60. *Setberg:* Setbergssókn.
Prestssetur: Setberg.
61. *Stykkishólmur.* Stykkishólms-, Helgafells- og Bjarnarhafnarsóknir.
Prestssetur: Stykkishólmur.
62. *Breiðabólstaður.* Breiðabólstaðar- og Narfeyrarsóknir.
Prestssetur: Breiðabólstaður.

XII. *Dalaprófastsdæmi.*

63. *Kvennabrekka.* Kvennabrekku-, Stóra-Vatnshorns- og Snóksdalssóknir.
Prestssetur: Kvennabrekka.
64. *Hvammur í Dölum.* Hvamms-, Hjarðarholts- og Staðarfellssóknir.
Prestssetur: Hvammur.
65. *Staðarhólsþing.* Staðarhóls-, Skarðs- og Dagverðarnesssóknir.
Prestssetur: Hvoll.
Heimilt er kirkjustjórninni að selja Hvol og flytja prestssetrið á hentugri stað.

XIII. *Barðastrandarprófastsdæmi.*

66. *Flatey.* Flateyjar- og Múlasóknir.
Prestssetur í Flatey.
67. *Reykhólar.* Reykhóla-, Garpsdals-, Staðar- og Gufudalssóknir.
Prestssetur: Reykhólar.
68. *Brjánslækur.* Brjánslækjar- og Hagasóknir.
Prestssetur: Brjánslækur.

69. *Sauðlauksdalur.* Sauðlauksdals-, Saurbæjar- og Breiðuvíkursóknir. **31**
Prestssetur: Sauðlauksdalur. 4. febr.
70. *Patreksfjörður.* Patreksfjarðar- og Stóra-Laugardalssóknir.
Prestssetur á Patreksfirði.
71. *Bíldudalur.* Bíldudals- og Selárdalssóknir.
Prestssetur á Bíldudal.

XIV. *Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi.*
72. *Hrafnseyri.* Hrafnseyrar- og Álftamýrarsóknir.
Prestssetur: Hrafnseyri.
73. *Þingeyri.* Þingeyrar- og Hraunssóknir.
Prestssetur á Þingeyri.
74. *Núpur í Dýrafirði.* Núps-, Mýra- og Sæbólssóknir.
Prestssetur: Núpur.
75. *Holt í Önundarfirði.* Holts-, Flateyrar- og Kirkjubólssóknir.
Prestssetur: Holt.
76. *Súgandafjörður.* Staðarsókn.
Prestssetur á Stað eða Suðureyri.

XV. *Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.*
77. *Bolungarvík.* Hólssókn.
Prestssetur í Bolungarvík.
78. *Ísafjörður.* Ísafjarðar- og Hnífsdalssóknir.
Prestssetur á Ísafirði.
79. *Ögurþing.* Ögur- og Eyrarsóknir.
Prestssetur: Hvítanes.
Heimilt er kirkjustjórninni að selja Hvítanes og flytja prestssetrið á hentugri stað.
80. *Vatnsfjörður.* Vatnsfjarðar-, Nauteyrar- og Unaðsdalssóknir.
Prestssetur: Vatnsfjörður.
81. *Staður í Grunnavík.* Staðar-, Hesteyrar- og Staðarsókn í Aðalvík.
Prestssetur: Staður.

XVI. *Strandaprófastsdæmi.*
82. *Árnes.* Árnessókn.
Prestssetur: Árnes.
83. *Hólmavík.* Hólmavíkur-, Staðar-, Drangsness-, Kaldrananess- og Kollafjarðarnesssóknir.
Prestssetur á Hólmavík.
84. *Prestsbakki í Hrútafirði.* Prestsbakka-, Staðar- og Óspakseyrarsóknir.
Prestssetur: Prestsbakki.

XVII. *Húnavatnsprófastsdæmi.*
85. *Melstaður.* Melstaðar-, Kirkjuhvamms-, Staðarbakka- og Efra-Núpssóknir.
Prestssetur: Melstaður.
86. *Tjörn á Vatnsnesi.* Tjarnar- og Vesturhópshólasóknir.
Prestssetur: Tjörn.
87. *Breiðabólstaður í Vesturhópi.* Breiðabólstaðar- og Víðidalstungusóknir.
Prestssetur: Breiðabólstaður.

31
4. febr.

88. *Þingeyraklaustur.* Þingeyra-, Undirfells- og Blönduósssóknir (Blönduósshreppur).
Prestssetur: Steinnes.
89. *Æsustaðir.* Holtastaða-, Bólstaðarhlíðar-, Bergsstaða-, Auðkúlu- og Svínavatnssóknir.
Prestssetur: Æsustaðir.
90. *Höskuldsstaðir.* Höskuldsstaða-, Skagastrandar- og Hofssóknir.
Prestssetur: Höskuldsstaðir.

XVIII. *Skagafjarðarprófastsdæmi.*
91. *Hvammur í Laxárdal.* Hvamms- og Ketusóknir.
Prestssetur: Hvammur.
92. *Sauðárkrókur.* Sauðárkróks- og Rípursóknir.
Prestssetur á Sauðárkróki.
93. *Glaumbær.* Glaumbæjar-, Reynistaðar- og Víðimýrarsóknir.
Prestssetur: Glaumbær.
94. *Mælifell.* Mælifells-, Reykja-, Goðdala- og Ábæjarsóknir.
Prestssetur: Mælifell.
95. *Miklibær.* Miklabæjar-, Silfrastaða- og Flugumýrarsóknir.
Prestssetur: Miklibær.
96. *Hólar í Hjaltadal.* Hóla-, Viðvíkur- og Hofstaðasóknir.
Prestssetur: Hólar.
97. *Hofsós.* Hofsóss-, Hofs- og Fellssóknir.
Prestssetur á Hofsósi.
98. *Barð.* Barðs- og Knappsstaðasóknir.
Prestssetur: Barð.

XIX. *Eyjafjarðarprófastsdæmi.*
99. *Grímsey.* Miðgarðasókn.
Prestssetur: Miðgarðar.
100. *Siglufjörður.* Siglufjarðarsókn.
Prestssetur á Siglufirði.
101. *Ólafsfjörður.* Ólafsfjarðarsókn.
Prestssetur á Ólafsfirði.
102. *Vellir.* Valla-, Tjarnar-, Urða- og Upsasóknir.
Prestssetur: Vellir.
103. *Hrísey.* Hríseyjar- og Stærra-Árskógssóknir.
Prestssetur í Hrísey.
104. *Möðruvellir í Hörgárdal.* Möðruvalla-, Glæsibæjar-, Bakka- og Bægisársóknir.
Prestssetur: Möðruvellir.
105.—106. *Akureyri.* Akureyrar- og Lögmannshlíðarsóknir.
Prestssetur á Akureyri.
107. *Laugaland.* Munkaþverár-, Kaupangs-, Grundar-, Möðruvalla-, Saurbæjar- og Hólasóknir.
Prestssetur: Laugaland.

XX. *Suður-Þingeyjarprófastsdæmi.*
108. *Laufás.* Laufáss-, Svalbarðs- og Grenivíkursóknir.
Prestssetur: Laufás.
109. *Háls.* Háls-, Illugastaða- og Draflastaðasóknir.
Prestssetur: Háls.

110. *Vatnsendi.* Ljósavatns-, Þóroddsstaðar- og Lundarbrekkusóknir. 31
Prestssetur: Vatnsendi. 4. febr.
111. *Skútustaðir.* Skútustaða-, Reykjahlíðar- og Víðihólssóknir.
Prestssetur: Skútustaðir.
112. *Grenjaðarstaður.* Grenjaðarstaðar-, Þverár-, Einarsstaða- og Nessóknir.
Prestssetur: Grenjaðarstaður.
113. *Húsavík.* Húsavíkur- og Brettingsstaðasóknir.
Prestssetur á Húsavík.

XXI. *Norður-Þingeyjarprófastsdæmi.*
114. *Skinnastaður.* Skinnastaðar-, Garðs- og Snartarstaðasóknir.
Prestssetur: Skinnastaður.
115. *Raufarhöfn.* Raufarhafnarsókn.
Prestssetur á Raufarhöfn.
116. *Sauðanes.* Sauðaness- og Svalbarðssóknir.
Prestssetur: Sauðanes.

2. gr.

Í Reykjavík skal vera safnaðaráð. Skal það skipað formönnum safnaðarnefnda og safnaðarfulltrúum í prófastsdæminu og prestum þess. Prófastur er formaður ráðsins og kallar það saman. Verkefni ráðsins er:

1. Að gera tillögur um skiptingu prófastsdæmisins í sóknir og prestaköll og um breytingar á þeim svo oft sem þörf er, og skal sú skipting að jafnaði miðuð við það, að einn prestur sé í hverju prestakalli.
2. Að sjá um kosningu safnaðarnefnda í prestaköllum eftir skiptingu. Ein safnaðarnefnd sé fyrir hvert prestakall, og hefur hún á hendi störf sóknarnefnda, eftir því sem við á, og er kosin með sama hætti. Þar, sem fleiri en einn söfnuður nota sömu kirkju, skulu nefndirnar hafa sameiginlega stjórn á afnotum og fjármálum kirkjunnar.
3. Að vinna að eflingu kirkjulegs starfs og kristilegrar félagsstarfsemi innan prófastsdæmisins.

3. gr.

Í kaupstöðum utan Reykjavíkur skulu prestar vera svo margir, að sem næst 4000 manns komi á hvern. Skipta skal prestaköllum, þar sem eru tveir eða fleiri prestar, á hliðstæðan hátt og ákveðið er í 2. gr.

4. gr.

Nú er skipt prestakalli, þar sem er einn prestur, í tvö eða fleiri prestaköll, og hefur þá presturinn rétt til að velja, hvaða hluta þess hann hyggst að þjóna.

5. gr.

Sveitarfélögum kaupstaða og kauptúna er skylt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og prestssetурshús, sem reist verða samkvæmt lögum þessum. Skulu lóðirnar valdar á hentugum stöðum með samþykki kirkjustjórnar.

6. gr.

Sóknarprestarnir á Skeggjastöðum, Hofi í Öræfum, Breiðabólstað á Skógarströnd, Sauðlauksdal, Hrafnseyri, Árnesi, Hvammi í Laxárdal, Grímsey, Tjörn á Vatnsnesi, Staðarhrauni og Raufarhöfn skulu jafnframt gegna þar kennarastörfum, enda fullnægi þeir ákvæðum laga um menntun kennara, og taka þeir þá laun fyrir hvor tveggja þessi störf í næsta launaflokki fyrir ofan aðra sóknarpresta.

31
4. febr.

7. gr.

Andvirði prestssetra þeirra, sem lögð verða niður samkvæmt lögum þessum, skal verja til húsbygginga og annarra endurbóta á prestssetrum í viðkomandi prestaköllum.

8. gr.

Nú vilja menn breyta skipun sókna eða takmörkun prestakalla, flytja sókn úr einu prestakalli í annað, leggja niður kirkju eða færa úr stað eða taka upp nýja kirkju, þar sem ákvæði 2. og 3. gr. eiga ekki við, og skal það mál koma fyrir safnaðarfund, eða safnaðarfundi, ef fleiri en einn söfnuður eiga í hlut. Ef breytingin viðkemur aðeins einum söfnuði, ræður meiri hluti atkvæða á lögmætum safnaðarfundi. Séu söfnuðir tveir, ræður meiri hluti atkvæða á báðum fundum. Séu söfnuðir fleiri en tveir, ræður meiri hluti safnaðarfunda. Samþykki síðan héraðsfundur (eða héraðsfundir, ef breytingin nær til fleiri en eins prófastsdæmis) tillögurnar, er kirkjustjórn rétt að staðfesta breytingarnar.

9. gr.

Nú er við breytingar þær, sem um ræðir í 8. gr., aðeins um tilfærslu gjaldenda milli sókna að ræða, og kirkjur eru í báðum sóknum, og skal þá sóknarkirkja sú, er nýja gjaldendur fær við sóknarbreytinguna, gjalda kirkju þeirrar sóknar, er gjaldendur missir, sem svarar þriggja ára lögboðnu sóknargjaldi fyrir hvern gjaldanda. Upphæðin greiðist með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum, en án vaxta.

Nú er sókn skipt og tekin upp ný sókn og kirkjubygging hafin, og skal þá kirkjumálaráðherra í samráði við biskup skipa þrjá menn til þess að meta skuldlausar eignir sóknarkirkjunnar. Er kirkjunni síðan skylt að greiða vaxtalaust og með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum þann hluta eignanna, er hinni nýju sókn ber að tiltölu réttri við tölu gjaldenda í báðum sóknum, þegar skiptin fara fram, að frádregnu þriggja ára sóknargjaldi þeirra gjaldenda, er kirkjan missir við skiptinguna.

Þegar ný sókn er löglega upp tekin, er presti þess prestakalls, þar sem guðsþjónustuhús sóknarinnar er, skylt að syngja þar messur án sérstaks endurgjalds.

10. gr.

Þegar sóknarkirkja er lögð niður, skulu eignir hennar og andvirði renna til þeirrar kirkju eða þeirra kirkna, er sóknin hverfur til, og skiptast á milli þeirra í réttu hlutfalli við tölu þeirra gjaldenda, er hverri sókn bætist við niðurlagningu sóknarinnar.

Nú eyðist kirkjusókn gersamlega að fólki eða söfnuður er orðinn svo fámennur, að hann getur ekki haldið kirkju messufærri að dómi hlutaðeigandi sóknarprests og prófasts, og skal þá prófastur taka við sjóði kirkjunnar og umsjón hennar. Kirkjustjórn ákveður síðan, að fengnum tillögum héraðsprófasts, hvort kirkjan skuli lögð niður. Ef svo verður, varðveitist andvirði hennar og sjóður í Hinum almenna kirkjusjóði. Þau heimili, sem eftir kynnu að vera í sókninni, skulu lögð til annarrar sóknar eða sókna eftir ákvörðun kirkjustjórnar.

Byggist sóknin á ný og sóknarmenn ákveða að endurreisa kirkju, skal veita henni sóknarréttindi að nýju og afhenda sjóð hinnar niðurlögðu kirkju.

11. gr.

Kirkjustjórn hlutast til um, að þær breytingar á skipun prestakalla, sem að ofan eru ákveðnar, komist á, svo fljótt sem því verður við komið eftir gildistöku þessara laga.

Ákvæði 6. gr. koma til framkvæmda jafnóðum og kennarastöður losna í hlutaðeigandi skólahverfum.

12. gr. 31 4. febr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952. Frá sama tíma eru úr gildi numin:

Lög nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 20 2. júní 1917, um niðurlagning Njarðvíkurkirkju og sameining Keflavíkur- og Njarðvíkursókna.

Lög nr. 27 26. okt. 1917, um breytingu á 1. gr. laga nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 36 27. júní 1925, um skiptingu Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll.

Lög nr. 37 31. maí 1927, um breytingu á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, 1. gr.

Lög nr. 19 1. febr. 1936, um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 63 11. júní 1938, um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 76 7. maí 1940, um afhending dómkirkjunnar til safnaðarins í Reykjavík og skiptingu Reykjavíkur í prestaköll.

Lög nr. 45 5. apríl 1948, um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 37 14. marz 1951, um breyting á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Svo og önnur lagaákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi.

*Gjört í Reykjavík, 4. febrúar 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.** **Jón Pálmason.** **Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

# LÖG 32 4. febr.

## um breyting á lögum nr. 32 7. maí 1928, um sundhöll í Reykjavík.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Stafliður c í 1. gr. laganna orðist þannig:

Að nemendur úr skólum, sem landið kostar að meira eða minna leyti, í Reykjavík fái aðgang til sundnáms í sundhöllinni, enda geri fræðslumálastjórn og bæjarstjórn Reykjavíkur samkomulag sín á milli um kostnað, sem af þessu hlýzt, og greiðslu þess kostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 4. febrúar 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.** **Jón Pálmason.** **Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Björn Ólafsson.*

33
4. febr.

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,
*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Aftan við lögin komi:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Ráðherra getur, að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólastjórnar, heimilað, að við menntaskólana starfi óskipt miðskóladeild til vorsins 1954.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 4. febrúar 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.** **Jón Pálmason.** (L. S.) **Jón Ásbjörnsson.**

*Björn Ólafsson.*

34
4. febr.

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,
*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

**1. gr.**

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

| | Tolleining | Vörumagnstollur Aurar | Verðtollur % |
|---|---|---|---|
| 1. Nr. 6 í 25. kafla orðist svo: | | | |
| 6 — annað | 1 kg | 1 | 2 |
| 2. Orðin „svo og hexan“ í nr. 60a í 28. kafla falla niður. | | | |
| 3. Á eftir nr. 60b í 28. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi: | | | |
| 60c Hexan | — | 2 | |
| 4. Nr. 4 í 54. kafla orðist svo: | | | |
| 4 — úr vefnaði, flóka, sefi, strái ót. a., einnig þótt hann sé með leðursólum, gúmmísólum eða sólum úr öðrum efnum, þar með taldir strigaskór og inniskór, enda sé minna en 50% af þunga skófatnaðarins kátsjúk | — | 20 | 40 |

2. gr.

34
4. febr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er jafnframt úr gildi felldur 8. töluliður 1. gr. laga nr. 49 frá 1950, um breyting á lögum nr. 62 frá 1939, og 12. liður laga nr. 108 frá 1951, um breyting á sömu lögum.

*Gjört í Reykjavík, 4. febrúar 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

# FJÁRAUKALÖG

35
5. febr.

**fyrir árið 1949.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1949, eru veittar kr. 15 014 768.40 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr., og kr. 45 878 401.93 til þeirra gjalda, sem talin eru í 3.—14. gr. hér á eftir, samtals kr. 60 893 170.33.

Til viðbótar fé því, sem veitt er til eignahreyfinga, eru veittar kr. 73 686 782.52.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. er veitt:

A.

**1. Póstmál:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 2. | Póststofan í Reykjavík | kr. | 258 889.99 | | |
| 3. | Póstafgreiðslur og bréfhirðingar | — | 128 058.24 | | |
| 4. | Póstflutningar | — | 281 367.55 | | |
| 5. | Önnur gjöld | — | 163 266.88 | | |
| 6. | Fyrningar | — | 20 114.49 | | |
| | | | | kr. | 851 697.15 |

en tekjur urðu kr. 6 061 484.05.

**2. Síminn:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Til notendasíma í sveitum | kr. | 727 489.49 |
| 2. | Til starfrækslu landssímanna: | | |
| a. | Kostnaður við aðalskrifstofu landssímans | — | 72 963.81 |
| b. | Ritsíminn í Reykjavík | — | 148 807.15 |
| c. | Loftskeytastöðin í Reykjavík | — | 9 174.69 |
| d. | Stuttbylgjustöðin í Reykjavík | — | 22 751.29 |
| e. | Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði | — | 110 524.47 |
| f. | Áhaldahúsið | — | 8 152.68 |
| g. | Ritsímastöðin á Akureyri | — | 141 863.09 |

35
5. febr.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| h. | Ritsímastöðin á Seyðisfirði | kr. | 24 503.63 | | |
| i. | Ritsímastöðin á Ísafirði | — | 5 551.48 | | |
| j. | Símastöðin á Borðeyri | — | 29 090.85 | | |
| k. | Símastöðin í Vestmannaeyjum | — | 138 788.33 | | |
| l. | Símastöðin á Siglufirði | — | 38 983.22 | | |
| m. | Til annarra símastöðva og eftirlitsstöðva | — | 421 510.53 | | |
| 4. | Viðbót og viðhald stöðva | — | 424 373.50 | | |
| 5. | Viðhald landssímanna | — | 3 013 613.07 | | |
| 7. | Ýmis gjöld | — | 10 647.28 | | |
| 8. | Fyrning húsa og áhalda | — | 47 926.09 | | |
| 10. | Almennar tryggingar | — | 281 466.90 | | |
| 11. | Viðhald jarðsíma til Keflavíkur og Selfoss | — | 98 598.48 | | |
| | | | | kr. | 5 776 780.03 |

en tekjur fóru kr. 5 070 582.43 fram úr fjárlagaáætlun.

Eignahreyfingar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| III. | Eignaaukning landssímans | kr. | 2 860 286.93 |
| | samtals | kr. | 2 860 286.93 |

**3. Áfengisverzlun ríkisins:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Laun starfsmanna | kr. | 239 700.65 | | |
| 2. | Kostnaður við áfengisútsölur | — | 76 463.55 | | |
| 4. | Útsvar | — | 615 439.23 | | |
| 5. | Flutningskostnaður | — | 160 998.74 | | |
| 6. | Vextir og bankakostnaður | — | 20 685.82 | | |
| 7. | Fyrning | — | 46 277.78 | | |
| | | | | — | 1 159 565.77 |

af kr. 5 904 788.07 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

**4. Tóbakseinkasala ríkisins:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 3. | Útsvar | kr. | 599 019.15 | | |
| 4. | Fyrning | — | 58 866.56 | | |
| | | | | — | 657 885.71 |

af kr. 7 134 135.34 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

**5. Ríkisútvarpið:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Laun starfsmanna | kr. | 299 924.32 | | |
| 2. | Útvarpsefni | — | 470 963.38 | | |
| 3. | Skrifstofukostnaður | — | 40 051.06 | | |
| 4. | Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting | — | 51 605.34 | | |
| 5. | Til útvarpsstöðva | — | 89 473.80 | | |
| 6. | Til hleðslustöðva, viðgerðarferða o. fl. | — | 38 161.08 | | |
| 8. | Óviss útgjöld | — | 82 641.05 | | |
| 10. | Fyrning á húsum, áhöldum og vélum | — | 18 658.06 | | |
| 11. | Söluskattur | — | 42 375.00 | | |
| 12. | Bifreiðakostnaður | — | 94 796.06 | | |
| 13. | Slysatryggingar | — | 18 649.20 | | |
| | | | | — | 1 247 298.35 |

en tekjur fóru kr. 669 104.35 fram úr fjárlagaáætlun.

Viðtækjaverzlun ríkisins:

Gjöld .......................................... kr. 125 953.16
af kr. 521 118.64 brúttótekjum.

Viðgerðarstofa ríkisútvarpsins:

Gjöld .......................................... — 127 965.32
af kr. 508 887.12 brúttótekjum.

**6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. a. Laun framkvæmdastjóra, skrifstofufólks og afgreiðslufólks | kr. 15 581.80 | | |
| c. Framlag til lífeyrissjóðs starfsmanna .. | — 24 911.71 | | |
| 5. Fyrning | — 26 495.40 | | |
| 6. Útsvar | — 11 740.86 | | |
| 7. Söluskattur | — 64 267.00 | | |
| | | — | 142 996.77 |

af brúttótekjum kr. 2 119 775.51.

**8. Grænmetisverzlun ríkisins:**

Gjöld .......................................... — 187 032.41
af kr. 242 688.02 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

**9. Landssmiðjan:**

Gjöld .......................................... — 212 932.37
af kr. 215 132.74 tekjum umfram áætlun.

**11. Tunnuverksmiðjur ríkisins:**

Gjöld .......................................... — 1 153 913.24
en tekjur fóru kr. 1 153 913.24 fram úr fjárlagaáætlun.

**12. Olíuflutningaskipið Þyrill:**

Gjöld .......................................... — 581 728.30
af kr. 922 269.88 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

**13. Bessastaðabú:**

Gjöld .......................................... — 27 501.94
af kr. 56 827.79 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

**14. Vífilsstaðabú:**

Gjöld .......................................... — 378 832.21
af kr. 410 125.37 brúttótekjum.

**15. Kleppsbú:**

Gjöld .......................................... — 286 555.01
af kr. 298 733.69 brúttótekjum.

**16. Skólabúið á Reykjum í Ölfusi:**

Gjöld .......................................... — 275 481.81
af kr. 300 222.30 brúttótekjum.

35
5. febr.

17. Skólabúið á Hólum:

| | | |
|---|---|---|
| Gjöld ..... | kr. | 299 754.28 |
| af kr. 302 040.90 brúttótekjum. | | |

18. Skólabúið á Hvanneyri:

| | | |
|---|---|---|
| Gjöld ..... | — | 423 480.34 |
| af kr. 482 915.51 brúttótekjum. | | |

19. Innkaupastofnun ríkisins:

| | | |
|---|---|---|
| Gjöld ..... | — | 1 097 414.23 |
| en brúttótekjur voru kr. 1 091 308.92. | | |
| Samtals | kr. | 15 014 768.40 |

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 7. gr. er veitt:

| | | |
|---|---|---|
| Vextir af lánum ríkissjóðs ..... | kr. | 601 963.02 |

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 8. gr. er veitt:

| | | |
|---|---|---|
| Forsetaembættið ..... | — | 79 078.36 |

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| I. | Stjórnarráðið: | | | | |
| | 1. Til ráðherra ..... | kr. | 40 378.01 | | |
| | 2. a.—i. Laun starfsmanna stjórnarráðsins . | — | 578 751.71 | | |
| | j. Annar kostnaður ráðuneytanna ..... | — | 303 931.90 | | |
| | 3. Ríkisfjárhirzla og ríkisbókhald: | | | | |
| | a. Laun starfsmanna ..... | — | 88 386.50 | | |
| | b. Annar kostnaður ..... | — | 72 001.58 | | |
| | 4. Ýmis kostnaður ..... | — | 122 606.33 | | |
| II. | Hagstofan ..... | — | 16 064.00 | | |
| III. | Utanríkismál: | | | | |
| | 2. Sendiráðið í Stokkhólmi ..... | — | 21 077.90 | | |
| | 3. Sendiráðið í London ..... | — | 180 736.59 | | |
| | 4. Sendiráðið í Washington ..... | — | 54 518.88 | | |
| | 5. Sendiráðið í Moskva ..... | — | 44 206.00 | | |
| | 6. Sendiráðið í París ..... | — | 57 215.15 | | |
| | 7. Sendiráðið í Oslo ..... | — | 18 649.87 | | |
| | 9. Aðalræðismannsskrifstofan í New York . | — | 41 242.70 | | |
| | 10. Ferðakostnaður ..... | — | 97 800.07 | | |
| | 11. Kostnaður vegna samninga við erlend ríki | — | 208 088.28 | | |
| | 12. Kostn. vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum | — | 210 159.25 | | |
| | 14. Kostnaður vegna kjörræðismanna ..... | — | 6 052.36 | | |
| | | | | — | 2 161 867.08 |

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

A. Dómgæzla og lögreglustjórn:

| | |
|---|---|
| 1. Hæstiréttur ..... | 59 700.90 |
| 2. Borgardómaraembættið í Rvík . | 73 861.18 |

35
5. febr.

| | | |
|---|---|---|
| 3. Borgarfógetaembættið í Rvík .. | 30 399.73 | |
| 4. Sakadómaraembættið í Rvík .. | 68 546.80 | |
| 5. Lögreglustjóraembættið í Rvík . | 43 359.50 | |
| 6. Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustj. utan Rvíkur: | | |
| a. Laun .................... | 76 428.00 | |
| b. Skrifstofukostnaður ....... | 711 560.17 | |
| 8. Lögreglukostnaður: | | |
| a. Ríkislögregla ............. | 324 492.52 | |
| b. Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Rvík .......... | 226 510.80 | |
| 10. Til hegningarhúsa og vinnuhæla: | | |
| a. Hegningarhúsið í Reykjavík | 51 638.30 | |
| b. Vinnuhælið á Litla-Hrauni . | 85 915.84 | |
| d. Kostn. við önnur fangahús . | 23 879.81 | |
| 11. Kostnaður við sakamál og lögreglumál .................... | 58 769.50 | |
| 12. Laun sjódómsmanna ......... | 27 481.00 | |
| 13. Kostnaður við störf setu- og varadómara ................ | 52 550.50 | |
| 14. Kostnaður við félagsdóm ...... | 6 253.45 | |
| 15. Kostnaður við sáttatilraunir í vinnudeilum ................ | 3 516.85 | |
| 16. Kostnaður vegna laga nr. 85 1936, um meðferð einkamála í héraði ...................... | 37 111.20 | |
| 17. Kostnaður vegna laga nr. 68 1947, um siglingadóm ........ | 32 580.00 | |
| 18. Keypt húsgögn handa hæstarétti | 63 971.45 | |
| | | kr. 2 058 527.50 |

**B. Opinbert eftirlit:**

| | | |
|---|---|---|
| 2. Eftirlit með verksm. og vélum | 39 877.26 | |
| 3. Bifreiðaeftirlit ríkisins ....... | 162 675.47 | |
| 4. Löggildingarstofan ........... | 40 932.49 | |
| 5. Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa ................ | 107 280.00 | |
| 7. Kostnaður við mat á afurðum: | | |
| a. Fiskmat ................ | 200 250.00 | |
| c. Kjötmat ................ | 1 012.50 | |
| d. Ullarmat ................ | 1 800.00 | |
| f. Ferðakostnaður matsmanna | 10 967 80 | |
| 8. Kostn. við vörumerkjaskráningu | 9 397.72 | |
| 11. Eftirlit með sparisjóðum ...... | 1 980.00 | |
| 12. Eftirlit með viðskipta- og verðlagsmálum .................. | 1 947 543.34 | |
| 13. Húsaleigueftirlit .............. | 38 058.70 | |
| 14. Kostnaður við embættiseftirlit | 4 700.10 | |
| 15. Kostnaður vegna laga nr. 62 1938, um bókhald ........... | 22 860.00 | |
| 16. Kostnaður vegna laga nr. 5 1949, um kjötmat ........... | 9 877.07 | |
| | | — 2 599 212.45 |

35
5. febr.

C. Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta:

| | | | |
|---|---|---|---|
| I. Tollar: | | | |
| a. Tollstjóraembættið í Rvík .. | 169 581.28 | | |
| b. 1. Tollgæzlan í Reykjavík . | 274 015.37 | | |
| 2. Tollgæzlan utan Rvíkur . | 150 607.80 | | |
| II. Skattar: | | | |
| a. Ríkisskattanefnd .......... | 20 535.48 | | |
| b. Skattstofan í Reykjavík ... | 83 366.33 | | |
| c. Skattstofur utan Rvíkur ... | 150 102.19 | | |
| d. Undirskattanefndir ........ | 169 143.82 | | |
| e. Yfirskattanefndir .......... | 109 814.60 | | |
| f. Skattdómaraembættið ...... | 7 060.00 | | |
| g. Millimatskostnaður ........ | 4 282.41 | | |
| | | kr. 1 138 509.28 | |
| | | | kr. 5 796 249.23 |

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| I. Landlæknisembættið ................ | | kr. | 10 080.00 | |
| II. Laun héraðslækna ................... | | — | 432 709.75 | |
| III. Ríkisspítalarnir: | | | | |
| A. Landsspítalinn ........ af 893 404.59 kr. tekjum umfram fjárlagaáætlun. | 500 772.15 | | | |
| C. Heilsuhælið á Vífilsst. af 82 610.07 kr. tekjum umfram fjárlagaáætlun. | 35 961.18 | | | |
| | | — | 536 733.33 | |
| IV. Til berklavarna .................... | | — | 2 275.03 | |
| VII. Til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum . | | — | 3 345.67 | |
| VIII. Styrkur til læknisbúst. og sjúkraskýla | | — | 1 340.25 | |
| XVI. Laun kynsjúkdómalæknis ........... | | — | 2 511.00 | |
| XXIII. Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra .. | | — | 80 311.96 | |
| XXIV. Styrkur til Suðureyrar, til að hafa lærða hjúkrunarkonu ..................... | | — | 1 000.00 | |
| XXV. Greiddar skaðabætur vegna langvarandi sóttkvíar ......................... | | — | 17 000.00 | |
| XXVI. Kostnaður vegna laga nr. 7/1924, um eftirlit með lyfjabúðum ............. | | — | 14 468.98 | |
| XXVII. Kostnaður vegna laga nr. 21/1937, um störf héraðslækna .................. | | — | 83 281.39 | |
| XXVIII. Kostnaður vegna laga nr. 14/1942, um læknaráð ......................... | | — | 23 700.00 | |
| XXIX. Kostnaður vegna laga nr. 27/1945, um eyðingu á rottum .................. | | — | 54 164.71 | |
| XXX. Greiðsla skv. þingsályktun um lækna-bifreiðar ....... .............. | | — | 9 000.00 | |
| | | | | — 1 271 922.07 |

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

A. Vegamál:

| | | | |
|---|---|---|---|
| I. | Stjórn og undirbún. vegagerða | 81 774.78 | |
| II. | Þjóðvegir: | | |
| | a. Til nýrra akvega ........ | 538 821.46 | |
| | b. Viðhald og endurbætur .. | 2 308 166.64 | |
| III. | Brúargerðir ................ | 409 400.82 | |
| VI. | Til sýsluvega .............. | 111 485.60 | |
| VIII. | Til ferjuhalds .............. | 2 761.15 | |
| X. | Til vegalagningar á landi ríkissjóðs í Kópavogi .......... | 7 170.92 | |
| XI. | Til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum | 48 050.26 | |
| XVII. | Til Miðnesvegar .......... | 160 000.00 | |
| | | | kr. 3 667 631.63 |

B. Samgöngur:

| | | | |
|---|---|---|---|
| I. | Til strandferða ............ | 1 868 773.50 | |
| IV. | Ferðaskrifstofa ríkisins ..... | 104 111.07 | |
| V. | Til h/f Skallagríms, Borgarnesi, vegna halla á rekstri m/s Víðis ..................... | 40 000.00 | |
| | | | — 2 012 884.57 |

C. Vitamál og hafnargerðir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| I. | Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála ............ | 90 000.73 | |
| III. | Rekstrarkostnaður vitanna .. | 397 281.29 | |
| IV. | Viðhald og endurbætur vitanna ...................... | 72 780.37 | |
| V. | Sjómerki og viðhald sæluhúsa | 129 518.28 | |
| VII. | Fyrning .................. | 462 503.68 | |
| XII. | Til viðgerðar á hafnarmannvirkjum í Bakkafirði ....... | 140 000.00 | |
| XIII. | Til ferjuhafnar við Melgraseyri ...................... | 7 173.50 | |
| XIV. | Til ferjubryggju við Gemlufall ...................... | 22 807.19 | |
| | | | — 1 322 065.04 |

D. Flugmál:

| | | |
|---|---|---|
| I. | Stjórn og sameiginlegur kostnaður flugmála ......... | 185 785.42 |
| II. | Reykjavíkurflugvöllur ...... | 258 614.48 |
| V. | Loranstöðin á Reynisfjalli .. | 601.82 |
| VII. | Blindflugskólinn .......... | 32 573.74 |
| VIII. | Ferðakostn. og mælingar ... | 49 908.79 |
| IX. | Flugmálaráðstefnur og alþjóðaflugmálastofnunin ..... | 99 090.07 |

35
5. febr.

| | | | |
|---|---|---|---|
| X. | Þjálfun nema í flugumferðarstjórn | 3 155.57 | |
| XII. | Eftirlit með flugvélum og læknisskoðun flugmanna | 45 749.99 | |
| XIII. | Fjarskiptaþjónusta landssímans | 56 644.03 | |
| XIV. | Veðurþjónusta | 6 107.44 | |
| XV. | Ýmis kostnaður | 34 232.81 | |
| XVI. | Fyrning | 485 940.79 | |
| XVII. | Til vegagerðar að flugvelli hjá Akri, A.-Hún. | 25 000.00 | |
| | | | kr. 1 283 404.95 |

en tekjur umfram áætlun urðu kr. 488 718.13.

kr. 8 285 986.19

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

A. Kirkjumál:

| | | | |
|---|---|---|---|
| I. | Biskupsembættið | 42 904.32 | |
| II. | Embætti sóknarpresta og prófasta | 140 981.06 | |
| III. | Til söngmálastjóra þjóðkirkj. | 2 700.00 | |
| VI. | Til málgagns hinnar ísl. þjóðkirkju fyrir árin 1948 og 1949 | 5 000.00 | |
| VII. | Kostnaður vegna laga nr. 17 1931, um bókasöfn prestakalla | 266.72 | |
| VIII. | Kostnaður vegna laga nr. 64 1932, um eftirlit með kirkjugörðum | 7 200.00 | |
| IX. | Kostnaður vegna laga nr. 38 1947, um skipulag og hýsingu prestssetra | 20 103.40 | |
| X. | Til viðgerðar kirkjunnar að Bessastöðum | 24 813.76 | |
| XI. | Annar kostnaður vegna kirkju og kirkjugarðs á Bessastöðum | 7 646.86 | |
| XII. | Til viðgerðar biskupssetursins að Gimli | 2 850.00 | |
| XIII. | Til kirkjuráðs (vangreidd fjárveiting 1947) | 1 500.00 | |
| XIV. | Til viðgerðar Stafholtskirkju | 817.35 | |
| | | | kr. 256 783.47 |

B. Kennslumál:

| | | |
|---|---|---|
| I. a. | Háskólinn | 213 152.55 |
| b. | Tilraunastöð háskólans að Keldum | 95 507.10 |
| III. | Fræðslumálastj.embættið | 65 458.64 |
| IV. | Menntaskólinn í Reykjavík | 187 228.65 |
| V. | Menntaskólinn á Akureyri | 84 916.89 |

35
5. febr.

| | | | |
|---|---|---|---|
| VI. | Kennaraskólinn ......... | 59 874.23 | |
| VIII. | Vélstjóraskólinn ......... | 25 215.00 | |
| X. | Búnaðarkennsla: | | |
| | 3. Garðyrkjuskólinn á Reykjum ........... | 27 126.62 | |
| XIII. | Almenn barnafræðsla: | | |
| | 1. Laun kennara í föstum skólum ............. | 1 287 066.60 | |
| | 5. Til framkvæmdar sundskyldu í barnaskólum . | 19 588.07 | |
| | 7. Til fv. barnakennara .. | 1 800.00 | |
| | 8. Ráðskonukaup við heimavistarbarnaskóla | 42 745.00 | |
| | 10. Endurgreiðsla á ¼ af rekstrarkostn. barnask. | 116 204.96 | |
| XIV. | Gagnfræðamenntun: | | |
| | 1. Alþýðusk. á Eiðum .. | 42 879.67 | |
| | 2. Til héraðs- og gagnfræðaskóla ........... | 1 980 515.74 | |
| | 9. Til Handíðaskólans, kennaradeildar ....... | 50 427.37 | |
| XV. | Húsmæðrafræðsla: | | |
| | 1. Til húsmæðraskóla ... | 628 300.14 | |
| | 3. Til húsmæðrakennaraskóla ............... | 340.60 | |
| | 4. Til námsstjóra ....... | 20 562.80 | |
| XVI. | Til íþróttamála: | | |
| | 1. Til íþróttakennaraskóla ríkisins .............. | 5 400.00 | |
| | 3. Til Íþróttasambands Íslands, vegna framkvæmdarstjórnar ..... | 12 000.00 | |
| | 7. Til ferðakennslu í íþróttum ............ | 7 761.76 | |
| XVII. | Til kennslu heyrnar- og málleysingja ............ | 14 216.90 | |
| XXVIII. | Til rannsókna á þroska íslenzkra skólabarna ...... | 11 280.00 | |
| XXX. | Styrkur til húsmæðraskólans á Hallormsstað, til vefnaðarkennslu ........ | 5 000.00 | |
| XXXI. | Byggingarstyrkir til húsmæðraskóla í Hveragerði og að Löngumýri í Skagaf. | 50 000.00 | |
| XXXII. | Til Alþýðuskólans í Rvík . | 3 000.00 | |
| XXXIII. | Til Samvinnuskólans í Rvík, vegna ársins 1947 .. | 32 886.10 | |
| | | | kr. 5 090 455.39 |
| | | | kr. 5 347 238.86 |

35
5. febr.

10. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

A. Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| I. | Landsbókasafnið ........ | 17 370.00 | | |
| II. | Þjóðskjalasafnið ........ | 11 970.00 | | |
| III. | Þjóðminjasafnið ........ | 16 499.00 | | |
| IV. | Náttúrugripasafnið ...... | 25 300.00 | | |
| VI. | Safnahúsið ............. | 13 454.47 | | |
| VII. | Styrkur til bókasafna og lesstofa: | | | |
| | 7. Til bókasafnsins í Bíldudal ............ | 2 400.00 | | |
| | 9. Til iðnbókasafns í Reykjavík .......... | 2 500.00 | | |
| | 15. Til sýslubókasafns á Blönduósi ........... | 6 000.00 | | |
| | 17. Til sýslubókasafna ... | 10 350.00 | | |
| | 30. Til lesstofu á Ísafirði . | 1 250.00 | | |
| IX. | Til skálda, rithöfunda og listamanna ............. | 29 340.00 | | |
| XXII. | Til listasafns Einars Jónssonar .................. | 41 404.64 | | |
| XXV. | Kostn. við friðun Þingvalla | 43 202.47 | | |
| XXVI. | Til umbóta á Þingvöllum | 84 050.44 | | |
| XXIX. | Til Gunnlaugs Ó. Scheving málara, til að fullgera vinnustofu ............. | 15 000.00 | | |
| XXX. | Byggingastyrkir til málaranna Sveins Þórarinssonar og Örlygs Sigurðssonar . | 30 000.00 | | |
| XXXI. | Keypt blaða- og handritasafn Helga Tryggvasonar . | 270 000.00 | | |
| | | | kr. | 620 091.02 |

B. Til ýmissa rannsókna í opinbera þágu:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| I. | Til atvinnudeildar háskólans | 191 677.30 | | | | |
| IV. | Til Veðurstofu Íslands ...... | 20 804.77 | | | | |
| V. | Til jöklamælinga .......... | 24 181.49 | | | | |
| VII. | Til sjómælinga ............. | 39 893.24 | | | | |
| VIII. | Til húsameistara ríkisins .... | 43 458.00 | | | | |
| | | | kr. | 320 014.80 | | |
| | | | | | kr. | 940 105.82 |

11. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

A. Landbúnaðarmál:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Til Búnaðarfélags Íslands ..... | 35 271.00 |
| 3. | Til búreikningaskrifstofu ..... | 5 389.00 |
| 4. | Gjöld skv. jarðræktarlögunum | 909 461.49 |
| 14. | Til sandgræðslu ............. | 2 880.00 |

35
5. febr.

| | | |
|---|---|---|
| 20. Til loðdýraræktar ............ | 2 520.00 | |
| 21. Til dýralækninga ............ | 10 777.50 | |
| 22. Til kláðalækninga ............ | 36 924.69 | |
| 23. Kostnaður vegna sauðfjárveiki | 1 330 000.00 | |
| 25. Kostnaður vegna laga nr. 27 1940, um friðun Eldeyjar .... | 266.00 | |
| 26. Kostnaður vegna laga nr. 28 1940, um friðun hreindýra .... | 4 007.50 | |
| 27. Kostnaður vegna laga nr. 64 1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins ....... | 2 572.50 | |
| 28. Kostnaður vegna laga nr. 89 1941, um eyðingu svartbaks ... | 1 743.85 | |
| 29. Kostnaður vegna laga nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði .. | 6 300.83 | |
| 30. Kostnaður vegna laga nr. 20 1943, um búfjártryggingar .... | 190 000.00 | |
| 31. Kostnaður vegna laga nr. 113 1945, um fyrirhleðslu Héraðsvatna ...................... | 103 057.23 | |
| 32. Kostnaður vegna laga nr. 94 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins ................. | 28 045.76 | |
| 33. Kostn. við jarðeignir ríkisins . | 14 017.69 | |
| 34. Framræsla lands á ýmsum stöðum ........................ | 75 926.99 | |
| | | kr. 2 759 162.03 |

B. Sjávarútvegsmál:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Til Fiskifélags Íslands ........ | 39 210.00 | |
| 5. Til haf- og fiskirannsókna .... | 7 676.74 | |
| 6. Kostnaður vegna laga nr. 79 1947, um að reisa síldarverksmiðju á Austurlandi ........ | 257 500.00 | |
| 7. Til hreinsunar í Hvalfirði .... | 175 000.00 | |
| | | — 479 386.74 |

C. Iðnaðarmál:

| | | |
|---|---|---|
| 9. Styrkur til 6. norræna yrkiskólaþingsins ............... | 91.10 | |
| 10. Kostnaður vegna laga nr. 96 1938, um iðnaðarnám ......... | 8 000.00 | |
| 11. Kostnaður vegna laga nr. 100 1938, um iðnráð .............. | 14 400.00 | |
| | | — 22 491.10 |

D. Raforkumál:

| | | |
|---|---|---|
| I. Stjórn raforkumála ......... | 95 844.58 | |
| II. Rannsóknir og áætlanir um nýjar virkjanir og raforkuframkvæmdir .............. | 58 115.44 | |
| III. Rafmagnsveitur ríkisins ..... | 264 795.67 | |

35 5. febr.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| X. Styrkur til rafveitna samkvæmt lögum | 485 000.00 | | | |
| XI. Kostnaður við jarðhitarannsóknir á Reykjanesi | 2 029.50 | | | |
| | | kr. | 905 785.19 | |
| | | | | kr. 4 166 825.06 |

12. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Tillag til bjargráðasjóðs | kr. | 625 50 | |
| 2. | Til alþýðutrygginga | — | 233 440.76 | |
| 7. | Til Sambands ísl. berklasjúklinga | — | 4 440.00 | |
| 9. | Kostnaður við barnaverndarráð | — | 8 211.75 | |
| 14. | Til ýmiss konar líknar- og hjálparstarfsemi | — | 500.00 | |
| 17. | Til hjálpar nauðstöddum Ísl. erlendis | — | 7 877.84 | |
| 23. | Til vinnumiðlunar | — | 27 076.98 | |
| 25. | Til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna | — | 630 695.11 | |
| 28. | Kostnaður við framkvæmd orlofslaganna 1948 og 1949 | — | 280 058.38 | |
| 29. | Greiðsla með börnum erlendra manna, lög nr. 80/1947 | — | 820 280.90 | |
| 31. | Tillag til International Labour Organization | — | 2 081.80 | |
| 32. | Tillag til Sameinuðu þjóðanna | — | 18 288.74 | |
| 33. | Tillag til Food and Agricultural Organization | — | 12.50 | |
| 34. | Tillag til World Health Organization | — | 237.15 | |
| 35. | Örorkubætur til Gunnars K. Guðmundssonar úr Breiðdal | — | 22 000.00 | |
| 36. | Kostn. vegna laga nr. 97/1941, um ófriðartryggingar | — | 1 375.00 | |
| 37. | Kostnaður vegna laga nr. 109/1943, um hlutatryggingarfélög | — | 12 929.29 | |
| 38. | Kostnaður vegna laga nr. 80/1947, um framfærslu | — | 102 043.94 | |
| 39. | Til Alþjóðasambands lútherskra kirkna 1947—1949 | — | 2 000.00 | |
| 40. | Til Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu 1948 og 1949 | — | 34 935.35 | |
| 41. | Til Alþjóðaslysavarnasambandsins | — | 107.00 | |
| 42. | Til Alþjóðahvalveiðiráðs | — | 2 635.10 | |
| | | | | — 2 211 853.09 |

13. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| I.—II. | Eftirlaun og styrktarfé | kr. | 69 295.16 | |
| III. | Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins | — | 637 544.27 | |
| IV. | Framlag ríkissjóðs samkvæmt reglugerð 24. nóvember 1944 | — | 7 858.27 | |
| V. | Verðlagsuppbót af greiðslu úr lífeyrissjóði | — | 7 367.40 | |
| VI. | Kostnaður vegna laga nr. 114/1940, um lífeyrissjóð ljósmæðra | — | 81 403.69 | |
| | | | | — 803 468.79 |

14. gr. 35
5. febr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Til dýrtíðarráðstafana | kr. | 8 475 544.19 | |
| 2. Til stuðnings bátaútveginum vegna veiðibrests árið 1948 | — | 522 956.98 | |
| 3. Óviss útgjöld | — | 1 618 518.16 | |
| 4. Greitt tap síldarverksmiðja á vinnslu Hvalfjarðarsíldar veturinn 1947—1948 | — | 3 300 000.00 | |
| 5. Kostnaður vegna laga nr. 110/1943, um olíugeyma o. fl. | — | 1 847.68 | |
| 6. Kostnaður vegna laga nr. 58/1947, um Egilsstaðakauptún | — | 23 902.25 | |
| 7. Kostnaður vegna laga nr. 100/1948, um fiskábyrgðarnefnd | — | 93 000.00 | |
| 8. Kostnaður vegna Alþingissögu | — | 22 505.26 | |
| 9. Viðhald húsa og annarra mannvirkja að Bessastöðum | — | 73 304.16 | |
| 10. Ýmis kostnaður vegna Bessastaða | — | 6 127.53 | |
| 11. Andvirði vélbáts vegna Bessastaða | — | 12 000.00 | |
| 12. Afskrifaðar skuldir námsmanna o. fl. frá styrjaldarárunum | — | 49 308.15 | |
| 13. Kostnaður vegna sölu v/s Nanna | — | 12 830.00 | |
| | | | — 14 211 844.36 |
| Samtals 3.—14. gr. | | | kr. 45 878 401.93 |
| 2. gr. | | | — 15 014 768.40 |
| Samtals | | | kr. 60 893 170.33 |

15. gr.

Til eignaaukningar samkv. 20. gr. Út eru veittar ............ kr. 73 686 782.52
Inn fór 108 815 256.90 fram úr fjárlagaáætlun.

Samtals kr. 134 579 952.85

*Gjört í Reykjavík, 5. febrúar 1952.*

Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Jón Ásbjörnsson.
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

36
16. febr.

# LÖG
## um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,
*gjöra kunnugt:* Að vér samkvæmt 7. gr. laga nr. 27 4. febrúar 1952 höfum látið fella meginmál þessara laga inn í lög nr. 44/1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, og gefum þau út svo breytt:

### I. KAFLI
### Um verkamannabústaði.

1. gr.

Stofna skal byggingarsjóð til þess að bæta úr húsnæðisþörf verkamanna og annarra þeirra íbúa kaupstaða og kauptúna, sem hafa ekki tekjur né eiga eignir yfir það hámark, er greinir í 4. lið 6. gr. laga þessara, og uppfylla að öðru leyti skilyrði laganna.

2. gr.

Byggingarsjóður lánar til byggingar samkvæmt skilyrðum þeim, sem lög þessi setja, í kaupstöðum og kauptúnum, enda hafi sveitarstjórn fært félagsmálaráðherra rök fyrir, að þörf sé slíkrar opinberrar aðstoðar.

Kauptún telst í þessum lögum þorp með minnst 15 fjölskyldum, enda hafi engin þeirra svo mikið land, að talizt geti lögbýli.

3. gr.

Byggingarsjóður skiptist í deildir, eina fyrir hvern kaupstað eða kauptún, þar sem viðurkennd hefur verið þörf fyrir opinbera aðstoð til byggingar verkamannabústaða, og aflast fé til hverrar deildar sem hér segir:

1. Sveitarsjóðir, sem um ræðir í 2. gr., leggja í sjóðinn árlega upphæð, sem nemur ekki minna en 4 krónum og ekki meira en 6 krónum fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins, og ákveður sveitarstjórn upphæðina með sérstakri samþykkt.
2. Ríkissjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til þess krónufjölda á íbúa kaupstaðar eða kauptúns, er sveitarstjórn þar hefur ákveðið með samþykkt þeirri, er í 1. lið segir, að leggja fram til sjóðsins, þegar sýnt er, að þörf er fyrir starfsemi byggingarsjóðs. Sbr. 2. gr.
3. Ríkissjóður leggur árlega í sjóðinn kr. 150000.00, en jafnframt fellur niður tillag til sjóðsins samkv. 14. gr. l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki.
4. Enn fremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánastarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður. En hlutaðeigandi sveitarsjóður, sbr. 2. gr., stendur í bakábyrgð fyrir þeim lánum, sem veitt eru byggingarfélagi í kaupstaðnum eða kauptúninu. Gefa skal út skuldabréf fyrir þeim, er hljóði á upphæðir, er ríkisstjórnin samþykkir.

Nú er kauptún aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitarsjóðs til byggingarsjóðs jafnað niður á íbúa kauptúnsins, þá sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglum og útsvörum.

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skulu framlög ríkissjóðs og sveitarsjóðs til byggingarsjóðs samkv. 1. og 2. tölulið hækka til samræmis við vísitölu kauplagsnefndar 1. október það ár, sem framlagið ber að greiða.

Heimilt er stjórn byggingarfélags að stofna innlánsdeild í sambandi við byggingarsjóð, sem tekur við innlögum frá mönnum á félagssvæðinu, sem vilja tryggja sér húsnæði hjá félaginu. Ráðherra setur reglugerð um starfsemi innlánsdeilda þessara að fengnum tillögum stjórnar byggingarsjóðs, þ. á m. um það, hvenær þeim, sem slíkum innlögum hafa safnað, skuli fengin íbúð. 36 16. febr.

4. gr.

Byggingarsjóður veitir lán aðeins til eins byggingarfélags í hverjum kaupstað eða kauptúni, og skal félagið reist á samvinnugrundvelli og að öðru leyti fullnægja skilyrðum 6. gr. þessara laga.

Heimilt er að stofna deildir, sem hafa sérsamþykktir, innan byggingarfélags, þegar 50 félagsmenn eða fleiri óska þess, enda séu þær staðfestar af stjórn félagsins.

Lán þessi skulu vera tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðarréttindum, og mega þau nema allt að 90% af kostnaðarverði eignarinnar. Lánin séu affallalaus. Þau endurborgast með jöfnum árlegum greiðslum á 42—75 árum.

Úr byggingarsjóði má veita lán með eftirgreindum kjörum:

**A. flokkur.** Lánshæð allt að 90% af kostnaðarverði hússins; lánstími 75 ár.
**B. flokkur.** Lánshæð allt að 85% af kostnaðarverði hússins; lánstími 60 ár.
**C. flokkur.** Lánshæð allt að 85% af kostnaðarverði hússins; lánstími 42 ár.
Vextir í öllum lánaflokkum skulu vera 2% — tveir af hundraði.

Stjórn byggingarsjóðs ákveður, að fengnum tillögum sveitarstjórnar og stjórnar bygginarfélags, hvers konar lánskjör eru hverju sinni veitt, og er heimilt að láta ákvæði þessarar greinar taka til þeirra verkamannabústaða, sem lokið er við að byggja eftir 1. janúar 1943.

Heimilt er lántakendum að greiða byggingarlán að fullu, hvenær sem þeir óska þess.

5. gr.

Byggingarsjóðurinn skal jafnan vera í handbæru fé í peningastofnun með ríkissjóðsábyrgð að svo miklu leyti sem honum er ekki varið til útlána.

6. gr.

Byggingarfélög hafa rétt til að fá lán úr byggingarsjóði samkv. 4. gr., ef þau fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Að stjórn byggingarfélagsins sé skipuð fimm mönnum, og skal formaður stjórnarinnar skipaður af þeim ráðherra, sem fer með félagsmál, en hina stjórnarnefndarmennina skal kjósa hlutbundinni kosningu af þeim félagsmönnum, sem fullnægja skilyrðum 4. töluliðar þessarar greinar.
2. Að byggingarfélagið komi upp byggingum fyrir félagsmenn sína.
3. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni með eins til fjögurra herbergja íbúðum auk eldhúss og geymslu, með venjulegum nútímaþægindum og sérstökum bletti handa hverri íbúð eða sameiginlegum velli handa sambyggingum, en að öðru leyti sé fyrirkomulag bygginganna samþykkt af félagsmálaráðuneytinu.
4. Að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kauptúnsins og hafi eigi haft yfir 7000 króna árstekjur miðað við meðaltal þriggja síðustu ára, að viðbættum 1000 krónum fyrir hvern ómaga, né yfir 10000 króna eignir. Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal þó miða við upphæðir þessar hækkaðar í samræmi við meðalvísitölu næsta árs á undan.
5. Að byggingarkostnaður á hverja íbúð fari ekki fram úr því, sem stjórn byggingarsjóðs ákveður.
6. Að íbúðirnar séu seldar félagsmönnum fyrir það verð, sem þær kosta bygg-

ingarfélagið, og með þeim láns- og vaxtakjörum, sem ákveðin eru samkv. 4. gr. Skal gerður sérstakur kaupsamningur um hverja íbúð við þann, er íbúðina fær, og eru þeir samningar undanþegnir stimpilgjaldi.

Ekkja látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að íbúðinni, enda gerist þau þá löglegir félagar byggingarfélagsins.

7. Að byggingarnar séu reistar á lóðum, sem sveitarfélögin eða ríkið eiga eða leigja, og sé ársleiga metin reglulega á 10 ára fresti. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal lóðarleigunni jafnað niður eftir eignarhlutföllum í byggingunni. Eigi sveitarfélag eða ríki ekki hentugar lóðir í þessu skyni, skal sveitarfélaginu skylt, ef ekki fæst nægilegt og hentugt land með öðrum hætti, að taka það eignarnámi, og fer um eignarnámið samkv. l. nr. 61 frá 14. nóv. 1917.

8. Að ákveðið sé í samþykktum félagins, að enginn, sem keypt hefur íbúð af félaginu, megi selja hana, nema stjórn byggingarfélagsins hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og ekki framleigja nema með leyfi stjórnar félagsins. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar að viðbættri verðhækkun, sem samkv. vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðarinnar, sem fallið hefur í gjalddaga og verið greiddur af seljanda, þegar sala fer fram. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda samkv. mati af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.

9. Að ákveðið sé með reglugerð, sem staðfest sé af félagsmálaráðuneytinu, um viðhald húsanna, og skal stjórn félagsins hafa eftirlit með því. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal kostnaður við viðhald húsanna hið ytra lagður á bygginguna í heild, en síðan jafnað niður á eigendur eftir eignarhlutföllum þeirra í byggingunni, en viðhald hið innra á hverri íbúð skal notandi hennar greiða. Um sameiginleg tæki innan húss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerðinni.

10. Að stjórn byggingarsjóðs hafi fallizt á samþykktir félagsins og ráðuneytið staðfest þær.

7. gr.

Byggingarfélagi, sem kemur upp sambyggingum eða sérstæðum húsum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnæði fyrir fasta starfsmenn félagsins, fyrir skrifstofu félagsins, lesstofu og verzlun, dagheimili, leikskóla fyrir börn og mötuneyti. Ákvæði skulu sett í reglugerð, er um getur í 6. gr. 9. lið, um þátttöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

8. gr.

Í stjórn byggingarsjóðs skulu vera 5 menn, kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi, til fjögurra ára í senn. Félagsmálaráðherra skipar einn þeirra formann sjóðsstjórnarinnar, en að öðru leyti skiptir stjórnin störfum milli sín. Stjórnin hefur á hendi allar fjárreiður sjóðsins, lántökur og lánveitingar úr honum samkv. reglugerð, sem félagsmálaráðuneytið setur. Skal hver deild, sbr. 3. gr., hafa sérstakt reikningshald fyrir sig, en sjóðsstjórninni er heimilt að lána fé sjóðsins til bráðabirgða milli deilda, ef það þykir henta.

Stjórnin skal vera búsett í Reykjavík, en sér til aðstoðar, meðal annars við eftirlit með, að byggingarfélag í hverjum kaupstað eða kauptúni gæti skyldna sinna samkv. 6. gr., má stjórnin setja trúnaðarmenn, einn eða fleiri, í hverjum kaupstað eða kauptúni.

Laun stjórnarinnar og trúnaðarmanna hennar greiðist úr ríkissjóði, og ákveður félagsmálaráðherra þau, en annan kostnað greiðir hlutaðeigandi deild byggingarsjóðs. 36 16. febr.

Hlutaðeigandi sveitarfélag hefur rétt til að skipa eftirlitsmann með fjárreiðum hlutaðeigandi sjóðsdeildar og allri starfsemi byggingarfélagsins og hefur rétt til að stöðva lántökur og lánveitingar til byggingarfélagsins, ef það álítur, að byggingarfélagið geti ekki staðið í skilum með skuldbindingar sínar. Slíkri ákvörðun sveitarstjórnar má skjóta til félagsmálaráðherra.

9. gr.

Ársreikningar byggingarfélags skulu ætíð lagðir fyrir stjórn byggingarsjóðs til athugunar, og getur hún krafizt allra skýrslna um hag og rekstur félagsins, meðan nokkuð stendur eftir af láni því, er veitt hefur verið til bygginganna. Ef stjórn byggingarsjóðs hefur eigi borizt í hendur reikningur byggingarfélags yfir síðasta ár fyrir 1. sept. ár hvert, er óheimilt að halda áfram lánveitingum til félagsins fyrr en reikningurinn berst sjóðsstjórninni í hendur.

Ríkisstjórnin úrskurðar reikninga byggingarsjóðs, en Alþingi kýs með hlutfallskosningu tvo endurskoðendur þeirra til fjögurra ára í senn.

10. gr.

Nú er ekkert byggingarfélag til í kaupstaðnum eða kauptúninu, sem lán fær úr byggingarsjóði, og er þá sveitarstjórn heimilt að ákveða, að sveitarfélagið komi upp byggingunum, og hefur það þá sömu réttindi og skyldur sem byggingarfélög samkvæmt lögum þessum.

11. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndaruppdrætti af húsum félagsmanna, bæði sérbyggingum og sambyggingum, til afnota fyrir byggingarfélög. Sömuleiðis setur hún í samráði við stjórn byggingarsjóðs og hlutaðeigandi sveitarstjórnar öruggt eftirlit með framkvæmdum byggingarfélaga, sem starfa samkvæmt lögum þessum.

## II. KAFLI

### Um byggingarsamvinnufélög.

12. gr.

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota með sem hagfelldustu kjörum, að safna eignarframlögum félagsmanna (sjá 15. gr.) og reka lánastarfsemi.

13. gr.

Nú vilja menn stofna byggingarsamvinnufélag, og skulu þeir þá kveðja til fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 menn eða fleiri á stöðum með færri en 1000 íbúa, 20 á stöðum með 1000 íbúa eða fleiri utan Reykjavíkur og 25 í Reykjavík koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leita staðfestingar félagsmálaráðuneytisins á þeim.

14. gr.

Nú vill sveitarstjórn beita sér fyrir og taka þátt í stofnun byggingarsamvinnufélags til byggingar fjölbýlishúsa með hæfilega stórum, heilsusamlegum íbúðum og

36 sameiginlegum þægindum. Skal sveitarstjórn þá hlutast til um, að almennur fundur
16. febr. sé haldinn á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 menn eða fleiri og kjörnir fulltrúar bæjar- eða sveitarfélagsins koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við þessi lög, og skal leita staðfestingar félagsmálaráðuneytisins á þeim.

15. gr.

Byggingarsamvinnufélagi sé aflað fjár:

A. Með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð, unz fjárhæð hans í sjóðnum nemur minnst $\frac{1}{5}$ hluta andvirðis þess húsnæðis, sem ákveðið verður, að félagið komi upp fyrir hann. Þegar þessari fjárhæð er náð, fer um rétt félagsmanns til byggingar húss eftir því, sem nánar verður ákveðið í samþykktum félags, enda gangi stofnsjóðsinneign hans upp í byggingarkostnaðinn. Vextir af stofnsjóði leggjast við höfuðstól, og skulu þeir á hverjum tíma jafnháir og innlánsvextir í sparisjóði hjá Landsbanka Íslands.

Stofnfjárinnstæður falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot, við brottflutning af félagssvæðinu, verði félagsmaður fátækrastyrkþurfi, og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við félagið.

B. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og sé þessum sjóði varið til þess að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar telst ekki rekstrarkostnaður.

C. Með lántöku félagsins til útlánastarfsemi sinnar. Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að ábyrgjast þau lán, og mega þau nema allt að 80% af byggingarkostnaði þeirra húsa, er félagið reisir. Þetta ákvæði nær einnig til þeirra samvinnubústaða, sem lokið er við að byggja eftir 1. janúar 1943. Gefa skal út skuldabréf fyrir lánum þessum, er hvert um sig nemi ákveðinni upphæð, sem fjármálaráðherra samþykkir. Hvert slíkt lán telst til útlána einn lánaflokkur, og er honum til tryggingar samábyrgð allra þeirra félagsmanna, sem fá lán í þeim flokki.

Félagsmenn í sama lánaflokki skulu vera sérstök deild innan síns byggingarsamvinnufélags, og er henni heimilt að hafa sérstaka stjórn, að því er varðar sérmál hennar.

16. gr.

Byggingarsamvinnufélag veitir félagsmönnum sínum lán til þess að koma upp byggingum til eigin afnota, enda hafi þeir uppfyllt skilyrði þau um stofnsjóðstillög, sem um getur í 15. gr. A. hér að framan. Lán þessi skulu tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðarréttindum, allt að 75% af kostnaðarverði eignarinnar. Heimilt er þó félagsstjórn að veita lán gegn 2. veðrétti, þó þannig, að samanlagður 1. og 2. veðréttur nemi eigi hærri upphæð en 75% af kostnaðarverði. Félagið veitir lánin með sömu kjörum og það nýtur á lánum þeim, sem tekin eru í þessu skyni.

17. gr.

Stofnsjóður skal jafnan vera í handbæru fé í banka eða sparisjóði, þar sem ávaxta má fé ómyndugra, að svo miklu leyti sem honum er eigi varið til að standast framkvæmdir við byggingar eða til útlána. Nú kemur fram hagnaður við útlán eða aðra ávöxtun stofnfjár, og rennur hann í varasjóð félagsins. Um ráðstöfun varasjóðs félagsins gilda ákvæði laga um samvinnufélög, nr. 46 frá 1937.

18. gr.

Félagsmenn í byggingarsamvinnufélagi fá því aðeins lán hjá félaginu, að þeir uppfylli eftirfarandi skilyrði, auk þess sem um ræðir í 15 gr. A.:

A. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni og rúmtak hverrar íbúðar fari ekki fram úr 500 teningsmetrum eða því sem næst með venjulegum nútímaþægindum og eftir fastákveðnum fyrirmyndum, sem stjórn félagsins hefur ákveðið og samþykktar hafa verið af félagsmálaráðuneytinu.

B. Að húsin séu reist á þeim stöðum, sem félagsstjórnin ákveður og samþykktir eru af félagsmálaráðuneytinu, enda útvegi félagsstjórnin leigulóðir.

C. Að félagið annist um byggingu hússins að öllu leyti, og sé það afhent félagsmanni gegn skuldabréfum með veði í húseigninni, er nemi þeirri fjárhæð, sem húsið kostar umfram stofnfjárframlagið.

Heimilt er þó félagsstjórn að leyfa, að félagsmenn reisi hús sín sjálfir, ef það er undir umsjón og eftirliti byggingarfulltrúa félagsins eða annars byggingarfróðs manns, sem félagsstjórnin telur gildan.

D. Að félagsmaður sé fjárráða og heimilisfastur innan þess svæðis, sem félagið nær yfir.

19. gr.

Byggingarsamvinnufélag, sem stofnað er að tilhlutun sveitarstjórnar samkv. 14. gr., skal í starfsemi sinni bundið við ákvæði 2., 3., 6., 7. og 9. töluliðar 6. gr. svo og ákvæði 7. gr. I. kafla laga þessara að því leyti, sem við getur átt, þó með þeirri undantekningu, að íbúðir þær, sem félagið reisir, megi vera allt að 500 rúmmetrum að stærð.

20. gr.

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags, að enginn, sem fengið hefur íbúð að tilhlutun félagsins, megi selja hana, nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og aldrei framleigja nema nokkurn hluta af íbúðinni. Þó getur eigandi að fengnu leyfi stjórnarinnar leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Söluverð slíkrar íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má aldrei vera hærra en stofnverð hennar að viðbættri verðhækkun samkv. vísitölu byggingarkostnaðar og virðingarverði þeirra endurbóta, sem gerðar hafa verið, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda samkvæmt mati af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.

Ákvæði þessi taka þó ekki til húsa þeirra, er byggingarsamvinnufélög hafa reist fyrir 1. janúar 1946, og fer um sölu þeirra og leigu eftir ákvæðum laga nr. 43 frá 1942, um breyting á lögum um byggingarsamvinnufélög.

21. gr.

Nú sannast, að félagsmaður hefur selt hús hærra verði en leyfilegt er samkvæmt 20. gr., og rennur þá sá hluti söluverðsins, sem er umfram hið löglega verð, til félagsins og leggst í varasjóð. Verði seljandi einhverra orsaka vegna eigi fær um að greiða fjárhæð þessa, á félagið kröfu á hendur kaupanda, nema því aðeins, að hann sanni, að þegar kaupin fóru fram, hafi honum verið ókunnugt um, að seljandi hafi brotið á móti ákvæði þessarar greinar, og er þá fjárhæðin forgangsskuld með veði í húsinu næst á eftir veðréttum félagsins. Auk þess eru þá öll lán félagsins, sem á húsinu hvíla, þegar fallin í gjalddaga.

36
16. febr.

22. gr.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar, og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni, sem félagsstjórnin samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast félagi í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess. Ekkja látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að eigninni, enda gerist þau þá löglegir meðlimir félagsins.

23. gr.

Óheimilt er að veðsetja húseignir byggingarsamvinnufélaga fyrir hærri fjárhæð samtals en nemur 80% af upphaflegu kostnaðarverði þeirra og endurbóta, sem á kunna að hafa verið gerðar, að frádreginni eðlilegri fyrningu, eins og hún kann að verða á hverjum tíma, enda verður eigi gert fjárnám í eigninni fyrir meiri fjárhæð.

24. gr.

Um stjórn, reikningsskil og fundi byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 46 frá 1937. Fjármálaráðherra skipar annan endurskoðanda, enda skal félaginu skylt að senda ráðuneytinu samrit af aðalreikningi sínum árlega.

25. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndauppdrætti bæði af sérbyggingum og sambyggingum til afnota fyrir byggingarsamvinnufélög og lætur þær í té án endurgjalds.

Sömuleiðis sér ríkisstjórnin um öruggt eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum þeirra félaga, er starfa samkvæmt lögum þessum.

26. gr.

Um skrásetningu og félagsslit byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 46 1937.

## III. KAFLI

### Um íbúðabyggingar sveitarfélaga.

27. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem fólk býr í heilsuspillandi íbúðum (bröggum, útihúsum, háaloftum, kjöllurum o. s. frv.) og ekki verður úr bætt á nægilega skömmum tíma að dómi sveitarstjórnarinnar með þeirri aðstoð ríkisins og sveitarfélaganna, sem um getur í I. og II. kafla þessara laga, ber sveitarstjórn kaupstaðarins eða kauptúnsins að ráða bót á húsnæðisvandræðunum, og nýtur hún til þess þeirrar aðstoðar ríkisins, sem í þessum kafla segir.

28. gr.

Sveitarstjórn lætur safna skýrslum um fjölskyldur þær í kaupstaðnum eða kauptúninu, sem búa í heilsuspillandi íbúðum, og kynnir sér efnahag þeirra og atvinnu svo og fyrirætlanir þeirra um útvegun húsnæðis.

29. gr.

Að skýrslugerð þessari lokinni skal sveitarstjórn semja áætlun um, hversu margar íbúðir þurfi að gera til þess að bæta úr þörfum þeirra, sem búa í heilsuspillandi íbúðum og ekki fá á annan veg tryggt sér viðunandi húsnæði, svo og kostnaðaráætlun og áætlun um, hversu langan tíma sú framkvæmd muni taka og skal stefnt að því, að henni verði lokið á fjórum árum.

30. gr. 36

Skýrslur þær og áætlanir, sem um getur í 29. gr., skal senda ríkisstjórninni ásamt rökstuðningi sveitarstjórnar fyrir því, að ekki verði bætt úr húsnæðisþörfinni á nægilega skömmum tíma með þeim aðgerðum, sem í I. og II. kafla þessara laga segir. 16. febr.

31. gr.

Nú færir sveitarstjórn félagsmálaráðuneytinu sönnur á, sbr. 29. gr., að nauðsyn sé slíkra íbúðarbygginga, sem hér um ræðir, og skal þá ríkissjóður lána þeim sveitarfélögum, sem reisa slíkar íbúðir, 75% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar, en þar skal ekki lóð með talin. Lán þessi skulu vera til 50 ára með 3% ársvöxtum, og greiðast vextir og afborganir með jöfnu, árlegu gjaldi. Ríkissjóður leggur enn fremur fram 10% af byggingarkostnaðinum sem vaxtalaust lán til 50 ára. Lán þessi eru afborgunarlaus fyrstu 15 árin, en greiðast síðan með jöfnum árlegum greiðslum á 35 árum. Ef sveitarstjórn ákveður að afskrifa þau 15%, sem sveitarsjóður leggur fram án atbeina ríkissjóðs, er ríkisstjórninni heimilt að gefa eftir vaxtalausa lánið.

32. gr.

Til tryggingar 75% láni ríkissjóðs skal vera 1. veðréttur í húseignum þeim, sem reistar eru, þar til er lánin eru að fullu greidd.

33. gr.

Fé það, sem ríkissjóður lánar sveitarfélögunum til íbúðarbygginga samkvæmt þessum kafla, getur ríkisstjórnin tekið að láni. Vaxtamismun, sem verða kann á lánastarfsemi þessari, greiðir ríkissjóður.

34. gr.

Sveitarstjórn byggir íbúðir þessar og ræður gerð þeirra og stærð, allt í samræmi við ákvæði byggingarsamþykktar staðarins og skipulagsuppdráttar, ef til er.

Íbúðir þær, sem byggðar eru samkv. III. kafla þessara laga, skulu leigðar þeim, er í heilsuspillandi íbúðum búa, og skulu þeir ganga fyrir, sem búa við lakast húsnæði og erfiðastar heimilisástæður. Skal leitað álits heilbrigðisnefndar, ef til er, ella héraðslæknis, um það í hverri röð menn fái íbúðirnar.

35. gr.

Íbúðir þær, sem reistar eru samkvæmt ákvæðum þessa kafla, eru eign sveitarfélagsins og leigjast þeim, sem þær eru byggðar fyrir, við leigu, sem eigi má hærri vera en sambærileg leiga í leiguhúsum af sambærilegri gerð, sem einstaklingar eiga. Heimilt er þó sveitarstjórn að selja íbúðirnar þeim, sem þær hafa fengið til íbúðar, á kostnaðarverði og með hagkvæmum greiðsluskilmálum.

36. gr.

Sveitarfélög, sem íbúðir reisa með þeirri ríkisaðstoð, sem í þessum kafla segir, skulu hafa sérstakt reikningshald fyrir húsbyggingar þessar og starfrækslu þeirra. Skal leggja mánaðarlega leigu og afborganir, ef íbúðir eru seldar, í sérstakan reikning, og geymist fé þetta þar, unz að gjalddögum kemur á lánum ríkissjóðs, en þá skal því varið til afborgana og vaxtagreiðslna af þeim. Nú hrökkva tekjur af húseignunum ekki eitthvert ár til fullrar greiðslu, og skal þá greiða það, sem til vantar, úr sveitarsjóði.

36
16. febr.

37. gr.

Með reglugerð, sem félagsmálaráðherra staðfestir, skal sveitarstjórn kveða nánar á um einstök atriði varðandi framkvæmd á byggingum íbúðarhúsa sveitarfélaganna svo og leigukjör, söluskilmála, viðhald og hvað eina, sem nauðsynlegt verður talið að ákveða það sérstaklega, þ. á m., hvernig fara skal að um sölu slíkra íbúða, ef eigendaskipti verða eða eigandi vill losna við íbúð sína. Skal reynt að haga svo til, að greiðslur einstaklinga fyrir húsnæði sveitarfélaganna verði í sem mestu samræmi við greiðslur þeirra, sem hjá byggingarfélögum fá íbúðir. Í reglugerð skal og ákveða þau viðurlög, sem ástæða þykir að setja.

## IV. KAFLI
## Lánadeild smáíbúðarhúsa.

38. gr.

Stofna skal lánadeild, sem veitir einstaklingum í kaupstöðum og kauptúnum lán til bygginga smárra íbúðarhúsa, er þeir hyggjast koma upp að nokkru eða verulegu leyti með eigin vinnu sinni og fjölskyldu sinnar.

Fela má Landsbanka Íslands eða annarri lánsstofnun, sem félagsmálaráðherra semur við, stjórn, reikningshald og starfrækslu lánadeildarinnar.

39. gr.

Ríkissjóður leggur fram 4 milljónir króna sem stofnfé lánadeildarinnar.

40. gr.

Lán þau, sem lánadeild smáíbúðarhúsa veitir, skulu tryggð með 2. veðrétti í húseign þeirri, sem féð er lánað til. Ársvextir skulu vera 5½ af hundraði og lánstími allt að 15 ár. Eigi má veita hærra lán til hverrar smáíbúðar en 30 þúsund krónur, og eigi má hvíla hærri upphæð á fyrsta veðrétti smáíbúðar, sem lán er veitt til samkvæmt lögum þessum, en 60 þúsund krónur.

41. gr.

Sá, sem sækir um lán til húsbyggingar samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skal láta fylgja umsókn sinni eftirtalin skilríki:

1. Lóðarsamning eða önnur fullnægjandi skilríki sér til handa fyrir lóð undir smáhýsi.
2. Uppdrátt af húsinu, sem reisa á, götunafn og númer.
3. Upplýsingar um, hversu hátt lán hafi verið tekið eða muni verða tekið út á 1. veðrétt í húsinu og hvernig þess fjár er aflað.
4. Umsögn sveitarstjórnar um húsnæðisþörf umsækjanda.

42. gr.

Eftirtaldir aðilar skulu sitja fyrir lánum til smáíbúðabygginga:

1. Barnafjölskyldur.
2. Ungt fólk, sem stofnar til hjúskapar.
3. Fólk, sem býr í heilsuspillandi húsnæði, er ekki verður útrýmt samkvæmt III. kafla laga þessara.

## V. KAFLI
### Um innflutning og skiptingu byggingarefnis o. fl.

43. gr.

Á meðan skortur er á íbúðarhúsnæði í landinu og erfiðleikar eru á innflutningi nægilegs byggingarefnis, að dómi ríkisstjórnarinnar, skal viðskiptaráð, á meðan það starfar, ella sú stofnun, sem ríkisstjórnin ákveður, kveða á um, til hverra nota fari það byggingarefni, sem flutt er til landsins. Kveða skal á um það með reglugerð, er ráðherra setur, að fengnum tillögum þess aðila, er að framan getur, hverjar byggingar og framkvæmdir skuli ganga fyrir um byggingarefni, og skal þá einkum miðað við þörf íbúðarhúsnæðis og nauðsyn atvinnulífs og almenningsstofnana. Þá skal og í reglugerð mæla fyrir um önnur þau atriði, sem þörf er á, til að lög þessi nái tilgangi sínum.

44. gr.

Nú ákveður stjórn byggingarfélags að koma á sameiginlegum innkaupum á byggingarefni fyrir félagsmenn sína, og skal hún þá hafa sama rétt og aðrir innflytjendur byggingarefnis til að fá innflutningsleyfi og að fá keyptan gjaldeyri.

45. gr.

Nú kemst sveitarfélag, sem lán hefur fengið til húsbygginga samkvæmt III. kafla laga þessara, í greiðsluþrot eða er sett undir eftirlit samkvæmt lögum um eftirlit með sveitarfélögum eða það vanrækir um tveggja ára tíma skuldbindingar sínar vegna byggingarlána gagnvart ríkissjóði, og tekur þá ríkisstjórnin í sínar hendur framkvæmd alla og stjórn á húseignum þess sveitarfélags, sem í hlut á og reistar hafa verið samkvæmt III. kafla laga þessara.

46. gr.

Mál, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

47. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, þar á meðal ef byggingarefni er í heimildarleysi varið til annarra þarfa en lög þessi ákveða, varða sektum allt að 100 þúsund krónum.

48. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 3 frá 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, ásamt síðari breytingum á þeim lögum, lög nr. 71 frá 11. júní 1938, um byggingarsamvinnufélög, ásamt síðari breytingum á þeim lögum, svo og önnur þau lagaákvæði, sem fara í bág við lög þessi.

49. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Bráðabirgðaákvæði.

Ríkisstjórninni heimilast að endurgreiða toll af þeim innfluttum tilbúnum húsum, sem flutt verða inn á árinu 1946, að því leyti sem hann er hærri en á því byggingarefni óunnu, er til húsanna þarf.

Kosning fyrstu stjórnar byggingarsjóðs samkv. 8. gr. og fyrstu endurskoðenda samkv. 9. gr. fer fram á Alþingi því, er setur þessi lög, og gildir til ársloka 1949. Frá

36 gildistöku laganna fellur niður umboð stjórnar og endurskoðenda byggingarsjóðs
16. febr. samkvæmt lögum nr. 3 1935.

Lánskjör á fé því, sem ríkissjóður leggur fram árið 1952 til íbúðabygginga sveitarfélaga samkvæmt III. kafla laga nr. 44/1946, skulu verða þau, að ársvextir séu 5½ af hundraði og lánstími 20 ár.

*Gjört í Reykjavík, 16. febrúar 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.** **Jón Pálmason.** **Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

Stjórnartíðindi 1952, A. 2.

37
19. marz

# BRÁÐABIRGÐALÖG

**um breyting á lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Að atvinnumálaráðherra hefur tjáð oss, að vegna fyrirhugaðra ráðstafana í sambandi við verndun fiskimiða umhverfis Ísland beri brýna nauðsyn til að breyta refsiákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, í því skyni að tryggja samræmi í framkvæmd þessara ráðstafana.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

3. gr. laganna hljóði svo:

Brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, laga nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi, með síðari breytingum eða, ef um brot er að ræða, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum frá kr. 1000.00 til kr. 100 000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 19. marz 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.** Jón Pálmason. **Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

# AUGLÝSING

38
8. febr.

**um aðild Íslands að viðbótarsamningi við Norður-Atlantshafssamninginn varðandi þátttöku Grikklands og Tyrklands.**

Hinn 29. janúar 1952 var utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna afhent tilkynning um aðild Íslands að viðbótarsamningi við Norður-Atlantshafssamninginn varðandi þátttöku Grikklands og Tyrklands, sem undirritaður var fyrir Íslands hönd í London 22. október 1951.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 8. febrúar 1952.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

**Fylgiskjal.**

## VIÐBÓTARSAMNINGUR

**við Norður-Atlantshafssamninginn varðandi þátttöku Grikklands og Tyrklands.**

Aðilar Norður-Atlantshafssamningsins, sem undirritaður var í Washington hinn 4. apríl 1949,

hafa fullvissað sig um, að öryggi á Norður-Atlantshafssvæðinu mundi aukast við það, að konungsríkið Grikkland og lýðveldið Tyrkland gerist aðilar að samningnum

og hafa því orðið ásáttir um það, sem hér fer á eftir:

1. gr.

Ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku skal við gildistöku viðbótarsamnings þessa bjóða, fyrir hönd allra samningsaðila, ríkisstjórnum konungsríkisins Grikklands og lýðveldisins Tyrklands að gerast aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum með þeim breytingum, sem á honum kunna að verða gerðar með 2. gr. viðbótarsamnings þessa. Konungsríkið Grikkland og lýðveldið Tyrkland verða hvort um sig aðili þann dag, er það afhendir ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku staðfestingarskjal sitt samkvæmt 10. gr. samningsins.

## PROTOCOL

**to the North-Atlantic Treaty on the Accession of Greece and Turkey.**

The Parties to the North Atlantic Treaty, signed at Washington on 4th April, 1949,

Being satisfied that the security of the North Atlantic area will be enhanced by the accession of the Kingdom of Greece and the Republic of Turkey to that Treaty,

Agree as follows:

*Article I*

Upon the entry into force of this Protocol, the Government of the United States of America shall, on behalf of all the Parties, communicate to the Government of the Kingdom of Greece and the Government of the Republic of Turkey an invitation to accede to the North Atlantic Treaty, as it may be modified by Article II of the present Protocol. Thereafter the Kingdom of Greece and the Republic of Turkey shall each become a Party on the date when it deposits its instrument of accession with the Government of the United States of America in accordance with Article 10 of the Treaty.

38
8. febr.

2. gr.

Nú gerist lýðveldið Tyrkland aðili að Norður-Atlantshafssamningnum, og skal þá 6. gr. samningsins frá þeim degi að telja, er ríkisstjórn lýðveldisins Tyrklands afhendir ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku staðfestingarskjal sitt, hljóða þannig:

„Ákvæði 5. gr. um vopnaða árás á einn eða fleiri samningsaðila skulu taka til vopnaðrar árásar,

(i) á lönd hvaða aðila sem vera skal í Evrópu eða Norður-Ameríku, á hin frönsku héruð í Algier, á Tyrkland eða eyjar undir lögsögu hvers aðila sem vera skal í Norður-Atlantshafi norðan hvarfbaugs krabbans,

(ii) á lið, skip eða loftför hvers aðila sem vera skal á eða yfir þessum yfirráðasvæðum eða öðru svæði í Evrópu, þar sem hernámslið einhvers aðilans hafði setu, þegar samningurinn gekk í gildi, eða Miðjarðarhafinu eða Norður-Atlantshafinu norðan hvarfbaugs krabbans.“

3. gr.

Viðbótarsamningur þessi skal ganga í gildi, er allir aðilar Norður-Atlantshafssamningsins hafa tilkynnt ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku um samþykki sitt á honum. Ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku skal skýra öllum aðilum Norður-Atlantshafssamningsins frá því, hvenær henni berst hver einstök slík tilkynning, svo og frá því, hvenær viðbótarsamningur þessi tekur gildi.

4. gr.

Viðbótarsamning þennan, sem gerður er á ensku og frönsku þannig, að báðir textar eru jafngildir, skal varðveita í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku. Sú ríkisstjórn skal senda öllum ríkisstjórnum aðila Norður-Atlants-

*Article II*

If the Republic of Turkey becomes a Party to the North Atlantic Treaty, Article 6 of the Treaty shall, as from the date of the deposit by the Government of the Republic of Turkey of its instrument of accession with the Government of the United States of America, be modified to read as follows:—

"For the purpose of Article 5, an armed attack on one or more of the Parties is deemed to include an armed attack —

(i) on the territory of any of the Parties in Europe or North America, on the Algerian Departments of France, on the territory of Turkey or on the islands under the jurisdiction of any of the Parties in the North Atlantic area north of the Tropic of Cancer;

(ii) on the forces, vessels or aircraft of any of the Parties, when in or over these territories or any other area in Europe in which occupation forces of any of the Parties were stationed on the date when the Treaty entered into force or the Mediterranean Sea or the North Atlantic area north of the Tropic of Cancer."

*Article III*

The present Protocol shall enter into force when each of the Parties to the North Atlantic Treaty has notified the Government of the United States of America of its acceptance thereof. The Government of the United States of America shall inform all the Parties to the North Atlantic Treaty of the date of the receipt of each such notification and of the date of the entry into force of the present Protocol.

*Article IV*

The present Protocol, of which the English and French texts are equally authentic, shall be deposited in the Archives of the Government of the United States of America. Duly certified copies thereof shall be transmitted by

hafssamningsins staðfest eftirrit af viðbótarsamningnum.

that Government to the Governments of all the Parties to the North Atlantic Treaty. 38 8. febr.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar skrifað undir viðbótarsamning þennan.

In witness whereof, the undersigned plenipotentiaries have signed the present protocol.

# AUGLÝSING 39

## um viðskiptasamning milli Íslands og Finnlands. 6. marz

Hinn 4. febrúar 1952 var undirritaður í Reykjavík samningur um viðskipti Íslands og Finnlands. Fylgir samningurinn auglýsingu þessari í íslenzkri þýðingu.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 6. marz 1952.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

**Fylgiskjal.**

## Viðskiptasamningur milli Íslands og Finnlands.

Í því skyni að efla viðskipti milli Íslands og Finnlands hefur eftirfarandi samningur verið gerður:

1. gr.

Ríkisstjórn Finnlands mun leyfa útflutning til Íslands og ríkisstjórn Íslands mun leyfa innflutning frá Finnlandi á vörum þeim, sem taldar eru á lista I, er fylgir samningi þessum.

2. gr.

Ríkisstjórn Íslands mun leyfa útflutning til Finnlands og ríkisstjórn Finnlands mun leyfa innflutning frá Íslandi á þeim vörum, sem taldar eru á lista II, er fylgir samningi þessum.

3. gr.

Báðar ríkisstjórnirnar munu, að svo miklu leyti sem það samrýmist vöruþörfum hvors landsins um sig, greiða fyrir útflutningi og innflutningi umfram það magn og þær vörutegundir, sem gert er ráð fyrir á listunum I og II, eftir því sem unnt er.

4. gr.

Um greiðslur, sem eiga rót sína að rekja til samnings þessa, skal fara samkvæmt greiðslusamningnum milli Íslands og Finnlands frá 6. marz 1950.

5. gr.

Engin ákvæði í samningi þessum má skýra þannig, að þau leggi ríkisstjórn Íslands eða Finnlands þá skyldu á herðar, að veita útflutnings- eða innflutnings-

39 leyfi til fyrirtækja eða einstaklinga, sem hafa ekki rétt til að öðlast slík leyfi
6. marz samkvæmt gildandi ákvæðum í hvoru landinu um sig.

Veiting innflutningsleyfa er bundin því skilyrði, að hlutaðeigandi stjórnarvöld í hvoru landinu um sig samþykki verð og gæði varanna.

6. gr.

Samningur þessi gildir frá 1. febrúar 1952, að þeim degi meðtöldum, til 31. janúar 1953, að þeim degi meðtöldum.

Ef hvorugur samningsaðiljanna segir upp samningnum fyrir lok ársins 1952, framlengist hann sjálfkrafa um eitt ár.

7. gr.

Með samningi þessum er úr gildi numinn samningurinn frá 6. marz 1950.

*Gjört í tveimur eintökum í Reykjavík hinn 4. febrúar 1952.*

| Fyrir ríkisstjórn Íslands | Fyrir ríkisstjórn Finnlands |
|---|---|
| **Bjarni Benediktsson.** | **Ragnar Smedslund.** |

## LISTI I.

**Innflutningur finnskra vara til Íslands á tímabilinu 1. febrúar 1952 — 31. janúar 1953.**

| | *Vörutegund:* | *Magn:* | *Verðmæti í £:* |
|---|---|---|---|
| 1. | Heflaður og plægður trjáviður | 5000 standards | |
| 2. | Staurar o. fl. | PM | |
| 3. | Krossviður | | 50 000 |
| 4. | Þilplötur úr trjáviðarefnum | | 25 000 |
| 5. | Blaðapappír | | 65 000 |
| 6. | Annar pappír | | 100 000 |
| 7. | Pappi, þ. á m. „kraftliner“ | | 40 000 |
| 8. | Vörur úr pappír og pappa | | 40 000 |
| 9. | Hrájárn | | 3 000 |
| 10. | Síldartunnur og stafir | PM | |
| 11. | Grasfræ (alopecurus og timotei) | PM | |
| 12. | Gipsonitplötur og asbest og asbestplötur | PM | |
| 13. | Ýmislegt (veggfóður, lím, gúmmískófatnaður, hnappar, búsáhöld og hreinlætistæki úr postulíni, leirvörur, glervörur, rúðugler, rafmagnsmótorar, einangrunarefni til raflagna, járnvörur og aðrar málmvörur, vélar, tæki og áhöld, íþrótta- og leikfimisvörur, og íþróttavopn ásamt skotfærum) | | 60 000 |

## LISTI II.

**Innflutningur íslenzkra vara til Finnlands á tímabilinu 1. febrúar 1952 — 31. janúar 1953.**

| | *Vörutegund:* | *Magn:* | *Verðmæti í £:* |
|---|---|---|---|
| 1. | Síld (saltsíld, sykursöltuð síld og kryddsíld), þar af um 1120 smál. snemma veidd Norðurlandssíld | 4480 smál. | |
| 2. | Síldar- og/eða fiskimjöl | 1500 — | |

| *Vörutegund:* | *Magn:* | *Verðmæti í £:* |
|---|---|---|
| 3. Hert síldar- og/eða þorskalýsi | 200 smál. | |
| 4. Þorskalýsi til fóðurs eða iðnaðar eða meðalalýsi | 300 — | |
| 5. Hraðfryst fiskflök | 200 — | |
| 6. Kindagarnir | | 20 000 |
| 7. Blautsaltaðar og/eða sútaðar sauðagærur og önnur skinn og húðir | | 100 000 |
| 8. Ýmislegt (m. a. niðursoðið fiskmeti) | | 15 000 |

39
6. marz

## BRÁÐABIRGÐALÖG

**um breyting á lögum nr. 37/1944, um laun forseta Íslands.**

40
20. marz

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Forsætisráðherra hefur tjáð oss eftirfarandi:

Í lögum nr. 37/1944 eru forseta Íslands ákveðin 50 þúsund króna grunnlaun á ári, auk verðlagsuppbótar. Þá giltu þau ákvæði, að verðlagsuppbót var einungis greidd á nokkurn hluta af launum embættismanna. Síðar var lögtekið að greiða fulla verðlagsuppbót á öll embættislaun. Forseti hélt eigi að síður áfram að taka verðlagsuppbót á einungis tæplega fimmtung grunnlauna sinna (9870.00 krónur), þangað til 1. júlí s. l., að verðbreytingar voru orðnar slíkar, að laun hans voru ekki lengur í neinu samræmi við það, sem ákveðið hafði verið í öndverðu. Frá 1. júlí 1951 fékk forsetinn fulla verðlagsuppbót greidda á grunnlaun sín öll, svo sem lög höfðu staðið til um langt skeið. Urðu launin þá alls um 17 þúsund krónur á mánuði í stað 6 þúsund áður. Jafnframt hafði forseti við orð að beiðast endurskoðunar laganna um laun sín fyrir haustþingið 1952. — Í stjórnarskránni, 9. gr., er svo mælt, að greiðslum til forseta megi ekki breyta til lækkunar á kjörtímabilinu. Þar sem forsetakjör fer væntanlega fram áður en Alþingi kemur saman af nýju ber brýna nauðsyn til að ákveða launin með bráðabirgðalögum. Hefur orðið að ráði, að launin verði 85 000.00 krónur á ári, auk verðlagsuppbótar, eins og hún er á hverjum tíma. Yrðu þau þá með núverandi verðlagsvísitölu samtals kr. 120 380.00 á ári.

Með skírskotun til framanritaðs föllumst vér á, samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar, að gefa út svofelld bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 37/1944, um laun forseta Íslands:

1. gr.

Við 1. gr.:
Í stað „50 000.00 kr.“ komi: 85 000.00 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. marz 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.** **Jón Pálmason.** **Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

41
13. marz

# AUGLÝSING

## um framboð og kjör forseta Íslands.

Kjör forseta Íslands skal fara fram sunnudaginn 29. júní 1952.

Framboðum til forsetakjörs skal skilað í hendur dómsmálaráðuneytinu ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælenda og vottorðum yfirkjörstjórna um að þeir séu á kjörskrá, eigi síðar en fimm vikum fyrir kjördag.

Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningabærra manna og mest 3000, er skiptist þannig eftir landsfjórðungum:

Úr **Sunnlendingafjórðungi** (V.-Skaftafellssýslu—Borgarfjarðarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 920 meðmælendur, en mest 1835.

Úr **Vestfirðingafjórðungi** (Mýrasýslu—Strandasýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 180 meðmælendur, en mest 365.

Úr **Norðlendingafjórðungi** (V.-Húnavatnssýslu—S.-Þingeyjarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 280 meðmælendur, en mest 560.

Úr **Austfirðingafjórðungi** (N.-Þingeyjarsýslu—Austur-Skaftafellssýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 120 meðmælendur, en mest 240.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt lögum nr. 36 12. febrúar 1945, um framboð og kjör forseta Íslands.

*Forsætisráðuneytið, 21. marz 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Birgir Thorlacius.*

42
28. marz

# AUGLÝSING

## um framlengingu viðskiptasamnings við Vestur-Þýzkaland.

Hinn 11. janúar 1952 fóru fram í Bonn bráðabirgðaundirskriftir undir bókun nr. 2 varðandi samning frá 8. desember 1950, um vöruskipti milli Íslands og Vestur-Þýzkalands, sbr. Stj.tíð. 1951, A., nr. 90. Bókunin var endanlega undirrituð í Bonn hinn 6. marz 1952, og fylgir íslenzk þýðing á henni auglýsingu þessari, sbr. fskj. I, og enn fremur íslenzk þýðing á bréfum, er skipzt var á um leið og undirskriftir undir bókunina fóru fram, sbr. fskj. II—V.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, hinn 28. marz 1952.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

**Fylgiskjal I.**



**Bókun nr. 2 varðandi samninginn frá 8. desember 1950 um vöruskipti milli lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýzkalands.**

Við samningaumleitanir um vöruskipti milli lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýzkalands á árinu 1952 varð samkomulag milli fulltrúa beggja landanna um það, að nýr viðskiptasamningur skyldi ekki ganga í gildi fyrr en 1. júlí 1952. Jafnframt var svo um samið, að ákvæðum bókunarinnar frá 4. september 1951 um viðbótarsamkomulag við viðskiptasamninginn frá 8. desember 1950 skyldi breytt þannig, að gildistími nefnds viðskiptasamnings framlengdist til 30. júní 1952. Um einstök atriði var gert eftirfarandi samkomulag:

1. gr.

Um innflutning Sambandslýðveldisins Þýzkalands frá lýðveldinu Íslandi á tímabilinu frá 1. janúar til 30. júní 1952, skulu gilda ákvæði fylgiskjals A. með viðskiptasamningnum frá 8. desember 1950, þannig að verðmæti hvers vöruflokks sé helmingað, þó með eftirfarandi undantekningum og breytingum:

1. Liðurinn „Fiskur og síld“ fellur niður á tímabilinu frá 1. janúar til 30. júní 1952. Í stað hans skal gilda samkomulag, sem felst í bréfum þeim, er fylgja bókun þessari;
2. á vörulista A. kemur nýr liður „Íslenzkir hestar“ að verðmæti $ 20 000;
3. ríkisstjórn Íslands skuldbindur sig til að veita útflutningsleyfi fyrir neðantöldum vörum til umráðasvæðis Sambandslýðveldisins Þýzkalands og til Vestur-Berlínar á tímabilinu frá 1. janúar til 30. júní 1952:

| | |
|---|---|
| a. fiskmjöli | a. m. k. 2000 smál. |
| b. fisklýsi, óunnu | a. m. k. $ 200 000 |

2. gr.

Um útflutning Sambandslýðveldisins Þýzkalands til lýðveldisins Íslands á tímabilinu frá 1. janúar til 30. júní 1952 skulu gilda ákvæði fylgiskjals B. með viðskiptasamningnum frá 8. desember 1950, þannig að verðmæti hvers vöruflokks sé helmingað, þó með eftirfarandi viðbótum og breytingum:

1. Ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýzkalands skuldbindur sig til að veita útflutningsleyfi fyrir neðantölduum vörum fram til 30. júní 1952:

   kol og koks ........ 1500 smál.

2. Á tímabilinu frá 1. janúar til 30. júní 1952 skal liðurinn „Stál og járn“ á vörulista B., þ. á m. hvað snertir hámarksverðmæti, vera sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| a. valsað járn og stál | | $ 150 000 |
| þar af: heitvalsað | $ 100 000 | |
| kaldvalsað og kalddregið og vörur úr vír | $ 50 000 | |
| b. vörur úr steypujárni | | $ 40 000 |

3. Á tímabilinu frá 1. janúar til 30. júní 1952 skal liðurinn „Aðrir málmar en járn og stál“ á vörulista B., þ. á m. hvað snertir hámarksverðmæti, vera sem hér segir: Hálfunnar vörur og fullunnar úr öðrum málmum en járni og stáli $ 15 000.

42
28. marz

3. gr.

Um það er samkomulag, að samningsumleitanir um nýjan viðskiptasamning skuli hefjast í síðasta lagi um miðjan júní 1952 í Reykjavík.

Gjört í Bonn, hinn 6. marz 1952, í tveimur eintökum.

| | |
|---|---|
| Bráðabirgðaundirskrift fyrir lýðveldið Ísland: | Bráðabirgðaundirskrift fyrir Sambandslýðveldið Þýzkaland: |
| **V. F.** | **F. B.** |
| (Vilhjálmur Finsen) | (Fritz Bögeholz) |
| 11. jan. 1952. | 11. jan. 1952. |
| Undirskrift fyrir lýðveldið Ísland: | Undirskrift fyrir Sambandslýðveldið Þýzkaland: |
| **Vilh. Finsen** | **V. Lupin** |
| 6. marz 1952. | 6. marz 1952. |

**Fylgiskjal II.**

FORMAÐUR ÞÝZKU SAMNINGANEFNDARINNAR

Bonn, 6. marz 1952.

Herra aðalræðismaður,

Við samningaumleitanir um vöruskipti milli Sambandslýðveldisins Þýzkalands og lýðveldisins Íslands á árinu 1952 varð samkomulag milli samningsaðilja um það, að til innflutnings á hestum frá Íslandi skuli að minnsta kosti 40 000 dollaraheildarupphæð vera til ráðstöfunar, og að fjárhæð þá, sem ákveðin er fyrir hesta frá Íslandi í bókun þeirri, er undirrituð hefur verið í dag, um vöruskipti á tímabilinu frá 1. janúar til 30. júní 1952, skuli taka af þeirri upphæð.

Leyfið mér, herra aðalræðismaður, að votta yður sérstaka virðingu mína.

**v. Lupin.**

Til fulltrúa íslenzku ríkisstjórnarinnar, herra Vilhjálms Finsen, aðalræðismanns,
**Bonn/Rh.**

**Fylgiskjal III.**

FULLTRÚI ÍSLENZKU RÍKISSTJÓRNARINNAR

Bonn, 6. marz 1952.

Herra skrifstofustjóri,

Ég viðurkenni móttöku bréfs yðar, dags. í dag, er hljóðar svo:

„Við samningaumleitanir um vöruskipti milli Sambandslýðveldisins Þýzkalands og lýðveldisins Íslands á árinu 1952 varð samkomulag milli samningsaðilja um það, að til innflutnings á hestum frá Íslandi skuli að minnsta kosti 40 000 dollaraheildarupphæð vera til ráðstöfunar, og að fjárhæð þá, sem ákveðin er fyrir hesta frá Íslandi í bókun þeirri, er undirrituð hefur verið í dag, um vöruskipti á tímabilinu frá 1. janúar til 30. júní 1952, skuli taka af þeirri upphæð.“

Ég leyfi mér að tilkynna yður, að íslenzka ríkisstjórnin er sammála ofanrituðu.

Leyfið mér, herra skrifstofustjóri, að votta yður sérstaka virðingu mína.

**Vilh. Finsen.**

Til formanns þýzku samninganefndarinnar, dr. v. Lupin, skrifstofustjóra,
**Bonn/Rh.**

Fylgiskjal IV.

FORMAÐUR ÞÝZKU SAMNINGANEFNDARINNAR

Bonn, 6. marz 1952.

Herra aðalræðismaður,

Við samningsumleitanir um vöruskipti milli Sambandslýðveldisins Þýzkalands og lýðveldisins Íslands á árinu 1952 varð samkomulag milli samningsaðilja um það, að innflutningur saltflaka og saltfisks frá Íslandi á tímabilinu frá 1. janúar til 30. júní 1952 skuli takmarkaður við 50 000 dollara hámarksupphæð.

Sambandsstjórnin lýsir yfir því, að hún sé í meginatriðum reiðubúin að ráðstafa 2 500 000 dollurum til innflutnings á fiski frá Íslandi á árinu 1952. Þá fjárhæð, sem ákveðin er fyrir saltflök og saltfisk á fyrra misseri ársins 1952, skal taka af þessu fé.

Skipting 2 500 000 dollara fjárhæðarinnar skal fara fram í sambandi við samningsumleitanir um nýjan viðskiptasamning, þó í síðasta lagi hinn 30. júní 1952.

Leyfið mér, herra aðalræðismaður, að votta yður sérstaka virðingu mína.

**v. Lupin.**

Til fulltrúa íslenzku ríkisstjórnarinnar, herra Vilhjálms Finsen, aðalræðismanns,
Bonn/Rh.

Fylgiskjal V.

FULLTRÚI ÍSLENZKU RÍKISSTJÓRNARINNAR

Bonn, 6. marz 1952.

Herra skrifstofustjóri,

Ég viðurkenni móttöku bréfs yðar, dags. í dag, er hljóðar svo:

„Við samningsumleitanir um vöruskipti milli Sambandslýðveldisins Þýzkalands og lýðveldisins Íslands á árinu 1952 varð samkomulag milli samningsaðilja um það, að innflutningur saltflaka og saltfisks frá Íslandi á tímabilinu frá 1. janúar til 30. júní 1952 skuli takmarkaður við 50 000 dollara hámarksupphæð.

Sambandsstjórnin lýsir yfir því, að hún sé í meginatriðum reiðubúin að ráðstafa 2 500 000 dollurum til innflutnings á fiski frá Íslandi á árinu 1952. Þá fjárhæð, sem ákveðin er fyrir saltflök og saltfisk á fyrra misseri ársins 1952, skal taka af þessu fé.

Skipting 2 500 000 dollara fjárhæðarinnar skal fara fram í sambandi við samningsumleitanir um nýjan viðskiptasamning, þó í síðasta lagi hinn 30. júní 1952.“

Ég leyfi mér að tilkynna yður, að íslenzka ríkisstjórnin er sammála ofanrituðu.

Leyfið mér, herra skrifstofustjóri, að votta yður sérstaka virðingu mína.

**Vilh. Finsen.**

Til formanns þýzku samninganefndarinnar, dr. v. Lupin, skrifstofustjóra,
Bonn/Rh.

43
18. apríl

# BRÁÐABIRGÐALÖG

## um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna byggingar áburðarverksmiðju.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð oss, að Íslandi hafi verið veittar 5.5 millj. dollara efnahagsaðstoð frá Bandaríkjunum á tímabilinu 1. júlí 1951 til 30. júní 1952, og verði 1 millj. dollarar af þessari fjárhæð veitt sem lán. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að verja lánsfé þessu til byggingar áburðarverksmiðju, en hins vegar vantar hana heimild til að taka lánið og endurlána það Áburðarverksmiðjunni h.f.

Með því að vér föllumst á að brýna nauðsyn beri til að veita ríkisstjórninni slíka heimild, gefum vér út bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 1 millj. dollara lán, sem bandarísk stjórnvöld veita fyrir milligöngu Export-Import Bank, með þeim kjörum, sem almennt gilda um slík lán. Er ríkisstjórninni heimilt að endurlána Áburðarverksmiðjunni h.f. alla lánsupphæðina með þeim skilmálum, sem hún telur nauðsynlega, og gegn þeim tryggingum, sem hún tekur gildar.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 18. apríl 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.** **Jón Pálmason.** **Jón Ásbjörnsson.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

# BRÁÐABIRGÐALÖG

44
30. apríl

## um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Atvinnumálaráðherra hefur tjáð oss, að frá því byrjað var að nota veiðarfæri það, sem nefnt hefur verið „flotvarpa", hafi verið til athugunar í atvinnumálaráðuneytinu og dómsmálaráðuneytinu, hvort ákvæði laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, nái til þessa veiðarfæris. Hafi ekki þótt tvímælalaust að svo sé, en hins vegar telji sérfróðir menn, að notkun þess geti verið skaðleg fiskistofninum á svipaðan hátt og botnvarpan, og beri því brýna nauðsyn til að kveða skýrt á um að fyrirmæli laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, nái einnig til þessa veiðarfæris, þó þannig að ráðherra skuli heimilt að leyfa síldveiðar í landhelgi með flotvörpu, og fella þá jafnframt úr gildi lög nr. 34/1937, þar sem ríkisstjórninni er heimilað að veita leyfi til síldveiða með botnvörpu á fjörðum inni.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 orðist svo:

Í landhelgi við Ísland á friðunarsvæði því, sem ákveðið er í reglugerð nr. 21 19. marz 1952, skulu bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpu og flotvörpu.

Heimilt er ráðherra að veita vélbátum undanþágu frá banni þessu, til að stunda kampalampaveiðar og leturhumarveiðar á tilteknum svæðum með venjulegri kampalampavörpu og leturhumarvörpu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands, að veita leyfi til síldveiða í landhelgi með flotvörpu. Leyfi þetta skal bundið því skilyrði, að hlutaðeigandi veiðiskip sé eingöngu gert út til síldveiða. Auk þess getur ráðherra bundið leyfið þeim öðrum skilyrðum, er hann telur nauðsynleg, þar á meðal að allur afli annar en síld sé upptækur til ríkissjóðs.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 56 23. júní 1936, um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, og lög nr. 34 13. júní 1937, um heimild fyrir ríkisstjórnina til síldveiða með botnvörpu á fjörðum inni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

45
6. maí

# BRÁÐABIRGÐALÖG

**um viðauka við lög nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð oss, að hann telji nauðsynlegt að setja í lög skýlausa heimild fyrir verðgæzlustjóra til þess að fylgjast með verðlagi í landinu, jafnt á þeim vörum, sem ekki eru háðar verðlagsákvörðunum fjárhagsráðs og þeim, sem háðar eru verðlagsákvörðunum. Komið hefur í ljós, að einstaka aðilar, sem við verzlun fást, hafa misnotað það frelsi, sem veitt hefur verið til að ákveða álagningu á vörur. Telur viðskiptamálaráðherra nauðsynlegt, til að sporna gegn þeirri misnotkun, að lög verði sett, sem heimili að birta nöfn þeirra, sem uppvísir verða að óhóflegri álagningu á vörur, sem frjálst verðlag er á. Enn fremur er talið æskilegt, að nefnd sú, er kosin hefur verið samkvæmt 2. gr. laga nr. 35/1950, fái víðtækari heimild til að fylgjast með verðlagi en í lögunum greinir.

Með skírskotun til framanritaðs föllumst vér á, samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar, að gefa út bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

1. gr.

Verðgæzlustjóri skal fylgjast með verðlagi í landinu. Heimild hans til öflunar upplýsinga í því skyni samkvæmt 9. gr. laga nr. 35/1950 gildi einnig um þær vörur, sem ekki eru háðar ákvæðum um hámarksálagningu.

2. gr.

Heimilt skal verðgæzlustjóra að birta nöfn þeirra, sem verða uppvísir að óhóflegri álagningu á vörur eða þjónustu, sem frjálst verðlag er á. Ráðherra setur nánari fyrirmæli um framkvæmd þessarar heimildar.

3. gr.

Nefnd sú, sem um getur í 2. gr. laga nr. 35/1950, hefur rétt til að fá upplýsingar og skýrslur frá verðgæzlustjóra um verðlag og verðgæzlu. Hefur hún tillögurétt um þessi mál.

Verðgæzlustjóri skal mæta á fundum nefndarinnar, er hún óskar þess, til umræðu um verðlagsmál.

4. gr.

Nefndinni skulu sendar skýrslur þær um samanburð á verðlagi og gæðum innlendra og erlendra iðnaðarvara, er verðgæzlustjóri sendir ársfjórðungslega til fjárhagsráðs, sbr. 4. mgr. 3. gr. laga nr. 35/1950.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 6. maí 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.** **Jón Pálmason.** **Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Björn Ólafsson.*

# AUGLÝSING

um vöruskiptasamkomulag milli Íslands og Danmerkur.

46
13. apríl

## BÓKUN

**um vöruskipti milli Íslands og Danmerkur á tímabilinu frá 15. marz 1952 til 14. marz 1953.**

1. Með tilvísun til samnings milli Íslands og Danmerkur, er undirritaður var 4. júní 1948, um vöruskipti Íslands og Danmerkur, hafa ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Danmerkur orðið ásáttar um eftirfarandi ákvæði um viðskipti Íslands og Danmerkur á tímabilinu frá 15. marz 1952 til 14. marz 1953.

2. Ríkisstjórn Danmerkur mun leyfa innflutning frá Íslandi á:

a) 20 000 tunnum af saltsíld (þar með talin kryddsíld og sykursöltuð síld);
b) 500 smálestum af saltfiski;
c) niðursoðnum sjávarafurðum fyrir d.kr. 200 000.00;
d) öðrum íslenzkum afurðum á sama hátt og áður hefur tíðkazt.

3. Ríkisstjórn Íslands mun, að svo miklu leyti sem gjaldeyrisástand landsins leyfir, heimila innflutning frá Danmörku á sama hátt og áður hefur tíðkazt.

4. Ríkisstjórn Íslands mun heimila útflutning til Danmerkur á 10% af síldarmjöli því, er til útflutnings kemur, framleiddu sumarið 1952 fram til 15. september, og 20% af síldarmjöli, er til útflutnings kemur, framleiddu veturinn 1952/53, fram að þeim degi, er bókun þessi fellur úr gildi.

Enn fremur mun heimilaður útflutningur til Danmerkur á 7½% af síldarlýsi því, sem framleitt er sumarið 1952, fram til 15. september og á 15% af síldarlýsi framleiddu veturinn 1952/1953, fram að þeim degi, er bókun þessi fellur úr gildi.

5. Ríkisstjórnir beggja landanna eru sammála um að stuðla að auknum viðskiptum milli Íslands og Danmerkur, og

## PROTOKOL

**angående vareudvekslingen mellem Island og Danmark i tidsrummet fra den 15. marts 1952 til den 14. marts 1953.**

1. Under henvisning til den mellem Island og Danmark den 4. juni 1948 undertegnede overenskomst vedrørende den islandsk-danske vareudveksling er den islandske regering og den danske regering blevet enige om følgende bestemmelser for samhandelen mellem de to lande i tidsrummet fra den 15. marts 1952 til den 14. marts 1953.

2. Den danske regering tillader import fra Island af:

a) 20 000 tønder saltsild (deri indebefattet krydret sild og sukkersaltet sild);
b) 500 tons saltfisk;
c) konserverede fiskeriprodukter for 200 000 d.kr.;
d) andre islandske produkter i traditionelt omfang.

3. Den islandske regering vil, i det omfang Islands valutastilling gør det muligt, tillade den traditionelle import til Island af danske varer.

4. Den islandske regering vil udstede eksportbevillinger til Danmark for 10% af det til eksport fastsatte kvantum af sommerproduktionen af sildemel 1952 indtil den 15. september og for 20% af det til eksport fastsatte kvantum af vinterproduktionen af sildemel 1952/1953 indtil denne protokols udløbsdato.

Endvidere vil der blive udstedt eksportbevillinger til Danmark for 7½% af den sildeolie, der produceres i sommeren 1952 indtil den 15. september og for 15% af den sildeolie, der produceres i vinteren 1952/1953 indtil denne protokols udløbsdato.

5. Begge landes regeringer er enige om at virke for forøget samhandel mellem Island og Danmark, og under hensyn til

46
13. apríl

með tilliti til hins tiltölulega mikla innflutnings danskra vara til Íslands munu þær einkum leitast við að greiða fyrir útflutningi frá Íslandi til Danmerkur.

Gjört í Reykjavík í tveimur eintökum á íslenzku og dönsku, er bæði skulu hafa jafnt gildi.

Reykjavík, 12. marz 1952.

Fyrir ríkisstjórn Íslands:

**Bjarni Benediktsson.**

Fyrir ríkisstjórn Danmerkur:

**Bodil Begtrup.**

Islands relativt store import af danske varer navnlig søge at lette Islands eksport til Danmark.

Udfærdiget i Reykjavik i to eksemplarer på det islandske og det danske sprog, idet begge tekster skal have samme gyldighed.

Reykjavik, den 12. marts 1952.

For den islandske regering:

**Bjarni Benediktsson.**

For den danske regering:

**Bodil Begtrup.**

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 13. marz 1952.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

47
19. apríl

# AUGLÝSING

## um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Svíþjóðar.

Hinn 31. marz 1952 var undirrituð í Stokkhólmi bókun um viðskipti Íslands og Svíþjóðar á tímabilinu 1. apríl 1952 til 31. marz 1953. Bókun þessi fer hér á eftir ásamt íslenzkri þýðingu:

### BÓKUN

Í samræmi við 3. lið bókunar þeirrar, er undirrituð var 19. júní 1947, um vöruskipti milli Íslands og Svíþjóðar, hafa ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Svíþjóðar orðið ásáttar um eftirfarandi ákvæði um vöruskiptin á tímabilinu 1. apríl 1952 til 31. marz 1953:

1. Sænska ríkisstjórnin mun, innan takmarka þeirrar heildarupphæðar, sem ákveðin er fyrir innflutning á síld, leyfa innflutning á saltsíld, sykursaltaðri síld og kryddsíld að svo miklu leyti sem samkomulag kann að nást milli hlutaðeigandi íslenzkra seljenda og sænskra kaupenda. Hvað snertir aðrar venjulegar útflutningsvörur Íslands, mun innflutningur verða leyfður á sama hátt og áður hefur tíðkazt.

### PROTOKOLL

I enlighet med mom. 3 i det den 19 juni 1947 undertecknade protokollet angående varuutbytet mellan Island och Sverige hava isländska regeringen och svenska regeringen beträffande varuutbytet under tiden 1 april 1952 — 31 mars 1953 överenskommit om följande:

1. Svenska regeringen kommer att inom ramen för gällande globalkontingent för import av sill medgiva import av saltad, sockersaltad och kryddad sill i den mån uppgörelser kunna träffas mellan vederbörande isländska säljare och svenska köpare. Beträffande andra traditionella isländska exportvaror kommer import att medgivas i sedvanlig omfattning.

2. Íslenzka ríkisstjórnin mun leyfa innflutning á sænskum vörum með tilliti til þess, hvað Svíþjóð kaupir af íslenzkum vörum og með hliðsjón af venjulegum útflutningshagsmunum Svíþjóðar.

3. Samningsaðilar eru sammála um að athuga alla möguleika á auknum vöruskiptum á gildistíma þessarar bókunar með veitingum innflutnings- og útflutningsleyfa gagnkvæmt.

Stokkhólmi, 31. marz 1952.

Fyrir ríkisstjórn Íslands:

**Helgi P. Briem.**

Fyrir ríkisstjórn Svíþjóðar:

**Östen Undén.**

2. Isländska regeringen kommer att medgiva import av svenska varor under hänsynstagande till Sveriges import av isländska varor samt med beaktande av traditionella svenska exportintressen. 47 19. apríl

3. Båda parterna äro ense om att under detta protokolls giltighetstid undersöka alla möjligheter att genom ömsesidiga import- och exportmedgivanden vidga varuutbytet.

Stockholm den 31 mars 1952.

För isländska regeringen:

**Helgi P. Briem.**

För svenska regeringen:

**Östen Undén.**

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 19. apríl 1952.*

**Bjarni Benediktsson.**

---

*Magnús V. Magnússon.*

Stjórnartíðindi 1952, A. 4.

# BRÁÐABIRGÐALÖG

**um breytingu á lögum nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl.** 48 15. maí

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð oss, að hann telji nauðsynlegt að breyta ákvæðum þeim, sem gilda um hámarksvexti af fasteignaveðslánum og handveðslánum samkvæmt lögum nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl. Í byrjun aprílmánaðar voru innlánsvextir og almennir útlánsvextir Landsbanka Íslands og ýmissa annarra lánsstofnana hækkaðir allmikið. Hækkun innlánsvaxtanna getur valdið ýmsum lánsstofnunum erfiðleikum, nema tilsvarandi hækkun útlánsvaxta komi á móti, og er því nauðsynlegt að breyta 2. gr. fyrrnefndra laga þannig, að heimilt skuli að taka sömu ársvexti og Landsbanki Íslands reiknar af lánum, sem tryggð eru með veði í fasteign eða handveði, þó ekki yfir 7%.

Vegna þessa gefum vér út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

2. gr. laga nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl. orðist svo: Ef skuld er tryggð með veði í fasteign eða handveði, skal frjálst að taka af henni



Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

48 í ársvexti allt að 6 af hundraði. Nú áskilur Landsbanki Íslands sér hærri vexti af
15. maí slíkum lánum og er þá öðrum einnig heimilt að semja um hærri ársvexti en 6%, þó ekki yfir 7%. Aldrei má samt taka hærri vexti samkvæmt þessari heimild en Landsbanki Íslands reiknar sér á sama tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 15. maí 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.** **Jón Pálmason.** **Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Björn Ólafsson.*

49
30. maí

## AUGLÝSING

### um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Hinn 15. maí 1952 var undirritaður í Prag viðskipta- og greiðslusamningur milli Íslands og Tékkóslóvakíu, er gildir frá 1. maí 1952 til 30. apríl 1953.

Samkvæmt samningi þessum er gert ráð fyrir, að Íslendingar selji Tékkum fryst fiskflök og nýja og frysta síld, en á móti er gert ráð fyrir kaupum á vefnaðarvörum, gúmmískófatnaði, pappír, gleri, síldartunnum, járnvörum, sykri, haframjöli og fleiri vörum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, hinn 30. maí 1952.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

50
9. júní

## AUGLÝSING

### um loftferðasamning milli Íslands og Svíþjóðar.

Hinn 3. júní 1952 var undirritaður í Reykjavík loftferðasamningur milli Íslands og Svíþjóðar. Samningurinn gekk í gildi við undirritun.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 9. júní 1952.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

50
9. júní

## LOFTFERÐASAMNINGUR
### milli Íslands og Svíþjóðar.

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Svíþjóðar, sem hafa ákveðið að gera með sér samning um loftferðir milli Íslands og Svíþjóðar, hafa orðið ásáttar um eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Samningsaðilar veita hvor öðrum þau réttindi, sem greind eru í viðbæti við samning þennan og veita verður til þess að hægt sé að koma á flugferðum milli þeirra staða, sem þar um ræðir. Þessar flugferðir má hefja þegar í stað eða síðar, samkvæmt ákvörðun þess samningsaðila, sem réttindin eru veitt.

2. gr.

a. Nú hefur annar samningsaðilinn veitt hinum aðilanum réttindi til að koma á flugferðum, og má þá hefja reksturinn jafnskjótt og sá aðili, sem réttindi hafa verið veitt, hefur tilnefnt flugfélag eða flugfélög, sem taki að sér reksturinn. Þeim aðila, sem réttindin hefur veitt, er að tilskildum ákvæðum 6. gr. hér á eftir, skylt að veita hinu tilnefnda flugfélagi eða félögum nauðsynleg leyfi vegna rekstursins þegar í stað.

b. Sá samningsaðili, sem veitir ofangreind réttindi, getur krafizt þess af hinu tilnefnda flugfélagi eða félögum, að áður en réttindi eru veitt til að hefja þær flugferðir, sem um getur í samningi þessum, sé sannað, að það eða þau uppfylli öll skilyrði í lögum þeim og ákvæðum, sem í gildi eru á hans yfirráðasvæði.

3. gr.

Til að koma í veg fyrir misskipti, svo og til að tryggja samræmi í framkvæmd:

a. eru samningsaðilar ásáttir um, að gjöld fyrir afnot flughafna þeirra og annarra hjálpartækja, sem hvor samningsaðili kann að leggja á flugfélög hins,

## LUFTFARTSÖVERENSKOMMELSE
### mellan Island och Sverige.

Isländska regeringen och svenska regeringen, som beslutat avsluta en överenskommelse rörande luftfartsförbindelserna mellan Island och Sverige hava överenskommit om följande bestämmelser:

Artikel 1.

De fördragsslutande parterna bevilja varandra i härtill hörande bilaga angivna rättigheter, vilka äro erforderliga för upprättandet av däri omförmälda luftfartslinjer. Dessa linjer kunna öppnas omedelbart eller vid en senare tidpunkt, efter bestämmande av den fördragsslutande part, som erhållit rättigheterna.

Artikel 2.

a. Trafiken på envar av de luftfartslinjer, som den ena fördragsslutande parten beviljat den andra fördragsslutande parten rätt att upprätta, kan öppnas så snart den sistnämnda fördragsslutande parten utsett ett eller flera lufttrafikföretag att trafikera ifrågavarande linje. Den avtalsslutande part, som beviljar rättigheterna, är, med förbehåll av bestämmelserna i nedanstående artikel 6, förpliktad, att utan dröjsmål lämna det eller de sålunda utsedde lufttrafikföretagen härför erforderligt tillstånd.

b. Den fördragsslutande part, som beviljar ovannämnda rättigheter, må av det eller de sålunda utsedda lufttrafikföretagen, innan tillstånd meddelas att påbörja trafiken på de i förevarande överenskommelse angivna linjerna, kräva, att ifrågavarande företag styrker sig uppfylla alla villkor, som äro föreskrivna i på dess territorium gällande lagar och bestämmelser.

Artikel 3.

I syfte att förebygga olika behandling och för att säkerställa enhetlig praxis överenskommes att:

a. Envar av de fördragsslutande parterna medgiver att de avgifter för utnyttjandet av dess flygplatser och andra anläggningar, som den må pålägga den

50
9. júní

skuli ekki vera hærri en gjöld innlendra loftfara, sem fást við sams konar flutning milli landa, fyrir afnot slíkra flughafna og hjálpartækja;

b. skal eldsneyti, smurningsolíur og varahlutir, sem flutt er til landssvæðis annars samningsaðila af flugfélagi, tilnefndu af hinum aðilanum eða fyrir reikning slíks flugfélags og ætlað er eingöngu loftförum þess félags, njóta sömu kjara um tollaálögur, skoðunargjöld eða önnur innanlandsgjöld og gilda um innlend flugfélög eða flugfélög þeirra ríkja, sem beztu kjara njóta;

c. skal eldsneyti, smurningsolíur og varahlutir, venjulegur útbúnaður og vistir, sem eru um borð í loftförum, öðrum en hernaðarloftförum, og eru eign þeirra flugfélaga annars samningsaðilans, sem hefur leyfi til að starfrækja flugferðir samkvæmt því, sem nánar er til tekið í viðbótarákvæðum samnings þessa, undanþegið tollaálögum, skoðunargjöldum og öðrum slíkum gjöldum við komu til eða burtför frá landsvæði hins samningsaðilans, jafnvel þótt loftförin eyði slíkum forða á flugi innan þess landsvæðis.

4. gr.

Lofthæfnisskírteini, hæfnisskírteini áhafna og leyfisbréf, sem gefin eru út eða staðfest af öðrum samningsaðilinum, skulu viðurkennd af hinum aðilanum, að því er við kemur starfrækslu þeirra flugferða, sem í viðbætinum greinir. Hvor aðili um sig áskilur sér þó rétt til að synja um viðurkenningu, að því er snertir flug yfir landsvæði hans, á hæfnisskírteinum og leyfisbréfum, sem út eru gefin af öðru ríki handa hans eigin þegnum.

5. gr.

a. Lög og ákvæði annars samningsaðilans um komu loftfara í millilandaflugi til eða burtför frá landsvæði hans,

andra fördragsslutande partens lufttrafikföretag, icke må vara högre än de, som landets inhemska luftfartyg i liknande internationell trafik erlägga för begagnandet av sådana flygplatser och anläggningar.

b. Drivmedel, smörjoljor och reservdelar, som införas på den ena fördragsslutande partens territorium av ett av den andra fördragsslutande parten utsett lufttrafikföretag eller för ett sådant lufttrafikföretags räkning och för begagnande uteslutande av detta företags luftfartyg, skola, i vad avser tullavgifter, undersökningskostnader eller andra inhemska avgifter och pålagor åtnjuta en behandling, som är lika gynnsam som den som medgives inhemskt eller mestgynnad-nations lufttrafikföretag.

c. Drivmedel, smörjoljor, reservdelar, sedvanlig utrustning och förråd, som finnes ombord på civila luftfartyg, tillhörande de av den ena fördragsslutande partens lufttrafikföretag, som har tillstånd att trafikera de i bilagan angivna linjerna, äro vid ankomst till eller avfärd från den andra fördragsslutande partens territorium fritagna från tullavgifter, undersökningsavgifter eller liknande avgifter även om sådana förnödenheter användas eller förbrukas av dessa luftfartyg under flygning över nämnda territorium.

Artikel 4.

Luftvärdighetsbevis, luftfartscertifikat och tillståndsbevis, som utfärdats eller förlänats giltighet av en av de fördragsslutande parterna, skola tillerkännas giltighet av den andra fördragsslutande parten vad avser driften av de i bilagan angivna linjerna. Envar av de fördragsslutande parterna förbehåller sig emellertid rätt att beträffande luftfart över dess eget territorium vägra godkänna giltigheten av luftfartscertifikat och tillståndsbevis utfärdade för dess egna medborgare av annan stat.

Artikel 5.

a. Fördragsslutande parts lagar och bestämmelser angående ankomst till och avfärd från dess territorium av luftfar-

svo og um starfrækslu og stjórn slíkra loftfara meðan þau eru innan landsvæðis hans, skulu gilda um loftför flugfélags eða félaga hins aðilans.

b. Farþegar, áhöfn og sendandi varnings, sem fluttur er loftleiðis, skulu annað hvort persónulega eða fyrir milligöngu þriðja manns, sem kemur fram fyrir þeirra hönd og á þeirra ábyrgð, fylgja þeim lögum og ákvæðum, sem gilda á landsvæði hvors samningsaðila, um komu, dvöl og brottför farþega, áhafnar eða farms, t. d. ákvæðum um komu, brottför, innflytjendur, vegabréf, toll og sóttkví.

6. gr.

Hvor samningsaðili um sig áskilur sér rétt til að synja flugfélagi, sem hinn aðilinn hefur tilnefnt, um réttindi, eða afturkalla slík réttindi, þegar ekki er talið nægilega upplýst, að það séu þegnar hins aðilans, sem að verulegu leyti eigi og stjórni flugfélaginu eða þegar flugfélag þetta lætur undir höfuð leggjast að fylgja lögum og ákvæðum þess ríkis, sem félagið rekur loftferðir um, sbr. 5. gr. hér að ofan, eða fullnægir ekki skuldbindingum þeim, sem samningur þessi leggur því á herðar.

7. gr.

Samning þennan svo og samþykktir allar, sem gerðar eru í framhaldi af honum, skal skrásetja hjá alþjóðaflugmálastofnuninni.

8. gr.

Nú álítur annar hvor samningsaðili æskilegt að breyta einhverju ákvæði í viðbætinum við samning þennan, og getur hann þá farið þess á leit, að viðræður

tyg i internationell trafik ävensom rörande driften och navigeringen av sådana luftfartyg, medan de befinna sig inom dess territorium, skola äga tillämpning på luftfartyg tillhöriga den andra fördragsslutande partens lufttrafikföretag.

b. Passagerare, besättning och avsändare av varor, vilka befordras med luftfartyg, skola, antingen personligen eller genom tredje person, som handlar å deras vägnar och för deras räkning, efterkomma de på envar av de fördragsslutande parternas territorier gällande lagar och bestämmelser rörande ankomst, uppehåll och avgång i vad avser passagerare, besättning eller last ävensom bestämmelser rörande in- och utresa, immigration, pass, tull och karantän.

Artikel 6.

Envar av de fördragsslutande parterna förbehåller seg rätt att förvägra ett av den andra fördragsslutande parten utsett lufttrafikföretags koncession eller att återkalla sådan koncession, därest den icke finner det tillfredsställande styrkt, att en väsentlig del av äganderätten till och den verkliga kontrollen över ifrågavarande lufttrafikföretag innehaves av sistnämnda fördragsslutande parts medborgare eller därest lufttrafikföretaget ifråga underlåter att såsom angivits i artikel 5 här ovan ställa sig till efterrättelse lagarna och bestämmelserna i den stat, över vars område det driver luftfart eller underlåter att fullgöra de skyldigheter som ålagts detsamma enligt förevarande överenskommelse.

Artikel 7.

Förevarande överenskommelse och alla därmed förbudna avtal skola registreras hos den Internationella Civila Luftfartsorganisationen.

Artikel 8.

Därest en av de fördragsslutande parterna finner det önskvärt att vidtaga förändringar i bilagan till förevarande överenskommelse, kan den göra fram-

50
9. júní

fari fram um málið milli réttra yfirvalda í löndum samningsaðila. Slíkar viðræður skulu hefjast áður en 60 dagar eru liðnir frá því að beiðnin kom fram. Sérhver breyting, sem yfirvöld þessi kunna að koma sér saman um, tekur gildi þegar hún hefur verið staðfest með erindaskiptum.

ställning om överläggningar härom mellan de två fördragsslutande parternas behöriga luftfartsmyndigheter. Sådana förhandlingar skola taga sin början inom 60 dagar, räknat från den dag då begäran därom gjordes. Varje ändring, varom enighet nåtts mellan de ifrågavarande myndigheterna, träder i kraft, då den bekräftats genom utväxling av noter.

9. gr.

Nú tekur alþjóðasamningur um loftferðir gildi hjá báðum samningsaðilum, og skulu þeir þá sín á milli samræma ákvæði þessa samnings og viðbætisins við hann ákvæðum slíks alþjóðasamnings.

Artikel 9.

Därest en allmän multilateral luftfartskonvention för de två fördragsslutande parternas vidkommande träder i kraft, skola de rådgöra med varandra i syfte att bringa bestämmelserna i förevarande överenskommelse och bilaga i överensstämmelse med bestämmelserna i sagda konvention.

10. gr.

a. Samningsaðilar hafa komið sér saman um að vísa sérhverjum ágreiningi varðandi skýringu eða framkvæmd á samningi þessum eða viðbætinum til úrskurðar gerðardóms, enda hafi þeim ekki tekizt að jafna hann með viðræðum sín á milli.

b. Ágreininginn má leggja undir úrskurð ráðs alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem stofnað var með samþykkt um alþjóðaflugmál, er undirrituð var í Chicago hinn 7. desember 1944.

c. Samningsaðilar geta þó með samkomulagi sín á milli annað hvort jafnað ágreininginn með því að vísa honum til úrskurðar gerðardóms eða annars aðila eða stofnunar, sem þeir tilnefna.

d. Samningsaðilar skuldbinda sig til að hlýða hverjum þeim úrskurði, sem upp kann að verða kveðinn.

Artikel 10.

a. De fördragsslutande parterna äro eniga om, att hänvisa varje tvist angående tolkningen och tillämpningen av förevarande överenskommelse eller bilaga, som icke kunnat lösas genom direkta förhandlingar, till skiljedom.

b. Sådan tvist kan hänskjutas till det enligt den i Chicago den 7 december 1944 undertecknade konventionen om internationell civil luftfart upprättade rådet i den Internationelle Civila Luftfartsorganisationen.

c. De fördragsslutande parterna kunna dock efter överenskommelse avgöra tvisten genom att hänskjuta den antingen till en skiljedomstol eller till annan av dem utsedd person eller organisation.

d. De fördragsslutande parterna förbinda sig att ställa sig det meddelade utslaget till efterrättelse.

11. gr.

Hvor aðili um sig getur tilkynnt hinum, að hann vilji segja upp samningi þessum. Sé slík tilkynning send, skal samningurinn falla úr gildi 12 mánuðum eftir að hinn aðilinn tók við henni, nema samkomulag hafi orðið um að afturkalla

Artikel 11.

Envar av de fördragsslutande parterna kan till den andra fördragsslutande parten framföra sin önskan att förevarande överenskommelse måtte upphöra. I sådant fall upphör överenskommelsen att gälla 12 månader efter den

tilkynninguna áður en fresturinn er liðinn.

12. gr.

Samningur þessi gengur í gildi þann dag, sem hann er undirritaður. Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa gild umboð frá hlutaðeigandi ríkisstjórnum, ritað nöfn sín undir samning þennan.

Gert í Reykjavík hinn 3. júní 1952 í tveimur eintökum á íslenzku og sænsku, og skulu báðir textar jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands:

**Bjarni Benediktsson**
utanríkisráðherra Íslands.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Svíþjóðar:

**L. Öhrvall**
sendifulltrúi Svíþjóðar á Íslandi.

VIÐBÆTIR

I.

Ríkisstjórn Svíþjóðar heimilar ríkisstjórn Íslands að láta flugfélög, eitt eða fleiri, sem ríkisstjórn Íslands tilnefnir, starfrækja flugferðir milli Íslands og Svíþjóðar og áfram, með viðkomu á stöðum þar á milli, í báðar áttir.

II.

Ríkisstjórn Íslands heimilar ríkisstjórn Svíþjóðar að láta flugfélög, eitt eða fleiri, sem ríkisstjórn Svíþjóðar tilnefnir, starfrækja flugferðir milli Svíþjóðar og Íslands og áfram, með viðkomu á stöðum þar í milli, í báðar áttir.

III.

Þeim flugfélögum, sem tilnefnd hafa verið af öðrum samningsaðilanum, skulu veitt réttindi til yfirferðar og viðkomu án flutningsréttinda á landsvæði hins að-

dag, då den andra fördragsslutande parten mottagit meddelande härom, såvida icke före utgången av nämnda frist uppsägningen genom ömsesidig överenskommelse återkallas.

Artikel 12.

Förevarande överenskommelse träder i kraft å dagen för undertecknandet. Till bekräftelse härav hava nedenstående, av sina respektive regeringar vederbörligen befullmäktigade ombud, undertecknat förevarande överenskommelse.

Upprättad i Reykjavík den 3 juni 1952 i 2 exemplar på isländska och svenska språken, som båda äga lika vitsord.

För isländska regeringen:

**Bjarni Benediktsson**
Islands utrikesminister.

För svenska regeringen:

**L. Öhrvall**
Sveriges t. f. Chargé d'Affaires på Island.

BILAGA

I.

Svenska regeringen beviljar isländska regeringen rätt att med ett eller flera av den samma utsedda lufttrafikföretag bedriva trafik från Island till Sverige och platser därbortom, via mellanliggande platser, i båda riktningarna.

II.

Isländska regeringen beviljar svenska regeringen rätt att med ett eller flera av den samma utsedda lufttrafikföretag bedriva trafik från Sverige till Island och platser därbortom, via mellanliggande platser, i båda riktningarna.

III.

De av envar av de fördragsslutande parterna utsedda lufttrafikföretagen beviljas på den andra partens territorium rätt till överflygning och teknisk mellan-

50
9. júní

ilans, svo og réttindi til að taka við og skila farþegum, pósti og vörum í millilandaflutningi á ofangreindum flugleiðum.

IV.

Samningsaðilar eru ásáttir um:

a. að það flugvélarými, sem flugfélögin láta í té, skuli miðað við flutningsþörfina;

b. að flugfélög landanna skuli gæta sameiginlegra hagsmuna sinna á þeim flugleiðum, sem báðir starfrækja, þannig að loftferðastarfsemi hvorugs ríkis sé íþyngt á ótilhlýðilegan hátt;

c. að í starfrækslu þeirra flugferða, sem í þessum viðbæti greinir, skuli fyrst og fremst stefna að því, að flugvélarýmið sé í samræmi við flutningaþörfina milli heimalands flugfélagsins og ákvörðunarlandsins;

d. að á ofangreindum stöðum og leiðum skuli framkvæma heimildina til að taka við og skila millilandaflutningi til eða frá þriðja ríki, í samræmi við þær reglur um skipulagningu flugmálanna, sem ríkisstjórnir beggja landanna fylgja, og með því skilyrði, að flugvélarýmið sé miðað við:

1. flutinngsþörfina milli upprunastaða og ákvörðunarstaðar;
2. þær kröfur, sem gerðar eru um hagsýnan rekstur langleiðaflugsins;
3. flutningsþörf svæðis, sem flogið er um, og sé þá tekið tillit til annarra ferða, sem haldið er uppi þar um slóðir.

V.

Fargjöld og flutningsgjöld skulu ákveðin á sanngjarnan hátt með sérstakri hliðsjón af réttlætanlegum sparnaði í rekstri, eðlilegum ágóða og þeim aðstæðum, sem sérstaklega eiga við á hverri leið, t. d. hraða og aðbúnaði.

landning ävensom rätt till att i internationell trafik taga ombord och avlämna passagerare, gods och post på ovannämnda linjer.

IV.

Enighet föreligger mellan de fördragsslutande parterna om

a. att den av de två ländernas lufttrafikföretag insatta transportkapaciteten skall anpassas till trafikbehovet; i

b. att de två ländernas lufttrafikföretag på de sträckor, som trafikeras av dem bägge, skola taga hänsyn till varandras ömsesidiga intressen, så att deras respektive lufttrafik icke på otillbörligt sätt påverkas;

c. att vid trafiken på i förevarande bilaga angivna sträckor huvudsyftet shall vara att åvägabringa en kapacitet, som motsvarar trafikbehovet mellan det land, där lufttrafikföretaget har sitt säte och det land, där trafikens slutpunkt är belägen;

d. att rättigheten att på angivna platser och sträckor taga ombord och avlämna internationell trafik avsedd för eller kommande från ett tredje land skall utövas i överensstämmelse med de allmänna grundsatser för luftfartens ändamålsenliga utveckling, vilka de båda avtalsslutande parterna stödja, samt under beaktande av att trafikkapaciteten skall stå i förhållande till:

1. behovet av trafik mellan ursprungslandet och det land där trafikens slutpunkt är belägen;
2. kraven på ekonomisk drift av långdistanslinjerna;
3. det bestående trafikbehovet inom de områden, genom vilka luftfartslinjen passerar, sedan hänsyn tagits till lokala och regionala flyglinjer.

V.

Tarifferna skola fastställas så att skäliga taxor erhållas med särskild hänsyn tagen till sund driftsekonomi, skälig vinst samt de för varje sträcka kännetecknande förhållandena såsom hastighets- och bekvämlighetsförhållanden.

Við ákvörðun gjaldanna skal tekið tillit til tillagna alþjóðaloftflutningasambandsins (IATA).

Nú liggja ekki fyrir neinar tillögur frá loftflutningasambandinu, og skulu þá íslenzku og sænsku flugfélögin sín á milli ákveða fargjöld og flutningsgjöld á þeim hluta leiðanna, sem þau fljúga bæði um, og skulu þau, — ef ástæða þykir til —, ráðgast við flugfélög þriðja ríkis, sem að einhverju eða öllu leyti halda uppi flugferðum á sömu leiðum.

Gjöldin skulu háð samþykki flugmálastjórna beggja landa.

Nú koma flugfélögin sér ekki saman um ákvörðun gjalda eða flugvélarými og skulu þá flugmálastjórnir beggja landanna reyna að finna viðunandi lausn á málinu.

Ef eigi næst samkomulag, skal málinu skotið til úrskurðar gerðardóms samkv. 10. gr. samningsins.

Vid fastställandet av dessa tariffer skall hänsyn tagas till den internationella lufttrafikorganisationens (IATA) framställningar.

Därest framställning från sagda sammanslutning icke skulle föreligga, skola de svenska och isländska lufttrafikföretagen inbördes träffa avtal om de tariffer för passagerare och gods, som skola tillämpas på de linjesträckningar, som de gemensamt trafikera, sedan — såvida anledning härtill synes föreligga — överläggningar ägt rum med tredje lands lufttrafikföretag, som helt eller delvis trafikerar samma sträckor.

Dessa tariffer skola för godkännande underställas de två ländernas behöriga luftfartsmyndigheter.

Därest lufttrafikföretagen icke kunna uppnå enighet beträffande fastställandet av tariffer eller om anpassandet av trafikkapaciteten, skola de två ländernas behöriga luftfartsmyndigheter söka få till stånd en tillfredsställande ordning. I sista instans hänskjutes frågan till skiljedom jämligt artikel 10 i denna överenskommelse.

Reykjavík, 3. júní 1952.

Háttvirti sendifulltrúi,

Ég leyfi mér að viðurkenna móttöku erindis yðar, dags. í dag, svo hljóðandi:

„Með tilvísun til loftferðasamnings milli Svíþjóðar og Íslands, sem undirritaður var í dag, leyfi ég mér að tilkynna yður, að samkvæmt 2. gr. a. í samningnum tilnefnir ríkisstjórn Svíþjóðar hér með AB Aerotransport til að hafa á hendi flug á þeim leiðum, sem greindar eru í II. kafla viðbætisins við samninginn.

Ég leyfi mér enn fremur fyrir hönd ríkisstjórnar minnar að staðfesta, að svo hljóðandi samkomulag varð milli ríkisstjórna vorra:

1. AB Aerotransport (ABA) — sem starfar með Det Danske Luftfartselskab (DDL) og Det Norske Luftfartselskap (DNL) og bera þessi þrjú félög þá heitið Scandinavian Airlines System (SAS) — er heimilt að halda uppi flugi á þeim leiðum, sem greindar eru í II. kafla viðbætis samningsins, með loftförum, áhöfnum og útbúnaði frá hvoru hinna tveggja flugfélaganna eða báðum.

2. Að svo miklu leyti sem AB Aerotransport (ABA) notar loftför, áhafnir og útbúnað hinna félaganna í Scandinavian Airlines System (SAS), gilda ákvæði samningsins um þau loftför, áhafnir og útbúnað eins og um væri að ræða loftför, áhafnir og útbúnað í eigu AB Aerotransport og hlutaðeigandi sænsk stjórnvöld og AB Aerotransport (ABA) bera að þessu leyti fulla ábyrgð samkvæmt samningnum.“

Með tilvísun til loftferðasamnings milli Íslands og Svíþjóðar, sem undirritaður var í dag, leyfi ég mér að tilkynna yður, að samkvæmt 2. gr. a. í samningnum til-

50 nefnir ríkisstjórn Íslands hér með Flugfélag Íslands h.f. og Loftleiðir h.f. til að hafa
9. júní á hendi flug á þeim leiðum, sem greindar eru í 1. kafla viðbætisins við samninginn.

Ég leyfi mér, háttvirti sendifulltrúi, að votta yður sérstaka virðingu mína.

**Bjarni Benediktsson.**

Sendifulltrúi Svíþjóðar, herra Leif Öhrvall, Reykjavík.

Reykjavik den 3 juni 1952.

Herr Minister,

Åberopande den i dag undertecknade luftfartsöverenskommelsen mellan Sverige och Island har jag äran meddela Eder, att svenska regeringen i överensstämmelse med artikel 2 a. i förevarande överenskommelse utsett AB Aerotransport (ABA) att bedriva i bilagan, moment II, angiven trafik.

På uppdrag av min regering har jag vidare äran bekräfta, att följande överenskommelse uppnåtts mellan våra respektive regeringar:

1. AB Aerotransport (ABA), som samarbetar med Det Danske Luftfartselskab (DDL) och Det Norske Luftfartselskap (DNL) under beteckningen Scandinavian Airlines System (SAS), skall äga tillstånd att driva den i bilagan, moment II, angivna trafiken med flygplan, besättningar och utrustning tillhörande någon av de andra två lufttrafikföretagen eller dem båda.

2. I den mån AB Aerotransport (ABA) använder flygplan, besättningar och utrustning tillhörande de andra lufttrafikföretag, som ingå i konsortiet Scandinavian Airlines System (SAS), skola överenskommelsens bestämmelser vara tillämpliga på ifrågavarande flygplan, besättningar och utrustning, som om fråga vore om flygplan, besättningar och utrustning tillhörande AB Aerotransport, och de behörige svenska myndigheterna och AB Aerotransport (ABA) skola påtaga sig fullt ansvar härför i enlighet med överenskommelsens bestämmelser.

Mottag, Herr Minister, försäkran om min mest utmärkta högaktning.

**L. Öhrvall.**

Hans Excellens Herr Bjarni Benediktsson, Islands Utrikesminister etc., Reykjavik.

51
16. júní

# BRÁÐABIRGÐALÖG

## um breyting á lögum nr. 84 1940, um tekjuöflun til íþróttasjóðs.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
**samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,**
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Menntamálaráðherra hefur tjáð oss, að með því að notuð hafi verið heimild í lögum nr. 84/1940, um tekjuöflun til íþróttasjóðs, og sýnt þyki, að heimildin komi ekki að þeim notum, sem til er ætlazt, nema veðmálastarfsemin njóti sömu fríðinda um skattfrelsi vinninga og ríkishappdrættið og happdrætti Háskóla Íslands, beri nauðsyn til að gefa út bráðabirgðalög um skattfrelsi vinninganna.

Föllumst vér á með skírskotun til heimildar í 28. gr. stjórnarskrárinnar að setja svofelld bráðabirgðalög: 51 16. júní

1. gr.

Við 2. gr. laga nr. 84/1940 bætist:

Vinningar í veðmálastarfsemi íþróttasjóðs skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla til útborgunar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. júní 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.** **Jón Pálmason.** **Jón Ásbjörnsson.**
**(L. S.)**

***Björn Ólafsson.***

Stjórnartíðindi 1952, A. 5.

# BRÁÐABIRGÐALÖG

## um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

52 16. júní

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Atvinnumálaráðherra hefur tjáð oss, að vegna mikilla erfiðleika á öflun lánsfjár sé ógerlegt að afla fjár til nokkurra hafnargerða, sem óumflýjanlegt sé að ljúka sem allra fyrst, og er þar aðallega um að ræða höfnina í Ólafsfirði og á Rifi á Snæfellsnesi, auk nokkurra minni hafnargerða. Sé því mikil nauðsyn að gera þá breytingu á lögum um hafnarbótasjóð, að ráðherra sé heimilt að lána úr hafnarbótasjóði fé til framkvæmda, sem þannig er ástatt með, og fella jafnframt úr gildi hömlur þær, sem eru á ráðstöfun stofnfjár sjóðsins. Jafnframt sé nauðsynlegt að fá heimild til þess að veita styrk úr hafnarbótasjóði til hafnargerða og lendingarbóta, sem orðið hafa fyrir skemmdum af óviðráðanlegum orsökum.

Með því að vér föllumst á, að brýn nauðsyn beri til að gera umrædda breytingu á lögum um hafnarbótasjóð, eru hér með samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar gefin út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Úr sjóðnum má veita fé með þrennu móti:

1. Styrk til hafnargerða og lendingarbóta á þeim stöðum, sem orðið hafa fyrir tjóni af völdum ofviðra, af sandburði, af völdum jarðskjálfta eða flóða, eða af öðrum slíkum óviðráðanlegum orsökum.
2. Vaxtalaus lán til hafnar- og lendingarbótasjóða á þeim stöðum, þar sem hafnarmannvirki standa ófullgerð, eða nokkuð á veg komin, en sem ekki hefur tekizt að ljúka vegna fjárskorts.

Ráðherra ákveður lánstíma og greiðsluskilmála.

Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

52 3. Viðbótarframlög til aðkallandi hafnarbóta á stöðum, þar sem hafizt hefur verið
16. júní handa um framkvæmdir, en framlög ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum nægja ekki til greiðslu lögákveðins kostnaðarhluta ríkissjóðs við framkvæmdirnar.

Framlög, sem þannig eru greidd úr hafnarbótasjóði samkv. 3. lið, skulu endurgreidd honum úr ríkissjóði á næstu þremur árum.

Leita skal umsagnar Fiskifélags Íslands og vitamálastjóra um fjárveitingar úr sjóðnum, en ráðherra úrskurðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur um leið úr gildi 1. gr. laga nr. 25 12. febr. 1945, um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

*Gjört í Reykjavík, 16. júní 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

53
24. júlí

# AUGLÝSING

## um viðskiptasamning milli Íslands og Brasilíu.

Með erindaskiptum milli Thor Thors sendiherra Íslands í Brasilíu, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, og Joao Neves da Fontoura, utanríkisráðherra Brasilíu, fyrir hönd ríkisstjórnar Brasilíu, var hinn 30. apríl 1952 gerður samningur um viðskipti Íslands og Brasilíu.

Samkvæmt samningi þessum leyfir íslenzka ríkisstjórnin útflutning til Brasilíu á saltfiski fyrir allt að 500 000 sterlingspund, og ríkisstjórn Brasilíu leyfir útflutning til Íslands á kaffi fyrir 400 000 sterlingspund, og á hnetum, plöntufeiti, kakófeiti, ullarvörum, húðum, baðmullardúkum, ullardúkum, ávöxtum og öðrum vörum fyrir 100 000 sterlingspund.

Brasilía mun heimila innflutning á saltfiski frá Íslandi með hliðsjón af því, að fyrir komi útflutningur á vörum frá Brasilíu fyrir um það bil sömu fjárhæð.

Hinar brasilísku vörur, sem seldar verða til Íslands, og hinn íslenzki saltfiskur, sem seldur verður til Brasilíu, skulu eingöngu vera til innanlandsneyzlu í hvoru landinu um sig.

Samningurinn gildir í eitt ár frá 30. apríl 1952 að telja, og má framlengja hann um jafnlangt tímabil, ef svo semst með samningsaðiljum á þremur síðustu mánuðum gildistímans.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 24. júlí 1952.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

# AUGLÝSING

**um framlengingu viðskiptasamnings við Vestur-Þýzkaland.**

Hinn 1. júlí fór fram í Reykjavík undirskrift undir bókun nr. 3 varðandi samning frá 8. desember 1950 um vöruskipti milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýzkalands. Samkvæmt bókun þessari er nefndur vöruskiptasamningur framlengdur til 31. desember 1953.

Íslenzk þýðing á bókuninni fylgir auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 26. júlí 1952.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

**Fylgiskjal með auglýsingu um framlengingu viðskiptasamnings við Vestur-Þýzkaland.**

## BÓKUN NR. 3

**varðandi samning frá 8. des. 1950 um vöruskipti milli lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýzkalands.**

Dagana 23. júní til 1. júlí 1952 fóru fram viðræður milli samninganefnda lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýzkalands. Fulltrúar þessara landa, sem höfðu umboð til samninga, gerðu samkomulag um það, sem hér fer á eftir:

1. gr.

Samningurinn frá 8. desember 1950 milli lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýzkalands skal, til viðbótar ákvæðum bókananna frá 4. september 1951 og 6. marz 1952, varðandi nefndan samning, framlengjast til 31. desember 1953.

2. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvöld Sambandslýðveldisins Þýzkalands skulu veita innflutningsleyfi fyrir vörum þeim, sem greindar eru á hjálögðum lista I á þeim tímum, sem þar greinir.

Hlutaðeigandi stjórnvöld lýðveldisins Íslands skulu að sínu leyti veita útflutningsleyfi fyrir nefndum vörum, ef þörf krefur.

Eigi skal afhenda nýjan fisk (að undanteknum hraðfrystum fiski) nema á tímabilinu frá 1. ágúst til 15. nóvember.

3. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvöld lýðveldisins Íslands skulu veita innflutningsleyfi fyrir vörum þeim, sem greinir í hjálögðum lista II á þeim tímum, sem þar greinir.

Hlutaðeigandi stjórnvöld Sambandslýðveldisins Þýzkalands veita að sínu leyti útflutningsleyfi, ef þörf krefur.

54
26. júlí

4. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvöld lýðveldisins Íslands skulu veita útflutningsleyfi fyrir vörum þeim, sem greindar eru á hjálögðum lista III á þeim tímum, sem þar greinir.

5. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvöld Sambandslýðveldisins Þýzkalands skulu veita útflutningsleyfi fyrir vörum þeim, sem greindar eru á hjálögðum lista IV á þeim tímum, sem þar greinir.

6. gr.

Breytingar á listum I til IV, svo og breytingar á afhendingartíma samkvæmt 3. málsgr. 2. gr., má gera á þann hátt, sem ráð er fyrir gert í 3. gr. bráðabirgðaviðskipta- og siglingasamnings lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýzkalands frá 19. desember 1950.

*Gjört í Reykjavík hinn 1. júlí 1952* í tveimur eintökum.

| Fyrir hönd lýðveldisins Íslands | Fyrir hönd Sambandslýðveldisins Þýzkalands |
|---|---|
| Undirritun til bráðabirgða: | Undirritun til bráðabirgða: |
| J. Th. J. 1. 7. 52<br>(Jóhann Th. Jósefsson). | H. N. 1. 7. 52<br>(Hans Nelson). |
| Undirskrift fyrir ríkisstjórn lýðveldisins Íslands: | Undirskrift fyrir ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýzkalands: |
| **Bjarni Benediktsson.** | **Hans Nelson.** |

**Fylgiskjal með bókun nr. 3 varðandi íslenzk-þýzka vöruskiptasamninginn frá 8. desember 1950.**

## LISTI I

### Innflutningur til Sambandslýðveldisins
### — vörur, sem eigi er frjáls innflutningur á —.

| Hlp. nr. | Vörutegund | Upphæð í 1 000 DM<br>1. júlí til 31. des. 1952 | Upphæð í 1 000 DM<br>1. janúar til 31. des. 1953 |
|---|---|---|---|
| 1. | Nýr fiskur (þar af allt að 800 000 DM fyrir hraðfrystan fisk) | 7 500 | 7 500 |
| 2. | Saltsíld | 1 200 | 1 200 |
| 3. | Saltflök, saltfiskur, niðursoðinn fiskur | 2 000 | 3 000 |
| 4. | Íslenzkir hestar | 85 | 170 |

*J. Th. J.* *H. N.*

**Fylgiskjal með bókun nr. 3 varðandi íslenzk-þýzka vöruskiptasamninginn frá 8. desember 1950.**



## LISTI II

### Innflutningur til Íslands

**— vörur, sem eigi er frjáls innflutningur á —.**

| Hlp. nr. | Vörutegund | Upphæð í 1 000 ísl. kr.*) 1. júlí til 31. des. 1952 | 1. janúar til 31. des. 1953 |
|---|---|---|---|
| 1. | Steypustyrktarjárn | 500 | 1 630 |
| 2. | Heitvölsuð rör | 820 | 2 040 |
| 3. | Steypujárns-vörur<br>Þar með talið:<br>steypujárns-miðstöðvarofnar<br>steypujárns-rör | 410 | 1 230 |
| 4. | Vélar, aðrar en rafmagnsvélar | 820 | 2 120 |
| 5. | Gufukatlar, geymar og leiðslurör | 160 | 410 |
| 6. | Raftæknileg áhöld og framleiðsluvörur, þar með taldir rafleiðslukaðlar | 1 220 | 2 860 |
| 7. | Byggingavörur og sement | 820 | 2 450 |
| 8. | Linoleum og flókadúkur | 330 | 820 |
| 9. | Vörur úr kátsjúk og hjólbarðar | 650 | 1 630 |
| 10. | Alls konar trjávörur, þar með talinn krossviður, þilplötur og síldartunnur | 330 | 650 |
| 11. | Pappír og pappi í fiskumbúðir | 410 | 1 220 |
| 12. | Tæknigler og öryggisgler | 160 | 330 |
| 13. | Ýmsar iðnaðarvörur | 1 470 | 3 260 |
| 14. | Ýmsar landbúnaðar- og neyzluvörur | 160 | 330 |

*J. Th. J.* *H. N.*

**Fylgiskjal með bókun nr. 3 varðandi íslenzk-þýzka vöruskiptasamninginn frá 8. desember 1950.**

## LISTI III

### Innflutningur til Sambandslýðveldisins

**— vörur, sem frjálst er að flytja inn —.**

| Hlp. nr. | Vörutegund | Upphæð í 1 000 DM 1. júlí til 31. des. 1952 | 1. janúar til 31. des. 1953 |
|---|---|---|---|
| 1. | Harðfiskur | 2 000 | 5 000 |
| 2. | Fiski- og síldarlýsi, óunnið | 1 200 | 3 000 |
| 3. | Hvallýsi, óunnið | 1 500 | 3 500 |
| 4. | Fiski- og síldarmjöl | 2 000 | 5 000 |
| 5. | Brennisteinn | p. m. | p. m. |
| 6. | Brotajárn | p. m. | p. m. |

*J. Th. J.* *H. N.*

*) Umreiknað á grundvellinum: 1 US-$ = 16,286 ísl. kr.; 1 ísl. kr. = 0,0614 US-$.

54 **Fylgiskjal með bókun nr. 3 varðandi íslenzk þýzka**
26. júlí **vöruskiptasamninginn frá 8. desember 1950.**

## LISTI IV

**Innflutningur til Íslands**

**— vörur, sem frjálst er að flytja inn —.**

| Hlp. nr. | Vörutegund | 1. júlí til 31. des. 1952 | 1. janúar til 31. des. 1953 |
|---|---|---|---|
| 1. | Koks | 1 500 t | 3 000 t |
| 2. | Anþrasít-kol | 500 t | 700 t |
| 3. | Járn og stál, kald- og heitvalsað | 1 630 000 ísl. kr. | 3 670 000 ísl. kr. |

*J. Th. J.* *H. N.*

55
20. ágúst

## BRÁÐABIRGÐALÖG

**um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að sökum þess að síldveiði hafi enn brugðizt í sumar þá sé alger vá fyrir dyrum, ef síldarútvegsmönnum verði ekki veitt aðstoð vegna aflabrestsins, og að eðlilegt sé, að lögunum um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, nr. 48/1949, verði breytt í það horf, að síldveiðideild hlutatryggingasjóðsins verði heimilað að nota stofnfé sitt og jafnframt að taka lán hjá fiskideildinni, með ábyrgð ríkissjóðs, til þess að veita aðstoð samkvæmt reglum sjóðsins. Þá þyki rétt að togarar, sem gerðir hafa verið út á síldveiðar í sumar, njóti bóta úr hlutatryggingasjóðnum.

Með því að ég fellst á, að brýn nauðsyn beri til að gera umrædda breytingu á lögum um hlutatryggingasjóð, eru hér með samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar gefin út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Aftan við síðustu málsgr. 10. gr. komi þrjár nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Á árinu 1952 er sjóðsstjórninni heimilt, með samþykki ráðherra, að skerða stofnfé síldveiðideildar.

Ríkisstjórninni er heimilt, f. h. ríkissjóðs, að ábyrgjast allt að 4 millj. kr. lán, er stjórn hlutatryggingasjóðs tekur fyrir hönd síldveiðideildar hjá hinni almennu fiskideild, svo og að ákveða, að ríkissjóður greiði vexti af lánum síldveiðideildar.

Togarar, sem gerðir hafa verið út á síldveiðar sumarið 1952, skulu njóta sömu bóta úr síldveiðideildinni og síldveiðiskip í I. flokki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. ágúst 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

# AUGLÝSING

56
27. ágúst

## um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 47 frá 30. júní 1942.

Samkvæmt tillögu ráðuneytisins hefur forseti Íslands í dag staðfest eftirfarandi breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 47/1942:

1. gr.

Í 18. gr. 4. málsgrein komi 100 kr. í stað 25 kr.

2. gr.

Í 36. gr. 1. málsgrein komi 50 kr. í stað 20 kr.

3. gr.

Í 46. gr. komi 50 kr. í stað 25 kr.

4. gr.

Fyrirsögn 51. gr. orðist svo:

I. Próf í íslenzkum fræðum.

5. gr.

Aftan við 51. gr. komi svofelld viðbót:

II. Kennarapróf í íslenzkri málfræði og bókmenntasögu með aukagrein.

Prófgreinar eru þessar:

1. Málfræði og saga íslenzkrar tungu.
2. Íslenzk bókmenntasaga og ritskýring.
3. Valfrjáls einhver þeirra greina, sem kenndar eru til B.A.-prófs (uppeldisfræði undanskilin).

Í tveimur fyrst töldu greinunum eru prófkröfur og próftilhögun eins og við kennarapróf í íslenzkum fræðum. En í aukagreininni ljúki nemandinn þremur B.A.-prófstigum.

Einkunnir verða 11 alls: Meðaleinkunn fyrra hluta prófsins í íslenzku greinunum reiknast sem tvöföld einkunn. Einkunnin fyrir heimaritgerð úr kjörsviði, sem velja ber annað hvort úr íslenzkri málfræði eða bókmenntasögu, reiknast sem tvöföld einkunn. Enn fremur eru einkunnir gefnar bæði fyrir munnlega og skriflega úrlausn í hvorri íslenzku prófgreinanna. Loks er fyrir hvert stig aukagreinarinnar gefin 1 einkunn. Enginn stenzt prófið, ef hann nær ekki einkunninni „miður vel“ í hverri grein um sig.

III. Kennarapróf í sögu Íslendinga með tveimur aukagreinum.

Prófgreinar eru þessar:

Aðalgrein: Saga og menningarsaga Íslendinga.

Aukagreinar: a) Mannkynssaga.

b) Valfrjáls einhver önnur grein, sem kennd er til B.A.-prófs (uppeldisfræði undanskilin).

Nemandinn skal skila heimaritgerð í aðalgreininni áður en 6 misseri eru liðin frá innritun hans í heimspekideild. Að öðru leyti séu prófkröfur og próftilhögun í aðalgreininni hinar sömu og í sögu Íslendinga við síðara hluta kennaraprófs í íslenzkum fræðum, þegar kjörsvið er í henni tekið. En í aukagreinunum séu prófkröfur og próftilhögun hinar sömu og við B.A.-próf, og taki nemandinn 3 prófstig í hvorri grein um sig.

Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

56 Einkunnir verða 11 alls: 5 í aðalgreininni (1 einkunn fyrir fyrri heimaritgerð-
27. ágúst ina í sögu og 4 einkunnir á lokaprófi) og 6 í aukagreinunum, 1 einkunn fyrir hvert prófstig í hvorri grein. Enginn stenzt prófið, ef hann nær ekki einkunninni „miður vel“ að meðaltali í hverri grein um sig.

6. gr.

Úr 52. gr. falli niður töluliðirnir: 1. Íslenzka, 10. Íslandssaga og 11. Íslandssaga og mannkynssaga. Töluliðirnir breytast samkvæmt því.

Þetta tilkynnist hér með öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í menntamálaráðuneytinu, 27. ágúst 1952.*

F. h. r.
**Birgir Thorlacius.**

*Jóhannes Elíasson.*

57
4. sept.

## FORSETABRÉF

**um að reglulegt Alþingi 1952 skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 1. október 1952.**

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:*

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1952 skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 1. október n. k.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13,30.

*Gjört að Bessastöðum, 4. september 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

58
10 sept.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

**um manntal 16. október 1952.**

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að sökum þess, að nú er verið að vinna að stofnun spjaldskrár yfir alla landsmenn, þurfi manntal þessa árs nauðsynlega að fara fram á sama tíma um allt land, og sömuleiðis þurfi tilhögun manntalsins að vera hin sama alls staðar og miðuð við gerð hinnar fyrirhuguðu spjaldskrár. Til þess að spjaldskrá þessi geti komið að notum á næsta ári, má manntalið 1952 ekki fara fram síðar en um miðjan októbermánuð. Getur það ekki orðið, nema undirbúningi manntalsins sé

hraðað sem mest má verða, en á hinn bóginn er, eins og að ofan greinir, ný lagasetning skilyrði þess, að manntalið í ár fari þannig fram, að full not verði af við stofnun spjaldskrárinnar. 58
10. sept.

Félagsmálaráðherra telur af þessum ástæðum brýna nauðsyn bera til þess, að með bráðabirgðalögum verði sett sérstök ákvæði um manntal 16. október 1952.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Haustið 1952 skal fara fram manntal um allt land, miðað við 16. október, og kemur það í stað hins venjulega ársmanntals, sem framkvæmt er ýmist af sóknarprestum eða bæjarstjórnum.

Við manntal þetta skal fyrir hvert hús gerð manntalsskýrsla, þar sem telja ber: a) Alla, sem eiga heimili í húsinu, eins þótt þeir séu fjarverandi á manntalsdegi. b) Alla, sem dvelja í húsinu en eiga lögheimili annars staðar. Þó skal ekki telja gestkomandi menn og ekki heldur þá, sem dvelja eingöngu til lækninga. Megi telja einhverjar líkur fyrir því, að gestkomandi maður eða sjúklingur, sem býr annars staðar, sé ekki skráður þar, sem hann á heimili, þá ber að skrá hann þar, sem hann er staddur. Ber húsráðanda að afla sér vitneskju hér að lútandi, eftir því sem unnt er.

2. gr.

Hagstofa Íslands ákveður tilhögun manntalsins, að svo miklu leyti sem það er ekki ákveðið í þessum lögum, og hefur umsjón með framkvæmd þess. Á eyðublaði því, er Hagstofan lætur gera undir manntalið, skal tilgreina fullt nafn hvers manns ásamt öllum þeim upplýsingum öðrum, sem þörf er á vegna spjaldskrár þeirrar yfir alla landsmenn, sem fyrirhugað er að koma á fót.

Fyrir hvert hús skal gerð manntalsskýrsla í tvíriti og fær Hagstofan frumrit hennar, en hlutaðeigandi sveitarstjórn heldur eftirritinu. Sóknarprestar skulu fá afnot af eftirritum manntalsskýrslna til færslu manntalsbókar samkvæmt lögum nr. 3/1945.

3. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarstjórnir hafa á hendi framkvæmd manntalsins og utan kaupstaðanna hreppsnefndir. Kostnaður, sem kann að leiða af framkvæmd manntalsins í hverju sveitarfélagi, greiðist úr sveitarsjóði.

Lögreglustjórar, hreppstjórar og sóknarprestar skulu, hver í sínu umdæmi, vera sveitarstjórnum til aðstoðar við framkvæmd manntalsins. Skulu slík aðstoðarstörf teljast til embættisverka, sem hlutaðeigandi starfsmönnum ber engin greiðsla fyrir sérstaklega. Sama gildir um aðstoð þá, sem sóknarprestum er ætlað að láta í té samkvæmt 8. gr.

4. gr.

Hverjum manni ber skylda til að sjá svo um, að hann sé skráður á manntal og hann er skyldur til að gefa þær upplýsingar um sjálfan sig, sem manntalseyðublaðið segir til um.

Hver húsráðandi er skyldur til að rita í tvíriti á manntalsskýrslu hússins, sem hann býr í, þær upplýsingar um sjálfan hann, heimilisfólk hans og leigjendur, sem krafizt er, og honum ber enn fremur að gera þetta innan ákveðins frests, sbr. 6. gr.

Hverjum húseiganda ber skylda til að hafa eftirlit með því, að manntalsskýrsla sé réttilega gefin fyrir hús hans innan hins ákveðna frests, án tillits til þess, hvort hann býr sjálfur í húsinu eða ekki.

Brot á skyldum þeim, sem eru lagðar á einstaklinga, húsráðendur og húseigendur í 1.—3. mgr., varða sektum allt að 5000 kr.

58
10. sept.

5. gr.

Hver sveitarstjórn skal gera þær ráðstafanir, sem eftir aðstæðum á hverjum stað má telja nauðsynlegar til tryggingar því, að manntalsskýrslurnar séu réttilega gerðar og sveitarstjórninni berist þær innan hins ákveðna frests. Telst sveitarstjórn ekki hafa fullnægt skyldum sínum samkvæmt þessum lögum, nema skýrslurnar úr umdæmi hennar séu sendar Hagstofunni, réttilega gerðar, fyrir lok þess frests, sem mælt er fyrir um í 7. gr.

6. gr.

Færslu manntalsskýrslnanna skal hafa verið lokið í síðasta lagi sunnudaginn 19. október og næsta dag hefst afhending þeirra til sveitarstjórna, nema þar sem sérstakir teljarar hafa annazt manntalsskráninguna. Hver sveitarstjórn ákveður, hvaða tilhögun skuli höfð við útfyllingu og söfnun skýrslnanna.

Sé skýrsla ekki réttilega gefin á tilsettum tíma, þá má, með dagsektum 300—500 kr. á dag, þröngva hlutaðeigandi húsráðanda eða húseiganda til þess að láta hana í té. Getur lögreglustjóri tiltekið sektina með bréfi til hins brotlega.

7. gr.

Þegar manntalið hefur farið fram og sveitarstjórn hefur fengið í hendur manntalsskýrslurnar, skal hún, með aðstoð hreppstjóra og sóknarprests, fara yfir þær og lagfæra þær vandlega. Meðal annars skal, eftir því sem tök eru á, leiðrétta rangar upplýsingar í skýrslunum og bæta við upplýsingum, sem vantar á þær. Skal þessu verki lokið eigi síðar en 31. október í kaupstöðum og eigi síðar en 10. nóvember í hreppum. Þegar eftir lok þessa frests skulu frumritin af skýrslum hvers kaupstaðar og hrepps send Hagstofunni í einu lagi.

Hagstofan getur, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, framlengt frest þann, sem um getur í 1. mgr.

8. gr.

Í sambandi við undirbúning spjaldskrár þeirrar yfir alla landsmenn, sem fyrirhugað er að koma á fót, skulu sóknarprestar, eftir því sem unnt er, láta Hagstofunni í té upplýsingar þær um fyrrverandi og núverandi sóknarbörn, sem kann að vera þörf fyrir vegna spjaldskrárinnar. Sama skylda hvílir á sveitarstjórnum, að því er snertir upplýsingar um einstaklinga, sem eru eða hafa verið búsettir í umdæmi þeirra.

9. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 10. september 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

# BRÁÐABIRGÐALÖG

59
11. júlí

**um breyting á lögum nr. 105 24. des. 1951, um breyting á lögum nr. 117/1950, um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á lögum nr. 9/1951, um breyting á þeim lögum.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Atvinnumálaráðherra hefur tjáð oss, að mjög mikil verðlækkun hafi orðið á erlendum mörkuðum á afurðum, sem unnar eru úr síld, sem lögð er á land til bræðslu, og til þess að halda bræðslusíldarverðinu innanlands uppi til útvegsmanna og sjómanna, eftir því sem frekast sé kostur, beri brýna nauðsyn til að fella niður framleiðslugjald samkvæmt 3. gr. laga nr. 105/1951 af bræðslusíld, sem lögð verður á land til vinnslu á sumarsíldveiðum 1952.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Ekki skal innheimta framleiðslugjald samkvæmt 3. gr. laga nr. 105/1951 af síld, sem lögð verður á land til bræðslu á sumarsíldveiðum 1952.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. júlí 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

# BRÁÐABIRGÐALÖG

60
12. sept.

**um breyting á lögum nr. 115/1936, um þingsköp Alþingis.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að forsetar Alþingis hafi í samráði við ríkisstjórnina gert ráðstafanir til þess, að þingræður verði frá og með byrjun næsta þings teknar upp á vélrænan hátt, og látið í því skyni koma fyrir nauðsynlegum tækjum í alþingishúsinu. Vegna kostnaðar, þrengsla í þingsölunum og óþægilegrar aðstöðu að öðru leyti þótti ekki gerlegt að hafa hljóðnema dreyfða um þingsalina fyrir framan þingmenn, heldur hefur uppsetning tækjanna verið við það miðuð, að allar ræður verði fluttar úr ræðustól. Hins vegar er það nú megin regla samkvæmt ákvæðum þingskapa, að þingmaður standi upp úr sæti sínu og mæli þaðan. Hentugast þykir og eðlilegast að koma á hinni nýju skipan í þessu efni þegar í þingbyrjun.



Endurprentuð blaðsíða.

60
12. sept.

Vegna þessa eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

34. gr. laganna skal orða svo:

Þingmaður, sem hefur óskað að taka til máls og fengið leyfi til þess, skal ávallt mæla úr ræðustól. Sama gildir um ráðherra. Ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins. Eigi má hann annars ávarpa nokkurn einstakan þingmann, og kenna skal þingmann við kjördæmi hans eða kosningu. Við útvarpsumræður skulu þó þingmenn jafnan nefndir fullu nafni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 12. september 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

Stjórnartíðindi 1952, A. 7.

61
28. okt.

# AUGLÝSING

**um samning um fjarskipti milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar.**

Hinn 20. febrúar 1952 var undirritaður í Reykjavík fyrir Íslands hönd samningur um fjarskipti milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar.

Samningurinn gekk í gildi 1. marz 1952.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 28. október 1952.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

**Fylgiskjal.**

## SAMNINGUR

**um fjarskipti milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar.**

Símastjórnirnar í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð hafa, samkvæmt umboð því, sem þeim er veitt, gert með sér eftirfarandi samning um fjarskipti milli nefndra landa.

Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

## I. KAFLI
**Ákvæði um ritsímaviðskiptin.**

1. gr.
*Gildi almennra alþjóðaákvæða.*

Ritsímaviðskiptum skal haga eftir ákvæðum gildandi alþjóðasamþykktar um fjarskipti og ritsímareglugerðar, er þar að lýtur, að því undanteknu, sem getið er um í 2. og 4. gr. hér á eftir og í fylgiskjölum þessa samnings, sem nefnd eru í 22. gr.

2. gr.
*Eftir- og áframsending skeyta.*

1. Skeyti, sem afhent eru til sendingar í Danmörku (ásamt Færeyjum), Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð eða send eru frá dönsku, finnsku, íslenzku, norsku eða sænsku skipi um strandarstöð einhvers þessara landa, má eftir- eða áframsenda **einu sinni** gjaldlaust innan eða milli þessara landa, að því tilskildu, að skeytið haldi þó upphaflegum forgangsrétti sínum og fari ekki um önnur lönd en þau, sem nú voru nefnd.

2. Ef þess er óskað, þegar skeyti er eftir- eða áframsent svo sem greinir í 1. lið, að skeytið sé sent með æðri forgangsrétti en upphaflega, skal gjaldið vera aðeins það, sem mismun símgjaldanna nemur, vegna breytingar á forgangsréttinum.

3. Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um símapóstávísanir, þó að fjárhæð ávísanarinnar sé breytt í mynt þess lands, er þá tekur við henni.

3. gr.
*Umsending innanlandsskeyta, er línur bila.*

Þegar ritsímalínur slitna eða bila verulega í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, má senda innlend skeyti eins landsins um ritsímalínur hinna landanna, án þess að greiða umsendingargjald.

4. gr.
*Umsending símskeyta milli skandinavisku landanna.*

Við umsendingu símskeyta milli tveggja hinna þriggja skandinavisku landa (Danmörk, Noregur og Svíþjóð) um þriðja landið, skal greiða umsendingarlandinu þóknun, sem nemur 1,5 centimi fyrir hvert gjaldskylt orð. Þóknunin er innheimt í og greidd af landinu, sem símskeytið er upprunalega sent frá.

## II. KAFLI
**Ákvæði um Telexviðskiptin.**

5. gr.
*Afgreiðsla.*

1. Telexviðskipti mega fara milli notenda, sem eru tengdir við telexstöðvar í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

2. Telexfjarritun (Telexskrivning) er komið á, að svo miklu leyti sem tæknibúnaður leyfir, á þann hátt, að afgreiðsluplássið við útlönd í upprunalandinu velur beint umbeðinn notanda í viðtökulandinu, án þess að afgreiðsluplássið við útlönd í viðtökulandinu taki þátt í að koma sambandinu á eða skrásetji varðandi telexfjarritunina.

61
28. okt.

3. Umbeðnum telexfjarritunum skal komið á í þeirri röð, sem beiðnirnar berast. Þegar sérstaklega stendur á geta þó afgreiðsluplássin við útlönd í hlutaðeigandi löndum komið sér saman um frávik frá þessari reglu.

6. gr.

*Gjöld.*

Gjaldið fyrir telexfjarritun er eins og helmingur af gjaldi fyrir símtal sömu tímalengdar, á sama tíma dags milli sömu staða.

7. gr.

*Gjöld fyrir telexfjarritun samtímis til margra viðtakenda.*

Gjaldið fyrir telexfjarritun samtímis til margra viðtakenda er samsett af:

a. Grunngjaldi fyrir hverja gjaldeiningu, sem miðast við gjaldið fyrir telexfjarritun við þá viðtökustöð í hverju landi sem fjærst er;
b. 0,60 gullfranka gjaldi fyrir hverja gjaldeiningu fyrir hverja viðtökustöð, þó ekki þá, sem fjærst er, og
c. viðbótargjaldi, 0,40 gullfrankar fyrir hverja viðtökustöð óháð tímalengd telexfjarritunarinnar.

8. gr.

*Umsending telexfjarritanna milli skandinavisku landanna í línubilunum eða ofhleðslu á samböndunum.*

Þegar telexfjarritanir milli tveggja hinna þriggja skandinavisku landa (Danmörk, Noregur og Svíþjóð), vegna línuslita eða ofhleðslu á hinum beinu samböndum milli þessara tveggja landa, eru með undantekningu afgreiddar um þriðja landið, skal greiða umsendingarlandinu þóknun sem nemur 0,20 gullfrönkum á hverja gjaldeiningu. Þóknunin greiðist að jöfnu af uppruna- og viðtökulandinu.

9. gr.

*Reikningsskil.*

Reikningsskil vegna telexviðskipta fara eftir sömu reglu og gildir fyrir talsímaviðskipti.

III. KAFLI

**Ákvæði um talsímaviðskiptin.**

10. gr.

*Gildi almennra alþjóðaákvæða.*

Símtölum milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar skal haga eftir ákvæðum gildandi alþjóðasamþykktar um alþjóðafjarskipti og talsímareglugerðar, er þar að lýtur, svo og reglum þeim, er hin alþjóðlega ráðgjafarnefnd í taltímamálum mælir með og viðurkenndar eru af símastjórnum þeim, er hlut eiga að máli, með þeim viðbótum og endurtekningum, sem getið er um í 11.—17. gr. hér á eftir og í fylgiskjölum þessa samnings, sem nefnd eru í 22. gr.

Varðandi talsímaviðskiptin milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar annars vegar og Íslands hins vegar, gilda sérákvæði þau, er um getur í sérstökum fylgiskjölum þessa samnings.

11. gr.

*Gjaldsvæðaskipting.*

1. Með tilliti til ákvörðunar á talsímagjöldum fyrir símtöl milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, er löndunum skipt í gjaldsvæði sem hér segir:

DANMÖRK

Danmörk er aðeins eitt gjaldsvæði.

FINNLAND

*Gjaldsvæði A* nær yfir talsímastöðvarnar á Álandseyjum, ásamt kerfum þeirra.

*Gjaldsvæði B* nær yfir talsímastöðvar á meginlandi Finnlands, sunnan 62° norðlægrar breiddar og vestan 26° austlægrar lengdar, miðað við Greenwich, ásamt kerfum þeirra.

*Gjaldsvæði C* nær yfir talsímastöðvar sunnan 62° norðlægrar breiddar og austan 20° austlægrar lengdar, miðað við Greenwich, ásamt kerfum þeirra.

*Gjaldsvæði D* nær yfir talsímastöðvar milli 62° og 64° 30′ norðlægrar breiddar, ásamt kerfum þeirra.

*Gjaldsvæði E* nær yfir talsímastöðvar norðan 64° 30′ norðlægrar breiddar, ásamt kerfum þeirra.

NOREGUR

*Gjaldsvæði A* nær yfir talsímastöðvar sunnan 61° norðlægrar breiddar og austan 8° austlægrar lengdar, miðað við Greenwich, að undanskildri Kristiansand S að viðbættum Nybergsund og Rena, með kerfum þeirra.

*Gjaldsvæði B* nær yfir talsímastöðvar milli 61° og 64° 30′ norðlægrar breiddar og austan 8° austlægrar lengdar, miðað við Greenwich, að undanskildum Nybergsund og Rena, en ásamt Rörvik, ásamt kerfum þeirra.

*Gjaldsvæði C 1* nær yfir talsímastöðvar sunnan 61° norðlægrar breiddar og vestan 8° austlægrar lengdar, miðað við Greenwich, ásamt Kristiansand S, ásamt kerfum þeirra.

*Gjaldsvæði C 2* nær yfir talsímastöðvar norðan 61° norðlægrar breiddar og vestan 8° austlægrar lengdar, miðað við Greenwich, ásamt kerfum þeirra.

*Gjaldsvæði D 1* nær yfir talsímastöðvar milli 64° 30′ og 68° norðlægrar breiddar, nema Rörvik, en að viðbættri Hamarsey, ásamt kerfum þeirra.

*Gjaldsvæði D 2* nær yfir talsímastöðvar norðan 68° norðlægrar breiddar að undanskildri Hamarsey, ásamt kerfum þeirra.

SVÍÞJÓÐ

*Gjaldsvæði A* nær yfir talsímastöðvar sunnan 57° 30′ norðlægrar breiddar ásamt kerfum þeirra, þó að undanskildum stöðvunum á Gotlandi.

*Gjaldsvæði B 1* nær yfir talsímastöðvar milli 57° 30′ og 61° norðlægrar breiddar og vestan 15° austlægrar lengdar, miðað við Greenwich, ásamt kerfum þeirra.

*Gjaldsvæði B 2* nær yfir talsímastöðvar milli 57° 30′ og 61° norðlægrar breiddar og austan 15° austlægrar lengdar, miðað við Greenwich, ásamt kerfum þeirra, og stöðvarnar á Gotlandi.

*Gjaldsvæði C* nær yfir talsímastöðvar milli 61° og 64° 30′ norðlægrar breiddar, ásamt Vilhelmina, með kerfum þeirra.

*Gjaldsvæði D* nær yfir aðrar talsímastöðvar og kerfi þeirra.

2. Í talsímaviðskiptunum við Danmörku, Finnland, Noreg og Svíþjóð annars vegar og Ísland hins vegar er hvert landanna eitt gjaldsvæði.

12. gr.

*Samsetning gjaldanna.*

Gjaldhlutirnir, sem falla til hvers lands, eru ákveðnir með samningum milli símastjórna þeirra, er hlut eiga að máli, og eru þeir tilgreindir í fylgiskjölum þessa samnings, sem 22. grein getur um.

13. gr.

*Lággjaldatími.*

Lækkuð gjöld gilda:
í viðskiptum milli Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar á tímanum kl. 18 til kl. 9,
í viðskiptum milli Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar annars vegar og Finnlands hins vegar á tímanum kl. 19 til kl. 8 (tími landsins, sem sendir).

14. gr.

*Forgangssímtöl.*

Í talsímaviðskiptunum milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar er símgjaldið fyrir forgangssímtöl 5 sinnum símgjaldið fyrir venjulegt símtal, sömu tímalengdar, milli sömu stöðva og á sama tíma sólarhringsins.

15. gr.

*Áskriftar-símtöl.*

Símgjöld fyrir áskriftarsímtöl, sem pöntuð eru að minnsta kosti í heilan almanaksmánuð, og sem fara fram milli kl. 23 og kl. 7 og standa eigi skemur en 15 mínútur, eru *þriðjungur* gjaldsins fyrir venjulegt símtal með fullu verði.

16. gr.

*Gjald fyrir boðsendingar út fyrir skeytaburðarsvæðið.*

Gjaldið fyrir boðsendingar út fyrir skeytaburðarsvæðið er í talsímaviðskiptunum milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar ákveðið það sama og fyrir kvaðningu fyrir fram, að viðbættum 0.50 gullfranka fyrir hvern km, talið frá símstöðinni, loftleið eða færa leið, eftir venju viðtökulandsins.

17. gr.

*Umsímun símtala milli skandinavisku landanna í línubilunum eða þegar línukerfið er ofhlaðið.*

Þegar símtöl milli tveggja hinna þriggja skandinavisku landa (Danmörk, Noregur og Svíþjóð), vegna línuslita eða ofhleðslu á hinum beinu samböndum milli þessara tveggja landa, eru með undantekningu afgreidd um þriðja landið, skal greiða umafgreiðslulandinu þóknun, sem nemur 0.40 gullfrönkum á hverja gjaldeiningu. Þóknunin greiðist að jöfnu af uppruna- og viðtökulandinu.

Fari slík umsímun fram um lengri tíma, er umafgreiðslulandinu þó heimilt að krefjast hærra umsímunargjalds.

IV. KAFLI
**Ákvæði um loftskeyti.**

18. gr.
*Gildi almennra alþjóðaákvæða.*

Loftskeytaviðskiptum skal haga eftir ákvæðum gildandi alþjóðasamþykktar um fjarskipti og reglugerða þeirra, er þar að lúta, að því undanskildu, sem getið er um í 19. gr. hér á eftir, og í fylgiskjölum þeim, er 22. gr. ræðir um.

19. gr.
*Um sendingu loftskeyta.*

Loftskeytastöðvar í dönskum, finnskum, norskum eða sænskum skipum, mega senda til næstu strandarstöðvar heimalands skipsins þau loftskeyti, sem til þess lands eiga að fara, ef þau nota tíðnir á sviðinu 415—525 krið/s, þó því aðeins:

*að* skipið sé að minnsta kosti 25 sjómílur frá hverri annarri strandarstöð, þeirra er opnar eru til almennrar skeytaþjónustu,

*að* skipið sé ekki fjær strandarstöðinni, sem sent er til, en einhverri annarri strandarstöð annars lands en Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar, er opin er til almennrar skeytaþjónustu,

*að* sendingu sé tafarlaust hætt, ef einhver strandarstöð, sem nær er, heimtar það, er viðskipti hennar truflast af sendingunni.

20. gr.
*Gjöld fyrir radíó-símtöl.*

Radíó-símtöl, sem fara milli danskra, finnskra, norskra eða sænskra skipa annars vegar og Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar hins vegar um strandarstöð í einu af þessum löndum, eru gjaldreiknuð samkvæmt neðanskráðum reglum:

1. Höfunum er skipt í þessi gjaldsvæði:

   *Gjaldsvæði 1* (strandarsvæðið) er svæði innan 150 sjómílna frá strönd hvers lands, þó þannig, að Eystrasalt ásamt Finnska flóanum og Botniska flóanum telst til strandarsvæða Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar, og jafnframt teljast fiskibankarnir í Norðursjóðnum til strandarsvæða Danmerkur og Noregs, þegar um viðskipti við dönsk eða norsk fiskiskip er að ræða við heimaland sitt.

   *Gjaldsvæði 2* nær yfir svæðið utan strandarsvæðis hvers lands að línu dreginni milli Ouessant-Land End — vesturströnd Írlands — 10. lengdargráðu vestan Greenwich að 60. norðlægrar breiddargráðu og með þeirri breiddargráðu í vestur að suðurodda Grænlands.

   *Gjaldsvæði 3* nær yfir öll önnur höf.

2. Fyrir símtöl, sem afgreidd eru um strandarstöð í einu hinna áðurnefndu landa frá eða til dönsku, finnsku, norsku eða sænsku skipi, sem er statt á strandarsvæði landsins, er símtalagjaldið alls, strandar- og línugjaldið, 1.80 gullfranki fyrir hverja gjaldeiningu, en þó áskilur hvert landanna sér rétt til að lækka þetta gjald fyrir símtöl, sem afgreidd eru frá eða til skipa landsins um strandarstöðvar þess.

3. Fyrir símtöl, sem afgreidd eru um strandarstöð í og til Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar, til eða frá dönsku, norsku, finnsku eða sænsku skipi, sem er statt á 2. gjaldsvæði hlutaðeigandi lands, ásamt radíósímtali,

61 28. okt.

sem afgreitt er milli slíkra skipa á strandarsvæði þess lands, sem strandarstöðin er í og einu hinna þriggja landanna, er símtalagjaldið alls, strandar- og línugjaldið, 4.80 gullfranki fyrir hverja gjaldeiningu.

4. Fyrir símtöl, sem afgreidd eru um og til Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar, til eða frá dönsku, finnsku, norsku eða sænsku skipi, sem er statt á 3. gjaldsvæði, er símtalagjaldið alls, strandar- og línugjaldið, 8.40 gullfranki fyrir hverja gjaldeiningu.
5. Fyrir hraðsímtöl er reiknað viðbótargjald, eins og fyrir símtöl er um getur í 2. lið, er ákveðið af hverju landi. Fyrir símtöl, eins og um getur í 3. og 4. lið, er viðbótargjaldið 2.40 gullfranki fyrir hverja gjaldeiningu.
6. Símtöl *til* skipa skal ávallt biðja um sem venjuleg símtöl. Viðbótargjalds er ekki krafizt vegna þessara símtalsbeiðna. Fyrir símtal *frá* skipum er viðbótargjaldið fyrir venjulegt símtal sama og gjaldið fyrir 1 mínútu (skips-, strandar- og línugjald).
7. Með tilliti til reikningsskila skal farið með radíósímtöl, sem um getur í þessum kafla, eins og símtöl afgreidd milli strandarstöðvar og símtalsbeiðanda eða viðtökustöðvar eftir því sem við á. Fyrir símtöl frá landi til skips skuldfærir símamálastjórn þess lands, sem strandarstöðin er í, land símtalsbeiðanda fyrir öllu gjaldinu, að frádregnu línugjaldi landanna, sem símtalið var símað um.

## V. KAFLI

### Almenn ákvæði.

#### 21. gr.

*Ráðstefnur.*

Fulltrúar símastjórna ráðstefnu þeirrar, er að þessum samningi standa, skulu, nema öðruvísi sé um samið, koma saman á ráðstefnu ár hvert til þess að endurskoða eða fullkomna samninginn ásamt fylgiskjölum hans, og til þess að taka til meðferðar önnur viðfangsefni fjarskiptanna, er varða löndin öll.

#### 22. gr.

*Sérsamningar.*

Fylgiskjöl þessa samnings eru sérsamningar, er símastjórnir hinna einstöku landa hafa gert í viðbót við þennan samning. Hverjum slíkum sérsamningi geta þær símastjórnir, er gerðu hann, breytt samkvæmt þeim fyrirmælum, sem í honum eru.

#### 23. gr.

*Gildistími samningsins.*

Samningur þessi gengur í gildi 1. marz 1952.

Samtímis fellur úr gildi samningur frá júlí/nóvember 1946, um fjarskipti milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar.

Samningurinn gildir fyrst um sinn, og getur hver símastjórnin, sem hlut á að máli, sagt honum upp, og fellur hann þá úr gildi einu ári eftir uppsögnina.

Samningur þessi er gerður í fimm eintökum: einn á dönsku, einn á finnsku, einn á íslenzku, einn á norsku og einn á sænsku, hver símastjórn heldur því ein-

taki, sem samið er á hennar máli, og lætur jafnframt hverri hinna símastjórnanna í té afrit af því. 61
28. okt.

Köbenhavn, den 25. juli 1952.
GENERALDIREKTORATET FOR POST- OG TELEGRAFVÆSENET
**K. J. Jensen.**
*K. Lomholdt.*

Helsingissä, 4/2 1952.
POSTI- JA LENNÄTINHALLITUS
**S. J. Ahola.**
*Urho Talvitie.*

Reykjavík, 20. febrúar 1952.
PÓST- OG SÍMAMÁLASTJÓRNIN
**G. J. Hlíðdal.**
*Einar Pálsson.*

Oslo, 12/6 1952.
TELEGRAFSTYRET
**Sv. Rynning Tönnesen.**
*K. Larsen.*

Stockholm, 18. januar 1952.
KUNGL. TELEGRAFSTYRELSEN
**Håkan Sterky.**
*Artur Onnermark.*

# AUGLÝSING 62
28. okt.

**um samning um talsímaviðskipti milli Íslands annars vegar og Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hins vegar.**

Hinn 21. marz 1952 var undirritaður í Reykjavík fyrir Íslands hönd samningur um talsímaviðskipti milli Íslands annars vegar og Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hins vegar. Samningur þessi er viðbót nr. 7 við samning, er var undirritaður í Reykjavík 20. febrúar 1952 fyrir Íslands hönd, um fjarskipti milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar.

Samningurinn gekk í gildi 1. marz 1952.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 28. október 1952.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

62 Fylgiskjal.

28. okt.

**Viðbót nr. 7 við samning, gerðan 1952, um fjarskipti milli Danmerkur, Finnlands Íslands, Noregs og Svíþjóðar.**

## SAMNINGUR

**um talsímaviðskipti milli Íslands annars vegar og Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hins vegar.**

Með tilvísun til „Samnings um fjarskipti milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar“ frá 1952, hafa símastjórnir þessara ríkja gert með sér eftirfarandi sérsamning um talsímaviðskipti milli framangreindra landa.

1. gr.

Gjaldeiningin fyrir símtöl, sem fram fara radíó-leiðina Reykjavík—Kaupmannahöfn er 13.50 gullfrankar — á leiðinni Finnland—Ísland 18.00 gullfrankar — og skiptist hún sem hér segir:

Sambandið Ísland—Danmörk:

| | | |
|---|---|---|
| Hluti Íslands | gullfrankar | 6.75 |
| Hluti Danmerkur | — | 6.75 |

Sambandið Ísland—Finnland:

| | | |
|---|---|---|
| Hluti Íslands | gullfrankar | 6.615 |
| Hluti Danmerkur | — | 6.615 |
| Hluti Svíþjóðar | — | 2.57 |
| Hluti Finnlands | — | 2.20 |

Sambandið Ísland—Noregur:

| | | |
|---|---|---|
| Hluti Íslands | gullfrankar | 5.55 |
| Hluti Danmerkur | — | 6.75 |
| Hluti Noregs | — | 1.20 |

Sambandið Ísland—Svíþjóð:

| | | |
|---|---|---|
| Hluti Íslands | gullfrankar | 5.55 |
| Hluti Danmerkur | — | 6.35 |
| Hluti Svíþjóðar | — | 1.60 |

Gjaldið fyrir kvaðningu um radíóleiðina Reykjavík—Kaupmannahöfn er 2.25 gullfrankar — á leiðinni Finnland—Ísland 3.00 gullfrankar, og skiptist það sem hér segir:

Sambandið Ísland—Danmörk:

| | | |
|---|---|---|
| Hluti Íslands | gullfrankar | 1.125 |
| Hluti Danmerkur | — | 1.125 |

Sambandið Ísland—Finnland:

| | | |
|---|---|---|
| Hluti Íslands | gullfrankar | 1.10 |
| Hluti Danmerkur | — | 1.10 |
| Hluti Svíþjóðar | — | 0.43 |
| Hluti Finnlands | — | 0.37 |

Sambandið Ísland—Noregur:

| | | |
|---|---|---|
| Hluti Íslands | gullfrankar | 0.92 |
| Hluti Danmerkur | — | 1.13 |
| Hluti Noregs | — | 0.20 |

Sambandið Ísland—Svíþjóð:

| | | |
|---|---|---|
| Hluti Íslands | gullfrankar | 0.92 |
| Hluti Danmerkur | — | 1.06 |
| Hluti Svíþjóðar | — | 0.27 |

2. gr.

Um talningu framangreindra gjalda skal fara eftir gildandi reglum um símtöl loftleiðis yfir haf.

Fyrir kvaðningu eða boðsendingu innan hins gjaldfrjálsa svæðis skal eigi greiða neitt aukagjald, ef af símtali verður. Verði hins vegar ekki af símtali, skal greiða afturköllunargjald eftir reglum þeim, sem C. C. I. F. hefur mælt með.

3. gr.

Engin önnur símtöl en venjuleg stjórnarsímtöl og venjuleg einkasímtöl eru leyfð.

4. gr.

Takmarka má símtala-tímann við 12 mínútur, ef fleiri símtalsbeiðnir liggja fyrir, þó ekki við stjórnarsímtöl.

5. gr.

Komi uppástunga frá einhverri þeirra símastjórna, er hlut eiga að máli, um að breyta þessum samningi, má gera það, séu allar hinar símastjórnirnar því samþykkar.

Samningur þessi er gerður í fimm eintökum: einn á íslenzku, einn á dönsku, einn á finnsku, einn á norsku og einn á sænsku, og gengur í gildi 1. marz 1952.

Ef einhver símastjórnanna segir samningnum upp, fellur hann úr gildi þrem mánuðum frá þeim degi að telja, sem uppsögnin barst hinum símastjórnunum í hendur.

Með þessum samningi fellur úr gildi samningur frá 25. júní, 20. og 31. júlí, 2. ágúst og 9. september 1937, um talsímaviðskipti milli Íslands annars vegar og Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hins vegar.

Köbenhavn, den 18. juli 1952.
GENERALDIREKTORATET FOR POST- OG TELEGRAFVÆSENET
**K. J. Jensen.**
*K. Lomholdt.*

Helsingissä, 29/2 1952.
POSTI- JA LENNÄTINHALLITUS
**S. J. Ahola.**
*Urho Talvitie.*

Reykjavík, 21. marz 1952.
PÓST- OG SÍMAMÁLASTJÓRNIN
**G. J. Hlíðdal.**
*Einar Pálsson.*

Oslo, 12/6 1952.
TELEGRAFSTYRET
**Sv. Rynning Tönnesen.**
*K. Larsen.*

Stockholm, 20. juni 1952.
KUNGL. TELEGRAFSTYRELSEN
**Håkan Sterky.**
*Artur Onnermark.*

63
3. nóv.

# AUGLÝSING

**um aðild Íslands að samþykkt alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 91, um orlof með launum fyrir farmenn.**

Hinn 15. júlí 1952 var aðalritara alþjóðavinnumálastofnunarinnar afhent fullgildingarskjal Íslands varðandi samþykkt alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 91, um orlof með launum fyrir farmenn.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 3. nóvember 1952.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

**Fylgiskjal.**

**Samþykkt nr. 91 um orlof með launum fyrir farmenn (endurskoðuð 1949).**

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, saman komið til 32. þingsetu sinnar í Genf 8. júní 1949, eftir kvaðningu stjórnarnefndar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, hefur samþykkt ákveðnar tillögur varðandi endurskoðun að nokkru á samþykktinni frá 1949 um orlof með launum fyrir farmenn, sem gerð var á 28. þingi þess, en þetta mál er nú undir 12. dagskrárlið þingsins, og þar sem það álítur, að tillögur þessar beri að gera í formi alþjóðasamþykktar, gerir það í dag, 18. júní 1949, svo hljóðandi samþykkt sem nefna ber Samþykkt frá 1949 um orlof með launum fyrir farmenn (endurskoðuð).

1. gr.

1. Samþykkt þessi tekur til allra vélknúinna hafskipa (sea-going vessels), sem stunda flutninga á mönnum eða munum í atvinnuskyni, og skráð eru innan landsvæðis, sem samþykkt þessi tekur til, hvort sem þau eru í eigu hins opinbera eða einstaklinga.
2. Í lögum hvers lands eða reglugerðum skal ákveðið hvenær skip skuli talin hafskip.
3. Samþykkt þessi tekur til:
   a) tréskipa af frumstæðri gerð svo sem „dhow“ og „junk“,
   b) skipa, sem stunda fiskveiðar eða störf nátengd þeim, selveiðar eða hliðstæða atvinnu,
   c) skipa, sem notuð eru í árósum.
4. Með lögum eða reglugerðum hvers lands eða heildarsamningum má undanskilja skip, sem eru innan við 200 brúttó rúmlestir, ákvæðum þessarar samþykktar.

2. gr.

1. Samþykkt þessi tekur til allra þeirra, sem ráðnir eru til hvers konar starfa á skipi nema:
   a) leiðsögumanna, sem ekki tilheyra skipshöfninni,
   b) lækna, sem ekki tilheyra skipshöfninni,
   c) hjúkrunarliðs og annars starfsfólks, sem einungis stundar hjúkrun og önnur störf í sambandi við aðhlynningu sjúkra en tilheyrir ekki skipshöfninni,

d) fólks, sem vinnur eingöngu fyrir eigin reikning eða fær í laun aðeins hluta af ágóða eða tekjum, 63
3. nóv.
e) fólks, sem ekki fær nein laun fyrir störf sín eða einungis málamyndalaun,
f) fólks, sem ráðið er á skip af öðrum vinnuveitanda en útgerðarmanni, að undanteknum lofskeytamanni eða starfsmönnum loftskeytafélaga,
g) hafnarverkamanna, sem ferðast á milli hafna, en tilheyra ekki skipshöfninni,
h) fólks, sem ráðið er á hvalveiðaskip, fljótandi verksmiðjur, eða á annan hátt við hvalveiðar eða hliðstæð störf við skilyrði, sem ákveðin séu í sérstökum heildarsamningum um hvalveiðar eða hliðstæðum samningum um launakjör, vinnutíma og önnur vinnuskilyrði, sem sjómannasamtök hafa gert,
i) fólks, sem ráðið er til vinnu í höfn, en er yfirleitt ekki ráðið til starfa á sjó.

2. Lögbært stjórnarvald getur að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og farmanna undanskilið skipstjóra, fyrstu stýrimenn og fyrstu vélstjóra ákvæðum þessarar samþykktar, enda njóti þeir samkvæmt lögum eða reglugerðum hvers lands eða heildarsamningum eigi lakari kjara en þessi samþykkt krefur, að því er snertir árlegt orlof.

3. gr.

1. Hverjum þeim, sem samþykkt þessi tekur til, ber að loknu tólf mánaða samfelldu starfi árlegt orlof með launum, er eigi sé skemmra en:
a) átján dagar virkir fyrir hvert starfsár að því er snertir skipstjóra, aðra yfirmenn og loftskeytamenn.
b) tólf dagar virkir fyrir hvert starfsár að því er snertir aðra skipverja.
2. Maður, sem unnið hefur a. m. k. sex mánuði samfleytt, skal, er hann lætur af því starfi, eiga rétt á orlofi, er nemi einum og hálfum virkum degi fyrir hvern heilan starfsmánuð, sé um skipstjóra, aðra yfirmenn eða loftskeytamenn að ræða, en einum virkum degi, sé um aðra skipverja að ræða.
3. Maður, sem vikið er úr starfi án saka, áður en hann hefur unnið samfleytt í sex mánuði, skal, er hann lætur af því starfi, eiga rétt á orlofi, er nemi einum og hálfum degi fyrir hvern heilan starfsmánuð, sé um skipstjóra, aðra yfirmenn eða loftskeytamenn að ræða, en einum virkum degi, sé um aðra skipverja að ræða.
4. Við útreikning á því, hvenær réttur til orlofs hefst, skal:
a) telja störf utan samningsbundins vinnutíma með samfelldum starfstíma,
b) ekki telja, að stutt hlé á starfi komi í veg fyrir að starfstíminn fyrir og eftir það hlé teljist samfelldur, enda stafi það ekki af breytni eða yfirsjón starfsmannsins og fari ekki fram úr sex vikum á hverjum tólf mánuðum,
c) ekki telja, að samfelldur starfstími hafi slitnað þó að breyting verði á framkvæmdastjórn eða eignarrétti að skipi því eða skipum, sem hlutaðeigandi hefur unnið á.
5. Með launuðu orlofi skal ekki telja:
a) almenna og hefðbundna frídaga,
b) starfshlé vegna veikinda og slysa.
6. Í lögum eða reglugerðum hvers lands eða heildarsamningum má kveða á um skiptingu árlegs orlofs samkvæmt samþykkt þessari í hluta, svo og að leggja megi orlof frá einu ári við næsta árs orlof.
7. Í lögum eða reglugerðum hvers lands eða heildarsamningum má kveða svo á, að þegar alveg sérstaklega stendur á og starfsemin krefur, megi láta peningagreiðslu koma í stað árlegs orlofs samkvæmt samþykkt þessari, enda má hún ekki vera lægri en greiðsla sú, sem kveðið er á um í 5. gr.

4. gr.

1. Þegar að því kemur að veita árlegt orlof, skal það veitt eftir samkomulagi eins fljótt og þarfir starfseminnar leyfa.

63 3. nóv. 2. Engan má krefja án samþykkis hans til að taka árlegt orlof, sem honum ber, í höfn utan þess lands, þar sem hann var ráðinn á skip, eða heimalands hans. Að fullnægðu þessu skilyrði skal orlofið veitt í höfn, sem samþykkt er með lögum eða reglugerðum hvers lands eða heildarsamningum.

5. gr.

1. Allir þeir, sem orlof taka samkvæmt 3. grein þessarar samþykktar, skulu fá venjuleg laun sín allan orlofstímann.
2. Venjuleg laun, sem greiða ber samkvæmt fyrri málsgrein, skulu reiknuð á þann hátt, sem ákveðinn sé með lögum eða reglugerðum hvers lands eða heildarsamningum, og mega þau fela í sér hæfilega fæðispeninga.

6. gr.

Að undanskilinni heimildinni í 7. málslið 3. greinar skulu allir samningar um afsal réttarins til árlegs orlofs með launum eða niðurfellingu orlofs vera ógildir.

7. gr.

Maður, sem fer eða er vikið úr þjónustu vinnuveitanda síns áður en hann hefur tekið orlof það, sem honum ber, skal fá greiðslu þá, sem ákveðin er í 5. gr., fyrir hvern orlofsdag, sem honum ber samkvæmt samþykkt þessari.

8. gr.

Hvert það aðildarríki, sem fullgildir samþykkt þessa, skal tryggja raunhæfa beitingu ákvæða hennar.

9. gr.

Ekkert í samþykkt þessari skal hafa áhrif á nokkur lög, úrskurði, venjur eða samninga milli útgerðarmanna og farmanna, sem tryggja betri kjör en ákveðin eru í samþykkt þessari.

10. gr.

1. Samþykkt þessari má veita gildi: a) með lögum eða reglugerðum, b) með heildarsamningum útgerðarmanna og farmanna, eða c) sameiginlega með lögum eða reglugerðum og heildarsamningum útgerðarmanna og farmanna. Ákvæði samþykktar þessarar skulu látin taka til allra skipa skrásettra innan aðildarríkis, sem hefur fullgilt hana, og allra þeirra, sem ráðnir eru á slík skip, enda sé ekki öðruvísi kveðið á í henni sjálfri.
2. Þegar einhverjum ákvæðum samþykktar þessarar hefur verið veitt gildi með heildarsamningi samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, skal aðildarríki, innan hvers samningurinn gildir, ekki skylt að gera neinar ráðstafanir í samræmi við 8. gr. þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum hennar líður, að því er tekur til þeirra ákvæða samþykktarinnar, sem hafa verið tekin upp í heildarsamninga.
3. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal gefa aðalframkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar upplýsingar um ráðstafanir þær, sem gerðar eru til að framfylgja henni, þar á meðal upplýsingar um alla heildarsamninga, þar sem einhver ákvæði hennar eru tekin upp, og í gildi eru, þegar aðildarríkið fullgildir samþykktina.
4. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir samþykkt þessa, undirgengst að senda þrískipta sendinefnd til þátttöku í störfum hverrar þeirrar nefndar, sem sett kann að verða á stofn til þess að rannsaka þær ráðstafanir, sem gerðar eru til þess að framfylgja þessari samþykkt, og skipuð er fulltrúum ríkisstjórna og félaga útgerðarmanna og farmanna, svo og ráðgefandi fulltrúum frá siglingamálanefnd Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar.

5. Aðalframkvæmdastjórinn leggur fyrir umrædda nefnd yfirlit yfir upplýsingar þær, sem honum berast samkvæmt 3. málsgrein hér að framan. 63 3. nóv.
6. Nefndin skal athuga, hvort heildarsamningar þeir, sem henni eru tilkynntir, veiti ákvæðum samþykktar þessarar fyllilega gildi. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir samþykktina, skuldbindur sig til að taka til athugunar hverjar þær athugasemdir og tillögur, sem nefndin kann að gera varðandi framkvæmd samþykktarinnar. Enn fremur skuldbindur það sig til að kynna samtökum verkamanna og vinnuveitenda, sem hlut eiga að einhverjum þeim heildarsamningum, sem um getur í 1. málsgrein, allar athugasemdir og tillögur fyrrgreindrar nefndar um, að hve miklu leyti slíkir samningar gefa ákvæðum samþykktarinnar gildi.

11. gr.

Að því er snertir 17. grein í samþykkt frá 1936 um orlof með launum fyrir farmenn, skal þessi samþykkt skoðuð sem endurskoðun á þeirri samþykkt.

12. gr.

Formlegar fullgildingar á þessari samþykkt skal senda aðalframkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

13. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis vera bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem látið hafa aðalframkvæmdastjórann skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi sex mánuðum eftir að fullgildingar níu eftirtalinna ríkja hafa verið skrásettar: Argentína, Ástralía, Bandaríki Ameríku, Belgía, Brasilía, Chile, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Indland, Írland, Ítalía, Júgóslavía, Kanada, Kína, Noregur, Pólland, Portúgal, Sameinað konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, Svíþjóð og Tyrkland. Að minnsta kosti fimm þessara níu ríkja skulu hvert um sig hafa skipastól, sem sé a. m. k. ein milljón rúmlestir brúttó. Þetta ákvæði er sett hér til þess að auðvelda og flýta fyrir fullgildingu aðildarríkjanna á samþykktinni.
3. Eftir það gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, sex mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

14. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, má segja henni upp að 10 árum liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda aðalframkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en einu ári eftir skrásetningu hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan þess árs, er kemur næst á eftir þeim 10 ára fresti, sem um getur í fyrri málsgrein, réttindi þau til uppsagnar, sem ráð er fyrir gert í þessari grein, skal bundið af henni í önnur 10 ár, en má að þeim loknum segja henni upp, og síðan að hverju 10 ára tímabili liðnu, svo sem gert er ráð fyrir í þessari grein.

15. gr.

1. Aðalframkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skrásetningu allra fullgildinga, yfirlýsinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar aðalframkvæmdastjórinn tilkynnir aðildaríkjum stofnunarinnar skrásetningu síðustu fullgildingarinnar, sem þarf til þess að samþykktin gangi í gildi, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin öðlast gildi.

63
3. nóv.

16. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna, til skrásetningar samkvæmt 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar, yfirlýsingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði næstu greina hér á undan.

17. gr.

Í lok hvers 10 ára tímabils frá gildistöku samþykktar þessarar skal stjórnarnefnd Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd samþykktarinnar, og skal hún jafnframt athuga það, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins tillögur um endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

18. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt um breytingar á samþykkt þessari allri eða hluta hennar, skal:
   a) fullgilding aðildarríkis á hinni nýju, endurskoðuðu samþykkt ipso jure skoðast sem tafarlaus uppsögn á þessari samþykkt, hvað sem ákvæðum 14. greinar hér að framan líður, frá þeim tíma, er hin nýja, endurskoðaða samþykkt hefur öðlazt gildi;
   b) aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt; frá því er hin nýja, endurskoðaða samþykkt öðlast gildi;

   enda sé ekki öðruvísi ákveðið í hinni nýju samþykkt.
2. Samþykkt þessi skal, hvað sem öðru líður, vera í gildi, eins og hún er nú að formi til og efni, hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana, en ekki hina endurskoðuðu útgáfu hennar.

19. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar skulu jafngildir.

Þetta er staðfestur texti samþykktar þeirrar, sem löglega var gerð á 32. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem haldið var í Genf og slitið 2. dag júlímánaðar 1949.

Þessu til staðfestu höfum vér undirritað hann í dag, átjánda dag ágústmánaðar 1949.

Forseti þingsins

*Guildhaume Myrddin-Evans.*

Aðalframkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar

*David A. Morse.*

# AUGLÝSING

64
3. nóv.

**um aðild Íslands að samþykkt alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 98, um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega.**

Hinn 15. júlí 1952 var aðalritara alþjóðavinnumálastofnunarinnar afhent fullgildingarskjal Íslands varðandi samþykkt alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 98, um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 3. nóvember 1952.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

**Fylgiskjal.**

**Samþykkt nr. 98 um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, saman komið til 32. þingsetu sinnar í Genf 8. júní 1949, eftir kvaðningu stjórnarnefndar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, hefur samþykkt ákveðnar tillögur um beitingu réttarins til þess að stofna félög og semja sameiginlega, en það er fjórða mál á dagskrá þingsins, og þar sem það hefur ákveðið, að tillögur þessar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir þingið í dag, 1. júlí 1949, svo hljóðandi samþykkt, sem nefna ber Samþykkt frá 1949 um réttinn til þess að stofna félög og semja sameiginlega.

1. gr.

1. Verkamenn skulu tilhlýðilega verndaðir fyrir því, að þeir séu látnir gjalda þess um atvinnu, að þeir eru félagsbundnir.
2. Slík vernd skal sérstaklega beinast að athöfnum, sem miða að því.:
   a) að binda ráðningu verkamanna til vinnu því skilyrði, að þeir gangi ekki í stéttarfélag eða segi sig úr slíku félagi;
   b) að verkamönnum sé sagt upp vinnu eða þeim gert annað ógagn vegna hlutdeildar sinnar í félagsskap, þátttöku í félagsstarfsemi utan vinnutíma, eða í vinnutíma með samþykki vinnuveitandans.

2. gr.

1. Félög vinnuveitenda og verkamanna skulu nægilega vernduð fyrir afskiptum hverra af öðrum við stofnun þeirra, starfsemi og stjórn, hvort sem þau afskipti eru bein eða framkvæmd af umboðsmönnum eða meðlimum slíkra félaga.
2. Einkum skulu athafnir þær, sem miða að því að stuðla að stofnun verkalýðsfélaga undir yfirráðum vinnuveitenda eða félagssamtaka þeirra, eða að styrkja verkalýðsfélög fjárhagslega eða á annan hátt í því skyni að koma þeim undir stjórn vinnuveitenda eða félagssamtaka þeirra, taldar afskipti í merkingu þessarar greinar.

3. gr.

Þar sem nauðsyn krefur, skal koma á ráðstöfunum, sem við eiga eftir aðstæðum hjá hverri þjóð, til tryggingar því, að félagafrelsið, eins og það er skýrt í undanfarandi greinum, sé í heiðri haft.

4. gr.

Þar sem nauðsyn krefur, skulu gerðar ráðstafanir, eftir því sem við á hjá hverri þjóð, til þess að hvetja og efla til fullrar þróunar í hagnýtingu aðstæðnanna til sjálfviljugra samninga milli vinnuveitenda eða félaga þeirra og verkamanna með það fyrir augum að skipa ráðningar- og vinnuskilyrðum með heildarsamningum.

5. gr.

1. Ákveða skal með lögum eða reglugerðum hvers lands, að hve miklu leyti ákvæði samþykktar þessarar skuli ná til hermanna og lögreglumanna.
2. Í samræmi við grundvallarreglu 8. mgr. 19. greinar stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skal fullgilding aðildarríkis á samþykkt þessari ekki talin hafa áhrif á nokkur gildandi lög, úrskurði, venju eða samkomulag, sem veita hermönnum eða lögreglumönnum einhver þau réttindi, sem tryggð eru með þessari samþykkt.

6. gr.

Samþykkt þessi tekur ekki til stöðu opinberra starfsmanna, sem vinna að stjórnarframkvæmdum ríkisins, né heldur skal hún skilin á þann veg, að hún skerði rétt þeirra eða stöðu á nokkurn hátt.

7. gr.

Formlegar fullgildingar á samþykkt þessari skal senda aðalframkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

8. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis vera bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem látið hafa aðalframkvæmdastjórann skrá fullgildingar sínar.
2. Hún skal öðlast gildi 12 mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá aðalframkvæmdastjóranum.
3. Síðan skal samþykktin öðlast gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, 12 mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

9. gr.

1. Yfirlýsingar þær, sem sendar eru aðalframkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í samræmi við 2. málsgr. 35. greinar stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, skulu greina:
   a) Landsvæði þau, sem hlutaðeigandi aðildarríki undirgengst að láta ákvæði þessarar samþykktar ná til án takmarkana,
   b) landsvæði þau, sem það undirgengst að láta ákvæði samþykktar þessarar ná til með takmörkunum og hverjar þær séu,
   c) landsvæði þau, sem samþykktin tekur ekki til, og upplýsingar um ástæður til þess,
   d) landsvæði þau, sem það áskilur sér rétt til að taka ákvörðun um síðar.
2. Yfirlýsingar þær, sem greindar eru í stafliðum a) og b) í 1. málsgrein þessarar greinar, ber að skoða sem raunverulegan hluta fullgildingarinnar og hafa sama gildi og hún.
3. Sérhvert aðildarríki getur hvenær sem er ógilt að öllu eða nokkru leyti með síðari yfirlýsingu fyrirvara þá, sem það hefur gert í upprunalegri yfirlýsingu sinni, í samræmi við stafliðina b), c) eða d) í 1. málsgrein þessarar greinar.

4. Í hvert skipti sem segja má samþykkt þessari upp í samræmi við ákvæði 11. greinar, getur hvert aðildarríki sent aðalframkvæmdastjóra yfirlýsingu um hvers konar aðrar breytingar, er dragi úr ákvæðum fyrri yfirlýsinga þess, enda lýsi það því ástandi, sem þá ríkir á landsvæðum þeim, sem það kann að tiltaka.

10. gr.

1. Í yfirlýsingum þeim, sem sendar eru aðalframkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í samræmi við 4. og 5. málsgrein 35. greinar stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, skal fram tekið, hvort ákvæðum samþykktarinnar verði beitt til fullnustu eða með takmörkunum á landsvæði því, sem um er að ræða. Þegar yfirlýsing ber með sér, að samþykktinni skuli beitt með slíkum takmörkunum, skulu þær greindar í einstökum atriðum.
2. Aðildarríki, eitt eða fleiri, eða fjölþjóðleg stjórnvöld, sem í hlut eiga, geta hvenær sem er með síðari yfirlýsingu ógilt að öllu eða nokkru leyti áskilin réttindi til takmarkana, er fyrri yfirlýsing tiltók.
3. Hvenær sem hægt er að segja samþykkt þessari upp í samræmi við ákvæði 11. greinar, geta aðildarríki eða fjölþjóðleg stjórnarvöld, sem í hlut eiga, sent aðalframkvæmdastjóranum yfirlýsingu þess efnis, að þau dragi á einhvern hátt úr ákvæðum sinna fyrri yfirlýsinga, enda lýsi þau því ástandi, sem þá ríkir um framkvæmd samþykktarinnar.

11. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, má segja henni upp að 10 árum liðnum, frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda aðalframkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en einu ári eftir skrásetningu hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan þess árs, er kemur næst á eftir þeim 10 ára fresti, sem um getur í fyrri málsgrein, réttindi þau til uppsagnar, sem ráð er fyrir gert í þessari grein, skal bundið af henni í önnur 10 ár, en má að þeim loknum segja henni upp, og síðan að hverju 10 ára tímabili liðnu, svo sem gert er ráð fyrir í þessari grein.

12. gr.

1. Aðalframkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skrásetningu allra fullgildinga, yfirlýsinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar aðalframkvæmdastjóri tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu hinnar annarrar fullgildingar, sem honum er send, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin öðlast gildi.

13. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna, til skrásetningar samkvæmt 102. grein stofnskrár Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar, yfirlýsingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði næstu greina hér á undan.

14. gr.

Í lok hvers 10 ára tímabils frá gildistöku samþykktar þessarar skal stjórnarnefnd Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd samþykktarinnar, og skal hún jafnframt athuga það, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins tillögur um endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

64
3. nóv.

15. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt um breytingar á þessari samþykkt allri eða hluta hennar, skal:
   a) fullgilding aðildarríkis á hinni nýju, endurskoðuðu samþykkt ipso jure skoðast sem tafarlaus uppsögn á þessari samþykkt, hvað sem ákvæðum 11. greinar hér að framan líður, ef hin nýja, endurskoðaða samþykkt öðlast gildi, og þá frá þeim tíma, er það gerðist;
   b) aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt frá því er hin nýja, endurskoðaða samþykkt öðlaðist gildi;

   enda sé ekki öðruvísi ákveðið í hinni nýju samþykkt.
2. Samþykkt þessi skal, hvað sem öðru líður, vera í gildi eins og hún er nú að formi til og efni, hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana en ekki hina endurskoðuðu útgáfu hennar.

16. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar skulu jafngildir.

Þetta er staðfestur texti ályktunar þeirrar, sem löglega var gerð á 32. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem haldið var í Genf og slitið 2. júlí 1949.

Þessu til staðfestu höfum vér undirritað hann í dag, 18. ágúst 1949.

Forseti þingsins
*Guildhaume Myrddin-Evans.*

Aðalframkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar
*David A. Morse.*

65
6. nóv.

# SAMÞYKKT
## fyrir Iðnaðarbanka Íslands h.f.

### I. KAFLI
**Almenn ákvæði.**

1. gr.

Nafn félagsins er „Iðnaðarbanki Íslands h.f.“, í samþykktum þessum kallað Iðnaðarbankinn.

2. gr.

Heimili Iðnaðarbankans, aðalskrifstofa og varnarþing er í Reykjavík. Auk aðalskrifstofunnar má setja á stofn afgreiðslustofur í Reykjavík eftir þörfum, og útibú má stofna utan Reykjavíkur eftir því, sem þörf þykir og ástæður leyfa.

3. gr.

Hlutverk Iðnaðarbankans er að reka bankastarfsemi, er sérstaklega miði að því að styðja verksmiðjuiðnað og handiðnað í landinu.

### II. KAFLI
**Um hlutafé Iðnaðarbankans.**

4. gr.

Hlutafé Iðnaðarbankans er sex milljónir króna, en heimilt er að auka það um 500 þúsundir króna með opinberu útboði innanlands þegar bankaráð ákveður að

fengnu samþykki ráðherra. — Innborgað hlutafé er 1.5 millj. króna. Hlutaféð er allt jafn rétthátt. 65

6. nóv.

5. gr.

Hlutabréf hljóða á nafn. — Hlutabréfin eru að nafnverði kr. 500.00, kr. 1000.00, kr. 5000.00 og kr. 100000.00. — Hlutabréfin skiptast í fjóra flokka (A, B, C, D), eftir uppruna þeirra, og bréf í hverjum flokki hafa framhaldandi tölumerki. — Í flokki A eru hlutabréf, sem Landssamband iðnaðarmanna safnar og leggur fram loforð fyrir, að nafnverði samtals 1½ millj. króna. Í flokki B eru hlutabréf, sem Félag íslenzkra iðnrekenda safnar og leggur fram loforð fyrir, að nafnverði samtals 1½ millj. króna. — Í flokki C eru hlutabréf, sem ríkissjóður kaupir, samtals að nafnverði 3 millj. króna. — Í flokki D skulu vera hlutabréf greidd með hlutafé, sem safnað verður með opinberu útboði. — Arðmiðar skulu fylgja hverju hlutabréfi.

6. gr.

Halda skal skrá yfir hlutabréf og skal þar greina:

1. Útgáfudag hlutabréfs.
2. Nafnverð þess, flokk og tölu.
3. Eiganda bréfsins og eigandaskipti.
4. Ef hlutabréf hefur verið ónýtt með dómi eða öðrum hætti.

7. gr.

Nú vill eigandi hlutabréfs í A-flokki selja hlutabréf sitt. Skal hann þá tilkynna það stjórn Landssambands iðnaðarmanna og láta getið verðs, söluskilmála og kaupanda. Hefur sambandsstjórnin forkaupsrétt að bréfinu fyrir hönd sambandsins eða einstakra félagsmanna þess fyrir sama verð og með sömu skilmálum og aðrir bjóða hæst. Vilji sambandsstjórnin eigi neyta forkaupsréttar síns innan tveggja vikna þá öðlast stjórn Félags íslenzkra iðnrekenda forkaupsrétt að bréfinu fyrir hönd félagsins eða einstakra aðila innan þess, með sömu skilmálum. Hafi félagsstjórnin eigi neytt forkaupsréttar síns innan tveggja vikna má hluthafi bjóða bréfið hverjum sem vill, enda sé verð og söluskilmálar eigi hagkvæmari kaupanda en stjórnum félagasamtakanna var gefinn kostur á. — Á sama hátt skal eigandi hlutabréfs í B-flokki, er selja vill hlutabréf sitt, fyrst tilkynna það stjórn Félags íslenzkra iðnrekenda og láta getið verðs, söluskilmála og kaupanda. Hefur þá stjórnin forkaupsrétt að bréfinu fyrir hönd félagsins eða einstakra aðila innan þess fyrir sama verð og með sömu skilmálum og aðrir bjóða hæst. Vilji félagsstjórnin eigi neyta forkaupsréttar síns innan tveggja vikna, þá öðlast stjórn Landssambands iðnaðarmanna forkaupsrétt að bréfinu fyrir hönd sambandsins eða einstakra félagsmanna þess með sömu skilmálum. Hafi sambandsstjórnin eigi neytt forkaupsréttar síns innan tveggja vikna, má hluthafi bjóða bréfið hverjum sem vill, enda sé verð og söluskilmálar eigi hagkvæmari kaupanda en stjórnum félagasamtakanna var gefinn kostur á. — Vilji eigandi hlutabréfs í D-flokki selja hlutabréf sitt, skal hann tilkynna það stjórnum Félags íslenzkra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna og láta getið verðs, söluskilmála og kaupanda. Eiga þá stjórnir þessara samtaka sameiginlegan forkaupsrétt að bréfinu fyrir hönd samtakanna eða einstakra aðila innan þeirra með sömu skilmálum og aðrir bjóða hæst. Vilji stjórnir þessara samtaka eigi neyta forkaupsréttar síns innan fjögurra vikna, má hluthafi bjóða bréfið hverjum sem vill, enda sé verð og söluskilmálar eigi hagkvæmari kaupanda, en stjórnum félagasamtakanna var gefinn kostur á. — Hafi eigendur forkaupsréttar ekki neytt réttar síns, og sá er vill selja hlutabréf fær síðan kaupanda á frjálsum markaði, skal hann þó tilkynna eigendum forkaupsréttar, hver sá kaupandi sé, og eiga þeir þá enn forkaupsrétt að bréfinu, enda neyti þeir hans án ástæðulausrar tafar.

65
6. nóv.

8. gr.

Eigandaskipti hlutabréfa skulu tilkynnt bankaráðinu og eru þau ella ógild gagnvart félaginu. Bankaráð staðfestir framsöl hluta með áritun sinni á hlutabréfin. — Nú verða eigendaskipti fyrir arftöku og skal þá tilkynna nafn hins nýja eiganda til bankaráðsins, er lætur þess getið á hluthafaskránni. — Veðsetning hlutabréfa er óheimil, nema samþykki bankaráðs komi til.

9. gr.

Iðnaðarbankinn má ekki veita lán gegn tryggingu í hlutabréfum sjálfs sín, og ekki má hann eiga þau, nema ráðherra leyfi, og aldrei meira en 5% alls hlutafjárins.

10. gr.

Nú glatast hlutabréf, stofn eða arðmiði, sem því fylgir, og gefur bankaráð þá út nýtt hlutabréf, stofn eða arðmiða, til handhafa, er hann hefur fengið ógildingardóm á hinu glataða skjali. — Bankaráði skal heimilt að gefa út til aðilja nýtt hlutabréf eða arðmiða, þótt ógildingardóms sé ekki aflað, ef bankaráðið telur nægilega sannað, að bréfið eða arðmiðinn hafi glatazt, enda nemi nafnverð bréfsins eða upphæð arðmiðans ekki yfir kr. 500.00. — Ef hlutabréf, stofn eða arðmiði skemmist, en þó verður ekki villzt um flokk skjalsins, tölu þess eða efni, getur bankaráðið gefið út til aðilja á hans kostnað nýtt skjal í staðinn, enda skili hann hinu skemmda skjali.

11. gr.

Enginn hluthafi ábyrgist skuldbindingar Iðnaðarbankans fram yfir nafnverð hlutabréfa sinna. Þessu ákvæði verður ekki breytt né það fellt niður með neinum ályktunum hluthafafundar. Ákvæði þetta snertir ekki þá sérstöku ábyrgð er ríkissjóður hefur tekið eða kann að taka á skuldbindingum Iðnaðarbankans samkvæmt lögum.

## III. KAFLI
### Um starfsemi Iðnaðarbankans.

12. gr.

Iðnaðarbankinn rekur alla venjulega bankastarfsemi, svo sem:

1. Kaup og sölu víxla, tékka, annarra ávísana og hvers konar verðbréfa.
2. Lánveitingar gegn ábyrgð ríkis-, bæjar-, sveitar- og sýslufélaga, gegn sjálfskuldarábyrgð, handveði, veði í fasteignum, vélum eða vörubirgðum og hverju öðru veði, sem veita má að lögum.
3. Innheimtur.
4. Ávöxtun fjár á hlaupareikningi og með sparisjóðskjörum.
5. Geymsla verðmætra muna fyrir endurgjald.

13. gr.

Iðnaðarbankinn hefur sparisjóðsréttindi. En eiga skal hann að minnsta kosti sem svarar 10% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, verðbréfum Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og öðrum jafntryggum verðbréfum. Verðbréfaeign þessa skal hækka upp í allt að 20%, ef ráðherra, að fengnum tillögum bankaráðs, telur þess þörf.

14. gr.

Samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 113 frá 1951 og með samningi milli Iðnaðarbankans og iðnaðarmálaráðherra er Iðnlánasjóður sérstök deild í Iðnaðarbankanum með aðskildum fjárhag og sérstöku bókhaldi. Skal bankinn hafa á hendi stjórn

sjóðsins og starfrækslu, en ber ekki ábyrgð á töpum, er hann kann að verða fyrir. — Iðnlánasjóður tekur þátt í sameiginlegum reksturskostnaði með Iðnaðarbankanum, eftir samkomulagi milli bankastjórnar og iðnaðarmálaráðherra. 65 6. nóv.

IV. KAFLI
**Stjórn Iðnaðarbankans.**

15. gr.

Með stjórn Iðnaðarbankans fara:

A. Hluthafafundir.
B. Bankaráð.
C. Bankastjóri (framkvæmdastjóri).

*A. Um hluthafafundi.*

16. gr.

Hluthafafundir fara með málefni Iðnaðarbankans, samkvæmt þeim fyrirmælum, sem hér fara á eftir.

17. gr.

Aðalfund hluthafa skal halda í júnímánuði ár hvert, og skal til hans boðað með auglýsingu, er birt sé í Lögbirtingablaði, með ekki minna en 4 vikna fyrirvara, talið frá birtingu fundarboðs. Enn fremur skal birta fundarboðið með ekki minna en viku fyrirvara í útvarpi og dagblöðum og sé þar tekið fram hvenær og hvar skuli afhenda aðgöngumiða og atkvæðamiða til fundar og skal afhendingin fara fram 4 síðustu dagana fyrir fundardag. Aukafundi skal halda eftir ákvörðun hluthafafunda eða bankaráðs, enda skal boða þá með sama hætti sem aðalfund, en viku fyrirvari er þó nægur, ef bankaráð telur þörf fundarhalds svo skjótlega. Bankaráðið boðar til funda og undirbýr þá, ásamt bankastjóra, að öðru leyti. Hluthafafundir skulu haldnir í Reykjavík.

18. gr.

Á aðalfundi fylgir 1 atkvæði hverjum 500 krónum í hlutafé. Að því er hlutabréf ríkissjóðs snertir gilda engar takmarkanir um atkvæðisrétt, en um aðra hluthafa fer eftir gildandi lögum.

19. gr.

Í fundarboði skal greina dagskrá fundarins, og má þar greiða atkvæði um þau mál ein, sem fundarboð greinir, og breytingartillögur við þau. — Tillögur frá hluthöfum er bankaráðinu skylt að taka á dagskrá á hluthafafundi þeim, sem boðað er til í Lögbirtingablaðinu næst á eftir að þær bárust bankaráðinu í hendur, enda séu þær bornar fram skriflega af hluthöfum eða umboðsmönnum hluthafa af 100000.00 króna hlutafjárins eða þaðan af meira.

20. gr.

Á hluthafafundum ræður afl atkvæða, nema öðruvísi sé mælt í lögum þessum. Ef tillaga fær jafnmörg atkvæði með sér og mót, telst hún fallin. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, þegar kjósa skal mann til starfa fyrir Iðnaðarbankann, skal hlutkesti ráða.

21. gr.

Hluthafafundur kýs fundarstjóra, en hann tilnefnir fundarritara með samþykki fundarins. Fundarstjóri stýrir fundi og sker úr öllum atriðum, er fundarhald varða. Þá er fundargerðir hafa verið lesnar upp og samþykktar, skal fundarstjóri og formaður bankaráðs, ásamt ritara, undirrita þær.

65
6. nóv.

22. gr.

Á dagskrá aðalfundar skal taka þessi mál og þeim ljúka þar:
1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi Iðnaðarbankans síðastliðið starfsár.
2. Endurskoðaða reikninga hans fyrir síðastliðið reikningsár.
3. Tillögu um kvittun til bankastjóra fyrir reikningsskil.
4. Kosning bankaráðs, sbr. 25. gr.
5. Kosning endurskoðenda.
6. Ákvörðun um þóknun til bankaráðs og endurskoðenda.
7. Önnur mál.

23. gr.

Stofnfundur setur reglugerð, sem ráðherra staðfestir, um nánari stjórn bankans og starfrækslu hans. Breytingar á reglugerðinni má ekki gera nema á aðalfundi, enda staðfesti ráðherra þær.

24. gr.

Hver hluthafi, sem ætlar að neyta atkvæðisréttar síns á hluthafafundi, verður, í síðasta lagi daginn fyrir fundinn að gera grein fyrir atkvæðisrétti sínum á þeim stað, er fulltrúaráð hefur tilgreint í fundarboðinu, og fær hann þar aðgöngumiða að fundinum. Skal tilgreint á aðgöngumiðanum hve mörg atkvæði hann hafi. Heimilt er hluthafa að gefa öðrum umboð til þess að mæta á fundinum fyrir sína hönd, og fara þar með atkvæði sín. Aðrar heimildir til þess að vera fyrir hönd einhvers hluthafa á hluthafafundi, verður að sanna, er aðgöngumiða að fundinum er vitjað.

## *B. Bankaráðið.*

25. gr.

Aðalfundur hluthafa kýs ár hvert með hlutfallskosningu 5 menn í stjórn hlutafélagsins, sem í samþykktum þessum nefnist bankaráð, og jafnmarga til vara. Skulu bankaráðsmenn vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja fundi bankaráðsins hvenær sem er. Bankaráðsmenn skulu vera lögráða menn, fjár síns ráðandi og með óflekkað mannorð, en ekki þurfa þeir að vera hluthafar.

Bankaráðsmenn mega ekki samtímis eiga sæti í stjórn annarra lána- eða bankastofnana, né vera starfsmenn þeirra.

26. gr.

Bankaráðið kýs sér formann og varaformann úr sínum hópi. Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans. — Formaður kallar saman fundi bankaráðs og stýrir þeim. Reglulega fundi skal halda eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði hverjum. Aukafundi skal halda þegar formaður eða meiri hluti bankaráðs eða bankastjóri telur þess þörf. — Fundi bankaráðs skal halda í Reykjavík. Eru þeir því aðeins lögmætir að mættir séu 5 fulltrúar á fundi, aðalmenn eða varamenn þeirra. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða öðrum lögmætum fyrirmælum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

27. gr.

Bankaráð hefur æðstu forstöðu Iðnaðarbankans, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í samþykktum þessum. Því ber þess vegna:
1. Að ákveða laun bankastjóra (framkvæmdastjóra) og ráðningarkjör hans, setja honum erindisbréf, ráða hann og veita honum lausn.
2. Að koma fram fyrir hönd Iðnaðarbankans fyrir dómstólum, gagnvart stjórnarvöldum og þriðja manni.

3. Að segja fyrir um og hafa eftirlit með starfrækslu bankans, þar á meðal ásamt bankastjóra að ákveða forvöxtu, innlánsvöxtu og útlánsvöxtu bankans. 65
6. nóv.
4. Að ákveða, með samþykki bankastjóra, hvar bankinn skuli hafa útibú, hve útibúi hverju skuli fengið mikið fé til umráða, að ráða forstjóra útibúa, ákveða ráðningarkjör þeirra, setja þeim erindisbréf og veita þeim lausn.
5. Að hafa eftirlit með því, að endurskoðendur ræki starfa sinn óaðfinnanlega.
6. Að skipa bókara og féhirði Iðnaðarbankans, og setja þeim starfsreglur, svo og að veita þeim lausn frá starfanum og að ákveða tryggingu þá, er féhirðir skuli setja, allt að fengnum tillögum og samþykki bankastjóra.
7. Að ákveða tölu starfsmanna Iðnaðarbankans og setja reglur um laun þeirra.
8. Að skera úr ágreiningi, er koma kynni upp milli bankastjóra og starfsmanna bankans
9. Að taka ákvarðanir um afskrifun skulda, án gjaldþrotaskipta skuldunauta, að fengnum tillögum bankastjóra.
10. Að setja reglur, að fengnum tillögum bankastjóra, um það hvort og hvernig aðrir starfsmenn bankans megi binda hann ásamt bankastjóra, með undirskrift sinni, svo og að ákveða um það, hverjir starfsmenn bankans skuli geta skuldbundið hann í tilteknum málum með undirskrift sinni.
11. Að ráða fram úr öðrum málum, sem ekki eru til hluthafafunda eða bankastjóra lögð, og þeim málum, sem hluthafafundir eða bankastjóri skjóta til bankaráðs.

28. gr.

Bankaráðsmenn og varamenn þeirra hafa aðgang að öllum bókum Iðnaðarbankans og skjölum.

29. gr.

Allt það, er bankaráðið lætur skriflega frá sér fara, skal undirritað af formanni og einum hinna bankaráðsmannanna. Iðnaðarbankinn ábyrgist allar skuldbindingar, sem bankaráðið undirgengst stöðu sinni samkvæmt, fyrir hans hönd.

*C. Bankastjóri.*

30. gr.

Framkvæmdastjóri bankans, sem nefnist bankastjóri, hefur á hendi daglega stjórn Iðnaðarbankans samkvæmt reglum þeim, sem honum eru eða verða settar af bankaráðinu, samkvæmt samþykktum þessum. — Hann má ekki hafa á hendi embætti eða sýslan, sem ekki er lögskylt að gegna, nema með samþykki bankaráðsins, ekki reka sjálfur atvinnu eða vera í stjórn atvinnufyrirtækja. Bankastjóri má ekki vera skuldskeyttur Iðnaðarbankanum eða útibúum hans, hvorki sem aðalskuldunautur eða ábyrgðarmaður. — Bankastjóri ræður alla þá starfsmenn Iðnaðarbankans, sem bankaráðinu er eigi sérstaklega falið að ráða samkvæmt samþykktum bankans, og segir þeim upp. Starfsmenn bankans skulu að jafnaði ráðnir með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

31. gr.

Bankaráðið, endurskoðendur, bankastjóri og allir aðrir starfsmenn Iðnaðarbankans, skulu skyldir að gæta fullkominnar þagnarskyldu um allt það, er varðar hagi viðskiptamanna hans og þeir fá vitneskju um vegna starfsemi sinnar í þarfir bankans.

## V. KAFLI
### Reikningsskil, endurskoðun, skipting ágóða og varasjóður.

32. gr.

Starfsár Iðnaðarbankans er almanaksárið. Skal ársreikningi lokið fyrir marzmánaðarlok, og sé hann jafnskjótt sendur endurskoðendum, en yfirlit yfir hag Iðnaðarbankans skal gera mánaðarlega. — Yfirlit skal birta í Lögbirtingablaðinu eftir hverja 6 mánuði.

33. gr.

Aðalfundur hluthafa kýs 2 endurskoðendur, til eins árs í senn. Endurskoðendur skulu vera bókhaldsfróðir menn og leiknir í endurskoðun reikninga. Þeir mega ekki vera í þjónustu Iðnaðarbankans að öðru leyti, enda má jafnt kjósa þá úr flokki hluthafa sem utan hans. Þeir skulu rannsaka allt reikningshald og alla reikninga bankans, enda er þeim jafnan heimill aðgangur að öllum bókum hans og skjölum. Fyrir aprílmánaðarlok skulu endurskoðendur hafa lokið endurskoðun á ársreikningi Iðnaðarbankans, og ber þeim þá þegar að afhenda hann stjórn bankans, ásamt athugasemdum sínum. — Í síðasta lagi 2 vikum fyrir aðalfund skal bankastjórinn hafa samið svör sín við athugasemdum endurskoðenda og skulu þau liggja hluthöfum til sýnis ásamt ársreikningi.

34. gr.

Áður en ársreikningur sé gerður, skal stjórn Iðnaðarbankans gera sér grein fyrir því eftir föngum, hversu mikið ætla megi, að tapist af skuldum, sem þó þykir ekki ástæða til að afskrifa þá þegar. Skal hún gera tillögur til aðalfundar um það, hversu háa upphæð leggja skuli til hliðar fyrir þessum væntanlegu töpum, og dregst sú upphæð frá tekjuafgangi ársins.

35. gr.

Ágóða samkvæmt ársreikningi, að frádregnu því, sem gengur til afskrifta á eignum Iðnaðarbankans og því, sem lagt er til hliðar fyrir væntanlegum töpum, skal varið sem hér segir:

1. Ef hreinágóði nemur 4% af hlutafé eða minna, rennur hann óskiptur í varasjóð. Þegar varasjóður er orðinn 50% af hlutafé, er þó ekki skylt að leggja í hann meira en 2% af hlutafénu.
2. Hreinágóða (sem ekki er ráðstafað samkv. 1. tölulið) og upp í 10% af hlutafé skal úthluta til hluthafa, í réttu hlutfalli við hlutafjáreign þeirra, enda standi hundraðshluti sá, sem út er hlutað, jafnan á heilum eða hálfum.
3. Hreinágóði, sem verða kynni fram yfir 10% af hlutafé, ráðstafar aðalfundur, að fengnum tillögum bankaráðs.

36. gr.

Ef árságóði hrekkur ekki fyrir töpuðum skuldum eða til afskrifta á öðrum eignum Iðnaðarbankans, skal það sem á vantar, tekið af varasjóði.

## VI. KAFLI
### Um breytingar á samþykktum félagsins.

37. gr.

Samþykktum félagsins má breyta á löglegum aðalfundi félagsins, þar sem staddir eru hluthafar, er umráð hafa yfir að minnsta kosti ⅔ atkvæða, og sé breytingin samþykkt með ⅔ atkvæða að minnsta kosti. Hafi eigi verið á fundinum svo margir hluthafar, en lagabreytingin samþykkt með ⅔ atkvæða, skal halda fund aftur

innan mánaðar. Skal til hans boðað á venjulegan hátt, og það tekið fram, að til fundarins sé boðað af því að eigi hafi verið nægilega margir á hinum fyrri. Séu á þeim fundi ⅔ greiddra atkvæða með breytingunni öðlast hún gildi, hvort sem margir eða fáir hafa sótt fundinn. 65
6. nóv.

VII. KAFLI

**Um félagsslit.**

38. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu, og fer þá um tillögur þar að lútandi sem um lagabreytingar. — Fundur sá, sem samþykkir á lögmætan hátt að slíta félaginu, kveður og á um, hvernig ráðstafa skuli eignum þess og greiðslu skulda.

Þannig samþykkt á framhaldsstofnfundi Iðnaðarbanka Íslands h.f., hinn 26. október 1952.

Í BANKARÁÐI IÐNAÐARBANKA ÍSLANDS H.F.

*Páll S. Pálsson.* *Helgi Bergs.* *Kr. Jóh. Kristjánsson.*
*Einar Gíslason.* *Guðm. H. Guðmundsson.*

Framanrituð samþykkt staðfestist sem samþykkt fyrir Iðnaðarbanka Íslands h.f.

*Samgöngumálaráðuneytið, 6. nóvember 1952.*

**Björn Ólafsson.**

*Páll Pálmason.*

# REGLUGERÐ

## fyrir Iðnaðarbanka Íslands h.f.

66
6. nóv.

I. KAFLI

**Stofnun bankans og stjórnarfyrirkomulag.**

1. gr.

Iðnaðarbanki Íslands h.f. er stofnaður með lögum nr. 113 frá 1951. Bankinn er hlutafélag og er hlutafjárupphæðin ákveðin allt að 6½ milljón króna.

2. gr.

Yfirstjórn bankans er skipuð fimm mönnum og öðrum fimm til vara og nefnist bankaráð. Bankaráðið er kosið á aðalfundi bankans. Bankaráðið skipar framkvæmdastjóra bankans, sem nefnist bankastjóri.

II. KAFLI

**Störf bankans.**

*A. Um ávöxtun fjár.*

3. gr.

Bankinn tekur fé til ávöxtunar í hlaupareikning og í innlánsbók.

4. gr.

Sá, er hefja vill hlaupareikningsviðskipti við bankann, skal um það semja við bankastjóra hans.

66
6. nóv.

5. gr.

Viðskiptamaður fær lausa kvittun fyrir innborgun á hlaupareikning, tvíritaða, ef krafizt er.

6. gr.

Viðskiptamaður, er fé vill taka út úr hlaupareikningi, skal að jafnaði gefa út tékkávísun á bankann, á eyðublöð, er bankinn sjálfur hefur til sölu. Gerð eyðublaða ákveður bankaráðið. Tékkinn skal undirskrifaður af viðskiptamanni sjálfum, af prókúrista hans eða öðrum, er hann hefur gefið lögfullt umboð til að ávísa á reikninginn, enda skal þá umboðið jafnframt afhent bankanum, ef það er eigi opinberlega tilkynnt. — Bankanum er og skylt að greiða út fé úr hlaupareikningi eftir skriflegum fyrirmælum viðskiptamanns, eða eftir símskeyti frá honum, enda sé þá undirskrift hans undir símskeytið staðfest, eða á annan hátt þannig frá gengið, að útborgun sé áhættulaus fyrir bankann.

7. gr.

Enginn má gefa út ávísun á meira fé en hann á inni í hlaupareikningi, nema sérstaklega sé svo um samið við bankastjóra bankans.

8. gr.

Um leið og hlaupareikningsviðskipti eru stofnuð, skal viðskiptamaður afhenda bankanum sýnishorn af undirskrift sinni. Komi það fyrir, að fölsk ávísun sé greidd af bankanum og sú ávísun er útgefin á eyðublað úr tékkhefti, sem viðskiptamaður hefur sjálfur fengið, ber sá skaðann, sem féð á, nema augljósu gáleysi bankans sé um að kenna.

9. gr.

Í tékkávísun, sem gefin er út á innstæðu í hlaupareikningi, verður upphæðin að vera tilgreind með tölustöfum og bókstöfum. Sé þess ekki gætt, þá er bankinn eigi skyldur að útborga ávísunarupphæðina. Sé fjárhæðin tilgreind öðruvísi með tölustöfum en bókstöfum, þá gildir minni upphæðin.

10. gr.

Bankastjórinn ákveður hvort taka skuli við ákveðnu fé í hlaupareikning og hvort greiða skuli vexti af því fé, sem tekið er við.

11. gr.

Heimilt er hverjum að sjá hlaupareikning sinn í bókum bankans, og einnig umboðsmanni hans, en varast verður, að hann sjái reikning annarra manna.

12. gr.

Bankinn tekur á móti innstæðufé til ávöxtunar með sparisjóðskjörum, þó ekki minna en 5 kr. í hvert sinn. Þó er bankinn eigi skyldur til að taka á móti mjög stórum upphæðum til ávöxtunar, ef bankastjórinn telur það óhagstætt fyrir bankann.

13. gr.

Þegar innstæðan nemur 5 kr. eða meira, reiknast vextir af heilum krónum frá og með næsta degi eftir að féð er lagt inn, þó eigi á minni hlutum en heilum aurum. — Vextir reiknast 1. júlí og 31. desember ár hvert og leggjast þá þegar við höfuðstólinn. Af upphæðum, er nema 10000 krónum eða þar yfir, er bankinn eigi skyldur að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en tvo mánuði í bankanum.

14. gr.

Af fé, sem bankinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, er menn óska, án uppsagnarfrests, þegar bankastjórinn sér sér það fært, en heimta má, að upphæðum frá 10000—30000 kr. sé með viku fyrirvara sagt upp, og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fyrirvara. — Án tveggja mánaða uppsagnarfrests er bankinn eigi skyldur að borga meira en 50000 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

15. gr.

Þeim, er í fyrsta sinn leggur inn fé með sparisjóðskjörum, er fengin viðskiptabók, er hann greiðir kostnaðarverð fyrir. Bankastjórinn ákveður hvort sú borgun er tekin fyrir fram eða þegar bókin er útskrifuð og ónýtt. — Í hvert skipti, sem fé er lagt inn eða tekið út úr sparisjóði, skal það um leið vera ritað í viðskiptabókina. Þó má í sérstökum tilfellum taka við fé án þess að bókin sé sýnd, gegn kvittun bókara og féhirðis. — Heimilt er að stofna sérstaka deild við sparisjóðinn, þar sem taka má við innlögum og ávísa á innstæðuna, án þess viðskiptabókin sé sýnd. Skulu slík innlög og útborganir færast í viðskiptabókina, þegar hún er næst sýnd í bankanum. Viðskiptabækur við þá deild skulu greinilega bera með sér, að gefa megi út ávísanir á innstæðuna. — Fyrir innlögum og útborgunum kvittar bókari og féhirðir í viðskiptabókina, og er það full sönnun fyrir greiðslunni. — Það er eigi á ábyrgð bankans, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til þess að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um eða eitthvað af því. Um falskar ávísanir á sparisjóðsinnstæður gilda ákvæði 8. greinar. — Vexti skal innfæra í viðskiptabækur 1. júlí og 31. des. ár hvert. Bankastjórinn og þeir starfsmenn bankans, sem bankaráðið gefur umboð til þess, skulu löggilda innlánsbækur.

16. gr.

Glatist innlánsbók, ber eiganda að snúa sér til bankastjórans, er annast um, að handhafa hennar verði stefnt samkvæmt 50. gr. laga um Landsbanka Íslands nr. 10 15. apríl 1928, sbr. 10. gr. laga nr. 113 1951.

17. gr.

Bankastjóra er heimilt að segja lausu fé, sem er á vöxtum í bankanum með sparisjóðsvöxtum, með þriggja mánaða fyrirvara. Skal annað hvort rita uppsögnina í innlánsbókina eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í því blaði Reykjavíkur, er stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í, og að minnsta kosti í tveim öðrum blöðum. — Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

18. gr.

Ef eigandi að innstæðufé hvorki leggur inn né tekur út í 15 ár samfleytt, verður hætt að greiða vexti af því, og verður þá með auglýsingu, er skal birt með missiris fyrirvara á þann hátt, sem segir í 16. gr., skorað á eiganda að hirða féð. Gefi hann sig ekki fram áður en fresturinn er liðinn, er innlánsbók hans ógild, en féð ásamt vöxtunum rennur í bankann; þó má bankastjóri greiða féð, að meira eða minna leyti, ef réttur eigandi gefur sig fram innan 5 ára og bankaráðið leyfir.

19. gr.

Mönnum verða eigi gefnar upplýsingar um eignir annarra, nema skylt sé að lögum.

20. gr.

Sá, sem tekið hefur allt út úr innlánsbók sinni, skal skila henni í bankann, sé bók útskrifuð, fær hann aðra bók ókeypis, ef hann vill halda viðskiptunum áfram.

*B. Um útlán.*

21. gr.

Útlánastarfsemi bankans skal hagað svo, að sem bezt samrýmist aðalhlutverki hans að styðja verksmiðjuiðnað og handiðnað í landinu.

22. gr.

Bankanum er heimilt að kaupa og selja víxla, tékka, ávísanir og verðbréf, er greiðast eiga hérlendis.

23. gr.

Bankinn veitir, umfram það sem ræðir um í 22. gr., lán í því formi og gegn þeim tryggingum, er nú skal greina:

a. Reikningslán;
b. sjálfskuldarábyrgðarlán;
c. lán gegn fasteignaveði;
d. lán gegn handveði;
e. lán gegn ábyrgð ríkisins, sýslu- eða bæjarfélaga;
f. lán gegn veði í vélum og vörubirgðum.

24. gr.

Um reikningslán skal gerður sérstakur lánssamningur og undirritaður af bankastjóra, einhverjum þeim öðrum starfsmanni bankans, er bankaráðið veitir umboð til þess, og lántakanda. Skal í honum greint hámark lánsins, uppsagnarfrestur af hálfu beggja aðilja, trygging fyrir láninu og hverja vexti skuli greiða bæði af skuld og innstæðu. Reikningslán skulu að jafnaði einungis veitt gegn fasteignaveði eða handveði í vel tryggðum verðbréfum, en heimilt er þó að taka aðrar tryggingar, ef sérstök ástæða þykir til. — Um innborganir og útborganir gilda sömu reglur og um hlaupareikninga.

25. gr.

Sjálfskuldarábyrgðarlán má eigi veita nema til eins árs í senn, en heimilt er að framlengja þau, ef bankastjórinn telur það áhættulaust fyrir bankann. Samanlagður lánstími má þó aldrei vera lengri en 10 ár.

26. gr.

Lán samkvæmt c-lið 23. gr. má veita gegn sérhverjum veðrétti í fasteign, er bankastjóri telur fullnægjandi tryggingu fyrir láninu. Þegar meta skal veðhæfi fasteigna skal fasteignamat þeirra að jafnaði lagt til grundvallar. — Ef líkur eru til að verðbreytingar hafi orðið á fasteign frá því síðasta fasteignamat fór fram má láta nýtt mat fram fara. Skal það framkvæmt annað hvort af dómkvöddum mönnum eða af mönnum, sem bankastjóri tilnefnir. Að öðru leyti skal lánbeiðandi útvega sérhver þau skilríki, sem bankastjóri krefst og málið varða. — Lán gegn fasteignaveði skulu að jafnaði eigi veitt til lengri tíma en 20 ára.

27. gr.

Bankinn lánar fé gegn handveði, svo sem arðberandi, vel tryggðum verðbréfum, og öðrum þeim munum, sem bankastjórinn tekur gilda og sér bankanum fært að geyma. — Enn fremur má veita lán gegn tryggingu í vátryggðum verzlunarvörum, sem bankanum eða trúnaðarmönnum hans eru afhentar sem handveðstrygging, eða vörum samkvæmt farmskírteini eða geymsluskírteini, sem bankanum er afhent og framselt.

28. gr.

Bankinn má veita lán gegn veði í eignum og tekjum bæjar- og sýslu- og sveitarfélaga, og gegn ábyrgð þeirra sem slíkra, þegar eftirfylgjandi skilyrði eru fyrir hendi:

a. Leyfi hlutaðeigandi stjórnarvalda (sýslunefndar og stjórnarráðs) til lántökunnar.
b. Fjárhagsreikningur sýslunnar, sveitar- eða bæjarfélagsins næsta ár á undan lánbeiðninni.
c. Vottorð hlutaðeigandi yfirvalda um það, að þeir menn, sem annast um lántökuna eða veita umboð til að taka lánið, séu réttir hlutaðeigendur.
d. Útskrift úr fundarbók lánbeiðanda, sem sýni, að löglega hafi verið samþykkt að taka lánið, og sé útskriftin staðfest af hlutaðeigandi yfirvaldi.
e. Ábyrgðaryfirlýsing hreppsnefndar, sýslunefndar eða bæjarstjórnar.

29. gr.

Bankinn veitir lán:

a. Gegn veði í vélum og verkfærum, allt að helmingi matsverðs þeirra eða kostnaðarverðs, ef þær eru nýjar, og miðast við mat véla- og verksmiðjueftirlits ríkisins.
b. Gegn veði í vörubirgðum allt að helmingi kostnaðarverðs eða söluverðs. Heimilt er stjórn bankans að láta óvilhalla kunnáttumenn meta vörurnar til verðs.

Skylt er bankastjóra að fylgjast vel með því, að veðið rýrni ekki að verðmæti, nema jafnframt sé greitt hlutfallslega inn á lánið. — Lán samkvæmt b-lið þessarar greinar má eigi veita nema til eins árs í senn, en heimilt er að framlengja þau, ef bankastjórnin telur það áhættulaust fyrir bankann.

### *C. Ábyrgðir.*

30. gr.

Bankinn getur tekizt á hendur ábyrgðir hérlendis, gegn tryggingum, jafngóðum og um lán væri að ræða.

### *D. Innheimtur.*

31. gr.

Bankinn má annast alls konar innheimtur innanlands.

## III. KAFLI
## Reikningar og endurskoðun.

32. gr.

Ársreikningur bankans, sem miðast við almanaksárið, skal saminn í síðasta lagi þremur mánuðum eftir árslok og birtur í Stjórnartíðindunum að afloknum aðalfundi. Skal reikningurinn svo mikið sundurliðaður sem bankaráðið leggur fyrir, þannig, að hann sýni glögga mynd af hag bankans.

33. gr.

Aðalfundur hluthafa kýs (með hlutfallskosningu) tvo bókhaldsfróða endurskoðendur og skulu þeir rannsaka reikning bankans og bera saman við bækurnar og við sjóð bankans og eignir. Sjálfar bækurnar og færslu á þeim skulu þeir einnig rannsaka, svo að þeir séu þess fullvissir, að bókhaldið sýni rétta mynd af því, sem fram hefur farið. — Ef þeir verða þess varir, að vanræksla eigi sér stað í einhverju eða að nauðsynlegar endurbætur þurfi að gera, þá eiga þeir að benda bankaráðinu á það og gera uppástungur um endurbæturnar.

66
6. nóv.

34. gr.

Allar leiðréttingar eða breytingar í bókum bankans skulu þannig gerðar að glöggt sjáist, hvað þar hefur staðið upphaflega.

35. gr.

Endurskoðendur skulu framkvæma starf sitt samkvæmt erindisbréfi, sem bankaráðið setur þeim.

## IV. KAFLI

### Um stjórn bankans.

36. gr.

Bankaráðið hefur yfirumsjón með eignum bankans og allri starfsemi hans. Það setur bankastjóranum erindisbréf. Ásamt með bankastjóranum ákveður það forvexti, útlánsvexti og innlánsvexti bankans og sér um að vaxtabreytingar allar séu hæfilega auglýstar fyrir almenningi. Það ákveður og, hvenær bankinn skuli opinn fyrir almenning.

37. gr.

Bankaráðið heldur fundi eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði hverjum. Auk þess skal formanni þess skylt að koma í bankann eigi sjaldnar en vikulega og kynna sér ýtarlega starfsemi hans. Skal hann sérstaklega líta eftir útlánastarfsemi bankastjórans og gerir hann bankaráðinu aðvart, ef hann telur hana á einhvern hátt athugaverða. Formanni ber og að fylgjast með erlendum skuldaskiptum bankans og yfirleitt allri starfsemi hans í höfuðdráttum. Hver einstakur fulltrúi í bankaráðinu hefur aðgang að bókum og skjölum bankans til eftirlits, enda hvílir á honum fullkomin þagnarskylda.

38. gr.

Bankastjórinn og með honum einhver sá starfsmaður bankans, sem bankaráðið veitir umboð til þess, skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbréf eða skriflegar skuldbindingar. Jafnan þarf þó samþykki bankaráðsins til að taka erlend lán. — Bankastjórinn annast hinn daglega rekstur bankans, ræður starfsfólk bankans og skiptir með því verkum, með þeim takmörkunum, sem settar eru í samþykktum bankans, og lítur eftir að starfsfólkið ræki störf sín, en bankaráðið setur reglur um laun starfsmanna. Öllum starfsmönnum bankans er óheimilt að skýra óviðkomandi mönnum frá viðskiptum manna við bankann.

## V. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

39. gr.

Kvittanir frá bankanum eru því aðeins fullgildar, að féhirðir hafi ritað undir þær, og þeim fylgi áritun bókara um, að þær séu athugaðar. Í forföllum þeirra er þó jafngild kvittun þess eða þeirra, er þeir fela starf sitt í samráði við bankastjórann.

40. gr.

Féhirðir bankans skal setja tryggingu fyrir fé því, er honum er trúað fyrir, sem bankastjóri og bankaráð tekur gilda. — Féhirðir ber ábyrgð á þeim, sem í forföllum hans eða af öðrum ástæðum annast störfin, ef eigi er séð fyrir að varamennirnir eða aðstoðarmennirnir setji tryggingu, meðan þeir gegna störfum féhirðis.

41. gr. 66
Starfsmenn bankans eru skyldugir til að vinna fram yfir venjulegan starfstíma bankans, þegar þess er þörf. 6. nóv.

42. gr.
Starfsmennirnir mega ekki án leyfir bankastjóra taka að sér annað launað starf eða reka atvinnu.

43. gr.
Embættismönnum og starfsmönnum bankans er bannað að gerast umboðsmenn annarra gagnvart bankanum.

44. gr.
Þeir, sem vilja fá lán úr bankanum, skulu beiðast þess skriflega, og geta þeir fengið prentuð eyðublöð undir slíkar beiðnir í bankanum. Skriflegs svars við slíkri beiðni verður ekki krafizt, og getur enginn, sem synjað er um lán, heimtað, að honum sé gerð grein fyrir, hverjar ástæður séu til synjunarinnar.

45. gr.
Sérhver skuldunautur bankans má greiða lán það, er hann hefur fengið, allt eða nokkurn hluta þess áður en gjalddagi sá, sem ákveðinn er í skuldabréfinu, er kominn, og fær hann þá endurgoldinn tiltölulegan hluta þeirra vaxta er hann hefur fyrir fram greitt af upphæð þeirri, sem hann greiðir fyrir réttan gjalddaga, en eigi hærri vexti en bankinn á þeim tíma gefur fyrir sparisjóðsinnlög, þó getur bankastjórinn breytt til um vaxtagreiðsluna, ef ástæða þykir til. Vaxtaupphæðin skal nema meiru en 3 kr. til þess að endurgreiðsla á vöxtum geti komið til greina.

Þannig samþykkt á framhaldsstofnfundi Iðnaðarbanka Íslands h.f., hinn 26. október 1952.

Í BANKARÁÐI IÐNAÐARBANKA ÍSLANDS H.F.

*Páll S. Pálsson.* *Helgi Bergs.* *Kr. Jóh. Kristjánsson.*
*Einar Gíslason.* *Guðm. H. Guðmundsson.*

Framanrituð reglugerð staðfestist sem reglugerð fyrir Iðnaðarbanka Íslands h.f.

*Samgöngumálaráðuneytið, 6. nóvember 1952.*

**Björn Ólafsson.**

*Páll Pálmason.*

# LÖG 67

## um manntal 16. okt. 1952. 11. nóv.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.
Haustið 1952 skal fara fram manntal um allt land, miðað við 16. október, og kemur það í stað hins venjulega ársmanntals, sem framkvæmt er ýmist af sóknarprestum eða bæjarstjórnum.

Við manntal þetta skal fyrir hvert hús gerð manntalsskýrsla, þar sem telja ber: a) Alla, sem eiga heimili í húsinu, eins þótt þeir séu fjarverandi á manntalsdegi. b) Alla, sem dvelja í húsinu, en eiga lögheimili annars staðar. Þó skal ekki telja gestkomandi menn og ekki heldur þá, sem dvelja eingöngu til lækninga. Megi

67 telja einhverjar líkur fyrir því, að gestkomandi maður eða sjúklingur, sem býr
11. nóv. annars staðar, sé ekki skráður þar, sem hann á heimili, þá ber að skrá hann þar, sem hann er staddur. Ber húsráðanda að afla sér vitneskju hér að lútandi, eftir því sem unnt er.

2. gr.

Hagstofa Íslands ákveður tilhögun manntalsins, að svo miklu leyti sem það er ekki ákveðið í þessum lögum, og hefur umsjón með framkvæmd þess. Á eyðublaði því, er Hagstofan lætur gera undir manntalið, skal tilgreina fullt nafn hvers manns ásamt öllum þeim upplýsingum öðrum, sem þörf er á vegna spjaldskrár þeirrar yfir alla landsmenn, sem fyrirhugað er að koma á fót.

Fyrir hvert hús skal gerð manntalsskýrsla í tvíriti og fær Hagstofan frumrit hennar, en hlutaðeigandi sveitarstjórn heldur eftirritinu. Sóknarprestar skulu fá afnot af eftirritum manntalsskýrslna til færslu manntalsbókar samkvæmt lögum nr. 3/1945.

3. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarstjórnir hafa á hendi framkvæmd manntalsins og utan kaupstaðanna hreppsnefndir. Kostnaður, sem kann að leiða af framkvæmd manntalsins í hverju sveitarfélagi, greiðist úr sveitarsjóði.

Lögreglustjórar, hreppstjórar og sóknarprestar skulu, hver í sínu umdæmi, vera sveitarstjórnum til aðstoðar við framkvæmd manntalsins. Skulu slík aðstoðarstörf teljast til embættisverka, sem hlutaðeigandi starfsmönnum ber engin greiðsla fyrir sérstaklega. Sama gildir um aðstoð þá, sem sóknarprestum er ætlað að láta í té samkvæmt 8. gr.

4. gr.

Hverjum manni ber skylda til að sjá svo um, að hann sé skráður á manntal og hann er skyldur til að gefa þær upplýsingar um sjálfan sig, sem manntalseyðublaðið segir til um.

Hver húsráðandi er skyldur til að rita í tvíriti á manntalsskýrslu hússins, sem hann býr í, þær upplýsingar um sjálfan hann, heimilisfólk hans og leigjendur, sem krafizt er, og honum ber enn fremur að gera þetta innan ákveðins frests, sbr. 6. gr.

Hverjum húseiganda ber skylda til að hafa eftirlit með því, að manntalsskýrsla sé réttilega gefin fyrir hús hans innan hins ákveðna frests, án tillits til þess, hvort hann býr sjálfur í húsinu eða ekki.

Brot á skyldum þeim, sem eru lagðar á einstaklinga, húsráðendur og húseigendur í 1.—3. mgr., varða sektum allt að 5000 kr.

5. gr.

Hver sveitarstjórn skal gera þær ráðstafanir, sem eftir aðstæðum á hverjum stað má telja nauðsynlegar til tryggingar því, að manntalsskýrslurnar séu réttilega gerðar og sveitarstjórninni berist þær innan hins ákveðna frests. Telst sveitarstjórn ekki hafa fullnægt skyldum sínum samkvæmt þessum lögum, nema skýrslurnar úr umdæmi hennar séu sendar Hagstofunni, réttilega gerðar, fyrir lok þess frests, sem mælt er fyrir um í 7. gr.

6. gr.

Færslu manntalsskýrslnanna skal hafa verið lokið í síðasta lagi sunnudaginn 19. október og næsta dag hefst afhending þeirra til sveitarstjórna, nema þar sem sérstakir teljarar hafa annazt manntalsskráninguna. Hver sveitarstjórn ákveður, hvaða tilhögun skuli höfð við útfyllingu og söfnun skýrslnanna.

Sé skýrsla ekki réttilega gefin á tilsettum tíma, þá má, með dagsektum 300—500 kr. á dag, þröngva hlutaðeigandi húsráðanda eða húseiganda til þess að láta hana í té. Getur lögreglustjóri tiltekið sektina með bréfi til hins brotlega.

7. gr. 67

Þegar manntalið hefur farið fram og sveitarstjórn hefur fengið í hendur manntalsskýrslurnar, skal hún, með aðstoð hreppstjóra og sóknarprests, fara yfir þær og lagfæra þær vandlega. Meðal annars skal, eftir því sem tök eru á, leiðrétta rangar upplýsingar í skýrslunum og bæta við upplýsingum, sem vantar á þær. Skal þessu verki lokið eigi síðar en 31. október í kaupstöðum og eigi síðar en 10. nóvember í hreppum. Þegar eftir lok þessa frests skulu frumritin af skýrslum hvers kaupstaðar og hrepps send Hagstofunni í einu lagi. 11. nóv.

Hagstofan getur, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, framlengt frest þann, sem um getur í 1. mgr.

8. gr.

Í sambandi við undirbúning spjaldskrár þeirrar yfir alla landsmenn, sem fyrirhugað er að koma á fót, skulu sóknarprestar, eftir því sem unnt er, láta Hagstofunni í té upplýsingar þær um fyrrverandi og núverandi sóknarbörn, sem kann að vera þörf fyrir vegna spjaldskrárinnar. Sama skylda hvílir á sveitarstjórnum, að því er snertir upplýsingar um einstaklinga, sem eru eða hafa verið búsettir í umdæmi þeirra.

9. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. nóvember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

# LÖG 68

## um afnám laga nr. 41 26. okt. 1917, um breyting á lögum nr. 30 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða. 11. nóv.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 41 26. október 1917, um breyting á lögum nr. 30 20. október 1913, um umboð þjóðjarða, skulu úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. nóvember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

69
12. nóv.

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 84 1940, um tekjuöflun til íþróttasjóðs.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. gr. laga nr. 84/1940 bætist:

Vinningar í veðmálastarfsemi íþróttasjóðs skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla til útborgunar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 12. nóvember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Björn Ólafsson.*

70
17. nóv.

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 105 1951, um breyting á lögum nr. 117 1950, um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á lögum nr. 9 1951, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. málsgr. 1. gr. bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:

Á sama hátt skal og verðlagsuppbót breytast 1. sept. og 1. des. 1952 og 1. marz, 1. júní, 1. sept. og 1. des. 1953.

2. gr.

Ekki skal innheimta framleiðslugjald samkvæmt 3. gr. laganna af síld, sem lögð var á land til bræðslu á sumarsíldveiðum 1952.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 17. nóvember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

# AUGLÝSING

**um kjör forseta Íslands.**

71
8. okt.

Hinn 29. júní 1952 var herra Ásgeir Ásgeirsson kjörinn forseti Íslands um tímabilið frá 1. ágúst 1952 til 31. júlí 1956, og tók hann við embætti 1. ágúst s. l.

*Forsætisráðuneytið, 8. október 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Birgir Thorlacius.*

# AUGLÝSING

**um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 95 5. nóv. 1942 fyrir lærdómsdeild Verzlunarskóla Íslands.**

72
19. nóv.

Forseti Íslands hefur í dag fallizt á tillögu ráðuneytisins um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 95 5. nóv. 1942, fyrir lærdómsdeild Verzlunarskóla Íslands:

1. gr.

Í upptalningu námsgreina í 2. gr. reglugerðarinnar falli niður orðið „dönsku". Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi: Einkunnir við árspróf 4. bekkjar í dönsku skulu reiknaðar sem stúdentsprófseinkunnir.

2. gr.

Í upptalningu 3. gr. falli niður „danska ...". Síðar í sömu grein, í upptalningu um námsefni, komi í stað orðanna „Danska: Nemendur skulu lesa texta ...": Danska: Nemendur skulu hafa lesið texta ...

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 19. nóvember 1952.*

**Björn Ólafsson.**

*Birgir Thorlacius.*



Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

73
25. nóv.

# LÖG
## um tilkynningar aðsetursskipta.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarstjórar (í Reykjavík Manntalsskrifstofan) og í hreppum oddvitar veita viðtöku tilkynningum um aðsetursskipti samkvæmt lögum þessum, og er átt við þessa aðila alls staðar þar, sem lögin kveða svo á, að slíkar tilkynningar skuli sendar sveitarstjórnum.

2. gr.

Hver sá, sem skiptir um aðsetur innan sveitarfélags, skal tilkynna það hlutaðeigandi sveitarstjórn áður en 7 dagar eru liðnir frá því, að aðsetursskiptin áttu sér stað.

Einstaklingur, sem dvelst í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann á heimilisfang, er tilkynningarskyldur samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, ef hann á sínum tíma var skyldur til að tilkynna komu sína í umdæmið, samkvæmt ákvæðum 3. eða 5. gr., eða hefði verið skyldur til þess, ef þessi ákvæði hefðu verið í gildi á þeim tíma.

3. gr.

Hver sá, sem flytur í annað sveitarfélag í því skyni að taka sér þar heimilisfang, skal tilkynna það sveitarstjórn þess umdæmis, sem hann flytur til, áður en 7 dagar eru liðnir frá því, að flutningurinn átti sér stað.

Nú hefur maður verið staddur tvo mánuði í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann telst eiga heimilisfang, og skal hann þá innan 7 daga tilkynna aðsetur sitt sveitarstjórn þess umdæmis, þar sem hann er staddur, og m. a. tilgreina, hvaða dag hann kom í umdæmið. Ákvæði þetta tekur til vistmanna á hælum, sjúklinga í sjúkrahúsum, gesta í gistihúsum og fanga í fangelsum jafnt og til þeirra, sem hafa aðsetur í venjulegu húsnæði utan heimilissveitar sinnar.

Frá ákvæði 2. mgr. um tilkynningarskyldu gilda eftirfarandi undantekningar:

1. Alþingismenn og opinberir starfsmenn, sem dvelja lengri eða skemmri tíma við skyldustörf í öðru sveitarfélagi en þar, sem þeir teljast eiga heimilisfang.
2. Barn, sem dvelur sumarlangt eða annað takmarkað tímabil á barnaheimili, í sveit eða annars staðar utan heimilissveitar sinnar. Hins vegar skal, samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, tilkynna aðsetursskipti fyrir barn, sem fyrirsjáanlega mun dvelja lengri tíma á barnahæli eða þ. u. l. stofnun í öðru sveitarfélagi en þar, sem það á heimilisfang.
3. Þeir, sem dvelja eingöngu eða að mestu leyti til náms í öðru sveitarfélagi en þar, sem þeir teljast eiga heimilisfang. Þó skulu iðnnemar við nám í öðru sveitarfélagi en þar, sem þeir teljast eiga heimilisfang, vera tilkynningarskyldir samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.
4. Þeir, sem dvelja í öðru sveitarfélagi en þar, sem þeir teljast eiga heimilisfang, við störf, sem samkvæmt venju eru árstíðarbundin, svo sem við fiskveiðar á vertíð með tilheyrandi vinnslu afurða o. fl. Enn fremur við heyskap eða önnur sveitastörf að sumarlagi, við vegagerð utan kaupstaða, og þ. u. l.

Undantekningar þær frá tilkynningarskyldu, sem greindar eru í 3. mgr. þessarar greinar, gilda aðeins, meðan þau atvik, sem gefa tilefni til undantekningar,

eru fyrir hendi, og verða aðilar tilkynningarskyldir, þegar þeir hafa dvalið í viðkomandi umdæmi tvo mánuði eftir brottfall þess atviks, sem um ræðir hverju sinni. Skal þá aðili innan 7 daga tilkynna aðsetur sitt sveitarstjórn umdæmisins og m. a. tilgreina, hvaða dag hann kom í umdæmið.



4. gr.

Hver sá, sem samkvæmt ákvæðum 3. gr. hefur orðið tilkynningarskyldur í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann telst eiga heimilisfang, skal við endurkomu til heimilissveitar sinnar, áður en 7 dagar eru liðnir, tilkynna aðsetur sitt hlutaðeigandi sveitarstjórn.

5. gr.

Nú kemur til landsins íslenzkur ríkisborgari, sem verið hefur búsettur erlendis, í því skyni að taka sér hér heimilisfang, og skal hann þá, áður en 7 dagar eru liðnir frá komunni í umdæmið, tilkynna aðsetur sitt hlutaðeigandi sveitarstjórn.

Að öðru leyti eru íslenzkir ríkisborgarar og útlendingar, sem til landsins koma, tilkynningarskyldir samkvæmt ákvæðum 2.—4. mgr. 3. gr., eftir því sem þau eiga við.

6. gr.

Nú fer úr landi maður — sem tilkynnt hefur verið aðsetur fyrir eða hefði átt að tilkynna aðsetur fyrir, ef lög þessi hefðu verið í gildi — til þess að taka sér bólfestu erlendis eða til þess að dvelja þar 6 mánuði eða lengur, án þess að um sé að ræða námsdvöl, og skal hann þá, áður en hann hverfur úr landi, tilkynna það sveitarstjórn þess umdæmis, þar sem hann hefur aðsetur, þegar hann fer.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar gildir ekki fyrir þá, sem fara utan til náms, en þegar þeir koma til landsins að afloknu námi, skulu þeir tilkynna aðsetur sitt sveitarstjórn þess umdæmis, þar sem þeir setjast að, ef það er annað en það sveitarfélag, þar sem þeir hafa haft skráð aðsetur meðan þeir dvöldu erlendis.

7. gr.

Hver sá, sem tilkynnt hefur aðsetur í einhverju sveitarfélagi samkvæmt fyrirmælum laga þessara, eða hefði verið skyldur til að gera það, ef lög þessi hefðu verið í gildi á viðkomandi tíma, er samkvæmt 2. gr. skyldur til að tilkynna breytingar, sem verða kunna á aðsetri hans innan sama umdæmis. Fari hann í annað sveitarfélag, skal hann, ef ákvæði 3. gr. taka til dvalar hans þar, tilkynna aðsetur sitt sveitarstjórn umdæmisins, hvort sem hann á þar heimilisfang eða ekki.

8. gr.

Tilkynningarskylda sú, sem lög þessi mæla fyrir um, gildir án tillits til fjölskyldutengsla. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. skal t. d. kvæntur maður, sem dvelur a. m. k. tvo mánuði í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann telst eiga heimilisfang, án þess að um sé að ræða undantekningu frá tilkynningarskyldu samkvæmt 3. mgr. 3. gr., tilkynna aðsetur sitt, hvort sem um er að ræða slit á samvistum við konu hans eða ekki.

9. gr.

Tilkynningarskylda sú, sem mælt er fyrir um í lögum þessum, hvílir á hverjum einstaklingi, sem fyllt hefur 16 ára aldur. Forráðamenn einstaklinga innan 16 ára aldurs og þeirra, sem sviptir hafa verið sjálfræði, skulu sjá um, að fullnægt sé tilkynningarskyldu fyrir skjólstæðinga þeirra.

Hver húsráðandi ber ábyrgð á því, að fullnægt sé tilkynningarskyldu fyrir einstaklinga, sem taka sér aðsetur í húsnæði á hans vegum, og sama skylda hvílir á forstöðumönnum hæla, sjúkrahúsa, skóla, gistihúsa, fangelsa og annarra slíkra

73 stofnana, að því er tekur til tilkynningar aðseturs fyrir einstaklinga, sem hafast
25. nóv. við á slíkum stöðum. Enn fremur ber hver húseigandi ábyrgð á því, að fullnægt sé tilkynningarskyldu fyrir þá, sem taka á leigu húsnæði hjá honum, þ. e. a. s. bæði fyrir fjölskylduföður og heimafólk, en hann er ekki ábyrgur fyrir því, að tilkynningarskyldu sé fullnægt fyrir framleigutaka í húsi hans.

Bæjarstjórar og oddvitar skulu kvitta skriflega fyrir móttöku tilkynninga um aðsetursskipti.

Heimilt er að krefjast þess, að tilkynningar um aðsetursskipti séu látnar í té í tvíriti.

10. gr.

Tilkynningar þær um aðsetur, sem lög þessi mæla fyrir um, skulu vera á eyðublöðum, sem félagsmálaráðuneytið lætur gera í samráði við Hagstofu Íslands. Skal þar getið nafns þess eða þeirra, sem skipta um aðsetur, ásamt nákvæmum upplýsingum um það, hvar aðsetrið er, svo og um annað, sem greina þarf vegna spjaldskrár þeirrar yfir alla landsmenn, sem fyrirhugað er að koma á fót.

11. gr.

Tilkynningar þær um aðsetursskipti, sem bæjarstjórar og oddvitar fá í hendur, skulu sendar Hagstofu Íslands, eftir að hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa haft tækifæri til að skrá úr tilkynningunum það, sem þær þarfnast vitneskju um.

Félagsmálaráðuneytið ákveður tilhögun á sendingu tilkynninga til Hagstofu Íslands, og hvaða tímafrestir skulu gilda í því sambandi.

12. gr.

Bæjarstjórum og oddvitum er heimilt að krefjast þess af skólastjórum og forstöðumönnum námsmannabústaða í sveitarfélaginu, að þeir láti hinum fyrr nefndu í té skrár, í tilteknu formi, yfir námsmenn, sem eiga heimilisfang utan viðkomandi sveitarfélags.

13. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir skulu, hver í sínu umdæmi, stuðla að því með virkum aðgerðum, að menn fullnægi sem bezt ákvæðum laga þessara um tilkynningarskyldu. M. a. skulu þær, einkum í fámennari sveitarfélögum, ef svo ber undir gangast fyrir því, að tilkynningarskyldu sé fullnægt fyrir einstaklinga, sem láta undir höfuð leggjast að sinna þessari skyldu, eða eiga þess ekki kost einhverra hluta vegna.

14. gr.

Lögreglustjórar skulu, hver í sínu umdæmi, hafa eftirlit með framkvæmd á fyrirmælum laga þessara og aðstoða hlutaðeigandi bæjarstjórnir og hreppstjóra eftir föngum við hana.

Útlendingaeftirlitið skal aðstoða við framkvæmd laga þessara eftir föngum, einkum í sambandi við eftirlit með því, að þeir, sem koma til landsins og fara frá landinu, fullnægi tilkynningarskyldu samkvæmt ákvæðum laganna.

15. gr.

Ákvæði laga þessara snerta á engan hátt reglur gildandi löggjafar um heimilisfang og réttindi og skyldur manna í því sambandi.

16. gr.

Ríkissjóður ber kostnað af prentun eyðublaða og sendingu þeirra til sveitarstjórna, en þær bera allan annan kostnað, sem leiðir af framkvæmd laga þessara.

17. gr. 73 25. nóv.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, 50—1000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sektarféð skal renna í sveitarsjóð þess sveitarfélags, þar sem brotlegur aðili er tilkynningarskyldur. Fara skal með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála, nema kæra falli niður, sbr. 2. málsgr. þessarar greinar.

Sveitarstjórnum er heimilt að taka tilboði brotlegs aðila um greiðslu hæfilegrar sektar innan þess hámarks og lágmarks sektar, sem um ræðir í 1. málsgr. Skal þá kæra falla niður, enda sé greiðsla sektarfjárins innt af hendi tafarlaust.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, þó þannig að tilkynna ber, samkvæmt fyrirmælum laganna, öll aðsetursskipti, sem eiga sér stað frá og með 17. október 1952.

Með lögum þessum eru numin úr gildi ákvæði um tilkynningu bústaðaskipta í lögum nr. 95/1936, um heimilisfang, og í lögum nr. 18/1901, um manntal í Reykjavík, svo og önnur ákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

*Gjört í Reykjavík, 25. nóvember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

# LÖG

74 25. nóv.

## um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku í Alþjóðabankanum í Washington vegna Sogs- og Laxárvirkjana.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að jafnvirði 40 millj. kr. í erlendri mynt hjá Alþjóðabankanum í Washington og endurlána Sogsvirkjuninni og Laxárvirkjuninni, allt með þeim kjörum, er ríkisstjórnin ákveður, og gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felld fyrri málsgrein 2. gr. laga nr. 63/1950.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 25. nóvember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

75
25. nóv.

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laga nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., orðist svo:

Ef skuld er tryggð með veði í fasteign eða handveði, skal frjálst að taka af henni í ársvexti allt að 6 af hundraði. Nú áskilur Landsbanki Íslands sér hærri vexti af slíkum lánum, og er þá öðrum einnig heimilt að semja um hærri ársvexti en 6 af hundraði, þó ekki yfir 7 af hundraði. Aldrei má samt semja um hærri vexti samkvæmt þessari heimild en Landsbanki Íslands reiknar sér á sama tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 25. nóvember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Björn Ólafsson.*

76
26. nóv.

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 13 16. marz 1949, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

A-liður 1. gr. laganna orðast svo:

Hlutatalan má ekki fara fram úr fimmtíu þúsund, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk 10. janúar ár hvert og síðan 5. dag hvers mánaðar.

2. gr.

C-liður 1. gr. laganna orðast svo:

Vinningar skulu vera að verðmæti samtals að minnsta kosti 40% af iðgjöldunum samantöldum í öllum 12 flokkum.

3. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, er orðast svo:

Vinningar í vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla til útborgunar.

## 4. gr.

76
26. nóv.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 26. nóvember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

# AUGLÝSING

77
29. nóv.

## um viðskiptasamkomulag og greiðslusamning milli Íslands og Austurríkis.

Hinn 6. júní síðastliðinn fór fram í Vínarborg bráðabirgðaundirskrift bókunar um viðskipti milli Íslands og Austurríkis. Endanleg undirskrift undir bókun þessa, sem hér fer á eftir í íslenzkri þýðingu, fór fram í Vínarborg hinn 22. september 1952.

Bókun um árangur viðræðna, sem fram fóru í Vínarborg í maímánuði 1952, milli íslenzkrar og austurrískrar samninganefndar:

1. Austurríska samninganefndin hefur látið íslenzku samninganefndinni í té upplýsingar um þær austurrískar vörur, sem til greina kemur að flytja út til Íslands.

Jafnframt var tilgreint af Austurríkis hálfu með andvirði hvaða útflutningsvara skuli greiða innfluttan fisk af íslenzkum uppruna, þegar þar að lútandi umsóknir austurrískra innflytjenda eru fyrir hendi.

2. Hlutaðeigandi íslenzk stjórnvöld skulu, að svo miklu leyti sem mögulegt er hverju sinni, taka til greina umsóknir íslenzkra innflytjenda um innflutning vara af austurrískum uppruna.

3. Stjórnvöld beggja ríkjanna skulu innan ramma gildandi lagaákvæða veita inn- og útflutningsleyfi fyrir vörum samkvæmt neðangreindum vörukvótum:

**Innflutningur til Íslands:**
um 10 000 smál. köfnunarefnisáburðar.

**Innflutningur til Austurríkis:**
um 4 500 smál. fiskimjöls.

4. Samkomulag er um, að jafnvægi skuli haldast á samningsárinu að því, er snertir viðskipti samkvæmt ofangreindum vörukvótum.

Samþykkt var að fela þjóðbönkum beggja ríkjanna að koma skipan á hin gagnkvæmu greiðsluviðskipti með bréfaskiptum, sem háð skulu samþykki beggja ríkisstjórnanna.

5. Bókun þessi gengur í gildi, er báðar ríkisstjórnirnar hafa staðfest hana, og gildir í eitt ár frá undirskriftardegi.

Gjört í Vínarborg, 22. september 1952.

| Fyrir hönd Sambandsstjórnar Austurríkis: | Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands: |
|---|---|
| **Gruber.** (sign.) | **P. Szenkovits.** (sign.) |

77 Jafnframt var hinn 6. júní undirritaður til bráðabirgða greiðslusamningur
29. nóv. milli Íslands og Austurríkis. Endanlega undirskrift hans fór einnig fram hinn 22. september 1952 í Vínarborg.

Samningurinn gildir í eitt ár frá undirskriftardegi, en fellur úr gildi, ef greiðslubandalag Evrópu hættir starfsemi sinni á tímabilinu.

Hvor samningsaðila getur sagt honum upp með þriggja mánaða fyrirvara.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, hinn 29. nóvember 1952.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

78
2. des.

# AUGLÝSING

## um beztukjara samning við Ástralíu.

Hinn 13. nóvember 1952 var með erindaskiptum milli sendiherra Íslands í London, Agnars Kl. Jónssonar, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands og Sir Thomas White, stjórnarfulltrúa Ástralíu í London, fyrir hönd ríkisstjórnar Ástralíu, gerður svo hljóðandi beztukjara samningur milli ríkjanna:

1. Afurðir eða framleiðsluvörur Íslands skulu við innflutning til Ástralíu ekki sæta lakari kjörum en veitt eru hliðstæðum afurðum og framleiðsluvörum þeirra erlendra ríkja, sem njóta beztu kjara.

2. Afurðir eða framleiðsluvörur Ástralíu skulu við innflutning til Íslands ekki sæta lakari kjörum en veitt eru hliðstæðum afurðum og framleiðsluvörum þeirra erlendra ríkja, sem njóta beztu kjara.

3. Samkomulag er um, að ekkert ákvæði þessa samnings veiti Íslandi rétt til þess að njóta góðs af kjörum, forgangsrétti eða sérréttindum, sem á hverjum tíma kunna að gilda eingöngu milli tveggja eða fleiri ríkja, sem talin er í fylgiskjali „A“ með Almenna samningnum um tolla og verzlun.

4. Samningur þessi gildir í eitt ár frá 17. nóvember 1952. Ef hvorug ríkisstjórnin hefur tilkynnt hinni þremur mánuðum áður en sá tími er liðinn þá ákvörðun sína að segja samningnum upp, skal hann gilda áfram, unz þrír mánuðir eru liðnir frá þeim degi, er önnur hvor ríkisstjórnin tilkynnir hinni ákvörðun sína um að segja samningnum upp.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, hinn 2. desember 1952.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

# LÖG 79

## um breyting á ábúðarlögum, nr. 8 5. febrúar 1951. 2. des.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 12. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú vanrækir landsdrottinn, að dómi úttektarmanna, að fullnægja skyldum sínum samkvæmt ákvæðum laga þessara um nauðsynleg jarðarhús, og skal hann þá verða við beiðni leiguliða um veðleyfi fyrir láni í Byggingarsjóði eða Ræktunarsjóði Íslands til nauðsynlegra bygginga á jörðinni. Veðleyfið skal ná til lands og jarðarhúsa hinnar leigðu fasteignar. Landsdrottinn getur þó krafizt þess, að fyrir liggi yfirlýsing frá hlutaðeigandi hreppsnefnd um, að hún ábyrgist, að lán það, er leiguliði tæki með veði í jörðinni, verði eingöngu notað til þeirra bygginga á jörðinni, er úttektarmenn telja nauðsynlegar.

Landsdrottinn skal innan tveggja mánaða svara beiðni leiguliða um nauðsynleg jarðarhús eða veðleyfi samkvæmt framansögðu. Að öðrum kosti skal landsdrottinn sæta 50—100 króna dagsektum, unz hann hefur fullnægt þeirri skyldu.

2. gr.

Í stað „kr. 3000.00“ í 54. gr. laganna komi: kr. 6000.00.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 2. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

# AUGLÝSING 80

## um breytingar á viðskiptasamkomulagi við Pólland. 6. des.

Hinn 10. apríl 1952 var gert samkomulag í Oslo um nokkrar breytingar á viðskiptasamkomulagi því milli Íslands og Póllands, er var undirritað í Varsjá 14. desember 1951 (Stj.tíð. 1951, A., nr. 123). Samkomulag þetta var síðar staðfest með skeytaskiptum milli ríkisstjórna Íslands og Póllands (í maí 1951). Helztu breytingar voru þær, að fiskimjölskvóti íslenzka vörulistans var minnkaður niður í 500 smál., og minnkaður var kolakvótinn á pólska vörulistanum.

Samtímis var gert samkomulag um nokkra verðlækkun á pólskum kolum og einnig um breytingu á greiðslusamningi Íslands og Póllands.

Hinn 19. ágúst 1952 var undirritað í Varsjá samkomulag um nokkrar frekari breytingar á vörulistunum fyrir 1952. Samtímis var gerður sölusamningur um 1500

80 smálestir af saltaðri Faxasíld, og einnig samið um breytingu á greiðslusamningi
8. des. Íslands og Póllands.

*Utanríkisráðuneytið, hinn 6. desember 1952.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

81
8. des.

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna hljóði svo:

Brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, laga nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, með síðari breytingum eða, ef um brot er að ræða, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum frá kr. 1000.00 til kr. 100 000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 8. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

82
8. des.

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 orðist svo:

Í landhelgi við Ísland á friðunarsvæði því, sem ákveðið er í reglugerð nr. 21 19. marz 1952, skulu bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpu og flotvörpu.

Heimilt er ráðherra að veita vélbátum undanþágu frá banni þessu til að stunda kampalampaveiðar og leturhumarveiðar á tilteknum svæðum með venjulegri kampalampavörpu og leturhumarvörpu. Áður en undanþága er veitt, skal leitað um hana álits Fiskifélags Íslands.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands, að veita leyfi til síldveiða í landhelgi með flotvörpu. Leyfi þetta skal bundið því skilyrði, að hlutaðeigandi veiðiskip sé eingöngu gert út til síldveiða. Auk þess getur ráðherra bundið leyfið þeim öðrum skilyrðum, er hann telur nauðsynleg, þar á meðal að allur afli annar en síld sé upptækur til ríkissjóðs. 82 8. des.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 56 23. júní 1936, um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, og lög nr. 34 13. júní 1937, um heimild fyrir ríkisstjórnina til síldveiða með botnvörpu á fjörðum inni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 8. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

# LÖG 83 8. des.

## um breyting á lögum nr. 82 5. júní 1947, um Matsveina- og veitingaþjónaskóla.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Yfirstjórn skólans hefur samgöngumálaráðuneytið.

Ráðherra skipar til 4 ára í senn fimm manna skólanefnd, er hefur á hendi yfirumsjón skólans. Skal nefndin skipuð einum matreiðslumanni, einum framreiðslumanni, einum veitingamanni og einum fiskiskipsmatsveini, og skulu þessir menn skipaðir eftir tilnefningu hlutaðeigandi stéttarsamtaka, en fimmti nefndarmaðurinn án tilnefningar. Ráðherra skipar einn nefndarmannanna formann. Ráðherra skipar skólastjóra og kennara skólans, að fengnum tillögum skólanefndar. Skólastjóri skal jafnframt vera bryti skólans.

Með reglugerð skulu sett nánari ákvæði um starfsemi skólans, kennslutíma, námsefni og kennaralið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 8. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Björn Ólafsson.*

84
8. des.

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við síðustu málsgr. 10. gr. komi þrjár nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Á árinu 1952 er sjóðsstjórninni heimilt, með samþykki ráðherra, að skerða stofnfé síldveiðideildar.

Ríkisstjórninni er heimilt, f. h. ríkissjóðs, að ábyrgjast allt að 4 millj. kr. lán, er stjórn hlutatryggingasjóðs tekur fyrir hönd síldveiðideildar hjá hinni almennu fiskideild, svo og að ákveða, að ríkissjóður greiði vexti af lánum síldveiðideildar.

Togarar, sem gerðir hafa verið út á síldveiðar sumarið 1952, skulu njóta sömu bóta úr síldveiðideildinni og síldveiðiskip í I. flokki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 8. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

85
12. des.

# AUGLÝSING

## um gildistöku alþjóðasamnings um öryggi mannslífa á hafinu.

Hinn 19. nóvember 1952 gekk í gildi alþjóðasamningur um öryggi mannslífa á hafinu (International Convention for the Safety of Life at Sea).

Samningurinn var undirritaður fyrir Íslands hönd í London hinn 10. júní 1948 og fullgildingarskjal Íslands varðandi samninginn afhent á sama stað 19. október 1950 (Stj.tíð. A. 89/1950).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 12. desember 1952.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

Fylgiskjal:

## Alþjóðasamningur um öryggi mannslífa á hafinu, 1948.

1. gr.

(a) Stjórnir samningsríkjanna takast á hendur að koma ákvæðum samnings þessa í gildi, og reglum þeim, er honum fylgja, enda ber að skoða þær sem hluta af samningnum sjálfum. Hvenær sem vísað er til samningsins ber að skoða þá tilvísun þannig, að jafnframt sé vísað til reglnanna.

(b) Stjórnir samningsríkjanna takast á hendur að gefa út öll þau lög, úrskurði, tilskipanir og reglugerðir og gera allar þær ráðstafanir aðrar, sem nauðsynlegar má telja, til þess að ákvæði samningsins fái fullt og öruggt gildi og tryggi þannig, að því er varðar öryggi mannslífa, að skip sé hæft til þeirrar þjónustu, sem því er ætlað.

2. gr.

Samningurinn nær til allra skipa, skrásettra í löndum ríkisstjórna þeirra, sem eru aðilar að honum, svo og til skipa skrásettra í löndum, sem samningurinn nær til, samkvæmt 13. gr.

3. gr.

*Lög, reglur, skýrslur.*

Stjórnir samningsríkjanna takast á hendur að koma til alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (hér eftir nefnd „Stofnunin"):

a. texta, laga, úrskurða, tilskipana og reglugerða, sem birt kunna að hafa verið á því sviði sem samningur þessi ræðir um;
b. allar fáanlegar opinberar skýrslur, eða opinberan útdrátt úr skýrslum, að því leyti sem þær sýna árangurinn af ákvæðum samnings þessa, þó að því tilskildu, að slíkar skýrslur eða útdrættir sé eigi trúnaðarmál, og
c. nægilega mörg sýnishorn af skilríkjum, sem gefin hafa verið út samkvæmt samningi þessum. Verður þeim dreift til stjórna samningsríkjanna til upplýsinga fyrir embættismenn þeirra.

4. gr.

*Óviðráðanleg atvik.*

(a) Falli skip ekki undir ákvæði samnings þessa, er það lætur úr höfn, hvert sem ferðinni er heitið, fá ákvæði samningsins ekki gildi að því er það skip snertir, þótt það berist afleiðis vegna veðurs eða annarra óviðráðanlegra atvika.

(b) Þegar meta skal hvort ákvæðum samnings þessa sé réttilega beitt, ber ekki að telja með þá menn, sem á skip eru komnir fyrir óviðráðanleg atvik, eða samkvæmt skyldum, er á skipstjóra hvíla, til þess að flytja skipsbrotsmenn eða annað fólk.

5. gr.

*Flutningur á fólki, þegar hættuástand ríkir.*

(a) Þrátt fyrir ákvæði samnings þessa má stjórn samningsríkis leyfa skipi að flytja fleira fólk en annars er heimilt samkvæmt honum, ef um er að ræða flutning á fólki frá einhverjum stað í því skyni að forða því frá lífsháska.

(b) Slíkt leyfi sviptir ekki stjórn annars samningsríkis neinum rétti til hvers konar eftirlits samkvæmt samningnum á skipum, er taka höfn hjá því.

(c) Stjórn samningsríkis, er slíkt leyfi hefur veitt, ber að senda Stofnuninni tilkynningu um veitt leyfi, ásamt greinargerð um málsatvik.

6. gr.

*Frestun vegna ófriðar.*

(a) Í ófriði getur stjórn samningsríkis frestað gildi sumra eða allra þeirra reglna, sem fylgja samningi þessum, ef hún telur þær brjóta gegn hagsmunum ríkisins, hvort heldur er sem stríðsaðila eða hlutlauss. Skylt er ríkisstjórn, sem notar frestunarheimildina, að tilkynna Stofnuninni tafarlaust um frestunina.

(b) Slík frestun sviptir ekki stjórn neins samningsríkis nokkrum rétti samkvæmt samningi þessum, til eftirlits með skipum þess annars lands, sem frestheimildina notar, er þau eru í höfn hins ríkisins.

(c) Stjórn samningsríkis, er frestheimildina hefur notað, getur fellt frestunina niður hvenær sem er, enda ber henni þá tafarlaust að tilkynna Stofnuninni afnám frestunarinnar.

(d) Hvenær sem frestunarheimild hefur verið notuð eða frestun afnumin samkvæmt þessari grein, ber Stofnuninni að tilkynna það stjórn allra samningsríkjanna.

7. gr.

*Eldri millirikjasamningar.*

(a) Að því er samningsríkin snertir fellir samningur þessi úr gildi og kemur í staðinn fyrir alþjóðasamning varðandi öryggi mannslífa á hafinu, sem undirritaður var í London 31. maí 1929.

(b) Allir aðrir milliríkjasamningar, varðandi öryggi mannslífa á hafinu, eða efni er snerta það og í gildi eru nú milli ríkisstjórna, sem aðilar eru að þessum samningi, halda fullu og óskertu gildi þann tíma, sem þar er tilskilinn, að því er snertir

(i) skip, sem samningur þessi nær ekki til,

(ii) skip, sem samningur þessi nær til í þeim efnum, sem hér eru ekki bein ákvæði um.

(c) Að því leyti sem slíkir milliríkjasamningar eru í ósamræmi við ákvæði samnings þessa, ráða þó ákvæði hans.

(d) Í öllum þeim efnum, sem samningur þessi kveður ekki sérstaklega á um, halda stjórnir samningsríkjanna heimild sinni til lagasetningar.

8. gr.

*Sérstakar samkomulagsreglur.*

Ef stjórnir samningsríkjanna eða einhverjar þeirra koma sér saman um sérreglur í sambandi við samning þenna, er skylt að tilkynna þær Stofnuninni, er gerir stjórnum allra samningsríkjanna þær kunnar.

9. gr.

*Breytingar.*

(a) (i) Samningi þessum má breyta með samhljóða samþykki stjórna allra samningsríkjanna.

(ii) Ef stjórn einhvern samningsríkis óskar þess, ber Stofnuninni að tilkynna stjórnum allra samningsríkjanna, til athugunar og samþykktar samkvæmt þessari grein, framkomnar tillögur til breytinga.

(b) (i) Tillögu til breytinga á samningi þessum getur stjórn hvers samningsríkis sem er og hvenær sem er borið fram við Stofnunina. Slíka tillögu ber Stofnuninni að koma á framfæri til samþykktar við stjórnir allra samningsríkjanna, að því tilskildu, að tillagan hafi verið samþykkt með tveimur þriðju atkvæða meiri hluta af allsherjarfundi Stofnunarinnar (hér eftir nefnt „fundurinn“), að fengnum

meðmælum tveim þriðju atkvæða meiri hluta öryggisnefndar um siglingar, er starfar innan Stofnunarinnar (hér eftir kölluð „öryggisnefnd"). 85 12. des.

(ii) Sérhver slík meðmæli öryggisnefndar ber Stofnuninni að koma á framfæri við stjórnir allra samningsríkjanna, þeim til athugunar, eigi síðar en sex mánuðum áður en þær eru teknar til athugunar á fundinum.

(c) (i) Ef stjórn einhvers samningsríkis ber fram tillögu til breytinga á samningi þessum, ber Stofnuninni að hlutast til um, að fundur ríkisstjórna sé kallaður saman hvenær sem er, til þess að athuga breytingatillögurnar, enda hafi einn þriðji ríkisstjórna samningsríkjanna óskað þess.

(ii) Sérhverja breytingu samþykkta á slíkum fundi af tveim þriðju meiri hluta stjórna samningsríkjanna skal Stofnunin senda stjórnum allra samningsríkjanna til samþykktar.

(d) Sérhver breyting, sem send hefur verið stjórnum samningsríkjanna til samþykktar samkv. (b) eða (c) lið þessarar greinar, fær gildi fyrir stjórnir allra samningsríkjanna tólf mánuðum eftir að breytingin var samþykkt af tveim þriðju stjórna samningsríkjanna, enda séu þar með tveir þriðju þeirra ríkisstjórna, sem fulltrúa eiga í öryggisnefndinni. Stjórn samningsríkis, sem áður en breytingin fær gildi, tilkynnir, að hún synji um samþykki, er þó ekki bundin af breytingunni.

(e) Með tveim þriðju atkvæða meiri hluta, þar með talin tveir þriðju ríkisstjórna, sem fulltrúa eiga í öryggisnefndinni og að því áskildu, að þátt taki í atkvæðagreiðslum eigi minna en ⅔ ríkisstjórna þeirra, er hlut eiga að þessum samningi, eða ⅔ atkvæða á fundi, sem kallaður hefur verið saman samkv. (c) lið þessarar greinar, getur fundurinn ákveðið, jafnframt því sem breytingin var samþykkt, að hún sé svo mikilsverð, að ef stjórn samningsríkis gefur út yfirlýsingu samkv. (d) lið þessarar greinar, og ef hún samþykkir ekki breytinguna innan tólf mánaða frá þeim tíma, sem samþykktin fékk gildi, þá skuli það ríki, að tólf mánaða frestinum loknum, eigi lengur teljast aðili að þessum samningi.

(f) Hver sú breyting á samningi þessum, sem gerð er samkvæmt þessari grein og snertir byggingu (structure) skips, nær aðeins til þeirra skipa, sem kjölur er lagður að eftir þann dag, er breytingin fær gildi.

(g) Stofnuninni ber að skýra stjórnum allra samningsríkjanna frá öllum breytingum, sem ná gildi samkvæmt þessari grein, svo og hvern dag breytingin fái gildi.

(h) Sérhver samþykkt eða yfirlýsing samkvæmt þessari grein skal tilkynnt Stofnuninni skriflega, en henni ber að gera stjórnum allra samningsríkjanna aðvart um, að hún hafi fengið slíka samþykkt eða tilkynningu.

10. gr.

*Undirskrift og samþykki.*

(a) Ríkisstjórnum er heimilt að undirrita samning þenna innan eins mánaðar talið frá því í dag, og eftir þann tíma er þeim heimilt að fallast á hann með því að:

(i) Undirrita hann án fyrirvara varðandi samþykkt.

(ii) Undirrita hann að áskildu samþykki, sem síðar er veitt, eða

(iii) samþykkja hann.

(b) Samþykki skal gefið á þann hátt, að skjal þess efnis sé afhent Stofnuninni, og ber að skýra öllum ríkisstjórnunum, sem þegar hafa samþykkt samninginn, frá hverju samþykki, sem afhent er og hvaða dag var við því tekið.

11. gr.

*Gildistaka.*

(a) Samningur þessi fær gildi 1. janúar 1951, að því áskildu, að minnst 12 mánuðum fyrir þann dag hafi eigi færri en 15 samþykki verið afhent samkvæmt

85 10. og 15. gr., enda séu eigi færri en 7 þeirra frá ríkjum, er hvert um sig hefur eigi
12. des. minna en 1 000 000 brúttó lesta skipastól.

(b) Ef 15 samþykki samkvæmt (a) lið þessarar greinar hafa ekki verið afhent 12 mánuðum fyrir 1. janúar 1951, fær samningur þessi gildi 12 mánuðum eftir þann dag, er hið síðasta slíkt samþykki er afhent. Stofnuninni ber að tilkynna öllum ríkisstjórnum, er undirritað hafa samning þenna eða samþykkt hann, hvern dag hann fær gildi.

(c) Samþykki, sem afhent eru eftir gilditökudag samnings þessa, fá gildi þrem mánuðum eftir að þau eru afhent.

12. gr.

*Uppsögn.*

(a) Að liðnum fimm árum frá því að samningur þessi fékk gildi fyrir eitthvert samningsríkjanna, getur stjórn þess ríkis sagt samningi þessum upp, hvenær sem er.

(b) Uppsögn skal tilkynnt Stofnuninni skriflega, og ber Stofnuninni að tilkynna stjórnum allra annarra samningsríkja um hana, svo og hvaða dag hún barst.

(c) Uppsögn kemur til framkvæmda ári eftir að hún berst Stofnuninni eða síðar, ef svo er greint í tilkynningunni.

13. gr.

*Verndarsvæði.*

(a) (i) Nú fara Sameinuðu þjóðirnar með stjórn landsvæðis, eða eitthvert samningsríkja með utanríkismál landssvæðis, og mega þá hver um sig tilkynna Stofnuninni það skriflega, að samningur þessi skuli einnig ná til slíkra landssvæða.

(ii) Frá þeim tíma, er tilkynning berst eða þeim öðrum tíma, er í tilkynningunni greinir, skal samningurinn ná til þeirra land-svæða, er um ræðir

(b) (i) Sameinuðu þjóðirnar eða stjórn þess samningsríkis, sem sent hefur tilkynningu samkvæmt (a) lið þessarar greinar, getur hvenær sem er, að liðnum fimm árum frá því að samningurinn fékk þannig gildi fyrir land-svæðið, sent Stofnuninni skriflega tilkynningu og lýst því yfir, að samningur þessi skuli eigi lengur ná til þess landsvæðis, sem tilkynningin fjallar um.

(ii) Samningur þessi nær eigi lengur til landsvæða, er slík tilkynning fjallar um, þegar eitt ár, eða lengri tími, ef tilkynningin greinir, er liðið frá þeim degi, er Stofnuninni barst tilkynningin.

(c) Stofnuninni ber að skýra stjórnum allra samningsríkjanna frá því, er samningur þessi er látinn ná til til landsvæða samkv. (a) lið þessarar greinar, svo og ef samningurinn fellur úr gildi samkvæmt ákvæðum (b) liðs. Í slíkum tilkynningum ber að greina hvenær samningurinn fellur úr gildi varðandi landsvæði þessi, eða muni þannig falla úr gildi.

14. gr.

*Skrásetning.*

Jafnskjótt og samningur þessi öðlast gildi, skal Stofnunin láta skrá hann hjá aðalritara hinna Sameinuðu þjóða.

15. gr.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

(a) Þangað til Stofnunin, samkvæmt samningi um alþjóðasiglingamálastofnunina, er undirritaður var í Genf 6. marz 1948, kann að taka að sér hlutverk það, sem henni er ætlað samkvæmt þessum samningi, gilda neðangreind ákvæði:

(i) Öll störf, sem falin eru Stofnuninni, önnur en þau, sem 9. gr. fjallar um, annast stjórn Hins sameinaða Konungsríkis Stóra Bretlands og Norður-Írlands (hér eftir nefnd ríkisstjórn Bretlands). 85 12. des.

(ii) Breytingartillögur við samning þenna getur stjórn hvers samningsríkis sem er, og hvenær sem er, borið fram við ríkisstjórn Bretlands, og ber henni að koma þeim á framfæri við stjórnir annarra samningsríkja til athugunar og samþykktar. Ef slík breytingartillaga er samþykkt af stjórnum allra samningsríkjanna samhljóða, skal samningi þessum breytt samkvæmt því.

(iii) Hvenær sem einn þriðji stjórna samingsríkjanna óskar þess að kallað verði saman þing í því skyni að endurskoða samning þennan, skal ríkisstjórn Bretlands kalla slíkt þing saman, enda séu fimm ár liðin frá því að samningurinn öðlaðist gildi.

(iv) Samningur þessi skal geymdur í skjalasafni ríkisstjórnar Bretlands, og ber henni að senda stjórnum allra ríkja, er hann hafa undirritað, staðfest endurrit hans.

(b) Þegar Stofnunin tekur störfum þeim, sem henni eru falin með samningi þessum, afhendir ríkisstjórn Bretlands henni öll skjöl, sem ríkisstjórninni hafa verið falin til geymslu, eða hún tekið við samkvæmt samningi þessum.

Gjört í London tíunda dag júnímánaðar 1948 í einu eintaki á ensku og frönsku og eru báðir textar jafngildir.

# AUGLÝSING

86 12. des.

**um að Ísland hafi sagt upp alþjóðasamningnum um öryggi á sjó, sem gerður var í London 31. maí 1929.**

Hinn 19. nóvember 1952 var afhent í utanríkisráðuneytinu brezka tilkynning um, að Ísland hafi sagt upp alþjóðasamningnum um öryggi á sjó, sem gerður var í London 31. maí 1929 (Stj.tíð. A. 9/1933).

Samkvæmt 66. gr. samningsins fellur hann endanlega úr gildi að því er varðar Ísland frá og með 19. nóvember 1953.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, hinn 12. desember 1952.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

87
15. des.

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Á 3. gr. laganna eru gerðar eftirtaldar breytingar:

1. Orðið „þýzku" falli niður.
2. Í stað orðsins „hjúkrunarfræði" komi: heilsufræði.
3. Í stað orðsins „leikfimi" komi: íþróttir.

**2. gr.**

Á 5. gr. laganna eru gerðar eftirtaldar breytingar:

A. Á II.
   1. Orðin „og staðarákvarðanir með radiomiðunum" í 2. töluliðfalli niður.
   2. 4. töluliður orðist þannig:
      Þekking á skriðmæli, vegmæli og djúpmælitækjum; þekking á leiðarreikningi, straumi og drift; að setja stefnu skipsins og finna stað skipsins á kortinu.

B. Á III. Á eftir orðinu „Sjómennska" komi innan sviga: munnleg, skrifleg og verkleg.

C. Á V. Í stað orðanna „er snertir sjómennsku" komi: er varðar sjómennsku.

D. VII. liður orðist þannig:
   *Sjóréttur* (skriflegur):
   Að þekkja helztu lagaákvæði, er varða rétt og skyldur skipstjóra.

E. Í stað orðsins „Hjúkrunarfræði" í fyrirsögn VIII. liðs komi: Heilsufræði.

F. Nýr liður, sem verður XI., bætist við 5. gr., svo hljóðandi:
   *Veðurfræði:*
   Nemendum er skylt að hlýða á fyrirlestra um veðurfræði.

**3. gr.**

Á 6. gr. laganna eru gerðar eftirtaldar breytingar:

1. A-liður greinarkaflans um stærðfræði orðist svo:
   Í reikningi: Fyllri þekking á veldi og rót og á logaritmum. Reikningur með jákvæðum og neikvæðum stærðum. Einfaldur vaxtareikningur. Einfaldar jöfnur.
2. Kafli greinarinnar um siglingafræði orðist þannig:
   *Siglingafræði* (skrifleg og munnleg):
   Hið sama og krafizt er til fiskimannaprófsins og auk þess:
   Kompásleiðréttingar.
   Þekking á stefnumagnsmælinum (Deflector) og notkun hans við segulskekkjurannsóknir.
   Djúpmælar.
   Að kunna að fara með sjóúr og finna stöðu þess og daglegan gang.
   Að kunna að finna stað skipsins með staðarlínum byggðum á athugunum sólar, tungls, fastastjörnu eða reikistjörnu. Lengdarathugun. Fyllri þekking á himintunglum.

Þekking á notkun helztu raf- og radiotækja, sem notuð er við siglingar. 87
Þekking á stórbaugskortum og siglingu eftir stórbaug. 15. des.

3. Á eftir orðinu „Eðlisfræði“ í upphafi greinarkaflans um eðlisfræði falli niður orðið „munnleg“ innan sviganna, en í þess stað komi orðið: skrifleg.
Í 2. mgr. sama greinarkafla fellur niður orðið „afla“, en í stað þess komi: krafta.
4. Í greinarkaflanum um sjómennsku falli niður orðið „meira“ á undan orðinu „fiskimannaprófsins“ í 1. mgr. greinarkaflans og enn fremur setningin „Notkun leiðalýsinga o. fl. þ. h.“ í 2. mgr. b-liðs greinarkaflans.
5. Í stað orðanna „er snertir sjóferðir“ í greinarkaflanum um íslenzku komi: er að sjóferðum lýtur.
6. Í stað orðanna „er sjómennsku snertir“ í greinarkaflanum um dönsku komi: er sjómennsku varðar.
7. Í stað orðanna „er sjómennsku tilheyrir“ í greinarkaflanum um ensku komi: er að sjómennsku lýtur.
8. Greinarkaflinn „þýzka“ o. s. frv., aftur að orðinu „Sjóréttur“, falli niður.
9. Greinarkaflinn um sjórétt orðist þannig:
*Sjóréttur* (skriflegur):
Nokkru fyllri þekking en til fiskimannaprófs, einkum um farmbréf og farmskírteini. Farmsamningar.
10. Greinarkaflinn um hjúkrunarfræði orðist þannig:
*Heilsufræði* (munnleg):
Nokkru fyllri þekking en til fiskimannaprófs, einkum um hitabeltissjúkdóma og varnir gegn þeim.
11. Í greinarkaflanum um bókhald og viðskiptafræði falli niður orðin „og munnleg“.
12. Niðurlag greinarinnar frá og með orðunum „Ráðherra er heimilt“ falli niður.

### 4. gr.

7. gr. laganna orðist svo:
Til skipstjóraprófs á varðskipum ríkisins er krafizt:
1. Að nemandi hafi lokið farmannaprófi og hlotið í meðaleinkunn að minnsta kosti ¾ þeirrar einkunnar, sem hæst verður gefin.
Undanþegnir þessu ákvæði eru þeir, sem fengið hafa réttindi sem skipstjórar á varðskipum ríkisins, þegar lög þessi öðlast gildi; enn fremur má veita efnilegum nemendum undanþágu frá þessu skilyrði, ef kennarar skólans mæla eindregið með því.
2. *Siglingafræði og stærðfræði:*
a. Mælistaðir og lega þeirra til staðarákvarðana. Mismunur á land- og sjókortum.
b. Þekking á leiðréttingum horna, merkja og miðana á jörðunni til útsetningar í vaxandi kort.
c. Þekking á leiðréttingum sextanthorna vegna hæðarmismunar mælistaðanna.
d. Nokkru fyllri þekking en til farmannaprófs á notkun og meðferð nýjustu siglingatækja.
e. Nokkru fyllri stærðfræðikunnátta en til farmannaprófs.
3. *Alþjóðamerki:*
Leikni í notkun ljós- og hljóðmerkja og merkjaflagga.
4. *Alþjóðaréttur og skýrslugerð:*
a. Helztu ákvæði laga og milliríkjasamninga um gæzlu landhelginnar og fiskveiðar á hafinu. Þýðing og gæzla landhelginnar á ófriðartímum.
b. Kunnátta í ýmiss konar skýrslugerð.

87 5. *Enska.*
15. des. Fyllri kunnátta í að tala og rita málið en krafizt er til farmannaprófs.

6. *Þýzka.*
Undirstöðuatriði þýzkrar tungu.

7. *Líkamsæfingar:*
Kunnátta í algengum fimleikum og æfing í að stjórna fimleikaflokki.

**5. gr.**

Í stað orðanna „Munnleg próf skulu haldin í heyranda hljóði" í 8. gr. laganna komi: Munnleg próf má halda í heyranda hljóði.

**6. gr.**

12. gr. laganna falli niður, og greinatalan þar á eftir breytist því til samræmis.

**7. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fella meginmál þeirra og laga nr. 99 18. des. 1950 inn í lög nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík, og gefa þau svo út þannig breytt.

*Gjört í Reykjavík, 15. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

88

15. des.

## LÖG

## um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna byggingar áburðarverksmiðju.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 1 millj. dollara lán, sem bandarísk stjórnvöld veita fyrir milligöngu Export-Import Bank, með þeim kjörum, sem almennt gilda um slík lán. Er ríkisstjórninni heimilt að endurlána Áburðarverksmiðjunni h.f. alla lánsupphæðina með þeim skilmálum, sem hún telur nauðsynlega, og gegn þeim tryggingum, sem hún tekur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 15. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

# LÖG 89

15. des.

## um breyting á lögum nr. 49 7. maí 1946, um húsmæðrafræðslu.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Skólanefnd hvers skóla ákveður, að fengnu áliti skólastjóra og með samþykki fræðslumálastjórnarinnar, hvort skólinn starfar í 1 eða 2 ársdeildum og hve langur skólatíminn sé árlega.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 15. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Björn Ólafsson.*

# LÖG 90

15. des.

## um breyting á lögum nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Skylt er að tryggja í deildinni gegn hvers konar vanhöldum kynbótanaut, kynbótahesta og kynbótahrúta, sem notaðir eru í félögum eða á kynbótabúum, sem styrks njóta af opinberu fé. Vátryggingarupphæð búfjár skal fara lækkandi, er það eldist og rýrnar að verðgildi. Ákvæði þar að lútandi skulu sett með reglugerð. Tryggingartími búfjár skal minnst vera árlangt í senn.

2. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er að tryggja í deildinni gegn venjulegum vanhöldum og slysum:

a) Einstaka gripi: Hrúta, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun, naut, sem hlotið hafa fyrstu eða önnur verðlaun, og kynbótahesta, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun á sveitasýningum eða héraðssýningum, enda nái ekki skyldutryggingarákvæði 3. gr. til þessara gripa.
b) Ær í kynbótabúum og sauðfjárræktarfélögum, sem styrks njóta af opinberu fé.
c) Heil kúabú, en þó eigi gegn kálfleysi.
d) Heil sauðfjárbú gegn vanhöldum og slysum, er nema meiru en 5% á ári. Þar undir telst lambalát fram að sauðburðarbyrjun, en eigi önnur lambavanhöld.

90 Umboðsmönnum trygginganna er þó ekki heimilt að taka í tryggingu búfé, sem
15. des. haft er á þeim stöðum, þar sem ekki verður við komið nauðsynlegu eftirliti með líðan þess, nema stjórn Búfjártryggingardeildar leyfi það og þá gegn allt að fimmföldu tryggingargjaldi.

3. gr.

5. gr. laganna orðist þannig:

Vátryggingarupphæð kynbótagripa, sem tryggðir eru samkvæmt 3. gr., ákveður vátryggjandi, en þó ekki yfir þreföldu skattmatsverði.

Vátryggingarupphæð gripa, sem tryggðir eru samkv. 4. gr. a-lið, ákveður vátryggjandi, og má hún vera hæst tvöfalt skattsmatsverð.

Vátryggingarupphæð sauðfjár, sem tryggt er samkv. 4. gr. b-lið, má vera hæst eitt og hálft skattmatsverð.

Þeir bændur, sem tryggja allt sitt búfé og hafa ekki orðið fyrir tjóni, sem bætur hafa verið greiddar fyrir samkv. 4. gr. c- og d-lið í 2 ár samfellt, fái 10% lækkun á tryggingargjöldum og á sama hátt 20% lækkun eftir 5 ár.

Vátryggingarupphæð gripa og sauðfjár, sem tryggt er samkvæmt 4. gr. c- og d-lið, skal vera skattmatsverð.

Gjalddagi á iðgjöldum er samtímis því, er tryggingar eru skráðar.

4. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Vátryggingarsjóður bætir að fullu vátryggingarverð, en þó því aðeins, að vanhöldin eða slysin séu ekki um að kenna fóðurskorti, hirðuleysi eða handvömm eigenda gripanna eða umráðenda, þjónum þeirra eða nánustu vandamönnum. Frá bótum dragast nytjar vanhaldafénaðar eftir hæfilegu mati.

5. gr.

Síðasti málsl. 1. málsgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Nú verður eitthvert ár svo mikið tjón af slysum og vanhöldum samkv. 4. gr. c- og d-lið, að iðgjöldin hrökkva ekki til, og skal þá það, sem á vantar, greiðast að jöfnu úr Búfjártryggingarsjóði deildarinnar og ríkissjóði, og er það ekki afturkræft.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 113 13. nóv. 1947, um breyt. á l. nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Bráðabirgðaákvæði.**

Ríkissjóður greiðir í Búfjártryggingarsjóð sem óafturkræft framlag 300 þús. kr. með jöfnum greiðslum á árunum 1952, 1953 og 1954, 100 þús. kr. á ári.

*Gjört í Reykjavík, 15. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

# LÖG

91
15. des.

## um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á árinu 1953 skal innheimta:

A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum, með þessum hækkunum:
   a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
   b. Af öllum öðrum vörum með 250% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 45% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Tollskrárkafli | 9 | nr. | 1—2, | kaffi, óbrennt, eða brennt og malað. |
| — | 10 | — | 1—7, | korn, ómalað. |
| — | 11 | — | 1—12, | mjöl og grjón. |
| — | 17 | — | 1—6, | sykur. |
| — | 22 | — | 6—38, | drykkjarvörur og ýmislegir vökvar. |
| — | 24 | — | 1—9, | tóbak. |
| — | 25 | — | 10, | salt. |
| — | 27 | — | 1—4, | kol. |
| — | — | — | 14, | steinolía. |

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Á árinu 1953 skal heimilt:

1. Að fella niður aðflutningsgjöld af:
   a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
   b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
   c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
2. Að lækka um helming aðflutningsgjöld af sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár, og að heimta ekki verðtoll af flutningsgjaldi af þessum sykri.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953.

*Gjört í Reykjavík, 15. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

92
15. des.

# LÖG

## um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku handa stofnlánadeildum Búnaðarbanka Íslands, Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 22 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána fé þetta stofnlánadeildum Búnaðarbankans: Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði, með sömu kjörum og það er tekið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 15. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

93
15. des.

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Úr sjóðnum má veita fé með þrennu móti:

1. Styrk til hafnargerða og lendingarbóta á þeim stöðum, sem orðið hafa fyrir tjóni af völdum ofviðra, af sandburði, af völdum jarðskjálfta eða flóða, eða af öðrum slíkum óviðráðanlegum orsökum.
2. Vaxtalaus lán til hafnar- og lendingarbótasjóða á þeim stöðum, þar sem hafnarmannvirki standa ófullgerð, eða nokkuð á veg komin, en ekki hefur tekizt að ljúka vegna fjárskorts. Lán þessi má þó því aðeins veita, að ábyrgð ríkissjóðs samkv. 1. gr. laga nr. 29 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, komi til.
   Ráðherra ákveður lánstíma og greiðsluskilmála.
3. Viðbótarframlög til aðkallandi hafnarbóta á stöðum, þar sem hafizt hefur verið handa um framkvæmdir, en framlög ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum nægja ekki til greiðslu lögákveðins kostnaðarhluta ríkissjóðs við framkvæmdirnar.

Styrkir og framlög, sem greidd eru úr hafnarbótasjóði samkv. 1. og 3. lið, skulu endurgreidd sjóðnum úr ríkissjóði á næstu þremur árum.

Leita skal umsagnar Fiskifélags Íslands og vitamálastjóra um fjárveitingar úr sjóðnum, en ráðherra úrskurðar.

2. gr. 93 15. des.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur um leið úr gildi 1. gr. laga nr. 25 12. febrúar 1945, um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

*Gjört í Reykjavík, 15. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

# LÖG

94 15. des.

## um breyting á lögum nr. 37/1944, um laun forseta Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. Í stað „50 000.00 kr.“ komi: 85 000.00 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 15. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

# LÖG

95 17. des.

## um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 42. tölulið B-liðar 2. gr. laganna komi nýr töluliður: Kópavogur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 17. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

96
10. des.

# AUGLÝSING

## um framlengingu viðskiptasamkomulags milli Íslands og Frakklands.

Með erindaskiptum milli Péturs Benediktssonar, sendiherra Íslands í París, og Roberts Schumans, utanríkisráðherra Frakklands, var hinn 17. nóvember 1952 gert samkomulag um framlengingu viðskiptasamningsins milli Íslands og Frakklands frá 6. desember 1951, er gildi til 31. marz 1953.

Samkvæmt samkomulagi þessu er heimiluð sala til Frakklands á ofangreindu tímabili á fiski frá Íslandi, nýjum og frystum, fyrir 200 milljónir franskra franka og á ýmsum öðrum vörum, svo sem niðursuðuvörum, lýsi og frystum hrognum, fyrir 25 milljónir franskra franka.

Af þeirri 25 milljóna franka upphæð er 10 milljóna franka kvóti fyrir sjálft Frakkland miðað við tímabilið 1. október 1952 til 31. marz 1953, 10 milljóna franka kvóti fyrir Norður-Afríku og 5 milljóna franka kvóti fyrir nýlendur Frakka, en þeir kvótar miðast við tímabilið 1. desember 1952 til 31. marz 1953.

Ríkisstjórn Íslands á samkvæmt samkomulaginu að leitast við að koma á jafnvægi í viðskiptum Íslands og Frakklands og á sérstaklega að taka til velviljaðrar athugunar beiðnir um innflutningsleyfi fyrir áfengi og hjólbörðum frá Frakklandi.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 10. desember 1952.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

97
22. des.

# LÖG

## um heimild handa ríkisstjórninni til öflunar lánsfjár til smáíbúðabygginga.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 16 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Fé þetta skal endurlána Lánadeild smáíbúðarhúsa með sömu kjörum og það er tekið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 22. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

# LÖG

98
22. des.

## um eignarnámsheimild á hluta úr jörðinni Breiðuvík í Rauðasandshreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi þann hluta úr jörðinni Breiðuvík í Rauðasandshreppi í Barðastrandarsýslu, sem er ekki nú þegar eign ríkissjóðs.

**2. gr.**

Framkvæma skal eignarnámið samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 22. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

# LÖG

99
23. des.

## um breyting á lögum nr. 115/1936, um þingsköp Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Aftan við 5. mgr. 16. gr. laganna (Hver fastanefnd ... fundaskrifara) bætist: Heimilt er fastanefnd, ef henni þykir þess þörf, að kjósa sér varaformann.

**2. gr.**

Síðari málsl. 2. málsgr. 18. gr. laganna skal orða svo: Eigi má taka málið af nýju til umræðu fyrr en að minnsta kosti einni nóttu síðar en nefndarálitinu var útbýtt.

**3. gr.**

a. Fyrir orðin „liðnar eru að minnsta kosti tvær nætur“ í 3. málsl. fyrri málsgr. 19. gr. laganna kemur: liðin er að minnsta kosti ein nótt.
b. Fyrir „fjórum vikum“ í 4. málsl. sömu málsgr. laganna kemur: átta vikum.
c. Orðið „óskipt“ í síðari málsgr. sömu lagagr. fellur niður.

99
23. des.

4. gr.

Fyrir orðin „tveim nóttum“ í 22. gr. laganna kemur: einni nóttu.

5. gr.

Fyrir orðin „tveim nóttum“ í 23. gr. laganna kemur: einni nóttu.

6. gr.

Fyrir orðin „liðnar eru að minnsta kosti tvær nætur“ í 4. málsl. fyrri málsgr. 25. gr. laganna kemur: liðin er að minnsta kosti ein nótt.

7. gr.

Fyrir orðin „2 nóttum“ í 1. málsgr. 26. gr. laganna kemur: einni nóttu.

8. gr.

2. málsgr. 29. gr. laganna orðist svo:

Ef ein umræða er ákveðin, skal henni og atkvæðagreiðslu hagað eftir fyrirmælum um 2. umræðu lagafrumvarpa (22. gr.). Fyrri umræða, ef tvær eru, fer fram eins og 1. umræða lagafrumvarpa (21. gr.), en síðari umræða á sama hátt og 2. umræða (22. gr.).

9. gr.

Upphaf 30. gr. laganna orðist svo:

Ávarp má hvor þingdeild eða sameinað Alþingi senda forseta lýðveldisins, og skal ....

10. gr.

Fyrir 2. og 3. málsl. 3. málsgr. 32. gr. laganna koma þrír málsl., svo hljóðandi: Forseti úrskurðar, hvort það er sama atriði, sem liggur fyrir, og atriði, er áður hefur verið fellt í sömu þingdeild, og er þingdeildarmönnum skylt að hlíta þeim úrskurði. Þegar lagafrumvörp koma í sameinað þing frá annarri hvorri þingdeildinni, má þó eigi gera breytingartillögur um önnur atriði en þau, er sú deildin, er síðast hafði frumvarpið til meðferðar, breytti við þá umræðu. Forseti sameinaðs þings sker til fullnustu úr ágreiningi í þessu efni.

11. gr.

34. gr. laganna skal orða svo:

Þingmaður, sem hefur óskað að taka til máls og fengið leyfi til þess, skal ávallt mæla úr ræðustól. Sama gildir um ráðherra. Ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins. Eigi má hann annars ávarpa nokkurn einstakan þingmann, og kenna skal þingmann við kjördæmi hans eða kosningu. Við útvarpsumræður skulu þó þingmenn jafnan nefndir fullu nafni.

12. gr.

Aftan við 2. málsgr. 35. gr. laganna bætist: sbr. þó næstu málsgr. hér á eftir og niðurlagsákvæði 37. gr.

13. gr.

Fyrir orðin „ef ⅔ fundarmanna eru“ í 42. gr. laganna kemur: að ⅔ fundarmanna séu.

14. gr.

a. Fyrsta málsgr. 43. gr. laganna orðist svo:

Forseti ákveður dagskrá hvers fundar. Þó má ákveða dagskrá næsta fundar deildar eftir ályktun hennar, er 3 þingmenn í efri deild og 6 í neðri deild krefj-

ast þess skriflega og gera tillögu um ákveðna dagskrá. Sama regla gildir um ákvörðun dagskrár næsta fundar í sameinuðu þingi, er 9 þingmenn krefjast þess. 99 23. des.

b. Fyrir orðin „Ef þá er farið“ í upphafi 2. málsgr. sömu lagagr. kemur: Ef farið er.

c. Fyrir orðin „og leyfi ráðherra“ í niðurlagi sömu lagagr. kemur: enda neiti ráðherra ekki um leyfið.

15. gr.

a. Fyrir orðið „þingmanna“ í 1. málsl. 1. málsgr. 44. gr. laganna kemur: þingdeildarmanna.

b. 4. og 5. málsgr. sömu lagagr. falla niður.

16. gr.

Fyrir orðið „konunginn“ í 1. málsl. 63. gr. laganna kemur: forseta Íslands.

17. gr.

Fyrir orðin „ef ráðherra leyfir“ í 1. málsl. 64. gr. kemur: ef ráðherra synjar ekki.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

# LÖG 100 23. des.

## um íslenzkan ríkisborgararétt.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Barn öðlast íslenzkt ríkisfang við fæðingu

1. ef það er skilgetið og faðir þess er íslenzkur ríkisborgari,
2. ef það er skilgetið og fætt hér á landi og móðir þess er íslenzkur ríkisborgari, enda eigi faðir þess hvergi ríkisfang eða barnið fær ekki ríkisfang föðurins við fæðingu,
3. ef það er óskilgetið og móðir þess er íslenzkur ríkisborgari.

Barn, sem fundizt hefur hér á landi, telst, þar til annað reynist sannara, vera íslenzkur ríkisborgari.

2. gr.

Nú eiga íslenzkur karlmaður og erlend kona börn saman áður en þau ganga í hjónaband, og öðlast börnin þá íslenzkt ríkisfang við giftingu foreldranna, ef þau hafa eigi gengið í hjónaband og eru eigi fullra 18 ára.

3. gr.

Útlendingur, sem fæddur er hér á landi og átt hefur hér samfleytt lögheimili síðan, öðlast íslenzkt ríkisfang með því að tilkynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína, eftir að hann hefur náð 21 árs aldri, en innan fullnaðs 23 ára aldurs. Eigi hann hvergi ríkisfang eða sanni, að hann muni missa erlends ríkisfangs síns er hann öðlast íslenzkt ríkisfang, getur hann gefið yfirlýsingu þessa, þegar hann er fullra 18 ára.

100 Eigi ríkið í ófriði, getur borgari í óvinaríki ekki öðlast íslenzkt ríkisfang sam-
23. des. kvæmt þessari grein. Sama á við um þann, sem ekki á ríkisborgararétt í neinu ríki, en hefur síðast átt ríkisborgararétt í óvinaríki.

4. gr.

Nú hefur einhver, sem öðlazt hefur íslenzkt ríkisfang við fæðingu og átt hefur hér lögheimili til fullnaðs 18 ára aldurs, misst íslenzks ríkisfangs síns, og fær hann þá ríkisfangið að nýju, hafi hann átt hér lögheimili síðustu 2 árin, með því að tilkynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína. Sé hann ríkisborgari í öðru landi, stoðar slík yfirlýsing þó því aðeins, að hann sanni, að hann við þetta missi hins erlenda ríkisborgararéttar.

5. gr.

Nú öðlast karlmaður ríkisfang, samkvæmt 3. gr. eða 4. gr., og öðlast þá jafnframt skilgetin, ógift börn hans, undir 18 ára aldri, sem búsett eru hér á landi, ríkisfangið. Þetta nær þó eigi til barna, sem eftir hjúskaparslit foreldranna eða skilnað þeirra að borði og sæng eru falin forráðum móðurinnar.

Ákvæði 1. málsliðs 1. málsgreinar, um að skilgetið barn öðlist ríkisfang með föðurnum, gildir með sama hætti.

1. um samband óskilgetins barns og móður þess, nema faðir þess sé útlendingur og hann hafi forráð barnsins,
2. um samband skilgetins barns og móður þess, sem er ekkja,
3. um samband skilgetins barns og móður þess, er hjúskap hennar er slitið eða hún skilin að borði og sæng, og hún hefur forráð barnsins.

6. gr.

Ríkisborgararétt má veita með lögum samkvæmt stjórnarskránni.

Áður en umsóknir um ríkisborgararétt eru lagðar fyrir Alþingi, skal dómsmálaráðuneytið fá um þær umsagnir lögreglustjóra og sveitarstjórna á dvalarstöðum umsækjenda.

Eigi sá börn, sem ríkisborgararétt fær með lögum, fer um þau eftir ákvæðum 5. greinar, nema lögin láti öðruvísi um mælt.

7. gr.

Íslenzks ríkisfangs missir

1. sá, sem hlýtur erlent ríkisfang samkvæmt umsókn sinni eða skýlausu samþykki,
2. sá, sem hlýtur erlent ríkisfang með því að ganga í opinbera þjónustu í öðru ríki,
3. ógift barn undir 18 ára aldri, sem verður erlendur ríkisborgari með þeim hætti, að foreldrar þess, sem hafa forráð þess, fá erlent ríkisfang samkvæmt 1. eða 2. tölulið greinarinnar, eða foreldri, sem hefur eitt forráð barnsins eða ásamt hinu, sem ekki er íslenzkur ríkisborgari, fær erlent ríkisfang með fyrrnefndum hætti,
4. ógift barn undir 18 ára aldri, sem verður erlendur ríkisborgari með þeim hætti, að foreldrar þess ganga í hjónaband. Ef barnið er búsett hér á landi, missir það eigi íslenzks ríkisfangs nema það flytji af landi brott innan 18 ára aldurs og eigi þá ríkisborgararétt í öðru landi.

8. gr.

Íslenzkur ríkisborgari, sem fæddur er erlendis og aldrei hefur átt lögheimili hér á landi né hefur dvalizt hér í einhverju skyni, er af megi ráða að hann vilji íslenzkur ríkisborgari vera, missir íslenzks ríkisfangs þá er hann verður 22 ára. Þó getur forseti leyft, að hann haldi ríkisfangi sínu, ef um það er sótt innan þess tíma.

Nú missir einhver íslenzks ríkisfangs samkvæmt þessari grein, og missa þá einnig börn hans íslenzks ríkisfangs, sem þau hafa öðlazt á grundvelli ríkisfangs hans.

9. gr.

Forsetinn getur leyst þann, sem orðinn er eða óskar að verða erlendur ríkisborgari, undan þegnskyldu á Íslandi, enda sanni aðili, að hann verði innan ákveðins tíma erlendur ríkisborgari, ef hann er ekki þá þegar orðinn það. 100 23. des.

10. gr.

Dómsmálaráðherra sker úr ágreiningi um það, hvort maður hafi öðlazt íslenzkan ríkisborgararétt við setningu laga þessara eða fullnægi skilyrðum til að öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með því að lýsa ósk sinni þar um. Skjóta má úrskurði um þetta efni undir úrlausn dómstóla.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

Yfirlýsingu samkvæmt lögum þessum, um að maður óski að verða íslenzkur ríkisborgari, getur aðeins aðili sjálfur gefið, en ekki forráðamaður eða handhafi foreldravalds.

Þar sem eigi er annað ákveðið aldursmark í lögum þessum, skal þeim, sem náð hefur 18 ára aldri, heimilt að gefa yfirlýsingu um ríkisborgararétt samkvæmt lögum þessum, án tillits til þess, að hann er háður forráðum annars manns.

11. gr.

Barn undir 18 ára aldri, sem mundi hafa átt íslenzkan ríkisborgararétt, ef ákvæði 1. gr. 1. málsgr. 2. töluliðs hefðu verið í gildi fyrir gildistöku þessara laga, og ekki er eða hefur verið ríkisborgari í öðru landi, öðlast íslenzkt ríkisfang við gildistöku laganna.

Kona, sem samkvæmt áður gildandi löggjöf hefur misst íslenzks ríkisfangs við það að giftast erlendum ríkisborgara eða við það að öðlast erlendan ríkisborgararétt, annaðhvort við hjónaband eða vegna þess að eiginmaður hennar hefur öðlazt erlendan ríkisborgararétt, en mundi hafa haldið íslenzku ríkisfangi sínu, ef ákvæði þessara laga hefðu áður verið í gildi, getur endurheimt ríkisborgararétt sinn með því að tilkynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína. Slíka tilkynningu skal þó bera fram fyrir 31. des. 1957.

Kona, sem nær 22 ára aldri fyrir 1. jan. 1956 og hefur verið eða er gift er hún nær þeim aldri, missir ekki íslenzks ríkisfangs samkvæmt 8. gr. 1. málsgr. fyrr en í árslok 1956.

Nú flyzt maður búferlum af landi héðan, sem orðinn er ríkisborgari í öðru landi, en hefur haldið íslenzku ríkisfangi samkvæmt ákvæði 2. málsliðs 5. gr. laga nr. 64 28. jan. 1935, og missir hann þá ekki íslenzks ríkisfangs, nema hann eigi enn ríkisborgararétt í öðru landi og mundi missa eða hafa misst íslenzks ríkisfangs samkvæmt ákvæðum 7. gr. þessara laga, ef þau hefðu áður haft gildi.

Nú verða þær aðstæður fyrir hendi eftir gildistöku laga þessara, er nægja til þess að öðlast ríkisborgararétt eða varða missi hans, og skal þá fara eftir ákvæðum laga þessara eins og þau hefðu áður gilt.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 64 28. jan. 1935, um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa.

*Gjört í Reykjavík, 23. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

101
23. des.

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrir orðin „allt að 1000 kr.“ í 1. málsgr. 88. gr. komi: allt að 15000 kr.

2. gr.

Fyrir orðin „sektum frá 100 kr. og allt að 1000 kr.“ í 89. gr. komi: sektum frá 1000 kr. og allt að 15000 kr.

3. gr.

Fyrir orðin „sektum, ekki lægri en 500 kr.“ í 90. gr. komi: sektum, ekki lægri en 8000 kr.

4. gr.

Fyrir orðin „sektum allt að 500 kr.“ í 91. gr. komi: sektum allt að 5000 kr.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1953.

*Gjört í Reykjavík, 23. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

102
23. des.

# LÖG

## um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1953 með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1953 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með 50% viðauka eignarskatt samkv. 14. gr. laga nr. 6 1935, álagðan á árinu 1953.
b. Með 100% viðauka vitagjald samkv. lögum nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
c. Með 140% viðauka aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, að undanteknum gjöldum samkv. VII. kafla laganna, sem innheimtist með 75% álagi.
d. Með 140% viðauka stimpilgjald, leyfisbréfagjald og lestagjald.
e. Með 200% viðauka gjöld samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna.

f. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla, 2. gr., með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi. 102 23. des.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953.

*Gjört í Reykjavík, 23. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

# LÖG

103 23. des.

## um breyting á lögum nr. 61/1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

a. 2. málsgr. 2. gr. laganna falli burt.
b. Í stað orðanna „ef um algeran skiptapa er að ræða“ í 6. málsgr. sömu lagagr. og málsgreinina út komi: með samþykki Samábyrgðarinnar og samkvæmt nánari fyrirmælum, er hún kann að setja.

2. gr.

Aftan við 2. málsgr. 3. gr. laganna bætist: Heimilt skal með samþykki hlutaðeigandi vélbátatryggingarfélaga og Samábyrgðarinnar að vátryggja skip eða báta hjá öðrum vátryggingarfélögum, er starfa samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Geti félögin ekki af eigin rammleik greitt þær tjónbætur, sem þau eru skyld til að greiða, leggur ríkissjóður það til, er á vantar, þó aldrei meira en 800000 kr.

Auk þess er heimilt að veita félögunum ríkisábyrgð fyrir lánum, er þau kunna að taka, þó svo, að sú ábyrgð nemi ekki meiru en einni milljón króna fyrir öll félögin.

Styrkur skv. 1. málsgr. er endurkræfur ásamt 4% ársvöxtum.

Ef fjárhagur félags telst ekki sæmilega traustur að áliti Samábyrgðarinnar, getur ráðherra ákveðið, að lagt skuli aukagjald á vátryggðu, sem nemi allt að 1% af vátryggingarfjárhæð skipanna á ári. Gjald þetta renni í sjóð félaganna.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt, og fer um innheimtu þess eftir sömu reglum og innheimtu iðgjalda.

4. gr.

Síðasta (4.) málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:
Innheimtulaun af iðgjöldum, sem greidd eru Samábyrgðinni, ákveður ráðherra.

5. gr.

Síðasti málsl. 3. málsgr. 6. gr. laganna orðist svo: Þó þarf jafnan samþykki Samábyrgðarinnar, ef bótaupphæðin nemur 20000 kr. eða meiru.

6. gr.

2. málsl. 1. málsgr. 7. gr. laganna falli burt.

7. gr.

a. Orðin „þegar vátrygging fer fram eða mannaskipti verða" í niðurlagi 5. málsgr. 8. gr. laganna falli burt.
b. 7. málsgr. sömu lagagr. falli burt.
c. Í stað orðanna „á fundinum" í 1. málsl. 8. málsgr. sömu lagagr. komi: í félaginu.

8. gr.

Í stað orðsins „skuldar" í 10. gr. laganna komi: gjalda.

9. gr.

a. 5. málsgr. 11. gr. laganna falli burt.
b. 6. málsgr. sömu lagagr. verði 5. málsgr. og hljóði svo:
Vélbátatryggingarfélag, vátryggður og Samábyrgðin geta hvort um sig krafizt yfirmats, og skal það framkvæmt af þrem dómkvöddum, sérfróðum mönnum.
c. 7. málsgr. sömu lagagr. verði 6. málsgr., 8. málsgr. verði 7. málsgr., 9. málsgr. verði 8. málsgr., og niðurlag hennar frá og með orðunum „fyrir ákveðið tímabil" falli burt.
d. 10. málsgr. sömu lagagr. verði 9. málsgr. Niðurlag hennar frá og með orðunum „enda taki hann" falli burt.
e. 11. málsgr. sömu lagagr. falli burt.

10. gr.

1. málsl. 12. gr. laganna orðist svo:
Nú er skip flutt á annað tryggingarsvæði, og skal þá eigandi, skrásetningarstjóri og vélbátaábyrgðarfélag á því svæði, er skipið flyzt frá, tilkynna það vátryggingarfélagi á því svæði, sem skipið flyzt á, og Samábyrgðinni.

11. gr.

a. 3. málsgr. 13. gr. laganna orðist svo:
Tjón á munum, sem eigi eru tryggðir beint, svo og aflatjón og annað óbeint tjón, bæta félögin aðeins þegar svo stendur á, að bátar verða fyrir slíkum tjónum vegna þess, að þeir veittu aðstoð bátum, sem tryggðir eru hjá bátaábyrgðarfélögum. Slíkar tjónbætur skulu jafnan metnar af tveim dómkvöddum mönnum, nema öðruvísi semjist, og er óheimilt að greiða meira en 50% af matsverðinu.
b. 6. málsgr. sömu lagagr. orðist svo:
Skipaeigendur annist sjálfir aðgerðir skipa sinna, nema vátryggjendur ákveði annað.

12. gr.

Aftan við 2. málsgr. 17. gr. laganna bætist: Vátryggjandi hefur rétt til að ráðstafa leifunum.

13. gr. 103 23. des.

Síðari málsl. 1. málsgr. og 2. og 3. málsgr. 24. gr. laganna falli burt.

14. gr.

Í stað orðanna „í sviksamlegum tilgangi“ í 1. málsl. 25. gr. laganna komi: af vítaverðu hirðuleysi.

15. gr.

Á eftir orðunum „þau tjón“ í niðurlagi 2. málsgr. 29. gr. laganna komi: á skipum hans.

16. gr.

Við 3. málsgr. 30. gr. laganna bætist: Krefjast skal lögtaks, ef ofangreind gjöld hafa ekki verið greidd áður en þrír mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, enda séu gjalddagar iðgjalda tvisvar á ári. Ákvæði þetta snertir þó ekki gildi lögveðs- og lögtaksréttar.

17. gr.

Eftir 2. málsgr. 31. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Krafa um endurgreiðslu iðgjalds verður því aðeins tekin til greina, að hún sé komin Samábyrgðinni í hendur áður en 4 mánuðir eru liðnir frá lokum vátryggingarársins.

18. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Ef einstök félög leggjast niður vegna þess, að tvö eða fleiri félagssvæði sameinast, eða Samábyrgðin tekur við tryggingunum, ganga eignir þeirra til þess aðila, sem tekur við tryggingarstarfseminni á félagssvæðinu.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

# LÖG

104 27. des.

## um ábyrgð ríkissjóðs vegna viðskipta við lönd, sem verzla á jafnvirðis- og vöruskiptagrundvelli.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til þess að greiða fyrir viðskiptum við lönd, sem verzla á jafnvirðis- og vöruskiptagrundvelli, er fjármálaráðherra, vegna ríkissjóðs, heimilt að taka ábyrgð á innstæðufé, er Landsbanki Íslands (seðlabankinn) kann að eignast í löndum þessum vegna útfluttra afurða, allt að 50 millj. króna. Ábyrgðin nær einnig til yfirdráttar á viðskiptareikningi Landsbankans í sömu löndum.

104
27. des.

2. gr.

Viðskiptamálaráðherra setur skilyrði, eftir því sem nauðsynlegt þykir, um notkun ábyrgðarinnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Björn Ólafsson.*

105
27. des.

# LÖG

## um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1953.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til 1. febrúar 1953 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða, í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1952, öll venjuleg rekstrargjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu og heimiluð til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953.

*Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

106
27. des.

# LÖG

## um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga nr. 100/1948 og 2.—5. gr. laga nr. 112/1950, skulu gilda til 31. des. 1953 með þeim breytingum, sem greinir í 2. og 3. gr. hér á eftir.

2. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 1. málsgr. 21. gr. laga nr. 100/1948 komi: Heildsala er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr., en til heildsölu telst ekki sala fyrirtækja á

eigin framleiðslu. Einnig er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr. umboðsþóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum. 106
27. des.

3. gr.

Við a-lið 1. málsgr. 22. gr. laga nr. 100/1948 bætist: Af sölu bóksala á bókum í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðsþóknun hans.

Í stað orðanna „án frádráttar nokkurs kostnaðar“ í 2. málsl. 2. mgr. sömu greinar komi: án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, sem verið er að halda eftir og greiða.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953.

*Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

# LÖG 107
27. des.

## um breyting á lögum nr. 7/1930, um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Hlutafélagið skal njóta sömu réttinda og Landsbankanum eru veitt í 50. og 52.—58. gr. laga nr. 10 15. apríl 1928.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Björn Ólafsson.*

# LÖG 108
27. des.

## um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Auk skatta þeirra, sem í 6. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1942, og í lögum nr. 21 1942 getur, skal árið 1953 leggja á tekjur ársins 1952 skattauka samkvæmt eftirfarandi reglum:

108 Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattauki.
27. des. Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000 kr., greiðast 2%.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Af | 9— 10 þús. kr. greiðist | 20 kr. af | 9 þús. kr. og | 4 % af afgangi. |
| — | 10— 12 — — — | 60 — — | 10 — — — | 5 — — — |
| — | 12— 14 — — — | 160 — — | 12 — — — | 6 — — — |
| — | 14— 17 — — — | 280 — — | 14 — — — | 7 — — — |
| — | 17— 20 — — — | 490 — — | 17 — — — | 8 — — — |
| — | 20— 25 — — — | 730 — — | 20 — — — | 9 — — — |
| — | 25— 30 — — — | 1180 — — | 25 — — — | 10 — — — |
| — | 30— 40 — — — | 1680 — — | 30 — — — | 11 — — — |
| — | 40—100 — — — | 2780 — — | 40 — — — | 12 — — — |
| — | 100—125 — — — | 9980 — — | 100 — — — | 10 — — — |
| — | 125—150 — — — | 12480 — — | 125 — — — | 7 — — — |
| — | 150—200 — — — | 14230 — — | 150 — — — | 5 — — — |
| — | 200 — — — | 16730 — — | 200 — — | |

2. gr.

Um álagningu, gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts fer að lögum um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. lög nr. 20 20. maí 1942, 14. gr. a.).

3. gr.

Ákvæði laga nr. 60 25. maí 1950, um sérstaka lækkun tekjuskatts af lágtekjum, skulu gilda til ársloka 1953.

4. gr.

Tekjuskatt og tekjuskattsviðauka 1953 skal umreikna svo sem verið hefur samkvæmt ákvæðum a-liðs 14. gr. laga nr. 20 1942, og skal miðað við umreikningstölu 459.

5. gr.

Nú er skattur samkvæmt lögum þessum, tekju- og eignarskattur og stríðsgróðaskattur, eigi greiddur fyrir næstu áramót eftir að hann var á lagður, og skal þá greiða 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst frá þeim áramótum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

# LÖG

109
27. des.

## um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu gilda árið 1953 og 1954, enda verji félagið tekjuafgangi sínum, þá er það hefur greitt hluthöfum 4% arð, venjuleg sjóðstillög og útsvar samkvæmt framangreindum lögum, til kaupa á skipum eða á annan hátt í þágu samgöngumála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

# LÖG

110
29. des.

## um eignarnám jarðarinnar Svínadals í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi jörðina Svínadal í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu.

2. gr.

Þegar eignarnám hefur farið fram samkv. 1. gr., skal leita umsagnar nýbýlanefndar um, á hvern hátt jörðin verði bezt nýtt, og er ríkisstjórninni heimilt að selja eða ráðstafa jörðinni á annan hátt í samræmi við tillögur nýbýlanefndar, en þó skal Kelduneshreppur ávallt hafa forkaupsrétt að þeim hluta jarðarinnar, er telja verður afréttarland. Um söluverð jarðarinnar eða hluta hennar skal fara eftir mati dómkvaddra manna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 29. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

111
29. des.

# LÖG

## um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1953.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1953 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenzkum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 29. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Björn Ólafsson.*

112
29. des.

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 1 12. jan. 1952, um breyting á lögum nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

8. gr. laga nr. 1/1952 orðist svo:

Þegar Tryggingastofnun ríkisins greiðir barnalífeyri samkv. 1. málsgr. 27. gr. laganna, á hún endurkröfurétt á hendur barnsföður, og fer um innheimtu slíkrar kröfu eftir ákvæðum 117. gr. laganna.

Verði vanskil af hálfu föður, skal innheimta kröfuna hjá framfærslusveit hans og telst fjárhæðin framfærslustyrkur veittur honum. Eignast Tryggingastofnunin að öllu leyti sama rétt á hendur framfærslusveit föður og dvalarsveit móður hefur samkvæmt framfærslulögum, þar með talinn sá réttur að leita yfirvaldsúrskurðar um sveitfesti barnsföður samkv. 76. gr. framfærslulaga, nr. 80/1947.

Um endurkröfurétt framfærslusveitar á hendur barnsföður fer samkv. ákvæðum framfærslulaga. Þverskallist framfærslusveit við að greiða, eignast Tryggingastofnunin þann rétt, sem dvalarsveit móður á samkv. framfærslulögum, til að endurkrefja ríkissjóð um upphæðina.

Aðrar bætur og styrki, sem Tryggingastofnunin á endurkröfurétt á, skal innheimta með sama hætti.

2. gr. 112
29. des.

Á eftir 8. gr. laga nr. 1/1952 komi ný grein, svo hljóðandi:
Sama rétt og ekkjur og fráskildar konur eiga til lífeyrisgreiðslu með börnum sínum samkv. 23. og 28. gr. laganna, skulu þær íslenzkar konur eiga, sem gifzt hafa erlendum mönnum, ef þeir hafa fallið frá, yfirgefið þær eða skilið við þær, enda dvelji þær á Íslandi ásamt börnum þeim, er þær taka lífeyri fyrir. Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnuninni barnalífeyri þennan.

3. gr.

Fimmti tölul. 21. gr. orðist svo:
Hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóðs samkv. 47. gr. laga nr. 104/1943 skal vera 72 krónur á ári að viðbættri verðlagsuppbót samkv. kaupgjaldsvísitölu.

4. gr.

36. gr. orðist svo:
Fyrsti töluliður bráðabirgðaákvæða laganna, um takmörkun á lífeyrisgreiðslum, skal vera í gildi til ársloka 1954.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953, og skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 1/1952 og gefa þau út svo breytt.

*Gjört að Bessastöðum, 29. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Steingrímur Steinþórsson.*

# LÖG 113
29. des.

## um lausn ítaka af jörðum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ítak merkir í lögum þessum hvers konar afnot fasteignar, sem eigi eru samfara vörzlum hennar eða þess hluta hennar, sem afnotin taka til, enda sé réttur til afnotanna byggður á heimild einkaréttareðlis.

2. gr.

Lög þessi taka eigi til ítaka í aðrar fasteignir en jarðir.

3. gr.

Lög þessi taka eigi til skógarítaka né til lax- og silungsveiðiítaka í ám og vötnum.

4. gr.

Á næstu 6 mánuðum, eftir að lög þessi taka gildi, skulu héraðsdómarar birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til þeirra, er telja sig eiga ítök í jarðir innan lögsagnarumdæmisins, um að lýsa ítaksrétti sínum innan 12 mánaða frá síðustu birtingu áskorunarinnar. Í lýsingunni til héraðsdómara skal greina efni ítaksins, hagnýtingu þess að undanförnu og, eftir því sem unnt er, hversu það í fyrstu er tilkomið.

113
19. des.

5. gr.

Nú hefur ítaki verið lýst samkvæmt 4. gr., og skal héraðsdómari þá senda eiganda og ábúanda jarðar þeirrar, er ítaki er lýst í, eftirrit af lýsingunni. Vefengi þeir lýsinguna, skal úr þeim ágreiningi skorið samkvæmt l. nr. 41 28. nóv. 1919. Komi engin vefenging fram innan 12 mánaða frá því jarðeiganda og ábúanda var send tilkynning þessi, skal það metið svo sem þeir viðurkenni, að lýsingin sé rétt, og skal þá þinglýsa ítakslýsingunni á varnarþingi jarðarinnar, hafi ítakinu eigi verið þinglýst þar áður.

Nú er ítaki eigi lýst samkvæmt framansögðu, og fellur það þá úr gildi. Hafi því áður verið þinglýst, skal afmá það úr veðmálabókunum.

6. gr.

Eigandi jarðar, sem ítak er í, eldra en 25 ára, á þess kost að leysa það af jörð sinni samkvæmt þeim reglum, sem hér fara á eftir.

Sama rétt á sá, sem erfðaábúð hefur á jörð, svo og óðalsmaður, að því er tekur til ítaka í óðalsjörð hans.

Nú er jörð sú, sem ítakið er í, í sameign fleiri manna, og verða þeir þá allir að vera sammála um lausn ítaksins af jörðinni.

7. gr.

Nú vill eigandi leysa ítak af jörð sinni, og skal hann þá snúa sér til ítakshafans um það. Náist eigi samkomulag um lausn ítaksins, getur lausnarbeiðandinn fengið dómkvadda tvo óvilhalla menn og lagt málið undir álit og mat þeirra. Matsmenn þessir skulu meta annars vegar hagsmuni ítakshafa af notkun ítaksins og hins vegar hagsmuni lausnarbeiðandans af því að fá það leyst af jörð sinni. Er ítakshafa þá því aðeins skylt að hlíta lausn ítaksins, að hagsmunir hans af ítakinu séu metnir mun minni en hagsmunir lausnarbeiðandans af því að fá það leyst af jörðinni. Meta þá matsmennirnir ítakið til peningaverðs, ef óskað er.

8. gr.

Nú eiga tvær jarðir ítök hvor í annarrar land og leysir eigandi annarrar jarðarinnar ítakið af henni, og er það þá á valdi eiganda hinnar jarðarinnar, hvort hann leysir einnig ítakið af jörð sinni.

9. gr.

Nú hefur ítak verið leyst af jörð, sem í leiguábúð er, og getur landsdrottinn þá látið fara fram endurmat á landskuld ábúandans. Sama rétt á leiguliði, er ítak, sem ábýlisjörð hans fylgdi, hefur verið skilið frá jörðinni og leyst af jörð þeirri, er það var í. Endurmat þetta framkvæma úttektarmenn.

10. gr.

Aðili, sem eigi vill una álits- og matsgerð dómkvaddra manna, er ræðir um í 7. gr., getur skotið henni til yfirmats þriggja dómkvaddra óvilhallra manna. Kostnaður við undirmat greiðist af þeim aðila, sem æskir þess, svo og við yfirmat, ef engin breyting verður á matinu honum í vil; ella greiðist kostnaður við yfirmat að hálfu af hvorum aðila.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 29. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

# LÖG

114 29. des.

**um breyting á lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Yfirfiskmatsmenn skulu vera alls átta á landinu:

1. Einn yfirfiskmatsmaður á Vestfjörðum með búsetu á Ísafirði.
2. Einn yfirfiskmatsmaður á Norðurlandi með búsetu á Akureyri.
3. Einn yfirfiskmatsmaður á Austurlandi með búsetu á Seyðisfirði.
4. Einn yfirfiskmatsmaður í Vestmannaeyjum.
5. Einn yfirfiskmatsmaður, sem hafi sérþekkingu á meðferð og verkun harðfisks og leiðbeini um skreiðarmat um land allt.
6. Þrír yfirfiskmatsmenn á Suðurlandi með búsetu í Reykjavík. Skal einn þeirra hafa sérþekkingu á meðferð og verkun saltfisks, en annar sérþekkingu á meðferð og verkun freðfisks og öðru því, er lýtur að þeirri framleiðslu.

Yfirfiskmatsmenn skulu starfa undir stjórn fiskmatsstjóra og bera ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum.

Fiskmatsstjóri getur kvatt yfirfiskmatsmann til starfa utan umdæmis hans, þegar sérstaklega stendur á og þörf krefur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 29. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

# AUGLÝSING

115 17. des.

**um gildistöku laga nr. 26 18. febrúar 1943, um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935.**

Með vísun til 2. gr. laga nr. 26 18. febrúar 1943 hefur farið fram athugun á því, hvort lög þessi kunni að brjóta í bága við milliríkjasamninga, og hefur niðurstaða þessara athugana orðið, að svo sé ekki. Auglýsist því hér með, samkvæmt því sem fyrir er mælt í fyrrnefndri lagagrein, að lög nr. 26 18. febrúar 1943 öðlast nú gildi.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 17. desember 1952.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Gústav A. Jónasson.*